

Stefna Kínverjar að heimsyfirráðum?
**stjórnmál 32**



Kvenlegt og þægilegt
**stíll 50**



101 tækifæri
**borgarmál 28**



**spottið 18**


# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

HELGARÚTGÁFA

19. júní 2010 — 142. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




## Nýbylgjuprjón

*Listasýningin Lykkjur í Norræna húsinu.*

**list 34**

## Dóra Takefusa

*Opnar íslenskt kaffihús í Kaupmannahöfn.*

**fólk 66**

## Matarhringvegurinn



*Veitinga- og kaffihús víða um land.*

**ferðalög 38**



## Ekkert má klikka í dag

*Stelpurnar okkar mæta þeim norður-írsku í dag.*

**sport 56**

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu

Matur | Allt | Allt atvinna





FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**TRÚÐI ÞVÍ ALDREI AÐ LÍFIÐ GÆTI ORÐIÐ SVONA** Um tvítugt hélt Ragnhildur Sverrisdóttir að hefðbundið fjölskyldulíf gæti aldrei orðið hennar hlutskipti. Nú býr hún í Fossvoginum ásamt Hönnu Katrínu Friðriksson og dætrum þeirra tveimur. **Sjá síðu 36.**

# Össur hlynntur þjóðstjórn

**Stjórnvöld ættu að auka verulega samstarf við stjórnarandstöðu og jafnvel koma á þjóðstjórn segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra. Hann segir kjósendur hafa kallað eftir breyttum vinnubrögðum.**

**STJÓRNMÁL** Vel kemur til greina að koma á þjóðstjórn til að ná betur utan um þau vandamál sem steðja að íslensku samfélagi, og til að koma til móts við kröfur þjóðarinnar um breytt vinnubrögð stjórnmálamanna, segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra.

„Ég er þingræðissinni og vil efla veg þingsins. Ég er æ meira að verða þeirrar skoðunar að mál eigi að leiða til lykta í samráði stjórnar og stjórnarandstöðu,“ segir Össur. Hann segir samstarf stjórnar og stjórnarandstöðu í Icesave-málinu hafa sýnt fram á að samstarf allra flokka geti verið heppilegt stjórnarform.

„Ég vildi gjarnan sjá miklu meira samstarf milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Mér finnst vel koma til greina að menn skoði þann kost að koma á þjóðstjórn til þess að ná betur utan um ýmis vandamál, og til að gera þjóðina sáttari. Þetta er stjórnarform sem reynslan úr Icesave-málinu í vetur hefur gert fýsilegra í mínum augum,“ segir Össur.Hann segir að lesa megi úr niðurstöðum nýafstaðinna sveitarstjórnarkosninga áhuga fólks á nýjum vinnubrögðum í íslenskum stjórnmálum. Þjóðstjórn væri breyting sem myndi hafa í för með sér gerbreytingu á störfum stjórnvalda og Alþingis.

Davíð Oddsson, þáverandi Seðlabankastjóri, lagði það til á fundi með ríkisstjórninni skömmu eftir hrunið haustið 2008 að stofnað yrði til þjóðstjórnar. Aðspurður segir Össur líklegt að það hafi ekki hjálpað þeirri hugmynd að Davíð Oddsson hafi nánast ruðst inn á ríkisstjórnarfund og skellt henni á borðið. Það hafi þó varla vakað fyrir Davíð að vinna gegn því að þjóðstjórn gæti orðið að veruleika með því að leggja tillöguna fram, enda telur Össur að Davíð hafi á þeim tíma séð sjálfan sig sem forsætisráðherraefni á nýjan leik.

**- bj /** **sjá síðu 26**










## SPURNING DAGSINS



*„Elín, skutuð þið yfir markið í Orðaleit Vikunnar?“*

Nei, ég held að þetta hafi verið beint í mark.

Finna má setninguna „Jón Gnarr verður skotinn“ í Orðaleit nýjasta tölublaðs Vikunnar. Elín Arnar, ritstjóri Vikunnar, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær nýjan borgarstjóra ekki hafa ástæðu til að óttast þessi duldu skilaboð.

Tveir reynsluboltar úr borgarpólitíkinni hverfa úr öllum nefndum og ráðum:

# Dofri og Sigrún Elsa hætta

**STJÓRNMÁL** Hvorki Dofri Hermannsson né Sigrún Elsa Smáradóttir, sem skipuðu sjötta og sjöunda sæti á lista Samfylkingarinnar fyrir borgarstjórnarkosningarnar, taka sæti nefndum eða ráðum á vegum borgarinnar sem skipað hefur verið í á nýjan leik.

Dofri, sem verið hefur varaborgarfulltrúi frá 2006, og Sigrún Elsa, sem hefur verið varaborgarfulltrúi og síðar borgarfulltrúi í tólf ár, eru þau einu af efri helmingi hins 30 manna framboðslista flokksins sem ekki taka neitt sæti sem aðal- eða varafulltrúar.



DOFRI HERMANNSSON



SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR

Dofri segir það ekki vera starf að vera þriðji varaborgarfulltrúi og því hafi hann þurft að leita fyrir sér með vinnu í kjölfar kosninganna. „Það er erfitt að leita sér að starfi um leið og maður segir að maður þurfi að vera á fundum svo og svo marga daga í viku, þannig að það varð mín niðurstaða að ég myndi stíga núna eitt skref til baka.“ Í því felist þó engin yfirlýsing um að hann sé hættur í pólitík og að hann styðji nýjan meirihluta.

Sigrún Elsa vildi ekki tjá sig um málið þegar Fréttablaðið hafði samband við hana. Samkvæmt heimildum blaðsins sóttist hún eftir því að halda sæti sínu í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur að loknum kosningum en fékk ekki. **- sh**

Norðmenn leituðu aðstoðar:

# Þyrla sótti veika konu í togara

**BJÖRGUN Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti í gærkvöld 26 ára konu um borð í norskan togara á Reykjaneshrygg. Konan var með bráða botnlangabólgu. Óskað var eftir aðstoð þyrlunnar í hádeginu í gær, þegar togarinn Langvin var staddur um 207 sjómílur suðvestur af Reykjanesi.**

**Þar sem þyrlan getur ekki flogið lengra en 150 sjómílur frá ströndu sigldi togarinn á móti henni. Konan var komin á sjúkrahús í Reykjavík við þokkalega líðan klukkan 20 mínútur yfir níu.** **- gb**

# Íslendingur skreytir konunglegt brúðkaup

**María Másdóttir blómaskreytir sér um blómaskreytingar í brúðkaupi Viktoríu krónprinsessu Svíþjóðar sem fram fer í dag. María segir þetta langstærsta verkefni sem hún hefur tekið að sér enda er hvergi til sparað við brúðkaupið.**

**FÓLK** María Másdóttir blómaskreytir hefur unnið baki brotnu undanfarna daga við undirbúning á brúðkaupi Viktoríu krónprinsessu Svíþjóðar og unnusta hennar Daniel Westling.

„Þegar Svíakonungur kom í heimsókn til Íslands var ég fengin til að skreyta veisluna sem hann hélt. Svo þegar undirbúningur fyrir brúðkaupið hófst fékk ég tölvupóst og var beðin um aðstoð,“ sagði María og bætti því við að hann hefði greinilega munað eftir sér.

María er listfræðingur að mennt auk þess að hafa nýlokið MBA námi. Hún lærði blómaskreytingar í Noregi hjá fyrrum Evrópumeistara í blómaskreytingum, Thor Gundersen, og stofnaði í kjölfarið fyrirtækið Blómahönnun árið 2002 þar sem hún starfar í dag.



MARÍA MÁSDÓTTIR

Aðspurð um umstangið við brúðkaupið sagði María að í kringum 60 manns ynnu við blómaskreytingar fyrir brúðkaupið og að þau hefðu unnið frá morgni til kvölds frá því á mánudag. „Þetta er langstærsta verkefni sem ég hef tekið að mér. Þetta er stærra og flottara en allt,“ sagði María.

María var ekki fáanleg til að gefa upp hvers konar blóm yrðu í aðalhlutverki í brúðkaupinu þar sem hún væri bundin þagnareiði en lofaði því að þetta yrði stórkostlega flott. Hún sagði teymi af hönnuðum hafa unnið með brúðhjónunum frá því í október og að séð hefði verið fyrir hverju smáatriði.

María sér um borðskreytingarnar og skreytingarnar í kirkjunni og sagðist vera á áætlun. „Þetta er þokkalega yfirvegað. Svíar eru mjög skipulagðir,“ sagði María enn fremur.

Brúðkaupið fer fram í dag í Stórkirkjunni í Stokkhólmi en búist er við á annað þúsund gesta.

magnusl@frettabladid.is



**BRÚÐHJÓNIN** Viktoría mun taka við af föður sínum sem þjóðhöfðingi Svía og Daniel mun fá titilinn prins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Giftist einkaþjálfaranum

Viktoría krónprinsessa er elsta barn Karls Gústavs Svíakonungs og Silvíu drottningar hans. Hún er 32 ára gömul og kynntist Daniel Westling, unnusta sínum, árið 2002, þegar hann var ráðinn sem einkaþjálfari hennar, en samband þeirra hófst stuttu seinna. Í febrúar í fyrra fóru af stað orðrómar um að þau hefðu trúlofast en samkvæmt sænskum lögum þarf ríkisstjórn landsins að samþykkja hjónaband ríkisarfa. Það samþykki var veitt 24. febrúar það árið og í kjölfarið var tilkynnt að konunglegt brúðkaup myndi fara fram sumarið 2010.

Rúmlega þúsund gestir verða viðstaddir athöfnina og um 2.300 fjölmiðlamenn hafa ferðast til Stokkhólms til að fylgjast með brúðkaupinu. Talið er að kostnaðurinn við brúðkaupið sé 330 milljónir íslenskra króna sem hefur vakið nokkrar deilur meðal Svía sem þykir sumum nóg um íburðinn.

Skuldavandi Evrópuríkja:

# Versta hræðslan liðin hjá

**FRAKKLAND** Aðgerðir Evrópusambandsins og einstakra Evrópuríkja til að bregðast við brýnum efnahagsvanda virðast hafa orðið til þess að róa markaðina nokkuð.

Jákvæðar fréttir frá vandræðagemlingum á borð við Spán og Grikkland, ásamt eindregginni samstöðu ESB-ríkjanna um að koma á gagnsæi í bankaviðskiptum, urðu til þess að evran tók svolítinn kipp upp á við í gær.

Lykilatriði virðist vera ákvörðun Evrópusambandsins um að birta niðurstöður úr álagsprófum á bankana, sem þykir benda til fullvissu þeirra um að staðan sé ekki jafn slæm og margir óttuðust. **- gb**

Hæstiréttur um vændiskaup:

# Þinghald verður áfram lokað

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur vísað frá kröfu Höllu Gunnarsdóttur blaðamanns og talskonu Femínistafélags Ísland um að þinghald í máli ellefu manna, sem kærðir voru fyrir kaup á vændi, skuli vera opið. Málinu var vísað frá á þeim forsendum að Halla eigi ekki lögvarða hagsmuni.**



HALLA GUNNARSDÓTTIR

**Hæstiréttur klofnaði í málinu, en Hjördís Hákonardóttir skilaði séráliti og taldi að dómurinn ætti að taka afstöðu til málsins. Héraðsdómari hafði áður ákveðið að öll þinghöld í málinu skyldu vera lokuð.** **-jss**



**BLÓÐUGUR DAGUR Í ÍRAK** Sprengju- og skotárásir kostuðu 27 manns lífið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vann hjá Bandaríkjaher:

# Myrtur af syni sínum í Írak

**ÍRAK, AP Þrítugur Íraki, Abdul-Halim Hameed, skaut fimmtugan föður sinn þar sem hann svaf í rúmi sínu í fyrrinótt. Ástæðan var sú að faðirin vildi ekki segja upp starfi sínu, en hann starfaði sem verktaki og þýðandi fyrir bandríska herinn í Írak.**

**Sonurinn er talinn tengdur Al Kaída samtökunum. Með honum að verki var frændi þeirra beggja. Tilræðismennirnir voru handteknir, en lögreglan leitaði einnig að öðrum syni hins myrta, sem talinn var samsekur.**

**Að minnsta kosti 27 manns létu lífið víðs vegar í Írak í gær í sprengju- og skotárásum.** **- gb**

## REYKJAVÍK

### Jón Gnarr rennir fyrir lax

Nýr borgarstjóri Reykjavíkur, Jón Gnarr, rennir fyrir fyrsta laxinn í Elliðaánum á morgun. Áratuga hefð er fyrir því að borgarstjórinn opni með þessum hætti fyrir laxveiðar sumarsins.

## KANADA

### Vill helminga fjárlagahalla

Stephen Harper, forsætisráðherra Kanada, vill að tuttugu stærstu efnahagsveldi heims komi sér saman um að lækka fjárlagahalla allra ríkjanna um helming á fundi G20-ríkjahópsins í Toronto í næstu viku.




Livostin® (levokabastin); nefúði 50 míkróg/skammt og augndropar 0,5 mg/ml. Livostin er fáanlegt án lyfseðils og er notað gegn ofnæmisbólgum í nefi og augum. Verkun lyfsins hefst innan 15 mínútna og stendur í margar klukkustundir. Skammtastærðir eru þær sömu fyrir börn og fullorðna: Nefúði: 2 úðaskammtar í hvora nös 2 sinnum á dag. Hver úðaskammtur inniheldur um 50 míkróg af levokabastini. Halda skal meðferð áfram eins lengi og þörf krefur þar til einkennin eru horfin. Augndropar: 1 dropi í hvort auga 2 sinnum á dag. Ef þess gerist þörf má gefa skammtinn allt að 4 sinnum á dag. Hver dropi inniheldur u.þ.b. 15 míkróg af levokabastini. Halda skal meðferð áfram eins lengi og þörf krefur þar til einkennin eru horfin. Varúð: Ekki má nota Livostin ef þekkt er ofnæmi fyrir levokabastini eða einhverju hjálparefnanna. Ekki er ráðlegt nota mjúkar augnlinsur með Livostin augndropum. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi. Aukaverkanir: Tímabundin erting í nefi strax eftir gjöf lyfsins er algeng (um 5% sjúklinga). Tímabundin erting í augum, strax eftir gjöf lyfsins er algeng (um 16% sjúklinga). Ofnæmi hefur í einstaka tilvikum komið fram. Meðganga og brjóstagjöf: Lyfið veldur fósturskemmdum í dýratilraunum og ætti því ekki að nota á meðgöngutíma. Lyfið skilst út í móðurmjólk, en áhrif á barnið eru ólíkleg við venjulega skömmtun. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Handhafi markaðsleyfis: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.


Óttast að óeirðirnar í Kirgisistan hafi kostað allt að tvö þúsund manns lífið:

# Milljón manns þurfa aðstoð

**KIRGISISTAN** Alþjóðaheilbrigðisstofnunin telur að milljón manns geti þurft á aðstoð að halda vegna óeirðanna í Kirgisistan. Um þriðjungur þeirra verði líklega flóttamenn frá landinu.

Rosa Otunbajeva, bráðabirgðaforseti landsins, segist óttast að átökin hafi kostað um tvö þúsund manns lífið, þótt opinbert mat á mannfalli hafi í gær verið að rúmlega tvö hundruð manns hafi látist.

Reglulegt flug á vegum Sameinuðu þjóðanna með hjálpargögn til landsins hefst nú um helgina. Þeir sem flosnað hafa upp frá heimilum sínum vegna átakanna þurfa helst á matvælum, vatni, lyfjum og húsaskjóli að halda.

Otunbajeva flaug í gærmorgun með þyrlu til Osh, 250 þúsund manna borgar þar sem átökin hófust í síðustu viku. Að hluta til hefur borgin verið lögð í rúst. Þar voru að verki ungir Kirgisar, sem brenndu niður hús Úsbeka og rćðust á fyrirtæki í eigu Úsbeka. **- gb**



**SNÚA AFTUR HEIM** Hópur Úsbeka fer aftur yfir landamærin frá Úsbekistan til Kirgisistans, eftir að hafa flúið þangað undan óeirðunum. NORDICPHOTOS/AFP



**10 stk.**
**STJÚPUR**
**TAX FREE**
**795**
~~999~~

# TAX FREE

## ALLAR GARÐPLÖNTUR

TRJÁPLÖNTUR • SUMARBLÓM • MATJURTIR
FJÖLÆRAR PLÖNTUR • AÐEINS UM HELGINA!

*...saman í 40 ár*




**30%**
**AF VÖLDUM ÚTIPOTTUM (FROSTÞOLNIR)**

**GARÐÁLFAR VERÐ FRÁ**
**1499**





**blómaval**
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Grafarholt - Dalvík - Akureyri
Egilsstaðir - Selfoss - Reykjanesbær - Akranes

Gildir ekki af öðrum tilboðum og að sjálfsögðu stendur Blómaval skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs

## GENGIÐ 18.06.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,63 | 127,23 |
| Sterlingspund | 187,54 | 188,46 |
| Evra | 156,56 | 157,44 |
| Dönsk króna | 21,041 | 21,165 |
| Norsk króna | 19,881 | 19,999 |
| Sænsk króna | 16,383 | 16,479 |
| Japanskt jen | 1,3973 | 1,4055 |
| SDR | 186,79 | 187,91 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
213,0577

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Svein Harald Øygard nefndur til sögunnar sem næsti seðlabankastjóri Noregs:

# Vill halda í gamla stjórann

**EFNAHAGSMÁL** Svein Harald Øygard er álitlegasti eftirmaður norska seðlabankastjórans. Þetta hefur norska dagblaðið Dagens Næringsliv eftir Svein Gjedrem, núverandi bankastjóra.

Gjedrem hefur vermt bankastjórastólinn frá 1999 og rennur ráðningartími hans út um næstu áramót. Samkvæmt norskum lögum má hann ekki sitja lengur en tvö sex ára tímabil.

Svein Harald þekkir norsku stjórnsýsluna og seðlabankann í þaula en hjá þeim báðum starfaði hann sleitulítið frá 1983 til 1995 þegar hann hóf störf hjá ráðgjafafyrirtækinu McKinsey. Þar var hann framkvæmdastjóri áður en hann tók við seðlabankastjórastólnum hér í byrjun síðasta árs. Svein Harald tók aftur við fyrri stöðu þegar hann sneri til Noregs á ný í fyrrahaust.

Svein Harald vildi ekki tjá sig um málið í samtali við Fréttablaðið í gær. Hann sagði þetta vangaveltur í norskum fjölmiðlum og vísaði til umfjöllunar Dagens Næringsliv um málið.

Í blaðinu er haft eftir honum að Gjedrem hafi verið framúrskarandi bankastjóri sem alþjóðasamfélagið taki mark á. Norska ríkisstjórnin verði að breyta lögum og halda í Gjedrem. - jab



**SVEIN HARALD** Norðmaðurinn var seðlabankastjóri hér frá febrúarlokum og fram í ágúst í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Barnaníðingur í Austurríki:

# Milljón myndir

**VÍN** Maður á sextugsaldri var handtekinn í vikunni fyrir vörslu á barnaklámi. Hann átti meira en milljón myndir og myndskeið á átta hörðum diskum, borðtölvu, fartölvu og DVD diskum. Þetta er mesta magn barnakláms sem lagt hefur verið hald á í Austurríki.

Efnið fannst á heimili mannsins og sýnir börn, í sumum tilvikum ungbörn, misnotuð kynferðislega. Maðurinn var búinn að safna að sér myndunum í átta ár, en hann á einnig yfir höfði sér ákæru fyrir að hafa misnotað tvær ungar stjúpdætur sínar. - sv



**VIÐ GRÖF BRÓÐUR SÍNS** Jaroslaw Kaczynski ásamt frænku sinni. NORDICPHOTOS/AFP

Forsetakosningar á sunnudag:

# Heimsótti gröf bróður síns

**PÓLLAND** Jarozlaw Kaczynski, forsetaframbjóðandi í Póllandi, heimsótti í gær gröf tvíburabróður síns, Lech Kaczynskis fyrrverandi forseta, sem fórst í flugslysi í Rússlandi í apríl.

Í gær var 61 árs afmælisdagur tvíburabræðranna, en á morgun fara fram forsetakosningar, þar sem Jaroslaw keppir við níu aðra frambjóðendur um að verða arftaki hins látna bróður síns, þar á meðal Bronislaw Komarowski þingforseta sem hefur gegnt forsetaembættinu til bráðabirgða.

Síðust skoðanakannanir sýna að Komarowski er sigurstranglegri, en nái enginn meirihluta verður kosið á milli tveggja efstu í seinni umferð kosninganna eftir tvær vikur. - gb

## LEIÐRÉTTING

Tölur um stöðu tveggja lífeyrissjóða víxluðust í súluriti með frétt á fimmtudaginn. Rétt er að tryggingafræðileg staða Íslenska lífeyrissjóðsins var -5,1 prósent um síðustu áramót, og raunávöxtun á síðasta ári 3,2 prósent. Tryggingafræðileg staða Eftirlaunasjóðs starfsmanna Glitnis var hins vegar -11,6 prósent og raunávöxtun á síðasta ári -8,0 prósent.

## Umhverfis landið



### Aflahæstu smábátar landsins

**BOLUNGARVÍK** Guðmundur Einarsson ÍS úr Bolungarvík er aflahæsti smábátur landsins það sem af er mánuðinum meðal báta yfir tíu brúttótonnum. Báturinn er kominn með rúm 84 tonn í tólf róðrum og fékk mest rúm fjórtán tonn í einum róðri. Bátarnir í öðru og þriðja sæti eru líka frá Bolungarvík, Sirrý ÍS er með tæpt 71 tonn og Einar Hálfdáns ÍS með tæp 45 tonn. Þetta kemur fram í tölum Aflafrétta.

### Kviknaði í hesthúsi

**SKAGAFJÖRÐUR** Hesthús brann á Nöfunum í Skagafirði á fimmtudag. Húsið var eitt sinn fjárhús en hefur síðustu ár verið notað sem hesthús og trippaskýli. Slökkviliði gekk vel að slökkva eldinn en sagði erfitt að gera sér grein fyrir upptökum hans. Ekkert rafmagn var í húsinu en timbrið var gamalt og auk þess var mikið gamalt hey í því.



### Gengið á fimm fjöll á fimm dögum

**FJARÐABYGGÐ** Göngu- og gleðivikan „Á fætur í Fjarðabyggð" hefst í dag. Alla vikuna eru skipulagðar lengri og styttri gönguferðir yfir daginn og öll kvöld verða haldnar kvöldvökur. Starfræktur verður náttúru- og leikjaskóli fyrir börn þar sem þau munu fræðast um náttúruna og vera í gæslu meðan foreldrar fara í lengri göngur. Áskorunin „Fjöllin í fimm" verður jafnframt haldin þessa viku. Þá er gengið á fimm fjöll á jafnmörgum dögum.





### Laxveiðin byrjar vel

**BORGARFJÖRÐUR** Yfir sextíu laxar komu á land við opnun Þverár og Kjarrár í Borgarfirði. Laxveiðin hefur byrjað vel og fyrstu tvo dagana komu þrjátíu laxar á land úr Þverá og tuttugu úr Kjarrá. Níu laxar voru yfir 70 sentímetra langir og að minnsta kosti tveir voru um 87 sentímetrar. Laxá í Leirársveit mun svo opna í komandi viku.

### Bæjarstjóri ráðinn tímabundið



**AKRANES** Bæjarráð Akraness ákvað í gær að ráða Jón Pálma Pálsson tímabundið í stöðu bæjarstjóra. Ráðningin gildir fram til 1. ágúst, eða þar til nýr bæjarstjóri verður ráðinn. Jón Pálmi hefur starfað fyrir Akranes frá árinu1987, lengi sem bæjarritari en síðustu ár sem framkvæmdastjóri Framkvæmdastofu. Gunnar Sigurðsson forseti bæjarstjórnar verður talsmaður bæjarstjórnar á meðan þetta varir.

### Síðasti vitavörður landsins hættur



**STOKKSEYRI** Síðasti vitavörður landsins hefur hætt störfum. Sigurður Pálsson á Baugsstöðum hefur hirt um Knarrarósvita í fjöldamörg ár en hefur frá áramótum ekki þurft að vitja hans. Hann segir í viðtali við Sunnlenska fréttablaðið að tækni í skipum og vitum geri vitaverði óþarfa, nema til að hleypa inn ferðamönnum. Allt að þúsund manns heimsækja vitann á hverju ári, en nú er enginn til að hleypa fólkinu inn.





Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtur nikótínlyfjatyggigúmmís er 24 stk.. Til að ná sem bestum árangri skal fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, óméðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.


## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

**KVENNAHLAUP**
Það viðrar nokkuð vel á kvennahlaup í dag þó það verði skúrir um landið vestanvert en úrkoman fer minnkandi þegar líður á daginn. Austanlands verður hins vegar nokkuð bjart og hitinn þar víða á milli 15 og 20 stig.



**Á MORGUN**
Fremur hægur vindur víða um land.

**MÁNUDAGUR**
Hæg vestlæg eða breytileg átt víða.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Basel | 22° |
| Berlín | 17° |
| Billund | 15° |
| Frankfurt | 17° |
| Friedrichshafen | 13° |
| Gautaborg | 15° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 15° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 29° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 15° |
| París | 14° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 15° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

ÍSLENSKA/SIA.IS ALC 50362 06/10

# Konur, til hamingju með daginn



**Þann 19. júní 1915** fengu íslenskar konur, 40 ára og eldri, kosningarétt og kjörgengi til Alþingis. Baráttan fyrir kosningarétti kvenna hafði staðið lengi fyrir þann tíma og baráttan fyrir auknum réttindum kvenna stendur enn.

Jafnréttismál hafa verið áberandi í starfsemi Fjarðaáls og góður árangur hefur náðst í baráttunni gegn hefðbundnu starfsvali kynjanna. Stefna Fjarðaáls er að halda áfram að berjast fyrir jöfnum rétti karla og kvenna og hvetja konur til dáða.

**Í tilefni dagsins býður Fjarðaál konum á Austurlandi til kaffiboðs í álverinu kl. 15:00 í dag, laugardaginn 19. júní. Jafnframt verður farið í skoðunarferð um álverssvæðið.**

**Alcoa Fjarðaál** óskar íslenskum konum til hamingju með daginn.

alcoa.is

Alcoa Fjarðaál

ALCOA

## KJÖRKASSINN



*Varpaði ákvörðun Evrópusambandsins skugga á þjóðhátíðargleði þína?*

| | |
|---|---|
| Já | 41,1% |
| Nei | 58,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Deilir þú þeirri skoðun forsætisráðherra að full ástæða sé til bjartsýni af hálfu Íslendinga?*

Segðu skoðun þína á Vísi

vísir

Yfirdýralæknir fer fram á að dýralæknar sæki um formlegt leyfi til rannsókna á hestapest:

# Rannsóknir tveggja dýralækna stöðvaðar

**HESTAMENNSKA** Yfirdýralæknir, Halldór Runólfsson, bannaði í gær tveimur dýralæknum, að halda áfram þeim rannsóknum sem þeir hafa unnið að að undanförnu til að freista þessa að finna meðhöndlun á hrossum sem veikst hafa af smitandi hósta. Jafnframt hafa dýralæknarnir unnið að því að finna leiðir til að efla ónæmiskerfi hrossanna.

Þetta staðfesti Susanne Braun annar dýralæknanna við Fréttablaðið í gær. Hinn dýralæknirinn, Björn Steinbjörnsson, sem vinnur hjá Matvælastofnun, en hefur fengist við rannsóknirnar utan vinnutíma að því er fram kom í Fréttablaðinu fyrr í vikunni, vildi ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað. Susanne hefur verið sjálfstætt starfandi dýralæknir hér á landi um árabil. „Já, það er rétt að ég bannaði þetta þar til að dýralæknarnir eru búnir að sækja um leyfi fyrir fyrirhugaðri tilraunastarfsemi á hrossum til tilraunadýranefndar og fá það,“ sagði yfirdýralæknir í gær. „Þegar ég frétti að þau væru farin að ráðgera umfangsmeiri tilraunir og óska eftir hestum til þess að prófa á þeim tiltekið efni, þá var ekki um annað að ræða en að þau yrðu að fara formlegu leiðina.“

Susanne kvaðst skilja þá afstöðu yfirdýralæknis að tilraunirnar þyrftu að fara í formlegt ferli.„Ég mun sækja um leyfi til Tilraunadýranefndar með hraði og biðja um flýtimeðferð hjá nefndinni,“ sagði hún. „Það er svo mikið í húfi að okkur finnst að þetta þoli enga bið.“ - jss



**HESTAVEIKIN** Viðamiklar rannsóknir eru í gangi til að finna veiru þá sem veldur smitandi hósta í hrossum og finna aðferðir sem gagnast gegn henni.




N1

VEIÐIKORTIÐ 2010 OG STANGARSETT

Veiðikortið 2010 og 7’ stangarsett. Í settinu er: letingi, box með spúnum og sökkur. Hægt er að velja á milli veiðistangar með opnu eða lokuðu hjóli.

Vr. A97 2000 / A97 2001

Safnkortshafar borga aðeins

6.990 kr.

auk 1.000 punkta

Fullt verð: 10.990kr.

x4

Tilboðið gildir til 31.07 2010 eða á meðan birgðir endast.

Punktar gilda fjórfalt.

WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000

Meira í leiðinni


# Myntkörfufólk verði jafnsett verðtryggðum

**Verði ólögmæt myntkörfulán endurreiknuð miðað við Seðlabankavexti munu lánþegarnir verða í áþekkri stöðu og þeir sem upphaflega tóku verðtryggt, íslenskt lán. Ekki stendur til að grípa inn í atburðarásina með lagasetningu.**

**EFNAHAGSMÁL** Íslensk lög um vexti og verðtryggingu hafa að geyma að mestu fullnægjandi leiðbeiningar um það hvernig skuli endurreikna gengistryggð lán í kjölfar dóma Hæstaréttar, og því er alls ekki víst að stjórnvöld sjái nokkra ástæðu til að gefa út leiðarvísi um það fyrir fjármálafyrirtæki. Þetta er mat fjármálaráðherra og efnahags- og viðskiptaráðherra.

Ríkisstjórnin greindi frá því á blaðamannafundi að loknum fundi sínum í gær að ekki stæði til að setja lög sem skerða myndu rétt neytenda vegna málsins. Steingrímur J. Sigfússon segir að það hafi aldrei komið til greina, enda sé ekki hægt að breyta niðurstöðu Hæstaréttar afturvirkt með lögum.

Eignaleigufyrirtækin hafa beðið niðurstöðu stjórnvalda, en hún mun vera væntanleg strax eftir helgi. Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, segir alls ekki víst að stjórnvöld muni leggja fyrirtækjunum neinar línur.

Steingrímur tekur í sama streng. „En áfram eru ýmis óvissuatriði tengd úrvinnslu þessara mála. Það þarf að fara vel yfir þau og sömuleiðis hvernig er hægt að stuðla að því og reyna að tryggja sem kostur er að úrvinnslan verði markviss og samræmd og það þurfi ekki hver og einn að standa í að sækja sinn rétt. Þar geta stjórnvöld að sjálfsögðu lagt sitt af mörkum með því að fylgjast með því að það sé gert og reyna að hvetja til samráðs.“

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er líklegasta niðurstaðan sú að einfaldlega skuli litið til laga um vexti og verðtryggingu við úrlausn málsins og þess ákvæðis sem segir að í stað hins ólöglega lánasamnings skuli lánið reiknað upp á nýtt miðað við hagstæðustu óverðtryggðu vexti Seðlabankans á þeim tíma sem lánið var tekið.



**Á FERÐ Í REYKJAVÍK** Nokkuð ljóst er að fólk sem hefur verið ofrukkað um afborganir lána á heimtingu á endurgreiðslu segir viðskiptaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**



**GYLFI MAGNÚSSON**

Nokkuð ljóst er, að sögn Gylfa, að fólk sem hefur verið ofrukkað um afborganir eigi heimtingu á endurgreiðslum.

Áhyggjur hafa kviknað af því að með slíkum endurreikningi kunni þeir sem tóku áhættu með gengis-tryggðum lánum að verða í mun betri stöðu en þeir sem völdu sér verðtryggt íslenskt lán. Verði niðurstaðan að miða við Seðlabankavextina eru þessar áhyggjur þó óþarfar, því þá ættu hin endurreiknuðu lán að verða sambærileg verðtryggðum lánum sem tekin voru á sama tíma.

Sú spurning hefur einnig vaknað hvort fjármálafyrirtæki kunni að eiga bótarétt á hendur eftirlitsaðilum sem aldrei gerðu athugasemdir við hin ólöglegu lán. Þetta segir Steingrímur J. Sigfússon hæpið. „Það er ekki þannig að þeir sem stunduðu ólögleg lánaviðskipti eigi bótarétt vegna þess að stjórnvöld komu ekki vitinu fyrir þá. Það eru þeir sem eru gerendurnir í málinu og hljóta að þurfa að horfast í augu við þá ábyrgð,“ segir hann.

Gylfi Magnússon segir mjög umhugsunarvert að hvorki dómstólar né eftirlitsaðilar hafi til þessa gert athugasemdir við lánin. „En ég vil ekkert leggja neitt mat á hvort það býr til skaðabótarétt einhvers staðar.“ stigur@frettabladid.is


ÞJÓÐHÁTÍÐARSJÓÐUR

**auglýsir eftir síðustu umsóknum um styrki úr sjóðnum árið 2010 vegna ársins 2011.**

Þjóðhátíðarsjóður, sem starfar samkvæmt skipulagsskrá nr. 361 frá 30. september 1977 með áorðnum breytingum, var stofnaður í tilefni af 1100 ára búsetu á Íslandi 1974.

**Tilgangur sjóðsins er:**

- að veita styrki til stofnana og annarra aðila, er hafa það verkefni að vinna að varðveislu og vernd þeirra verðmæta lands og menningar, sem núverandi kynslóð hefur tekið í arf.

Við það skal miðað, að styrkir úr sjóðnum verði viðbótarframlög til þeirra verkefna, sem styrkt eru, en verði ekki til þess að lækka önnur opinber framlög til þeirra eða draga úr stuðningi annarra við þau. Á síðasta ári veitti sjóðurinn 65 styrki samtals að fjárhæð 33,9 m.kr.

Þetta er síðasta almenna úthlutun sjóðsins sem verður að fjárhæð samtals um 34 m.kr. Að henni lokinni lýkur úthlutunum sjóðsins, sbr. skipulagsskrá.

**Umsóknir**
Einungis verður tekið við umsóknum á þar til gerðum eyðublöðum. Þau má finna á vefsíðu Seðlabanka Íslands http://www.sedlabanki.is/?PageID=28. Enn fremur má nálgast eyðublöð í afgreiðslu Seðlabankans, Kalkofnsvegi 1, Reykjavík.

**Umsóknarfrestur er til og með 31. ágúst 2010** og er stefnt að því að úthlutað verði úr sjóðnum 1. desember 2010 með athöfn í Þjóðmenningarhúsinu. Umsóknir skal senda Þjóðhátíðarsjóði, Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík.

**Nánari upplýsingar eru veittar í símum 569 9628 og 569 9781 eða á netfanginu: thjodhatidarsjodur@sedlabanki.is.**

***Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs***


Eldur á jarðhæð við Írabakka í Breiðholti að kvöldi þjóðhátíðardags:

# Líðan mannsins orðin stöðug

**BRUNI** Maður sem fluttur var á slysadeild að kvöldi 17. júní eftir að eldur kom upp í íbúð hans við Írabakka, er kominn á almenna deild. Hann dvaldi á gjörgæslu fyrstu nóttina vegna gruns um reykeitrun, en líðan hans er nú stöðug.

Manninum var bjargað af þremur mönnum úr nærliggjandi íbúðum sem náðu honum út á svalir hússins. Þaðan var hann svo fjarlægður af slökkviliðsmönnum.

Eldurinn átti upptök sín í eldhúsi á jarðhæð og komst í plast sem fyrir var í íbúðinni. Þetta gerði það að verkum að mikill og svartur reykur fyllti bæði íbúðina og stigagang hússins. Að minnsta kosti sex manns festust á efstu hæðum og þurfti fjóra reykkafara til að bjarga fólkinu út. Að sögn Óla Ragnars Gunnarssonar, varðstjóra slökkviliðsins, var eldurinn ekki mikill þrátt fyrir mikinn reyk og slökkvistarf gekk hratt og vel fyrir sig. Tvær deildir slökkviliðsins komu að málinu og að auki voru þrír sjúkrabílar á staðnum til að huga að íbúum sem nokkrir voru fluttir á slysadeild þegar björgunarstarfi var lokið.

- sv



**ÍRABAKKI** ferðataska úr íbúðinni brennur á meðan slökkvilið ræður niðurlögum eldsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
FRÉTTABLAÐIÐ
www.visir.is/posthusid – sími 585 8330






# TAX FREE DAGAR

## Fatnaður og skór á alla fjölskylduna!

Dagana 18. - 20. júní afnemum við VSK af öllum fatnaði og skóm.

Þú færð allan dömu-, herra og barnafatnað, undirföt, sokka, sokkabuxur og skó án virðisaukaskatts þessa fjóra daga.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 20. júní 2010.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



1 *Hver er borgarlistamaður Reykjavíkur 2010?*

2 *Hver skoraði þrennu í leik Argentínu og Suður-Kóreu á HM í fótbolta?*

3 *Hversu margir fengu riddarakrossinn á þjóðhátíðardaginn?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 66

Bág afkoma sandsíla hefur gífurleg áhrif á stofna sjófugla við strendur landsins:

# Krían í miklum erfiðleikum

**NÁTTÚRA** Sandsílastofninn á Íslandi hefur minnkað á síðustu árum, meðan annars vegna hlýnunar sjávar. Nýliðun sandsíla brást á árunum 2005 og 2006 og hefur það haft gífurleg áhrif á margar sjófuglstegundir við strendur landsins. Krían er ein þeirra fuglategunda sem byggir afkomu sína á sandsílum og Jón Einar Jónsson, hjá Háskólasetri Snæfellsness, segir að stofninum hafi farið hrakandi frá árinu 2004. Hann sér ekki breytingu til hins betra nú í ár.

„Þær eru að verpa einu til tveimur eggjum í hreiður og hafa seinkað varptímanum um 5 eða 6 daga,“ segir Einar. „Hlýnun hafsins og breytingar á seltustigi fyrir sunnan landið gera það meðal annars að verkum,“.



**KRÍA** Ein af þeim mörgu sjófuglum sem byggja fæði sitt á sandsílum.

Erpur Snær Hansen, hjá Náttúrustofu Suðurlands í Vestmannaeyjum, segir að varpstofn lundans, sem byggir fæði sitt nær eingöngu á sandsílunum, hafi einnig minnkað töluvert á síðustu árum.

„Þetta er í fyrsta skipti sem við sjáum enga nýliðun í stofninum,“ segir Erpur. „En við erum vongóð því varpið var 10 dögum fyrr í ár.“

Hafró er að leggja í rannsóknir á sandsílum í sumar og eru niðurstöður væntanlegar með haustinu.

- sv

Bið eftir hjartaaðgerð styttist:

## Meðalbiðtími eru fimm ár

**HEILBRIGÐISMÁL** Meðalbiðtími eftir hjartaaðgerðum hefur ekki verið styttri í fimm ár samkvæmt heimasíðu landlæknis.

Biðtími eftir aðgerðum á þessu ári er einn til tveir mánuðir óháð aðgerð. Í fyrra var biðtími vegna hjartalokuaðgerða fjórir til fimm mánuðir en tveir til þrír mánuðir vegna kransæðaaðgerða. Árið 2008 var biðtíminn lengri. Markmiðið er að biðtími eftir hjartaskurðaðgerðum sé sem stystur. Sjúklingar sem ekki séu í forgangi bíði aldrei lengur en þrjá mánuði.

- þeb



**LANDEYJAHÖFN** Veður og eldgosið í Eyjafjallajökli töfðu framkvæmdina.

Landeyjahöfn á lokastigi:

## Siglingar hefjast 21. júlí

**SAMGÖNGUMÁL** Vonast er til þess að ferjusiglingar í Landeyjahöfn hefjist 21. júlí næstkomandi. Unnið er á vöktum allan sólarhringinn fram í miðjan júlí.

Dýpkun hafnarinnar verður lokið 15. júlí. Um 100 þúsund rúmmetrum meira af grjóti hefur verið sótt á Seljalandsheiði en upphaflega var gert ráð fyrir.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja siglingar 21. júlí ef ekkert óvænt kemur upp á. Eldgosið í Eyjafjallajökli hefur nú þegar sett strik í reikninginn auk þess sem veður var óhagstætt í vetur.

- þeb

### GRINDAVÍK

**Grunnskólar sameinaðir**

Rekstur grunnskólanna tveggja í Grindavík verður sameinaður á næstunni. Þá verður ráðinn einn skólastjóri yfir báða skólana til að tryggja heildstætt skólastarf og hagræðingu í rekstri. Þetta kemur fram í málefnasamningi nýs meirihluta í Grindavík.

# Aðildarviðræður tengdar Icesave

**Hollendingar og Bretar eru sagðir hafa haft áhrif á orðalag samþykktar leiðtogaráðs Evrópusambandsins um aðildarviðræður við Ísland. Hollendingar hafi átt stóran þátt í að semja yfirlýsinguna, þar sem vísað er til forúrskurðar ESA.**

**STJÓRNMÁL** Sitt sýnist hverjum um það hvort leiðtogaráð Evrópusambandsins hafi í yfirlýsingu sinni á fimmtudag, þar sem samþykkt var að hefja aðildarviðræður við Ísland, gert kröfu til Íslendinga um að leysa Icesave-málið áður en af aðild geti orðið.

Í yfirlýsingunni segir orðrétt að viðræðurnar beinist meðal annars að því að Ísland „taki á núverandi skuldbindingum, eins og þeim sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur bent á samkvæmt EES-samningnum.“

Þarna getur varla verið átt við annað – í það minnsta meðal annarra atriða sem tengjast eftirlitsstofnuninni ESA – en forúrskurð hennar frá 26. maí síðastliðnum, þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að Íslandi beri að greiða lágmarkstryggingu innstæðna á Icesave-reikningunum.

Fréttavefurinn EUobserver.com, sem sérhæfir sig í fréttum af Evrópusambandinu, segist hafa heimildir fyrir því að Hollendingar hafi átt stóran þátt í að semja texta yfirlýsingarinnar, að því leyti er hún snertir Ísland. Bæði Bretar og Hollendingar hafi auk þess gert kröfu um að í yfirlýsingunni sé minnst á deilu þeirra við Ísland.

„Við ætlum ekki að koma í veg fyrir viðræðurnar, en það eru gerðar strangar kröfur til Íslands,“ sagði Jan-Peter Balkanende, forsætisráðherra Hollands, við aðra leiðtoga Evrópusambandsins, að því er EUobserver hefur eftir ónefndum evrópskum stjórnarerindreka.

Íslendingar hafa ekki viljað líta svo á að þessi tvö mál, aðildarviðræður við ESB og Icesave-deilan, séu tengd á neinn hátt.



**LEIÐTOGAR EVRÓPUSAMBANDSINS Á FUNDI SÍNUM 17. JÚNÍ** Á myndinni sjást meðal annars Jose Luis Rodriguez Zapatero, forsætisráðherra Spánar, David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, og Fredrik Reinfeldt, forsætisráðherra Svíþjóðar.

NORDICPHOTOS/AFP

„Þessu hefur ekki verið blandað saman á nokkurn hátt af okkar hálfu,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra í samtali við Fréttablaðið.

Hann segir samskipti um Icesave-deiluna hafa haldið áfram þrátt fyrir biðstöðu um hríð, og þær viðræður verði að hafa sinn gang alveg óháð Evrópusambandinu.

Fyrrgreindur stjórnarerindreki, sem EUobserver vitnar til, segir hins vegar ljóst að gangur viðræðnanna muni ráðast af því að hve miklu leyti Íslendingar standa við „alþjóðlegar skuldbindingar sínar“ eins og hann orðar það. „Þeir verða að leysa þetta áður en af aðild verður.“

Í Fréttablaðinu í gær er haft eftir Össuri Skarphéðinssyni utanríkisráðherra að aldrei hafi leikið neinn vafi á því, af okkar hálfu, að Íslendingar ætli að standa við skuldbindingar sínar.

gudsteinn@frettabladid.is

Tilkynnt um nauðgun:

## Konan lagði ekki fram kæru

**LÖGREGLUMÁL Kona sem tilkynnti nauðgun á Akureyri í fyrrinótt ákvað í gær að leggja ekki fram kæru. Rannsókn málsins er því lokið að sögn lögreglunnar á Akureyri.**

**Það var rúmlega fjögur í fyrrinótt sem tilkynnt var um nauðgun á tjaldstæðinu við Þingvallastræti. Karlmaður var handtekinn og rúmlega tvítug kona fór til aðhlynningar á sjúkrahúsinu á Akureyri.**

**Manninum, sem er á svipuðum aldri og konan, var sleppt út haldi í gær.**

-jss

Samfylkingin fagnar:

## Mikilvægt að fá góðan samning

**STJÓRNMÁL** Samfylkingin fagnar ákvörðun leiðtoga Evrópusambandsríkjanna um að hefja aðildarviðræður við Ísland, að því er fram kemur í yfirlýsingu frá framkvæmdastjórn Samfylkingarinnar.

„Íslenska þjóðin getur einungis tekið upplýsta ákvörðun um hvort aðild þjóni hagsmunum Íslendinga þegar samningur liggur fyrir,“ segir í yfirlýsingunni. „Mikilvægt er að áfram verði vel staðið að samningaferlinu og að þjóðin standi saman og styðji við bakið á samningafólki okkar, til að sem bestur samningur náist. Þannig er hagsmunum Íslands best þjónað.“

- gb

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Nóg að gera hjá lögreglu**

Töluverður erill hefur verið hjá lögreglunni á Akureyri síðustu nætur vegna Bíladaga sem eru haldnir þar. Lögregla hafði afskipti af þó nokkrum ökumönnum aðfaranótt föstudags, auk þess sem tilkynningar bárust um reykspólandi og háværa bíla.

Brottför 21. júní.

Alicante

Flugsæti
Verð frá 25.000 kr.

Innifalið í verði: Flug aðra leið til Alicante með flugvallarsköttum.

Flogið allt að þrisvar í viku út október.

Kynntu þér ferðamöguleikana og skráðu þig í netklúbbinn á VITA.is

vita

VITA er lífið

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

ÍSLENSKA/SIA.IS VIT 50462 06/10



Ekki vera
djöfulsins
sökker!
Kynntu þér frábæra kaupauka á ring.is
Stærsti
vinahópur
á Íslandi
ring
ENNEMM / SÍA / NM41530
Síminn
Ring er ný farsímaþjónusta á vegum Símans. Fyrir 1.990 kr. áfyllingu á mánuði færðu 1500 mín/SMS á mánuði
til að hafa samband við alla innan GSM kerfis Símans og 990 kr. inneign til að hringja í fólk í öðrum kerfum.
www.facebook.com/ringjarar



**KNÚTUR MATAST** Ísbjörninn Knútur, sem frægur varð fyrir krúttlegheit á fyrsta ári tilveru sinnar í dýragarðinum í Berlín, virðist þarna harla ánægður með fisk í kjafti. NORDICPHOTOS/AFP

Eldgosið í Eyjafjallajökli hefur kostað heilbrigðisþjónustuna rúmar fjörutíu milljónir króna:

# Aukið álag á heilbrigðisstofnanir vegna eldgossins

**HEILBRIGÐISMÁL** Heildarkostnaður heilbrigðisþjónustunnar vegna eldgossins í Eyjafjallajökli hefur verið metinn 41,5 milljónir króna. Kostnaðurinn hefur að mestu fallið á Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSu) en áætlað er að alls muni gosið kosta HSu 32,8 milljónir.

Stærstur hluti kostnaðarins er launakostnaður starfsmanna sem HSu hefur þurft að ráða til að bregðast við gosinu en HSu réð þrjá starfsmenn til níu mánaða. Er þar um að ræða einn lækni, einn hjúkrunarfræðing og einn sálfræðing. Að auki vegur kostnaður vegna aksturs, vinnuaðstöðu og búnaðar nýrra starfsmanna þungt.

HSu gerir ráð fyrir að á næstu mánuðum verði áfram þörf fyrir þjónustu við áfallahjálp.

Landspítalinn hefur að beiðni sóttvarnalæknis sett á fót sérstakt rannsóknarteymi vegna öndunarfæra- og bólgusjúkdóma af völdum gosefna hjá þeim sem eru með einkenni um sjúkdóm eða eru með undirliggjandi hjarta- og lungnasjúkdóma. Kostnaður vegna þessara rannsókna er talinn nema 2,6 milljónum króna. - mþl



**EYJAFJALLAJÖKULL** Eldgosið í Eyjafjallajökli hefur valdið Íslendingum ýmsum vandræðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**FLÓTTAMENN** Yfirskrift flóttamannadagsins á morgun er „Heimili".

Alþjóðadagur flóttamanna:

## Fjörutíu milljónir hafa misst heimili sín

**REYKJAVÍK Alþjóðadagur flóttamanna verður haldinn hátíðlegur á Ingólfstorgi á morgun. Rauði krossinn, Mannréttindastofa og Alþjóðahús efna til hátíðarinnar sem verður frá klukkan 13 til 15.**

**Yfirskrift alþjóðadags flóttafólks árið 2010 er „Heimili". Er með því verið að vísa til þess að í heiminum eru ríflega 40 milljónir karla, kvenna og barna sem hafa neyðst til að yfirgefa heimili sín sökum átaka, ofbeldis eða annarra hamfara.**

**Boðið verður upp á dans, tónlist, kaffi og léttar veitingar og um leið verður athygli vakin á málefnum flóttafólks í heiminum.** - sv

### LÖGREGLUMÁL

**Nýr lögreglubíll á Eskifirði**

Nýr lögreglubíll hefur verið tekinn í umferð á Eskifirði. Bíllinn er af tegundinni Skoda Scout, dísel, 4x4. Í bílnum er hefðbundinn og fullkominn búnaður til umferðareftirlits, svo sem Golden Eagle radar, Eyewitness mynd- og hljóðupptökutæki, Vhf talstöðvar, ferilvöktunar- og staðsetningartæki, að því er fram kemur á vef Ríkislögreglustjóra.

### VOGAR

**Skipað í ráð og nefndir**

Eirný Valsdóttir verður bæjarstjóri í Vogum á Vatnsleysuströnd en þetta var samþykkt á bæjarstjórnafundi í vikunni. Þá verður Inga Sigrún Atladóttir, oddviti H-lista, forseti bæjarstjórnar, og Hörður Harðarson E-lista, formaður bæjarráðs.

Lögreglan á Suðurnesjum:

## 64 brot komu til kasta lögreglu

**SUÐURNES** Alls voru framin 64 hegningarlagabrot í umdæmi lögreglunnar á Suðurnesjum í síðasta mánuði, að því er fram kemur á vef Víkurfrétta.

Það er nokkur fækkun brota samanborið við maí 2009 þegar þau voru 82 talsins.

Umferðarlagabrotum fækkaði einnig milli ára í maí, voru 244 nú samanborið við 341 brot í fyrra. Fíkniefnamálum fjölgaði hins vegar úr sex í níu. - kh

# Landhelgisgæslan fækkar þyrlum

**Ákveðið hefur verið að endurnýja ekki leigusamning einnar af þremur þyrlum Landhelgisgæslunnar. Leigusamningur TF-EIR rennur út um mánaðamótin. Stefnt er að því að leigja aðra stærri þyrlu þegar líða fer á næsta vetur.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Leigusamningur TF-EIR sem er ein þriggja þyrlna Landhelgisgæslunnar, rennur út um mánaðamótin og verður ekki endurnýjaður. Í kjölfarið mun Landhelgisgæslan aðeins hafa tvær þyrlur á sínum snærum.

„Þetta tekur mið af því að við erum með þrjár þyrlur og ein þeirra er lítil. Í stöðunni eins og hún er núna munum við láta þessa þyrlu fara. Það hefur verið unnið að því á undanförnum mánuðum að klára skoðanir á hinum tveimur þyrlunum, stóru vélunum, þannig að þær eiga báðar að vera til reiðu í sumar," sagði Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, og bætti því við að stefnt væri að því að leigja aðra stóra þyrlu þegar líða fer á veturinn.

„Við erum betur sett til að láta vélina fara en við vorum í vetur, viðhaldslega séð, og teljum að hún sé óhagkvæm þar sem hún er dýr í rekstri og afkastalítil miðað við það sem þyrfti að vera. Í staðinn ætlum við því að safna peningum til að koma okkur upp betri vél þegar meira reynir á," sagði Georg enn fremur.

Vonir standa til að þetta komi lítið niður á störfum Landhelgisgæslunnar þar sem unnið hefur verið að endurskipulagningu og viðhald verið klárað á hinum þyrlunum.

Spurður hvort tvær vélar nægðu sagði Georg: „Auðvitað vildum við helst hafa hér fjórar vélar eins og talin er þörf á en nú árar illa svo þetta er það skásta sem við teljum okkur geta gert."

Starfsemi Landhelgisgæslunnar hefur að sögn Georgs verið skorin niður um 40 til 45 prósent frá árinu 2008. Gengi íslensku krónunnar hefur þar haft mikil áhrif en starfsemi stofnunarinnar er mjög háð breytingum í gengi hennar. Stafar það af því að tæki eru leigð frá útlöndum og bæði olía og varahlutir koma að utan líka en þessir útgjaldaliðir skipta Landhelgisgæsluna miklu.

magnusl@frettabladid.is



**TF-EIR** Þyrlan hefur verið í notkun hjá Landhelgisgæslunni frá ársbyrjun 2007.

### Seinkar um allt að tólf mánuði

Landhelgisgæslan á von á nýju varðskipi, V/S Þór, en það hefur verið í smíðum í skipasmíðastöð í Chile frá því í október 2007. Upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir að skipið yrði afhent fyrri hluta ársins í ár en jarðskjálftinn sem varð í Chile í febrúar setti strik í reikninginn. Þegar jarðskjálftinn reið yfir voru tveir mánuðir í afhendingu og skipið 96 prósent tilbúið en flóðbylgja sem varð í kjölfar skjálftans komst ofan á skipið og flæddi sjór í vélarrúmið og olli skemmdum á vélinni. Nú liggur fyrir að þetta mun valda allt að tólf mánaða seinkun á framkvæmdinni en Landhelgisgæslan mun ekki bera fjárhagslegan skaða af því. Búist er við afhendingu fyrri hluta árs 2011.

Orkuveita Reykjavíkur

Miðnæturganga á Hengilinn

Sunnudaginn 20. júní verður farin gönguferð upp á Hengil. Gengið verður upp Sleggjubeinsskarð og upp á Vörðuskeggja sem er 805 metra hár; þaðan niður í Innstadal og niður Sleggjubeinsskarð. Gangan tekur u.þ.b. 5 klst. og er frekar erfið, að jafnaði um brattar fjallshlíðar. Nauðsynlegur búnaður er góðir gönguskór, góður hlífðarfatnaður og nesti. Mæting í Hellisheiðarvirkjun við Kolviðarhól klukkan 20:00. Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir. Leiðsögumaður er Valgarður Lyngdal Jónsson, kynningarfulltrúi Hellisheiðarvirkjunar. Ef veður er tvísýnt verður gengin auðveldari leið.



• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi.

Athugið að efni dagsins getur riðlast af ýmsum ástæðum og er því bent á að nánari upplýsingar er að finna á vef Orkuveitunnar.

www.or.is

Kjörnefnd úrskurðar að átta vafaatkvæði sem áður voru ógild séu nú gild:

# Vafaatkvæði felldu J-listann

**DALVÍK** J-listinn í Dalvíkurbyggð er ekki lengur með hreinan meirihluta í bæjarstjórn eftir að kjörnefnd úrskurðaði að átta vafaatkvæði sem nefndin hafði áður úrskurðað ógild séu nú gild.

Eftir kosningarnar í lok maí fékk J-listinn fjóra menn kjörna. A, B- og D-listi fengu einn mann hver listi. Því var J-listinn með hreinan meirihluta. Nú hafa átta atkvæði sem áður voru dæmd ógild verið dæmd gild svo Framsókn fær fjórða manninn af lista J-listans. Eftir kosningarnar kærðu framsóknarmenn niðurstöður talningar atkvæða til sýslumannsins á Akureyri og fóru fram á að þessi átta atkvæði skyldu dæmd gild. Kjörnefnd féllst á sjónarmið framsóknarmanna en dómurinn var kveðinn upp í morgun.

Ásgeir Páll Matthíasson, umboðsmaður J-listans á Dalvík, segir í samtali við Vísir.is að málið sé mikið áfall fyrir listann. „Það hlýtur að vera er það ekki? Þetta er verulega óþægileg staða," segir Ásgeir og segir jafnframt að niðurstaðan komi á óvart.

Niðurstöðu kjörnefndar er hægt að skjóta til dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins og hefur J-listinn eina viku til að gera það.



**FRÁ DALVÍK** J-listinn í Dalvíkurbyggð hefur ekki lengur hreinan meirihluta í bæjarstjórn eftir úrskurð kjörnefndar. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

Ásgeir Páll Matthíasson segir að ekki sé búið að ákveða hvort listinn ætli með málið lengra. „Það verður gert eins fljótt og auðið er. Það á bara eftir að kryfja þennan úrskurð til mergjar og sjá hvort það sé einhver ástæða til að halda áfram." -bl

# 7117 mílna skot frá Rooney



Míla sér um að hægt sé að gefa boltann frá 33° suðlægrar breiddar hingað norður í 65°. Sekúndubroti eftir að Rooney fær glæsilega stungu og skilar boltanum í stöngina og inn, tekur Míla við markinu og sendir áfram um kapla sína og að endingu í fagnaðarlætin á barnum eða heim í stofu til þín.

míla
Lífæð samskipta

*Míla byggir upp og rekur fullkomnasta fjarskiptanet á Íslandi. Míla sér fjarskipta-, síma- og afþreyingarfyrirtækjum fyrir aðstöðu og dreifileiðum um net ljósleiðara og koparstrengja sem tengja byggðir landsins við umheiminn. Míla er mikilvægur hlekkur í öryggisfjarskiptum landsins á sjó, landi og lofti.*

*www.mila.is*

ENNEMM / SÍA / NM41855

*Sumarsólstöður eru á mánudaginn*




Fagnaðu sumarsólstöðum með BKI kaffi

*Sumarsólstöður eru á mánudaginn!*

Angan af kaffi kemur bragðlaukunum af stað og ilmurinn segir til um ríkt bragðið af BKI kaffi. Helltu upp á gott BKI kaffi.



**Sólstöður eru tvisvar á ári en það er sú stund þegar sólin er hvað lengst frá miðbaug himins til norðurs eða til suðurs.**
Vetrarsólstöður eru 20.-23. desember en sumarsólstöður eru á mánudaginn. Sumarsólstöður er sá tími þegar sólargangurinn er hvað lengstur og er tilvalinn fyrir t.d. miðnæturgolf eða gönguferðir í friðsælli náttúrunni. Orðið sólstöður merki að sólin er nánast kyrr á meðan á þeim stendur og hækkar því ekki eða lækkar. Áður fyrr var einnig algengt að nota orðið sólhvörf.

Miðnætursól er eitthvað sem aðeins sést mjög norðarlega eða sunnarlega á jörðinni. Með góðu BKI kaffi getur þú haldið þér vakandi fram að miðnætursólinni.

*Nýttu tækifærið, njóttu sólarinnar, allan sólarhringinn með BKI kaffi.*

**BKI Classic**
Sérvaldar baunir frá þekktustu kaffisvæðum heimsins tryggja hið mjúka bragð, lokkandi ilminn og fersklegt eftirbragðið.



**BKI Extra**
Snöggristað við háan hita. Þannig næst fram ríkara kaffibragð við fyrsta sopa en léttur og mjúkur keimur fylgir á eftir.

***Kauptu BKI fyrir sumarsólstöður***



**FRÉTTASKÝRING: Hver er staða mannréttindamála á Íslandi?**



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**NAVI PILLAY** Mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna hefur miklar áhyggjur af stöðu mannréttindamála hér. Þótt staðan virðist góð má alltaf gera betur, segir hún.

# SÞ hefur áhyggjur af heimilisofbeldi á Íslandi

**Heimilisofbeldi verður að stöðva og taka verður harðar á ofbeldismönnum. Navanethem Pillay, mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, hefur áhyggjur af háu hlutfalli ofbeldis á íslenskum heimilum. Hún segir börn kvenna sem verða fyrir ofbeldi hin raunverulegu fórnarlömb.**

„Heimilisofbeldi eykst ætíð á erfiðum tímum, hvort heldur er þegar stríðsátök brjótast út eða á tímum efnahagsþrenginga. Það sama á við hér á landi. En heimilisofbeldi er alltof algengt hér. Ég hef áhyggjur af því og hef hvatt stjórnvöld til að fylgja málum betur eftir og taka harðar á ofbeldismálum,“ segir Navanethem Pillay, mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna (SÞ). Þetta er fyrsta heimsókn mannréttindafulltrúa SÞ hingað til lands.

Navi, líkt og hún er kölluð í daglegu tali, var stödd hér á landi í boði utanríkisráðherra í vikunni og fundaði meðal annars með utanríkisráðherra, dómsmála- og mannréttindaráðherra og félagasamtökum, um stöðu mannréttinda- og jafnréttismála. Á miðvikudag hélt hún erindi á opnum fundi í Þjóðmenningarhúsinu en sá fundur var haldinn af utanríkisráðuneytinu í samvinnu við Mannréttindaskrifstofu Íslands og Mannréttindastofnun Háskóla Íslands um hlutverk SÞ við að efla og vernda mannréttindi.

## Víða pottur brotinn

Þrátt fyrir aukna umfjöllun um mannréttindabrot og aðgerðir gegn þeim á heimsvísu síðustu ár segir Navi erfitt að meta hvort staðan hafi batnað.

„Þegar maður heldur að málin séu að lagast koma upp vandamál. Við, embætti mannréttindafulltrúa, og SÞ verðum ætíð að vera vakandi fyrir þessum málum. Það er sífellt verið að ráðast gegn almenningi og troða á réttindum fólks, mannréttindafrömuðum og blaðamönnum sem skrifa um mannréttinda- og jafnréttismál. Aðstæður eru mjög slæmar í sumum löndum, sérstaklega á átakasvæðum þar sem líf fólks er beinlínis í hættu. Það er mikilvægt að fólk geti látið rödd sína heyrast,“ segir Navi og bætir við að hún hafi sérstakar áhyggjur af átökum þjóðarbrota í suðurhluta Kirgisistans og morðum á Úsbekum í mánuðinum. Hún segir SÞ, sem eru með skrifstofu í Bishkek, höfuðborg Kirgisistans, reyna eftir mætti að aðstoða fórnarlömb í landinu.

Talið er að allt að fjögur hundruð þúsund manns hafi misst heimili sín í átökunum í Kirgisistan sem brutust út í síðustu viku. Meirihluti þeirra er talinn á vergangi og án húsaskjóls en talið er að í kringum hundrað þúsund manns hafi flúið yfir landamærin til Úsbekistans. Þá eru tölur um látna á reiki. Opinberar tölur benda til að rúmlega tvö hundruð manns hafi látist í átökunum en talið er að tífalt fleiri liggi í valnum.

## Röddin verður að heyrast

Navi segir að þótt mannréttinda- og jafnréttismál standi víða höllum fæti sé mikilvægt að fólk geti leitað réttar síns. Því var ekki að skipta áður.

Hún tekur Afríku sem dæmi. Álfan er Navi Pillay nátengd; hún fæddist í Suður-Afríku árið árið 1941. „Í áratugi voru höfðingjar og stríðsherrar við völd í ríkjum Afríku sem myrtu fjölda manns og frömdu mjög alvarlega glæpi, svo sem í Rúanda. Við höfðum engan möguleika á að koma lögum yfir þá. Margir þessara ráðamanna, hinir seku, komust undan með einum eða öðrum hætti. Nú höfum við alþjóðadómstóla sem taka á málum þeirra, þjóðernishreinsunum og öðrum hræðilegum glæpum, svo sem í löndum fyrrum Júgóslavíu. Hann hefur þegar fellt þunga dóma,“ segir Navi og bendir á að dómstólarnir sendi þau merki út til heimsins að alvarlegir glæpir séu ekki umbornir.

## Alltaf má gera betur

Navi segir að þótt svo virðist sem staða mannréttinda- og jafnréttismála sé almennt góð hér megi alltaf gera betur. Á meðal þess sem hún leggur til er að sett verði á laggirnar innlend mannréttindastofnun, sem vinni í samræmi við svonefnd Parísarviðmið SÞ. Engin slík stofnun starfar eftir þeim hér nú um stundir. Viðmiðin voru samþykkt árið 1993.

„Innlend mannréttindastofnun tekur við málum þeirra sem telja á sér brotið. Hún getur jafnframt lagt fram tillögur að lagabreytingum,“ segir hún en á meðal þeirra sem gætu leitað til ráðsins eru fórnarlömb heimilisofbeldis, fangar og fleiri.

## Líður ekkert ofbeldi

Navi segir að samkvæmt gögnum sem hún hafi um heimilisofbeldi hér virðist sem sjaldnar sé tilkynnt um slíkt en í öðrum löndum og ofbeldismönnum því ekki refsað. „Ég hef sérstakar áhyggjur af þessu; skorti á rannsóknum á ofbeldisverkum og slælegri framgöngu eftirlitsaðila í nauðgunarmálum og öðru kynferðisofbeldi gegn konum. Niðurstaða virðist fást í afar fáum ofbeldismálum gegn konum og nær enginn hlýtur dóm. Ef þið látið hjá líða að hindra heimilisofbeldi þá kemur það niður á börnunum,“ segir Navi Pillay og bætir við að þegar kreppir að í efnahagslífinu líkt og hér, þá færist ofbeldi í vöxt, bæði gagnvart konum, börnum og nýbúum.

„Við verðum að koma stjórnvöldum í öllum ríkjum heimsins í skilning um að ofbeldi, sérstaklega kynferðislegt ofbeldi, gagnvart konum er ekki liðið. Lögin eru í gildi og það verður að virkja þau. Það virðist ekki gert hér. Ég hef áhyggjur af háu hlutfalli heimilisofbeldis á Íslandi,“ segir Navi Pillay, mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna.

## Hver er Navanethem Pillay?

Navi er þungavigtarkona á sviði mannréttinda- og jafnréttismála. Hún fæddist í borginni Durban í Suður-Afríku árið 1941 og er komin af Indverjum. Indverska samfélagið í Suður-Afríku studdi hana til náms í lögfræði og útskrifaðist hún árið 1963. Navi tók að sér að verja andstæðinga aðskilnaðarstefnunnar og félaga í verkalýðsfélögum í Suður-Afríku á árum áður. Á meðal þess sem hún fékk framgengt var að pólitískir fangar á Robben-eyju í Suður-Afríku fengu aðgang að lögfræðingi árið 1973. Á meðal fanganna var Nelson Mandela. Þegar Afríka þjóðarráðið komst til valda árið 1995 tilnefndi Nelson Mandela, fyrsti lýðræðislegi kjörni forseti landsins, hana sem hæstaréttardómara og varð Navi fyrsti dómarinn þar sem ekki var hvítur. Hún hefur sömuleiðis verið dómari við tvo af helstu stríðsglæpadómstólum heims; við Alþjóðastríðsglæpadómstólinn vegna Rúanda í átta ár og dómari í Alþjóðasakamáladómstólnum í Haag í fimm ár. Hún hefur verið mannréttindafulltrúi SÞ frá því í september árið 2008.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
jab@frettabladid.is



# ÞAÐ BESTA ÚR HÉRAÐI Á HÓTEL EDDU

Komdu á Edduhótelin í sumar og upplifðu það besta sem íslenskt hráefni býður upp á í hverju héraði fyrir sig í snilldarútfærslu landsþekktra matgæðinga. Hjónin Friðrik V og Arnrún ásamt starfsfólki Edduhótelanna töfra fram algjört lostæti á sanngjörnu verði.








## Spennandi dagskrá sumarsins

**12. júní** Edda Nesjum
Svæðisbundið sjávarréttahlaðborð

**18. júní** Edda ML Laugarvatni
Gönguferð að vatni og svæðisbundinn matseðill

**19. júní** Edda Skógum
Svæðisbundið hlaðborð

**23. júní** Edda Ísafirði
Kvöldganga og svæðisbundnir smáréttir

**25. júní** Edda Stórutjörnum
Svæðisbundinn matseðill

**17. júlí** Edda Laugum
Svæðisbundinn matseðill og húslestur

**24. júlí** Edda Laugarbakka
Svæðisbundinn matseðill

**28. júlí** Edda Eiðum
Lautarferð með nesti

**31. júlí** Edda Neskaupstað
Svæðisbundið fjölskylduhlaðborð

**12. ágúst** Edda Akureyri
Sælkeraferð um Eyjafjörð - framleiðendur heimsóttir. Svæðisbundið hlaðborð

**14. ágúst** Edda ÍKÍ Laugarvatni
Svæðisbundinn matseðill

**20. ágúst** Edda ME Egilsstöðum
Svæðisbundinn villibráðarmatseðill

Nánari upplýsingar um dagskrá og heimsókn Friðriks og Arnrúnar á hvert hótel: www.hoteledda.is

**Pantaðu allan hringinn á www.hoteledda.is eða í síma 444 4000**



Vnr. 50632105

## Ferðagrill

MR GRILL ferðagasgrill, grillflötur 30x37 cm, efri grind, hitadreifiplata. Þrýstijafnari og slanga fylgja ekki. Hægt að nota við flestar gerðir gaskúta. 2,6 kW.

**11.990**

ÓDÝRT



Vnr. 50632115

## Gasgrill

COMBO gasgrill með tveimur brennurum, samanbrjótanlegt með 2 hjólum og hliðarborðum. Mjög einfalt í uppsetningu. Grillflötur 42x35 cm. Stærð uppsett 104x46x33 cm, stærð samsett 10x46x87 cm. Neistakveikjari, þrýstijafnari og slanga fylgja og hitadreifiplata, lok, 3,6 kW.

**22.900**

Einfalt í uppsetningu, samsetningu og flutningum!



Vnr. 88040052

## Trampolín

Trampolín, 2,4 m, með öryggisneti.

Verð með BYKO korti: **25.900**

Verð án BYKO korts: 39.900

EXPO · www.expo.is

# BYKO klúbbstilboð

Þú nýtur betri tilboða í BYKO með Viðskiptakorti BYKO



Einfalt er að sækja um kortið í verslunum BYKO eða á www.BYKO.is

ÓDÝRT



# 25% afsláttur



## af öllum garðhúsgögnum og reiðhjólum fyrir alla í BYKO klúbbnum!



BYKO KLÚBBURINN

## Gildir aðeins fyrir BYKO klúbbinn dagana 19. - 20. júní

Allir sem eru handhafar Viðskiptakorts BYKO eru í BYKO klúbbnum.



HREINSIR OG KLÓSETTPAPPÍR FYRIR FERÐAKLÓSETT



Vnr. 87977157

## Ferðaklósett

Ferðaklósett, 20 l.

**12.990**



Vnr. 87977142

## Kælibox

Kælibox, 25 l, 12V.

**9.990**



ÓDÝRT

Vnr. 87978050

## Kælipoki

Kælipoki 32 l, með fellikörfu. Sniðug lausn í ferðalagið.

**1.990**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

# Frábær tilboð í verslunum BYKO!




Vnr. 0058254
**Girðingarefni**
Fura, alhefluð, 22x95 mm, A-gagnvarið.

**227** kr./lm

## Lægra verð á pallaefni

| | | |
|---|---|---|
| 0058324 | Fura, alhefluð 27x95 mm A-gagnvarið | 283 kr./lm. |
| 0058504 | Fura, alhefluð 45x95 mm A-gagnvarið | 395 kr./lm. |
| 0058506 | Fura, alhefluð 45x145 mm A-gagnvarið | 575 kr./lm. |
| 0059954 | Fura, alhefluð 95x95 mm A-gagnvarið | 815 kr./lm. |



**469*** Kr./lm.
Fullt verð: 675

**31% afsláttur**

Vnr. 0077260
**Vatnsklæðning**
Vatnsklæðning, kúpt, 20x120 cm, B-gagnvarið.
*Tilboðið gildir til 20. júní.
Frábært sértilboð



**11.990***
Fullt verð: 15.900

Frábært sértilboð
Vnr. 0291500
**Ræktunarkassi**
Ræktunarkassi, 500x1000x1200 mm.
*Tilboðið gildir til 20. júní.

**25% afsláttur**



**30% afsláttur**

**13.990***
Fullt verð: 19.900

Frábært sértilboð
Vnr. 0291412
**Girðingareining**
SALVIA ESPALE girðingareining, 1800x1800 cm.
*Tilboðið gildir til 20. júní.



**17% afsláttur**

**59.900***
Fullt verð: 69.900

Frábært sértilboð
Vnr. 0297060
**Fánastöng**
Fánastöng, 6 m, með sökkulfestingum.
*Tilboðið gildir til 20. júní.



**299*** kr./lm.
Fullt verð: 375

**20% afsláttur**

Vnr. 0058325
**Pallaefni**
Pallaefni, fura, alheflað, 27x120 mm, A-gagnvarin.
*Tilboðið gildir til 20. júní.
Frábært sértilboð





## Vinnur þú gasgrill í BYKO Kauptúni?

Allir sem kaupa reiðhjól, sláttuvélar eða garðhúsgön í BYKO Kauptúni í dag og á morgun, fá að snúa lukkuhjóli og eiga möguleika á að vinna gasgrill eða aðra flotta vinninga!

BYKO

**FRÉTTASKÝRING:** Hvað þarf að gerast til að hér megi metanvæða bílaflotann?

# Vistvænt, hagkvæmt og einfalt að skipta yfir í bíla sem nota metangas

**Metangas virðist nærtækasti og hagkvæmasti kosturinn þegar horft til nýs orkugjafa í samgöngum hér á landi. Skipti yfir í metan eru tiltölulega einföld, notkunin er þjóðhagslega hagkvæm og umhverfisvæn í ofanálag. Enn er samt nokkrum spurningum ósvarað og skýrir það ef til vill af hverju fleiri hafa ekki nú þegar skipt yfir í metanið.**

Munur á lítraverði metangass sem afgreitt er á ökutæki og 95 oktana bensíns er um þessar mundir nálægt 90 krónum. Umtalsverður sparnaður er í því fólginn að nota ökutæki sem brenna metangasi. „Sparnaðurinn“ verður því meiri sem ökutækið er frekara á sopann og meira er ekið. Ekki er langt síðan bensínverð fór yfir 200 króna múrinn og helstu sérfræðingar spá því að til framtíðar komi það fremur til með að hækka en lækka. Því er ekki nema von að margur hugleiði að skipta yfir í metan.

Tilfellið er nefnilega að tiltölulega einfalt er að skipta, þótt vissulega fylgi því allnokkur kostnaður. Hægt er að breyta bæði bensínvélum og dísilvélum þannig að hægt sé að nota á þær metangas. Eigendur amerískra dreka þurfa því ekki að óttast að úr þeim detti töffarahljóðið þótt þeir breyti. En eftir breytingu ganga bílarnir bæði fyrir bensíni og metangasi.

### Nokkuð dýrt er að breyta

Þá mælir fleira með því að beina orkuskiptum í samgöngum í þá átt að meiri áhersla verði lögð á metanbíla.

Hér innanlands er hægt að vinna gas sem dugar á hátt í 30 þúsund bifreiðar. Þar sparast strax ógurlegar upphæðir í gjaldeyri því ekki þarf að flytja inn til landsins samsvarandi magn bensíns.

Þá kom fram í máli Einars Vilhjálmssonar, markaðsstjóra Metans hf., á ráðstefnu um orkuskipti í samgöngum sem iðnaðarráðuneytið og fleiri stóðu fyrir í byrjun mánaðarins, að umtalsverðir möguleikar aðrir væru á söfnun metangass. Þar vísaði hann meðal annars til lífræns úrgangs sem til verður í sjávarútvegi, auk lífmassa frá landbúnaði og matvælaiðnaði. Þá mætti safna metangasi úr skolpi, líkt og þegar væri gert í Svíþjóð.

Þá er notkun metangassins á bíla umhverfisvæn því óbrennt er gasið mjög skaðleg gróðurhúsalofttegund. Einar benti á að í líftímagreiningu á umhverfisáhrifum metanbíls og rafmagnsbíls hefði metanbíllinn margfaldan vinning, vegna þess hve mikill umhverfisskaði fylgi framleiðslu rafhlaðna í rafmagnsbíla.

Tvö fyrirtæki sérhæfa sig nú í að breyta bílum. Í Vélamiðstöðinni var fyrsta bílnum breytt árið 2007 og hefur þar nú verið opnað risastórt verkstæði til að breyta bílum af öllum stærðum og gerðum. Tæki Vélamiðstöðvarinnar koma frá Kanada. Þá sinnir fyrirtækið Einn grænn líka breytingum á bílum með búnað frá slóvenska fyrirtækinu G-1.

Kostnaður við að breyta bíl er mismunandi eftir því hvað bíllinn er stór og hvort setja þarf í hann fleiri en einn gaskút. Upphæðin getur hlaupið frá rúmum 300 þúsund krónum upp í um 700 þúsund. Því er viðbúið að aka þurfi 20 til 40 þúsund kílómetra áður en sparnaður við bensínkaup hefur náð upp í kostnað við breytinguna.

Þá er einnig til þess að líta að enn hafa ekki verið teknar neinar ákvarðanir um mögulega ívilnun frá hinu opinbera til þeirra sem ákveða að breyta bílum sínum. Nýir metanbílar sem fluttir eru til landsins fá niðurfelld gjöld vegna þess að þeir eru umhverfisvænir og má því segja að eldri bílar sem er breytt og búið að greiða af öll gjöld beri skarðan hlut frá borði.

### Metanbirgðirnar klárast

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra upplýsti hins vegar eftir ráðstefnuna í byrjun mánaðarins, sem haldin var til að marka upphaf vinnu starfshóps sem skipuleggja á orkuskipti í samgöngum, að starfshópurinn ætti að skila tillögum þegar í sumar, þar á meðal um mögulega ívilnun til þeirra sem kjósa að breyta bílum sínum.

Á ráðstefnunni kynnti Jón Þórir Frantzson, forstjóri Íslenska gámafélagsins sem á Vélamiðstöðina, líka þann vöxt sem orðið hefur í að breyta bílum í metanbíla. Frá því að fyrsta bílnum var breytt hjá þeim árið 2007 hefur fjörutíu bílum verið breytt. „Langflestum síðustu tvo mánuði, eða um 30 bifreiðum,“ sagði hann. Einn og hálfan til þrjá daga tekur að breyta hverjum bíl.



JÓN ÞÓRIR FRANTZSON

„Í augnablikinu er vandamál okkar það að við eigum eftir að klára metanið sem til er í landinu,“ sagði Jón Þórir og sagði næsta stóra verkefni snúa að því að finna meira metangas.

Sömuleiðis kallaði forstjóri Íslenska gámafélagsins eftir því að stjórnvöld fylgdu eftir, með aðgerðum, fögrum fyrirheitum um að stefna að umhverfisvænni orkugjöfum í samgöngum. Hann segir að hjá fyrirtækjum og stofnunum ríkis og bæja sé keyptur einn og einn bíll „til sýnis“ en þar fyrir utan gerist ósköp lítið. „Þeir eru ekki tilbúnir til að takast á við vandamálin sem alltaf verða til þegar byrjað er á einhverju nýju.“

### Hver er stefna stjórnvalda?

Meðal þess sem takast þarf á við, eigi að bílafloti landsmanna að stórum hluta að ganga á metangasi, er að koma upp þjónustustöðvum fyrir metan um land allt, en þær eru nú bara tvær, báðar á höfuðborgarsvæðinu.

Þá er stór biti fyrir flesta að fjármagna breytingu á bílum og segir Jón Þórir að finna þurfi þægilegar fjármögnunarleiðir handa fólki og fyrirtækjum. Um leið segir hann ríða á að finna leiðir til að draga úr kostnaðinum. „Á krepputímum er þetta ansi mikill peningur fyrir fólk og ávinningurinn sést ekki fyrr en eftir tvö til þrjú ár,“ segir hann og bendir á að af vinnu við breytingu bíla mætti fella niður virðisaukaskatt og jafnvel láta koma á móti breytingum eingreiðslu sem samsvari tollaniðurfellingunni sem nýir bílar fái.

„Þá er ekki heldur komið neitt raunverulegt verð á metan og við verðum að tryggja eitthvað raunverulegt verð til framtíðar,“ sagði Jón Þórir á ráðstefnunni og kallaði eftir stefnumörkun ríkisins í þeim efnum. „Á að skattleggja gasið eða ekki og ætlar N1 að hækka gasverðið enn frekar? Menn verða að vera öruggir um að hverju þeir ganga,“ sagði hann og þar liggur ef til vill hundurinn grafinn.




**METANDÆLA Á BÍLDSHÖFÐA Í REYKJAVÍK** Metangaslítrinn (Nm3) kostar 114 krónur og því heldur léttari brúnin á þeim sem dæla gasi á bíla sína en þeim sem þurfa að borga nálægt 200 krónum fyrir bensínlítrann. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Tíu ára afmæli fyrstu áfyllingar

Á sunnudaginn var voru tíu ár liðin frá því að metani var fyrst dælt á bifreið hér á landi.

„Þann 6. júní árið 2000 dældu starfsmenn Sorpu í Álfsnesi metaneldsneyti, sem unnið var úr hauggasi í hreinsistöð Sorpu í Álfsnesi, á nýjan VW Transporter Double Cap metan/bensínbíl Sorpu. Í dagbók starfsmanns segir að allt hafi gengið að óskum og gangurinn í bílnum hafi verið óaðfinnanlegur,“ segir á vef Metans. „Allar götur síðan hefur Sorpa unnið metaneldsneyti úr hauggasi í Álfsnesi og hefur ökutækjum sem ganga fyrir metaneldsneyti fjölgað umtalsvert á þessum tíu árum.“

Fram kemur að nú aki daglega á annað hundrað metanbílar, stórir og smáir, um götur Reykjavíkur. „Áður voru það aðallega bílar í eigu lögaðila og stofnana ríkis og bæja, en einstaklingar eru í auknum mæli að uppgötva þann mikla ávinning sem felst í því að eiga og reka ökutæki sem nýtt getur metan sem eldsneyti,“ segir jafnframt á vefnum.

Óli Kristján Ármannsson
oka@frettabladid.is



## Gasverðið fylgir vísitölu neysluverðs

Um síðustu mánaðamót hækkaði verð á metangasi á bifreiðar um 8 krónur. Normalrúmmetrinn (Nm3) kostar nú 114 krónur, en svo nefnist eining gassins sem seld er á bíla. Einn normalrúmmetri jafngildir 1,1 lítra af bensíni.

Kristján Gunnarsson, deildarstjóri á fjármálasviði N1, segir hækkunina fylgja kostnaðarhækkunum innanlands og fylgja neysluvísitölu að hluta. Verðmyndun gassins segir hann ráðast af rekstrarkostnaði afgreiðslustöðva og fjárfestingarkostnaði, þar sem gasið sjálft kosti í raun ekkert, en því er nú safnað á urðunarstað höfuðborgarsvæðisins í Álfsnesi. „En hækkun hefur verið mun minni en hækkanir á bensíni, enda svo sem ekkert samhengi þar á milli,“ segir hann.

Afgreiðslustöðvar fyrir metangas á bíla eru enn sem komið er bara tvær, önnur á þjónustustöð N1 við Bíldshöfða í Reykjavík og hin við Tinhellu í Hafnarfirði.

Metan hf. framleiðir metangasið á bílana, en N1 er dreifingaraðili, segir Kristján. „Einkabílar sem nú aka um á metani eru um 150 talsins. Álfsnesið getur framleitt fyrir fjögur til fimm þúsund einkabíla. Það er því töluvert til og ég sé fyrir mér að aukningin þurfi að vera mun meiri í stórum notendum. Þar er ég að tala um sveitarfélög og stórfyrirtæki, en þau eru mörg hver að skoða þetta og breyta sínum bílum. Og það er fljótt að borga sig miðað við verðmuninn á eldsneytinu.“

## Umhverfisáhrifin

Metangasið er best og repjuolía verst þegar borin eru saman umhverfisáhrif lífræns eldsneytis, að því er fram kemur í samantekt á vef Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB). Þar er vísað til nýrrar rannsóknar sem unnin var við háskólann í Lundi í Svíþjóð „Þá var etanól (spíri) ekki sem allrabest heldur, sem kemur nokkuð á óvart,“ segir þar.

„Ef rétt er staðið að framleiðslu á metangasinu þá eru umhverfisáhrif af brennslu þess í bílvélum alls ekki skaðleg umhverfinu að neinu leyti heldur þvert á móti,“ segir í samantektinni, en dregið er úr skaðlegum áhrifum metangass með því að brenna það. Óbrunnið er metanið öflug gróðurhúsalofttegund, 25 sinnum öflugri en koltvísýringur. „Metanið er ágætlega eldfimt og brennur nánast upp til agna þannig að sáralítið af skaðlegum lofttegundum myndast við brunann.“

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Félag um hugræna atferlismeðferð og sálfræðideild Háskóla Íslands kynna fyrirlestur norska sálfræðingsins Torkil Berge:

**Bætt aðgengi að sálfræðilegri meðferð**

Torkil Berge er formaður norska félagsins um hugræna atferlismeðferð og fyrrum ritstjóri norska tímaritsins um sálfræði. Hann hefur ritað bækur um þunglyndi og kvíða fyrir fagmenn og almenning og verið í framvarðarsveit að innleiða gagnreyndar aðferðir í meðferð þunglyndis í Noregi. Erindið mun fjalla um leiðir til að bæta aðgengi almennings að sálfræðilegri meðferð að fyrirmynd Breta en Torkil hefur unnið sérstaklega að því málefni í Noregi.

Fyrirlesturinn fer fram mánudaginn 21. júní klukkan 12:00-13:00 í húsnæði Endurmenntunar Háskóla Íslands og er öllum opinn.

Nauðsynlegt uppflettirit fyrir alla áhugamenn um íslenska náttúru og ferðalög

# Uppgötvaðu leyndardóma Íslands!




## Heitar laugar á Íslandi

Í bókinni er fjallað um hið sérstæða fyrirbæri í náttúru Íslands, heitar laugar. Hér greinir bæði frá ósnortnum náttúrulaugum og manngerðum laugum sem skemmtilegt er að skoða og njóta. Þær eru á misfjölförnum slóðum, bæði í byggð og í óbyggðum.

Bókin vísar á annað hundrað lauga viðsvegar um landið og er skemmtileg viðbót við ferðalagið. Oft getur reynst erfitt að finna einstakar laugar, sérstaklega á hálendinu og því fylgja GPS-punktar laugunum sem fjallað er um. Ljósmyndir eru af þeim öllum og fjörlegar leiðar- og náttúrulýsingar gera bókina að ómissandi förunaut á ferðalögum.

Loks eru vönduð kort í bókinni til að auðvelda notkun hennar.

## Fjallaskálar á Íslandi

Í þessari bók er í máli og myndum lýst hartnær 400 skálum, gömlum og nýjum, sem reistir hafa verið víðs vegar á Íslandi. Bókin hefur að geyma ómældan fróðleik um skálana, sögu þeirra og búnað, auk þess sem getið er eigenda og umsjónarmanna. Ljósmynd er af öllum skálunum og staðsetning þeirra mörkuð með GPS-punkti og á landakorti.

Greinargóðar leiðarlýsingar eru að skálunum og víða er sagt frá náttúruperlum í nágrenni þeirra. Í sér kafla aftast í bókinni er fjallað um ýmsa gamla og sögulega fjallaskála sem sumir hverjir þjóna enn ferðamönnum í óbyggðunum.

Hér er á ferðinni einkar gagnleg handbók fyrir alla þá sem ferðast um fjöll og firnindi, göngugarpa, hestamenn og ökuþóra.

Tilboð gilda til og með 30.06.10

Eymundsson.is

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Baráttumál dagsins í dag teljast sjálfsögð réttindi á morgun.

## Á móti vindi

Íslendingar fagna því í dag að liðin eru 95 ár frá því að konur fengu kosningarétt og kjörgengi til Alþingis. Sá áfangi náðist fyrir þrotlausa vinnu og baráttu kvenna undir forystu Bríetar Bjarnhéðinsdóttur og markar ákveðið upphaf kvennabaráttu á Íslandi, baráttunnar fyrir jafnrétti kynjanna.

Ekki þótti öllum sjálfsagt þarna fyrir 95 árum að konur fengju kosningarétt. Bríet og stallsystur hennar létu andbyrinn í samfélaginu þó ekki á sig fá en héldu fram málstað jafnréttisins fullvissar um að þær væru á réttri leið og með tímanum hefur það orðið æ fjarstæðukenndara að búa í samfélagi þar sem kosningaréttur er bundinn við kyn.

Síðan hafa konur sem standa í framlínu kvennabaráttunnar mátt gera eins og Bríet og konurnar sem með henni störfuðu, standa af sér, ekki bara gagnrýni á þann málstað sem þær berjast fyrir, heldur illt umtal, óhróður og aðkast. Það hefur nefnilega alltaf verið veiðileyfi á konur sem ganga fram fyrir skjöldu og berjast fyrir réttindum sínum.

Rauðsokkur urðu fyrir aðkasti vegna baráttumála sinna og aðferða á áttunda áratugnum og fram á þann níunda. Þegar litið er um öxl og farið yfir þau mál sem þær beittu sér helst fyrir kemur þó í ljós að um var að ræða baráttumál sem í dag flokkast sem sjálfsögð réttindi, bæði málefni sem kröfðust breytinga á lagasetningu og hin sem eingöngu snerust um breytt viðhorf. Nefna má aðgengi að langskólanámi, sömu laun fyrir sömu vinnu, dagvistarrými fyrir öll börn og sjálfsákvörðunarrétt kvenna varðandi fóstureyðingar.

Enn í dag mæta konur sem berjast fyrir réttindum kvenna og einnig margar konur sem sigrað hafa karlavígi, án þess að hafa beinlínis sett jafnréttisbaráttu á oddinn, miklum mótbyr. Skemmst er að minnast að við þá siðbót sem krafist hefur verið á Alþingi hefur almenningsálitið gengið mun harðar fram gagnvart konum en körlum. Umsátur karlahóps um heimili tveggja þingkvenna nú á vordögum vegna styrkja og lána sem þær höfðu fengið var lýsandi dæmi um þetta því ekki datt umsátursmönnunum í hug að sækja heim starfsbræður þeirra sem þó höfðu sumir þegið meira en þær. Einnig má nefna andstyggilegan útúrsnúningur á orðum leiðtoga lista vinstri grænna í borgarstjórn í blaðaviðtali í aðdraganda kosninga.

Í orði eru flestir sammála um að jafnrétti kynjanna sé það sem stefna beri að. Ágreiningur stendur að hluta til um það hversu vel eða illa okkur hefur orðið ágengt og svo að hversu miklu leyti grípa á til „handvirkra“ aðgerða svo sem lagasetningar til þess að greiða fyrir þróuninni.

Þann 24. október verða liðin 35 ár frá því að íslenskar konur lögðu niður vinnu einn dag til að vekja athygli á vinnuframlagi sínu og kjörum. Dagurinn verður helgaður baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi. Það er einnig tilvalið tækifæri til að að segja rógsherferðinni á hendur kvennabaráttunni stríð á hendur.

Að öllum líkindum munu komandi kynslóðir líta á þau mál sem kvenréttindabarátta dagsins í dag snýst um sem jafnsjálfsögð réttindi og við sem nú erum á dögum lítum á kosningaréttinn og dagvistarrýmin.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871







AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Aðildarviðræður



ÞORSTEINN PÁLSSON

Ráðherraráð Evrópusambandsins hefur samþykkt ósk Íslands um að hefja aðildarviðræður. Það er áfangi á langri leið. Þó að hugsanleg aðild sé minna skref en EES-samningurinn var eru skoðanir þar um skiptari.

Það á ugglaust rætur í því að á sínum tíma stóð einhuga ríkisstjórn að EES-samningnum en að aðildarviðræðunum nú stendur þverklofin ríkisstjórn. Í öllum flokkum eru skiptar skoðanir. Ágreiningurinn í Samfylkingunni kemur fram í því að hluti flokksins lætur þessi mál víkja fyrir öðrum markmiðum eins og þeim að viðhalda samstarfinu við VG. Formaður flokksins er á þeim væng.

Andstæðingar aðildar hafa svo sem vænta má notfært sér klofninginn í ríkisstjórninni og veikleikana í Samfylkingunni til að kalla eftir því að til baka verði snúið með umsóknina. Efnahagsörðugleikar sumra Evrópusambandsríkja hafa verið notaðir í sama skyni.

Slíkur málflutningur getur ekki talist til efnislegrar umræðu um kosti og galla aðildar. Hann sýnist aðeins þjóna valdatoginu. Skiljanlegt er að menn notfæri sér slíka veikleika. Þeir segja á hinn bóginn lítið um gildi málefnalegra röksemda fyrir aðild.

Þar búa að baki hugsjónir um markaðskerfi, vestræna samvinnu og mat á heildarhagsmunum Íslands. En fram hjá því verður ekki horft að ríkisstjórnarsamstarfið veikir markvissa málefnaumræðu um þessa þætti. Að því leyti er það óhagstætt íslenskum framtíðarhagsmunum. Árið 1970 hafði fylgi við aðild í Bretlandi fallið í tíð Verkamannaflokksins úr 66 hundraðshlutum í 18. Tveimur árum síðar hafði ný stjórn Íhaldsflokksins samið um aðild og naut til þess stuðnings meirihluta þjóðarinnar. Þetta dæmi sýnir að það er hlutverk stjórnmálamanna en ekki skoðanakannana að leiða þjóðir.

Stjórnmálakreppan kallar á nýja forystu fyrir málefnum Íslands en ekki viðsnúning í miðju straumvatni aðildarumsóknar. Í því ljósi er áfall fyrir þjóðina að þingflokkur sjálfstæðismanna skuli einmitt nú hafa sagt sig frá forystu um áframhaldandi þróun vestrænnar samvinnu landsins. Það er ástæðan fyrir því að ekki er unnt að leysa pólitísku kreppuna og mynda ríkisstjórn á miðjunni.

## Hvað þýða erfiðleikar annarra?

Margar þjóðir utan Evrópusambandsins sem innan eiga einnig við efnahagsvanda að glíma. Vandi Íslands er þó meiri en flestra annarra vegna lítillar myntar sem er sveigjanlegri en aðrar. Fyrir vikið glíma bæði heimili og fyrirtæki hér við dýpri skuldavanda en heimili og fyrirtæki í þeim Evrópusambandslöndum sem verst standa.

Stjórnendur peningamála notuðu ekki formleg fullveldisyfirráð yfir krónunni til að styrkja útflutningsatvinnuvegina. Þvert á móti spiluðu þeir með áhættufjárfestum sem keyrðu verðgildi krónunnar upp og út úr öllu samhengi við verðmætasköpunina í landinu. Það var ekki vanræksla og því síður gert af vondum hug. Í opnu alþjóðlegu peningakerfi verða utan að komandi kraftar á fjármálamarkaði alltaf sterkari en íslensk stjórnvöld.

Þeir erfiðleikar sem evrulöndin standa frammi fyrir nú segja okkur fyrst og fremst þá sögu að því fremur sem stórar myntir lenda í erfiðleikum má ljóst vera að enn meiri vandkvæðum er bundið að verja stöðugleika og hagvöxt með smárri mynt. Samkeppnisstaðan verður þá fyrst og fremst bætt með láglaunastefnu til frambúðar eins og andstæðingar aðildar boða undir forystu fjármálaráðherra.

Efnahagsþrengingar í sumum Evrópusambandsríkjum verða því fráleitt talin málefnaleg rök gegn aðildarumsókn Íslands.

## Evrópa eða Kína?

Forseti Íslands og samtökin Heimssýn hafa í mörg ár notað þau rök gegn Evrópusambandsaðild að með henni væri útilokað að gera tvíhliða fríverslunarsamning við Kína. Nú er búið að gera gjaldmiðlaskiptasamning við Kína og undirrita viljayfirlýsingu um aðild þeirra að nýrri virkjun í Þjórsá.

Gjaldmiðlaskiptasamningurinn er sagður fela í sér möguleika á að kaupa vörur frá Kína fyrir áttatíu milljarða króna. Lukka Íslands er í því fólgin að Kínverjar viðurkenna krónuna sem markaðurinn lítur ekki við og útilokað er að nota í utanríkisviðskiptum.

Efnahagsráðherrann segir þetta vera viðurkenningu á góðri efnahagsstjórn.

Miklu fremur er sennilegt að í þessu felist gott innsæi þeirra sem hvorki þurfa né vilja beygja sig undir lögmál markaðarins til að sjá ný tækifæri. Hvort þetta er svo á hinn bóginn fyrsta skrefið að uppgjöf Samfylkingarinnar í Evrópumálum eða undirbúningur bóndabeygju sem festir VG í erlendri aðild að virkjunum er of snemmt að dæma um.

Hitt er ljóst að þessir samningar sýna að Íslendingar geta ekki komist hjá efnahagssamvinnu við aðrar þjóðir. Margt bendir til að á komandi tíð muni menn skiptast í fylkingar í þeim efnum eftir því hvort forgangsröðunin er Kína eða Evrópa. Aðildarviðræðurnar þarf meðal annars að meta í því ljósi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Mikilvægasta máltíð dagsins

ÍSLENSKA/SIA.IS/NAT 40470 12/07

# Allt að vinna og engu að tapa

**Kvenréttindadagurinn**

**Árni Páll Árnason**
félags- og tryggingamálaráðherra



Konur og karlar á Íslandi, til hamingju með kvenréttindadaginn. Fyrir réttum 95 árum undirritaði Danakonungur lög sem veittu konum 40 ára og eldri kosningarétt og kjörgengi til Alþingis. Karlar eldri en 25 ára nutu þá þegar þess. Að líkindum óttuðust ráðandi öfl svo stóran kjósendahóp – ómögulegt var að vita á hverju konur tækju upp. Bríet Bjarnhéðinsdóttir, sem hafði barist ötullega fyrir kosningarétti kvenna, skrifaði árið 1915 að Íslendingar yrðu að athlægi um allan heim út af þessu aldursákvæði. Aldursmarkið átti að lækka árlega um eitt ár í senn þar til jafnrétti karla og kvenna væri náð. Þetta breyttist árið 1920 með endurskoðaðri stjórnarskrá vegna fullveldis Íslands. Það voru Danir sem lögðu áherslu á að konur og karlar hefðu jöfn pólitísk réttindi, ekki forystumenn hins nýfrjálsa ríkis. Okkur er hollt að minnast þess að fyrirstaða ráðandi afla innanlands hefur um aldir og allt fram á síðustu ár helst staðið í vegi umbóta í mannréttindum og almennum lýðréttindum.

### Aukinn hlutur kvenna

100 ár eru liðin síðan allar konur á Íslandi öðluðust rétt til að kjósa og bjóða sig fram til sveitarstjórna. Við slík tímamót er fagnaðarefni að konur urðu 40% sveitarstjórnarmanna í nýafstöðnum kosningum. Þeim fjölgaði um 4% frá kosningunum 2006.

Lengi voru pólitísk áhrif kvenna mjög takmörkuð. Fáar konur nýttu kosningaréttinn 1916 þegar Bríet bauð sig fram til þings fyrst kvenna fyrir Heimastjórnarflokkinn og þegar Vigdís Finnbogadóttir hafði verið kjörin forseti Íslands 1980 sátu aðeins þrjár konur á þingi. Í sveitarstjórnarkosningunum 1982 litu kvennaframboð aftur dagsins ljós og ári síðar bauð Kvennalistinn fram til Alþingis. Þessi framboð höfðu þau áhrif að konum tók að fjölga verulega. Konum í sveitarstjórnum fjölgaði úr 6% í 12% og konum á Alþingi úr 5% í 15%. Stjórnmálaflokkarnir brugðust við og síðan hefur hlutur kvenna aukist jafnt og þétt.

Ísland er nú í fimmta sæti í heiminum hvað varðar hlut kvenna á þjóðþingum en sambærilegur listi er ekki til yfir sveitarstjórnir. Konur eru 43% þingmanna. Af Norðurlöndunum standa aðeins Svíar okkur framar hvað varðar hlutfall kvenna bæði á þingi og í sveitarstjórnum. Ísland er nú í efsta sæti á jafnréttislista World Economic Forum. Þar skiptir mestu aukinn hlutur kvenna í ríkisstjórn og á þingi.

### Virk þátttaka beggja kynja

Fjölgun kvenna kom ekki til af sjálfu sér. Hún hefur kostað mikla baráttu jafnréttissinna af báðum kynjum, innan flokka og utan. Fléttulistar og kvótar hafa skipt miklu máli, enda er mikilvægast hverjir sitja í tryggum sætum. Í sveitarstjórnarkosningunum 2010 sátu karlar í 74% tilvika í efsta sæti og það skýrir að mestu þann mun sem enn er á hlut kynjanna á sveitarstjórnarstiginu. Það er á ábyrgð stjórnmálaflokkanna og kjósenda að sjá til þess að konur og karlar skiptist á um að verma efsta sætið.

Pólitísk réttindi og pólitísk áhrif hafa sjaldan skipt jafn miklu máli og nú. Við stöndum frammi fyrir miklum erfiðleikum og þurfum að ræða og taka ákvörðun um hvers konar samfélag við ætlum að byggja upp hér á landi í kjölfar hrunsins. Það á að verða samfélag velferðar, jafnréttis, heiðarleika og virðingar þar sem konur og karlar deila með sér verkum og völdum jafnt á heimilum sem úti í samfélaginu með hagsmuni heildarinnar í huga. Aðhald í ríkisrekstri á að leiða til endurskipulagningar verkefna ríkisins og samdráttar í kostnaðarsamri yfirbyggingu en ekki fækka í umönnunarstörfum og vísa þannig ábyrgð á umönnun fatlaðra, aldraðra og sjúkra í auknum mæli á heimilin. Virk þátttaka beggja kynja er grundvallaratriði í slíkri forgangsröðun.

### Jafnrétti eykur velferð

Mörg verkefni liggja fyrir í baráttu fyrir jafnrétti þrátt fyrir ávinninga að undanförnu. Ríkisstjórnin hefur nú samþykkt að leggja nýja og metnaðarfulla framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir Alþingi. Þar er að finna áherslur ríkisstjórnarinnar allt frá því að stórefla samþættingu jafnréttissjónarmiða inn í alla stefnumótun og ákvarðanatöku, þar með talið fjárlagagerð, yfir til endurskoðunar á aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi, jafnrétti í skólastarfi, úttekt á áhrifum hvors kyns um sig á loftslag og atvinnusköpun sem tekur mið af báðum kynjum. Fram undan eru því spennandi tímar á sviði jafnréttismála þar sem margar hendur munu koma að verki. Á næstu mánuðum gefst almenningi tækifæri til að koma frekari hugmyndum á framfæri á vef félags- og tryggingamálaráðuneytisins.

> Rannsóknir sýna að jafnrétti kynjanna eykur velferð, bætir rekstur fyrirtækja og stofnana, starfsandi batnar, hjónabönd og sambúð endist lengur og betur er búið að börnum.

Rannsóknir sýna að jafnrétti kynjanna eykur velferð, bætir rekstur fyrirtækja og stofnana, starfsandi batnar, hjónabönd og sambúð endist lengur og betur er búið að börnum. Jafnrétti kynjanna snýst um lýðræði og mannréttindi, það er eftirsóknarvert og á að vera sjálfsagt. Það eru mannréttindi að bæði kyn hafi jöfn tækifæri til náms og starfa þannig að hver einstaklingur geti þroskað og nýtt hæfileika sína, án heftandi hugmynda um hvað konum og körlum leyfist, í samfélagi jafnréttis. Jafnrétti er mikilvægt hagsmunamál okkar allra, jafnt karla og kvenna. Við höfum allt að vinna og engu að tapa.

# Spurning um raunsæi

**Atvinnumál**

**Hannes Friðriksson**
atvinnulaus íbúi í Reykjanesbæ



Atvinnuleysi á Suðurnesjum er það mesta á landinu öllu. Fjöldi fólks nýtur ekki þeirra sjálfsögðu mannréttinda að geta gengið til vinnu sinnar og séð sér farborða. Það fólk er upp á ríki og sveitarfélög komið með framfærslu sína. Allir sjá að ástandið er alvarlegt og þörf á samstöðu allra.

Nú duga hvorki stórkarlalegar yfirlýsingar né heldur leit að hugsanlegum sökudólgum, sem sumir stjórnmálamenn og verkalýðsleiðtogar vilja meina að standi í vegi fyrir framkvæmdum. Nú þarf að finna lausnir sem byggja á stöðunni eins og hún er. Draumóranir geta beðið betri tíma.

Öllum á Suðunesjum er ljóst að hér hafa verið gefnar út svonefndar viljayfirlýsingar sem ýtt hafa undir væntingar um betri tíma. Við höfum séð stál-, stól- og spikverksmiðjur koma og fara. Kröftunum, getunni og athyglinni hefur verið dreift svo menn hafa haldið að hér fyndist fyriheitna landið. Það hefur ekki ræst. Nú þurfum við að einbeita okkur og ná samstöðu um þau verkefni sem þó geta orðið að veruleika. Og eru raunhæf.

Álver í Helguvík hefur nú í mörg ár verið helsta von Suðurnesjamanna hvað atvinnusköpun varðar. Fyrsti áfangi álversins hefur þegar verið samþykktur og bygging á kerskálum er langt komin. Norðurál segir fjármögnun tryggða. Orkuöflun og orkuverð virðast nú vera helsti hemillinn á veginum. Krafan um tryggingu orku til 360 þúsund tonna álvers setur þar strik í reikninginn. Á þeim kröfum þarf að slaka og betra að sníða sér stakk eftir vexti .

Gagnaver á Ásbrú og svonefnt EC-verkefni ásamt ýmsum verkefnum tengdum ferðaþjónustu, virðast við fyrstu sýn vera álitlegustu kostirnir í atvinnumálum. Og eftir miklu að slægjast nái þessi verkefni að verða að veruleika. Öll þau verkefni sem hér hafa verið talin flokkast undir það sem kalla má stórframkvæmdir, og krefjast mikils fjámagns. En við megum ekki gleyma því smáa.

Það vekur athygli þegar atvinnumál á Suðurnesjum eru skoðuð að stuðningur við atvinnusköpun minni fyrirtækja á vegum sveitarfélaganna er lítill. Starfsmaður í hlutastarfi sinnir þeim málaflokk á vegum sveitarfélaganna, og atvinnumál í Reykjanesbæ eru vistuð hjá hafnarverðinum. Kadeco sinnir uppbyggingu atvinnulífs á Ásbrú. Hér þarf að gera átak til úrbóta. Leiða saman krafta þeirra sem vinna að atvinnusköpun á Suðurnesjum. Virkja hverja þá góðu hugmynd upp kemur og markvisst gera þær að veruleika.

Það er okkur öllum ljóst sem á Suðurnesjum búa að framtíðin er undir okkur komin. Við eigum að hætta að berjast við ímyndaða andstæðinga og leggja okkar mál þannig fram að þau séu raunhæf og í takt við stöðuna. Öðruvísi náum við ekki þeim árangri sem vinnur bug á því atvinnuleysisböli sem hér ríkir. Þetta er ekki spurning um bjartsýni eða kjark. Þetta er spurning um raunsæi og samstöðu.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

50 ÁRA AFMÆLI EFTA OG 40 ÁRA AFMÆLI AÐILDAR ÍSLANDS:

EFNAHAGSHRUNIÐ OG ALÞJÓÐAVIÐSKIPTI

Ráðstefna á Hilton Reykjavík Nordica
miðvikudaginn 23. júní, kl. 14.30 - 17.15

Ráðstefnan fer fram á ensku.
Skráning þátttöku á www.congress.is/efta50

DAGSKRÁ

Ávarp Össurar Skarphéðinssonar, utanríkisráðherra og formanns ráðherraráðs Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA

Aðalræðumaður Jagdish Bhagwati, prófessor við Columbia háskólann í New York: Financial Crisis and International Trade

AÐRIR FYRIRLESARAR:

Kåre Bryn, aðalframkvæmdastjóri EFTA: 50 Years of EFTA: Pragmatism and Flexibility

Per Sanderud, forseti Eftirlitsstofnunar EFTA - ESA: Enhancing Efficiency in the Economy

Dr Carl Baudenbacher, forseti EFTA-dómstólsins: The Rights of Economic Operators in the EEA - A Glance at the Role and Impact of the EFTA Court

PALLBORÐSUMRÆÐUR:

Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra

Halldór Grönvold, varaframkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands

Liz Helgesen, Norwegian Confederation of Unions for Professionals

Ruth Derrer Balladore, Confederation of Swiss Employers

Svein Roald Hansen, þingmaður, Noregi

Ignazio Cassis, þingmaður, Sviss



Aðalræðumaður verður Jagdish Bhagwati, prófessor við Columbia háskólann í New York. Hann er með áhrifamestu hagfræðingum á sviði alþjóðaviðskipta og skrifar reglulega um margvísleg málefni í helstu dagblöð heims.

Fundarstjóri: Vilmundur Jósefsson, formaður Samtaka atvinnulífsins

1960 EFTA 50 YEARS 2010

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

ENNEMM / SIA • NM42550

# HM LEIKUR INTERSPORT

ALLIR SEM VERSLA FARA Í POTT

GLÆSILEGIR VINNINGAR!

100.000 KR. INNEIGN Í INTERSPORT

GRILLVEISLA FYRIR 10 MANNS FRÁ NÓATÚNI

10 HM BOLTAR (ADIDAS ADIPURE 2010 GLIDER)

DREGIÐ 5. JÚLÍ 2010

# VIÐ ELSKUM FÓTBOLTA

5.490



**ADIDAS ESS 3S PES PANT**
Íþróttabuxur úr polyester.
Barnastærðir.



6.990
(fullt verð 8.990)

**ADIDAS ESS 3S FULLZIP HOOD**
Rennd hettupeysa úr bómull.
Litir: Svört, grá, rauð, blá.
Barnastærðir.

TILBOÐ
STUTTBUXUR
OG BOLUR

5.490
(fullt verð 7.180)



3.490

**ADIDAS PES TEE TESTA**
Fótboltatreyja úr polyester.
Litir: Svört, rauð. Barnastærðir.

3.690

**ADIDAS WOVEN SHORT TESTA**
Fótboltastuttbuxur úr
polyester. Barnastærðir.

2.490



**NIKE GK JR GRIP**
Markmannshanskar. Barnastærðir.

9.990
(fullt verð 11.990)



**NIKE TOTAL 90 SHOOT JR**
Fótboltaskór. Barnastærðir.

4.490
(fullt verð 5.990)



**PRO TOUCH CLASSIC**
Gervigrasskór. Barnastærðir.

5.990
(fullt verð 7.990)



**NIKE PREMIER II JR**
Fótboltaskór. Barnastærðir

3.490



**NIKE MERCURIAL FADE**
Fótbolti, stærð 4.

INTERSPORT

**AKUREYRI SÍMI 460 4890** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18 **LINDIR SÍMI 585 7260** OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18
**SELFOSSI SÍMI 856 4610** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **SMÁRALIND SÍMI 585 7240** OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 22. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18




# KONUR

## ERU KONUM BESTAR

# HITTUMST 19. JÚNÍ Í SJÓVÁ KVENNAHLAUPI ÍSÍ

| STAÐUR | HLAUPIÐ FRÁ: | FORSKRÁNING: |
|---|---|---|
| Garðabær | Garðatorgi kl. 14:00 | Útilíf í Glæsibæ; Smáralind; Kringlunni og Holtagörðum<br>Stórar stelpur við Hverfisgötu, Sundlaug Kópavogs, Fjölsport í Firðinum Hafnarfirði,<br>World Class í Laugum; Kópavogi; Hafnarfirði; Seltjarnarnesi og Grafarvogi<br>Dansrækt JSB við Lágmúla, Íþróttamiðstöðin Ásgarður í Garðabæ |
| Vogar | Íþróttamiðstöðinni kl. 11:00 | Í Íþróttamiðstöðinni |
| Viðey | Viðeyjarstofu kl. 13:00 | Hjá verkefnastjóra Viðeyjar og á sölustað Viðeyjarferða á Skarfabakka |
| Reykjanesbær | Hlaupið frá Sundmiðstöðinni í Keflavík kl. 11:00 | Sundmiðstöðinni 16. og 18. júní frá 17 - 19 |
| Grindavík | Sundmiðstöðinni Grindavík kl. 11:00 | Sundmiðstöðinni |
| Sandgerði | Íþróttamiðstöðinni kl. 11:00 | Vörðunni Miðnestorgi og í Íþróttamiðstöðinni |
| Garður | Íþróttamiðstöðinni Garði kl. 11:00 | Í Íþróttamiðstöðinni |
| Mosfellsbær | Íþróttavellinum að Varmá kl. 11:00 | Í Lágafellslaug |
| Kjós | Kaffi Kjós v/ Meðalfellsvatn kl. 14:00 | Í Kaffi Kjós |
| Akranes | Dvalarheimilinu Höfða kl. 10:30 | Í Íþróttamiðstöðinni Jaðarsbökkum |
| Hvalfjarðarsveit | Stjórnsýsluhúsi Hvalfjarðarsveitar Innrimel 3 kl. 11:00 | Á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar, Innrimel 3 |
| Borgarnes | Íþróttamiðstöðinni kl 11:00 | Á Hyrnutorgi |
| Hvanneyri | Sverrisvelli á Hvanneyri kl. 11:00 | Hjá Ástríði Guðmundsdóttur, Túngötu 8 |
| Kolbeinsstaðahreppur | Akurholti kl. 13:30 | Hjá Helgu í síma 866-5790 eða 435-6762 |
| Stykkishólmur | Íþróttamiðstöðinni kl. 11:00 | Í Bónus í Stykkishólmi |
| Flatey Breiðafirði | Samkomuhúsinu í Flatey/Hótel Flatey kl. 13:30 | Vinaminni Flatey |
| Grundarfjörður | Íþróttahúsinu kl. 11:00 | Hjá Kristínu Höllu |
| Ólafsvík | Sjómannagarðinum kl. 11:00 | Í sundlauginni Ólafsvík |
| Lýsuhóll | Lýsuhólsskóla kl. 11:00 | Á Hraunsmúla í Staðarsveit |
| Búðardalur | Samkaup í Búðardal kl: 11:00 | Samkaupum Strax 18. júní frá 15 - 17 |
| Reykhólahreppur | Grettislaug á Reykhólum kl. 11:00 | |
| Ísafjörður | Íþróttahúsinu Torfnesi kl. 11:00 | Sjóvá Almennum, versluninni Hlíf og versluninni Jóni og Gunnu |
| Bolungavík | Hrafnakletti kl. 10:30 | Samkaupum 18. júní frá 15 - 17 |
| Súðavík | Gamla pósthúsinu kl. 11:00 | Í Víkurbúðinni |

| STAÐUR | HLAUPIÐ FRÁ: | FORSKRÁNING: |
|---|---|---|
| Flateyri | Íþróttahúsinu kl. 13:00 | |
| Suðureyri | Íþróttahúsinu kl. 11:00 | Hjá Þorgerði Karlsdóttur í síma 899-9562 |
| Patreksfjörður | Bröttuhlíð kl. 11:00 | |
| Barðaströnd | Innri-Múla kl. 21:00 | Hjá Kristínu Hauks í síma 616-7965 |
| Bíldudalur | Slökkvistöðinni kl. 14:00 | Hjá Ragnheiði Benediktsdóttur í síma 846-8859 eða 456-2203 |
| Þingeyri | Íþróttamiðstöð Þingeyrarodda kl. 11:00 | Brekkugötu 42 |
| Hólmavík | Íþróttamiðstöðinni á Hólmavík kl. 11 | Hjá Bryndísi í síma 847-1864 eða á netfanginu brynkas@simnet.is |
| Drangsnes | Fiskvinnslunni Dranga kl. 11:00 | Kaupfélag Steingrímsfjarðar Drangsnesi |
| Hvammstangi | Íþróttamiðstöðinni kl. 11:00 | Í síma 897-9300 eða á netfanginu usvh@usvh.is |
| Blönduós | Íþróttamiðstöðinni Blönduósi kl. 11:00 | Í anddyri Íþróttamiðstöðvarinnar þriðjudaginn 15. júní frá kl. 11-16 |
| Skagaströnd | Íþróttahúsinu Skagaströnd kl. 11:00 | Í leikskólanum Barnabóli og í Söluskálanum. |
| Sauðárkrókur | Sundlaug Sauðárkróks kl. 11:00 | Í Þreksporti og Sundlaug Sauðárkróks |
| Hólar | Hólaskóla kl. 10:30 | Hjá Sillu í síma 865-3582 eða á netfanginu sigbrynl@visir.is |
| Varmahlíð | Sundlauginni í Varmahlíð kl. 11:30 | Hjá Stefaníu Fjólu, Birkimel 12 |
| Hofsós | Sundlaug Hofsós kl. 10:00 | Í Sundlaug Hofsós |
| Fljót | Haganesvík - Sólgarðaskóla kl. 11:00 | |
| Siglufjörður | Torginu kl. 11:00 | |
| Akureyri | Ráðhústorginu kl. 11:00 | Glerártorgi, Hagkaupum, Bónus og Samkaupum Úrvali 16. og 18. júní frá 16 - 18 |
| Eyjafjarðarsveit | Hrafnagilsskóla, Eyjafjarðarsveit kl. 11:00 | |
| Grenivík | Íþróttahúsinu kl. 10 | |
| Dalvík | Sundlaug Dalvíkur kl. 11:00 | Samkaupum Úrvali og Sundlaug Dalvíkur |
| Ólafsfjörður | Íþróttamiðstöðinni kl. 11:00 | Í Íþróttamiðstöð Ólafsfjarðar |
| Hrísey | Eyjabúðinni kl. 14:00 | |
| Húsavík | Sundlaug Húsavíkur kl. 11:00 | |
| Laugar | Húsmæðraskólanum á Laugum kl. 10:00 | |
| Mývatn | Jarðböðunum við Mývatn kl. 11:00 | |
| Kópasker | Heilsugæslunni á Kópaskeri kl. 13:00 | Í versluninni Bakka á Kópaskeri |
| Raufarhöfn | Íþróttahúsinu kl. 11:00 | |
| Þórshöfn | Íþróttamiðstöðinni Sport-Veri kl. 11:00 | Í íþróttamiðstöðinni Sport - Veri í síma 468-1515 |
| Vopnafjörður | Skrifstofu Einherja Hafnarbyggð 4 kl. 11:00 | |
| Egilsstaðir | Tjarnargarðinum kl. 11:00 | Í Samkaupum Úrvali |
| Seyðisfjörður | Torgi kl. 11:00 | Í Íþróttahúsinu 18. júní frá 17 - 19 |
| Borgarfjörður Eystri | Fjarðarborg kl. 13:00 | Í Fjarðarborg |
| Reyðarfjörður | Andapollinum á Reyðarfirði kl 11:00 | Í Mosanum Reyðarfirði 18. júní frá 16 - 18 |
| Eskifjörður | Sundlaug Eskifjarðar kl. 11:00 | Í Sundlaug Eskifjarðar og síma 866-8868 og 867-0346 |
| Neskaupstaður | Kaffihúsinu Nesbæ kl. 11:00 | Hjá Þorbjörgu Traustadóttur í síma 896-6884 og í Kaffihúsinu Nesbæ |
| Fáskrúðsfjörður | Sundlaug Fáskrúðsfjarðar kl. 10:00 | Í sundlauginni og að Skólavegi 75 |
| Stöðvarfjörður | Veitingahúsinu Brekkunni kl. 11:00 | |
| Breiðdalsvík | Íþróttamiðstöð Breiðdalshrepps kl. 11:00 | Í Íþróttamiðstöðinni síma 470-5575 og hjá Jóhönnu í síma 849-3369 |
| Djúpivogur | Íþróttamiðstöðinni kl. 11:00 | |
| Höfn | Sundlaug Hafnar kl. 11:00 | Í Sindrahúsinu Hafnarbraut 25 |
| Selfoss | Byko í Langholti kl. 13:00 | Í Krónunni 16. og 18. júní frá 14 - 18 |
| Sólheimar | Grænu könnunni, Sólheimum kl. 11:00 | Á netfanginu runajona@solheimar.is, skrá nafn og stærð á bol |
| Gnúpverjahreppur | Félagsheimilinu Árnesi kl. 11:00 | |
| Hraunborgir Grímsnesi | Þjónustumiðstöðinni Grímsnesi kl. 14:00 | Þjónustumiðstöðinni Grímsnesi |
| Flóahreppur | Mjósyndi Flóahreppi kl. 11:00 | |
| Hveragerði | Sundlauginni Laugaskarði kl. 11:00 | Hjá Almari bakara, Sunnumörk, 16. og 18. júní frá kl. 16-18 |
| Ölfus | Gamla hrauni og gengið um fjöruna við Eyrarbakka **16. júní** kl. 18:00 | |
| Þorlákshöfn | Íþróttamiðstöðinni **15. júní** kl. 20:00 | Í Íþróttamiðstöðinni 14. og 15. júní frá kl. 17 - 19 |
| Eyrarbakki | Gónhól kl. 12:00 | Í Vesturbúðinni Eyrarbakka |
| Stokkseyri | Sundlaug Stokkseyrar kl. 11:00 | |
| Laugarvatn | Íþróttahúsi Háskóla Íslands, Laugarvatni kl. 14:00 | Í íþróttahúsi Háskóla Íslands, Laugarvatni |
| Úthlíð | Réttinni kl. 11:00 | Í Hlíðarlaug |
| Flúðir | Íþróttahúsinu á Flúðum kl. 11:00 | Á Flúðum 13. og 18. júní |
| Hella | Íþróttahúsinu á Hellu kl. 11:00 | Í Lyfjum og Heilsu á Hellu |
| Þykkvibær | Borg kl. 10:00 **17.júní** | |
| Hvolsvöllur | Íþróttamiðstöðinni á Hvolsvelli kl. 10:00 | Hjá Berglindi í síma 899-9806 |
| Seljalandsfoss | Seljalandsfossi kl. 14:00 | Hjá Auði að Eystra - Seljalandi í síma 847-1657 |
| Vík | Íþróttamiðstöðinni kl. 11:00 | Á netfanginu thorbjorg07@gmail.com |
| Kirkjubæjarklaustur | Íþróttamiðstöðinni Klaustri kl. 11:00 | Í íþróttamiðstöðinni 12. júní |
| Vestmannaeyjar | Íþróttamiðstöð Vestmannaeyja kl. 12:00 | Í líkamsræktarstöðinni Hressó, Íþróttamiðstöðinni og að Breiðabliksvegi 4 |

**www. sjova.is**

**Þátttökugjald 1.250 kr.**

Með samstöðu, áræðni og dugnaði hafa kvenfélagskonur á Íslandi hrint í framkvæmd fjölmörgum framfara- og velferðarmálum fyrir samfélagið. Fyrir 80 árum stofnuðu þær Kvenfélagasamband Íslands, KÍ, sem sameiningar- og samstarfs-vettvang kvenfélaga í landinu. Undir merkjum KÍ starfa þúsundir kvenna á öllum aldri og mynda keðju góðra verka og vináttu.

Í tilefni af Sjóvá kvennahlaupi ÍSÍ býðst þátttakendum að taka þátt í skemmtilegum leik þar sem glæsilegir vinningar eru í boði. Það eina sem þú þarft að gera er að fylla út umsókn á þínum hlaupastað og þú gætir unnið 30.000 kr. gjafakort að eigin vali, dekurdag í Laugum Spa eða aðra veglega aukavinninga.

SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ

SJÓVÁ

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 10-0524

www.frettabladid.is | 512 5000

# GÓÐAR FRÉTTIR FYRIR ALLA

## Enn betra aðgengi að Fréttablaðinu

Breytingar voru gerðar á fríðreifingu og lausasölu Fréttablaðsins 1. júní. Blaðinu er áfram dreift ókeypis í lúgur og Fréttablaðskassa kjarnadreifingarsvæði* okkar. Nýbreytnin felst í að fríðreifingu í verslunum og á bensínstöðvum á kjarnadreifingarsvæði verður hætt, en blaðið í staðinn selt í lausasölu um land allt samhliða fyrrgreindri fríðreifingu heim eða í hverfi. Lausasölustöðum verður fjölgað til muna auk þess sem fjöldi Fréttablaðskassa í íbúðahverfum verður nærri þrefaldaður, úr 60 í um 170. Nánari upplýsingar um dreifingu Fréttablaðsins má nálgast á **visir.is/dreifing**.

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á visir.is eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




## Fjöldi lausasölustaða á Norðurlandi

| | |
|---|---|
| N1, Staðarskáli | 10-11, Akureyri |
| Kaupfélagið á Hvammstanga | N1, Dalvík |
| Verslun, Víðigerði | Olís, Dalvík |
| N1, Blönduósi | Olís, Ólafsfirði |
| Potturinn og pannan, Blönduósi | Eyjabúðin/Eyjaljósið, Hrísey |
| Olís, Skagaströnd | N1, Húsavík |
| Hlíðarkaup ehf, Sauðárkróki | Olís, Húsavík |
| N1, Sauðárkróki | Shell skáli, Húsavík |
| Shell skáli, Sauðárkróki | Búðin Kópaskeri |
| Bónus, Akureyri | Verslunin Ásbyrgi |
| N1, Hörgárbraut, Akureyri | Verslunin Urð, Raufarhöfn |
| N1, Leiruvegur, Akureyri | N1, Þórshöfn |
| Olís, Akureyri (um helgar) | |




Allt sem þú þarft...

*Kjarnadreifingarsvæði Fréttablaðsins er höfuðborgarsvæðið, Akureyri, Stokkseyri, Eyrarbakki, Hveragerði, Selfoss, Borgarnes, Akranes, Reykjanesbær, Þorlákshöfn, Keilir, Garður, Sandgerði, Grindavík og Vogar.



# Fjöldasamstaða kvenna

Jafnréttismál

**Bryndís Bjarnarson**
verkefnisstýra



**Guðrún Jónsdóttir**
stjórnarformaður Skottanna



Í tilefni þess að 35 ár eru liðin frá fyrsta kvennafrídeginum, stofnaði kvennahreyfingin ný regnhlífarsamtök Skotturnar sem hafa það hlutverk að halda utan um 24. okóber í ár. Undirbúningur hefur staðið yfir frá því í október. Þess má geta að Skottur voru kvendraugar sem gjarnan gengu í rauðum sokkum og erfitt var að kveða þær niður.

Að Skottunum standa 15 kvennasamtök, bæði þau stærstu, elstu, róttækustu og nýjustu. Þau eru Kvenfélagasamband Íslands, Kvenréttindasamband Íslands, Samtök um kvennaathvarf, Feministafélag Íslands, Stígamót, Zontasamband Íslands, Kvennaráðgjöfin, Bríet félag ungra feminista, Unifem, Samtök kvenna af erlendum uppruna, Landsamband Soroptimista, Sólstafir á Vestfjörðum, Aflið frá Akureyri, Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur og V- dagssamtökin. Auk þess eru Kvennasögusafnið, Rannsóknarstofa í kvenna og kynjafræðum og Jafnréttisstofa í nánu samstarfi við Skotturnar. Innan samtakanna eru yfir 10 þúsund konur og algjör einhugur ríkir um áherslurnar í ár. Verndari Kvennafrídagsins 2010 er frú Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti Íslands.

Samstaða íslenskra kvenna þann 24. okt. 1975 vakti heimsathygli. Það sama má segja um 24. okt. árið 1985 og síðast árið 2005. Hvergi annars staðar virðast konur hafa náð annarri eins samstöðu um kjör sín og stöðu.

Þessir dagar voru hver með sínu sniði og litu margar konur svo á að þær færu í verkfall en aðrar tóku sér frí. Árin 1975 og 1985 lögðu konur niður störf þennan dag. Árið 1985 var haldin umfangsmikil sýning á störfum undir yfirskriftinni „Kvennasmiðjan“ og 24. október árið 2005 ákváðu konur að vinna fyrir sanngjörnum launum og gátu því gengið út af vinnustöðunum sínum kl. kl.14.08. Um 50.000 konur og margir karlar fylltu götur miðbæjarins þann dag.

Þetta ætlum við að endurtaka í ár, en jafnframt ætla konur að helga daginn baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi. Boðið verður til alþjóðlegar ráðstefnu þann 24. október og fjöldaaðgerða þann 25. október undir yfirskrifinni: „ Konur gegn kynbundnu ofbeldi“.

### Ofbeldi

Enn er ofbeldi karla gegn konum ljótasti bletturinn á jafnréttisríkinu Íslandi. Fulltrúar allra kvennasamtakana hafa einróma samþykkt að sameinast í kröfunni um að Ísland standi undir nafni sem réttarríki – líka fyrir konur og börn sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi. Minnt skal á að á tíu ára tímabili (1997-2006) féllu í héraðsdómum að meðaltali innan við 5 nauðgunardómar á ári og í Hæstarétti innan við 3 nauðgunardómar á ári. Á sama tíma fengust Stígamót og Neyðarmóttaka vegna nauðgana við 200-300 nauðganir hvert ár og vitað er að fjöldi kvenna sótti ekki hjálp.

Skotturnar leggja áherslu á vitundarvakningu og fræðslu um ofbeldi. Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann hefur hrundið af stað verkefninu „Öðlingurinn“ þar sem hún selur bókina sína „Á mannamáli“ til styrktar verkefninu. Hægt er að kaupa bókina á síðunni www.odlingurinn.is .

### Alþjóðleg ráðstefna

Alþjóðlega ráðstefnu á að halda 24. október um ofbeldi gegn konum. Heiðursgestur verður Rashida Mansjoo, umboðskona Sameinuðu þjóðanna um ofbeldi gegn konum. Auk hennar hefur fjölmörgum virtum baráttu- og fræðikonum verið boðið. Dómsmálaráðherra Noregs Knut Storberget hefur einnig þegið boð um að koma á alþjóðlegu ráðstefnuna. Hann er í hópi 10 karlleiðtoga í heiminum sem Ban Ki-moon stofnaði til og skuldbinda sig til að setja ofbeldi gegn konum í forgang.

Konur um allt land leggja niður störf kl. 14.25, þann 25. okt.

Árið 2005 voru konur með 63.5% af heildartekjum karla. Miðað við það höfðu þær lagt fram réttlátt vinnuframlag kl. 14.08 það ár. Nýjustu tölur sýna að konur hafa 65.65% af tekjum karla og geta því með góðri samvisku lagt niður störf kl. 14.25 þann 25. október næst komandi og það er einmitt það sem við ætlum að gera.

Okkur miðar í rétta átt, en á síðustu fimm árum hefur bilið minnkað um aðeins 2.15%. Ef ekki verður frekar að gert þurfum við að bíða í 46 ár eftir því að heildartekjur karla og kvenna verði þær sömu. Konur hafa ekki hugsað sér að setjast með hendur í skauti og bíða, heldur gera það sem í þeirra valdi stendur til þess að leiðrétta kjör sín. Jafnframt munu þær sameinast í kröfunni um afnám ofbeldis.

Mikill baráttuhugur er í konum og undirbúningshópar eru að störfum. Má nefna öflugan hóp listakvenna sem hafa ótal hugmyndir um aðgerðir. Þær sem hafa áhuga á að koma að deginum með uppákomum eða sjálfboðavinnu eru beðnar að hafa samband við kvennafri@gmail.com og heimasíða samtakanna er www.kvennafri.is Verkefnið verður kynnt opinberlega í Ráðhúsinu á 95 ára afmæli kosningaréttar kvenna, þann 19. júní kl. 16 – 18.

# Endir eða upphaf?

Evrópumál

**Sigurður Árni Þórðarson**
Neskirkjuprestur og doktor í guðgræði



Fólk dreif að Melabúðinni í Reykjavík á þjóðhátíðardegi. Mikið var hlegið við kjötborðið, ættingjar og vinir kysstust og barnasköll hljómuðu í þessari búð gæðanna. Við kassann hitti ég vin sem mælir jafnan af viti. Íhugunarorðin voru: „17. júní var lýðveldið stofnað. Í dag, 17. júní var upphaf endis þess lýðveldis!“ Ég hrökk við. Hvað átti hann við? Já, alveg rétt, Leiðtogaráð Evrópusambandsins samþykkti í dag að hefja viðræður við Íslendinga um inngöngu. Það hittist einkennilega á að málið skyldi afgreitt á hátíð þjóðarinnar!

Við stóðum við kassann og ræddum kosti og lesti sambandsins. Auðvitað voru sjávarútvegsmálin meginatriði. Við vorum sammála um að Skýrsla Alþingis hafi opinberað hversu stofnanir Íslendinga voru og væru veikar, að innanmein þeirra hafi verið stór og mörg og að þær hafi ekki ráðið við krabbavöxt bankanna. Við vorum sammála um að Evrópusambandið hefði gríðarlegan stofnanastyrk, sem gott væri að geta nýtt. Er Ísland eins og smáhreppur sem verður að sameinast stærri félagsheildum til að fara ekki á kaf í alþjóðavæðingunni?

Við vorum líka sammála um að opinberar stofnanir hafi verið í gíslingu stjórnmálaafla sem hafi spillt þeim innan frá með vinahygli, frændhygli og flokkshygli. Nei, fáræði „Flokksins“ yrði að ljúka. Nú væri komið að nýjum tíma. Vísakortið hvissaði í posaraufinni, kassahjalinu lauk og ég fór út í góða veðrið. Blaktandi fánar, blátt, hvítt, rautt, blöstu við í góðviðrinu eins og til að minna á að enn væri Ísland sjálfstætt ríki, kannski blankt, með berrassaða stjórnsýslu – en þó sjálfstætt á hjara veraldar. Bjartur í Sumarhúsum lengi lifi.

Góðmeti til kvöldveislunnar fór í bílinn. Þá kom vinur minn út líka. Hann hélt áfram og minnti á nýja tíma í pólitík borgarinnar. Já, allar kreppur eru líka tækifæri til að opna og endurmeta. Nú svo þarf líka að skoða stjórnarskrána og horfast í augu við framtíðina. Við höfum ekki lengur efni á að treysta stjórnmálamönnum fyrir fjöreggjum þjóðarinnar. Við getum ekki gagnrýnislaust treyst embættismönnum fyrir einföldum málum. Sinna þeir og opinberar stofnanir hlutverkum sínum? Eru gildi höfð að leiðarljósi í opinberri stjórnsýslu, t.d. gegnsæi, heiðarleiki, fagmennska, eðlileg ráðningarferli, raunveruleg valddreifing, farsæld almennings, virðing fyrir lýðræði og mismunandi sjónarmiðum?

Hæ, hó, jibbí jei, það er kominn 17. júní. Nú er komið að okkur. Tími almennings í landinu er kominn. Broddhyggja og fáræði leiða til ills. Við höfum ekki efni á annarri oflætistilrauninni. Við höfum bara efni á að tala saman og þola að takast á um stefnumál. Í Evrópumálunum eigum við að reyna rök með og móti aðild. Er kannski ríkjasamband við Norðmenn, jafnvel líka Færeyinga og Grænlendinga, kostur sem við ættum að óska eftir að verði ræddur af alvöru? Stjórnarskrárumræðan varðar meginmál. Hver eru djásn okkar og hvað viljum við að einkenni líf þjóðar, barna okkar í framtíðinni?

Mennta- og menningarstofnanir eiga að stuðla að gæfu samfélagsins. Og kannski er engin stofnun heppilegri til heiðarlegs samtals en kirkjan? Trú er ekki flótti frá veröld, heldur forsenda lífsgleði og tengsla. Lífið er fagnaðarerindi. Kirkjan er ákjósanlegur vettvangur til að draga saman ólíkt fólk með mismunandi sjónarmið og þarfir. Hlutverk kirkju er m.a. að vera fæðingardeild merkingar og tilgangs í lífi fólks. Kirkjan á að vera aðveitustöð trúar, nýrrar sýnar á framtíð, gildi og visku. Á mínum vettvangi mun ég beita mér fyrir að rætt verði um siðferði, samfélag og menningu og hvað verði til hamingju.

Með blaktandi fána í augum, spurningar í huga og ilmandi fjallalambslykt í nefi beygði ég upp Dunhagann. Þar hafði einn íbúinn flaggað. Ekki krossfána, ekki KR-veifu, nei þarna blakti Stjörnubláinn, fáni Evrópusambandsins! Í einfaldri búðarferð birtist mér staða Íslands og verkefni okkar allra. Nú stríkkar á uppistöðum samfélagsvefsins. Eitthvert hæ, hó og jibbí jei duga ekki heldur aðeins rök, þor og gagnrýnin samstaða. Nú þurfum við heiðarlegt samtal. Þjóðhátíðardagur á og má ekki vera endir heldur upphaf.


20% AF ÖLLUM BURNY GRILLUM
Gæða gasgrill
Burny Sizzler 200
10.0 kW
Grillflötur 44x50 sm.
Hitagrind 44x14 sm
2 ryðfríir brennarar
Flame tamer hlíf
yfir brennurum
Postulínsemelerað
lok, grill og grillgrind
sem varnar ryðmyndun.
3000272
47.900
59.900
15% AF ÖLLUM GARÐHÚSGÖGNUM
20% AF ÖLLUM GRILLÁHÖLDUM
GARÐ PARTÝ
20% AF ÖLLUM LEIKFÖNGUM
19.990
Orf IKRA
Tvígengismótor 25CC
43 sm sláttubreidd.
5086606
Hekkklippur
HiPoint
5084664
25% AF ÖLLUM HiPoint GREINA- OG HEKKKLIPPUM
AUTHOR
Melody 20"
„Hi-Ten" stell
6 gíra Shimano Revoshift.
Shimano Ty-18 afturskiptir.
Bremsur Tektro 45AL.
3899971
24.900
34.495
15% AF ÖLLUM REIÐHJÓLUM
3.990
Rafmagnsorf IKRA
250W, 24 cm sláttubreidd
5086600
22.900
27.990
Garðsett
80 sm borð með 4 stólum
3899138
TRÚBADOR
GARÐAR GARÐARS.
ís
10kr
SJÁVARRÉTTA-SÚPA
AÐEINS 99 kr
29.900
37.295
Öryggisnet
F/trampólín 13 ft.
3900566
14.900
20.795
Trampólín 13 ft
ø 396 sm, hæð 88 sm
3900563
FRÁBÆRT VERÐ!
GARÐPARTÝ STEMMNING Í SKÚTUVOGI
FRÁ 12 - 16
Látum verkin tala!
AÐEINS BROT AF ÚRVALINU
Tilboð gilda 16. - 20. júní
Timburmiðstöð Grafarholti, opið til 18:00 alla daga
Verslun Skútuvogi, opið til 21:00 alla daga
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
HÚSASMIÐJAN

# Sjávarútvegsmál ráða úrslitum

Aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu og aðildarviðræður sem nú fara í hönd eru skref í átt að því að gamall draumur rætist hjá **Össuri Skarphéðinssyni** utanríkisráðherra. Hann settist niður með *Brjáni Jónassyni* og ræddi Evrópumálin, stöðu Samfylkingarinnar, og svaraði því hvort hann hafi áhuga á því að taka við embætti formanns Samfylkingarinnar í framtíðinni.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ENGIN FLJÓTASKRIFT** Icesave gæti haft áhrif á aðildarviðræður Íslands við Evrópusambandið, en það verður ekki til þess að Icesave-málinu verði lokið, hvað sem það kostar, segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra. Það segir hann meðal annars tryggt með aðkomu stjórnarandstöðunnar að samningunum.

Aðild Íslands að Evrópusambandinu hefur verið áhugamál og draumur Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra um langt árabil. Málið er nú komið á dagskrá, Ísland hefur sótt um aðild, og leiðtogaráð sambandsins samþykkti á fimmtudag að hefja aðildarviðræður við Ísland.

*Hvað finnst þér um ákvörðun leiðtogaráðsins, og hvenær munu eiginlegar viðræður hefjast?*

Þetta er mikið ánægjuefni fyrir mig, sem er búinn að slást fyrir þessu máli lengi. Það var ekki sjálfgefið að þetta yrði á dagskrá. Það var draugagangur í málinu. Við náðum með hjálp vinveittra ríkja að tryggja að málið kæmist á dagskrá leiðtogaráðsins. Það hefði raunar verið mjög óeðlilegt hefði það ekki gengið eftir, enda Ísland búið að uppfylla öll skilyrði.

Þetta eru vissulega kaflaskipti. Nú hefst nýr kafli í sögu samvinnu okkar og Evrópusambandsins. Framundan eru samningaviðræður, sem munu vonandi enda með því að við komum heim með samning sem þjóðin fær svo að taka afstöðu til. Sem eindreginn Evrópusinni er ég ekki síst glaður vegna þess að ég tel að umsókn og aðild að Evrópusambandinu sé burðarásinn í að byggja upp nýtt Ísland.

### Miklir möguleika á evrópskum mörkuðum

*Hvað er líklegt að viðræðurnar muni taka langan tíma?*

Bæði í Brussel og hér heima eru sérfræðingar sem telja að þetta verði snöggar og snarpar viðræður. Ástæðan er sú að þetta er í fyrsta skipti sem Evrópusambandið er að semja við land sem er búið að taka upp um 70 prósent af regluverkinu. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að þetta geti orðið erfiðari og langdregnari viðræður en margir telja. Það er hugsanlegt að þjóðin geti ekki tekið afstöðu til samnings fyrr en á næsta kjörtímabili.

Þarna eru að minnsta kosti tvö erfið mál. Fiskveiðarnar eru sérlega erfiðar, ég er þeirrar skoðunar að viðtökur almennings muni að verulegu leyti ráðast af þeim samningum sem nást um sjávarútveginn. Þar eru mörg erfið mál, ekki síst varðandi aflaheimildir. Andstæðingar aðildar telja óhæfu að gera samning við ESB vegna þess að hann leiði óhjákvæmilega til þess að fiskveiðiflotar Portúgals, Spánar, Þýskalands stefni allir hingað eftir að skrifað hefur verið undir. Út á það hefur áróður þeirra gengið.

Ég tel hins vegar að reglurnar séu þannig að það verði mjög torsótt fyrir nokkra þjóð að sækja hingað aflaheimildir, og við stöndum fast gegn því. Á þessum og öðrum erfiðum atriðum tengdum sjávarútveginum mun örugglega steyta einhvern tímann í viðræðunum. Þetta er það sem ræður úrslitum um samninginn. Við munum heldur taka okkur lengri tíma en skemmri til að ná árangri í þessum málum.

Landbúnaðarmálin verða örugglega líka erfið. Margir hafa sterkar tilfinningar í því máli, allir Íslendingar eru af smábændum eða sjómönnum komnir. Eftir að hafa kynnt mér mjög nákvæmlega reynslu Finna, og rætt ítarlega við sérfræðinga og stjórnmálamenn þar í landi, er ég þeirrar skoðunar að módelið sem Finnar náðu fram um landbúnað á norðurhjara geri okkur kleift að ná samningum sem við ættum að geta lifað með. Allt mun þetta koma í ljós við samningaborðið.

Þar að auki finnst mér talsmenn bænda á Íslandi alltaf gleyma því að afurðirnar úr íslenskum landbúnaði eru hágæðaafurðir. Ég held að miklir möguleikar geti opnast fyrir þær á evrópskum mörkuðum. Ég held þeir ættu miklu frekar að beina sínu markaðsátaki til Evrópu en til Bandaríkjanna eins og þeir gera nú.

### Aldrei í pólitískri óskastöðu

*Varla er það góð staða að fara í aðildarviðræður nú, þegar andstaða við viðræður mælist mikil hér á landi. Væri ekki óskastaðan að fara í viðræður með breiðan stuðning að baki aðildarviðræðum?*

Ég hef aldrei lifað í pólitískri óskastöðu, nema mjög skamma stund í einu. Pólitík er ekki síst að kunna á tímasetningar, vita hvenær á að halda sjó og hvenær siglingin hefst. Margar þjóðir sögðu að það væri pólitískt ómögulegt að ná Íslandi í stöðu umsóknarríkis fyrr en Icesave væri frá. Það tókst nú samt. Ég er sjálfur algerlega fullviss um að aðild er það eina rétta fyrir Ísland. Ég hef fulla trú á skynsemi íslensku þjóðarinnar, og að hún muni í fyllingu tímans taka afstöðu sem er henni og börnum okkar fyrir bestu.

Ég er þeirrar skoðunar að það verði ómögulegt fyrir okkur að byggja upp nýtt Ísland með gömlu krónuna reyrða í viðjar varanlegra gjaldeyrishafta. Valkostirnir virðast vera tveir. Annars vegar krónan í fjötrum gjaldeyrishafta. Hins vegar evran með lágum vöxtum, lágri verðbólgu og traustu efnahagslegu umhverfi. Þetta eru valkostirnir, og ég tel að þetta muni ráða miklu þegar þjóðin þarf að taka ákvörðun.

Annað sem skiptir miklu máli er atvinnuleysið. Um síðustu áramót voru 14 þúsund atvinnulausir á Íslandi. Næstu tíu árin þurfum við að búa til um 35 þúsund störf. Það er alveg ljóst að þau verða ekki til í hefðbundnum atvinnuvegum eins og sjávarútvegi og landbúnaði. Þær greinar eru að standa sig vel varðandi aukna framleiðni, en þar er störfum fremur að fækka vegna nýrrar tækni. Áherslan verður að vera á nýjar greinar sem byggjast á hugviti og sköpun, ekki síst hátæknifyrirtæki sem nú þegar eru að skapa 25 prósent af útflutningsverðmætunum. Fyrirtækin í nýju greinunum munu skapa störfin og bægja frá vofu varanlegs atvinnuleysis. Það skiptir öllu fyrir okkur að skapa þeim stöðugt umhverfi, lága vexti og litla verðbólgu. Þetta verður best gert með aðild að Evrópusambandinu.

### Aðild treystir stoðir fullvalda ríkis

*Þú nefnir trausta evru, nú hefur aldeilis gefið á bátinn á þeim bænum undanfarið. Er evran einhver lausn á vanda Íslands?*

Evran hefur lent í ólgusjó, ekki síst vegna Grikklandsmálsins. Nú bendir flest til að búið sé að komast fyrir rót vandans. Berum saman Grikkland og Ísland. Grikkland lenti í kreppu vegna þess að stjórnvöld tengdu framhjá, þau leyndu að einhverju marki útgjöldum ríkisins. Hvað gerir að verkum að Grikkland kemst út úr kreppunni, þó það kosti grísku þjóðina blóð, svita og tár? Fyrst og fremst sá sterki bakhjarl sem Grikkland hefur í Evrópusambandinu. Ef Ísland hefði haft sama bakhjarl þegar við fórum í gegnum okkar efnahagshrun hefðu afleiðingarnar af fjármálakreppunni orðið miklu léttbærari. Ég er raunar þeirrar skoðunar að ef Ísland hefði borið gæfu til að ganga í Evrópusambandið fyrir tíu árum og taka upp evruna hefðum við ekki lent í þeim gríðarlegu hremmingum sem urðu hlutskipti Íslands. Ég er líka þeirrar skoðunar að aðild að Evrópusambandinu treysti stoðir okkar sem fullvalda ríkis. Það segi ég vegna þess að aðild leiðir Ísland að borðinu þar sem ákvarðanirnar eru teknar, í stað þess að þurfa að taka löggjöfina hráa upp í gegnum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, þar sem við höfum takmarkaða möguleika til að láta rödd okkar heyrast.

Ég hafna því þegar menn segja að aðild að Evrópusambandinu feli í sér fullveldisafsal. Fullveldisframsalið var miklu fremur með samningnum um evrópska efnahagssvæðið, sem sannarlega var á gráu svæði gagnvart stjórnarskránni. Í heiminum í dag styrkja smáþjóðir fullveldi sitt með því að deila því, alveg eins og við höfum gert með norræna vinnumarkaðinn.

Einn af þeim beisku lærdómum sem við höfum lært allar götur frá 2001 er að það er mjög erfitt fyrir lítið ríki að halda úti sjálfstæðri örmynt í alþjóðavæddum heimi. Innganga í Evrópusambandið opnar möguleika á því að Ísland geti tekið upp evruna, og það held ég að skipti öllu máli fyrir framtíðina.

Reynsla lítilla ríkja, til dæmis Möltu, er jafnframt að erlendar fjárfestingar aukast mikið með aðild. Við þurfum á erlendri fjárfestingu að halda til að geta búið til störf. Til lengri tíma þurfum við líka að horfa til þess hvernig við komum okkar varnar- og öryggismálum sem best fyrir. Atburðarásin í kringum brottför hersins sýndi það svart á hvítu. Aðild að Evrópusambandinu er ekki síst öryggismál frá mínum sjónarhóli. Það að verða hluti af Evrópufjölskyldunni yrði eitt og sér afar mikilvæg öryggistrygging fyrir litla og vopnlausa þjóð í viðsjálum heimi.

*Hvaða áhrif telur þú að Icesave-deilan muni hafa á aðildarviðræðurnar?*

Forysta Evrópusambandsins hefur margsinnis lýst því yfir að Icesave-málið sé tvíhliða deila sem við eigum í við Breta og Hollendinga, og komi aðildarumsókninni ekkert við. Núna er deilan komin í farveg hjá ESA sem er sérhannaður til að leysa slíkar deilur. Formlega ætti því Icesave-málið ekki að hafa nein áhrif á samningsferlið.

Í hinum pólitíska veruleika er það samt þannig að það má allt eins gera ráð fyrir því að Icesave geti á einhverjum stigum truflað samningaviðræðurnar, sérstaklega um fjármálakaflann. Það verður bara að koma í ljós. En það verður engin fljótaskrift á samningum um Icesave vegna ESB. Það er tryggt, meðal annars með aðkomu stjórnarandstöðunnar að Icesave-samningunum, það verða engir samningar nema stjórnarandstaðan telji að þeir séu ásættanlegir. Auðvitað vilja allir ná samningum og í mars munaði ekki nema einni spönn að slíkir samningar næðust.

### Þarf að gera upp stuðning Samfylkingarinnar við eina blokk í viðskiptalífinu

Samfylkingin hefur ekki enn horfst í augu við ábyrgð flokksins í aðdraganda hrunsins, segir Össur. Þar segist hann ekki vera að tala um þátttöku í ríkisstjórn frá árinu 2007, heldur með því að veita ákveðinni hugmyndafræði löggildingu. Samfylkingin hafi ekki lesið stöðuna rétt.

„Allir flokkarnir voru rassskelltir í sveitarstjórnarkosningunum. Minn flokkur ekki síst. Ég tel hins vegar að flokkarnir muni læra af þessari reynslu, en ef þeir gera það ekki er ég nokkuð viss um að upp koma nýjar hreyfingar í næstu kosningum sem geta tekið fram úr hefðbundnu flokkunum. Það er eins og það á að vera og ekkert við því að segja,“ segir Össur.

„Ég tel líka að Samfylkingin hafi frá því snemma á þessum áratug ranglega tekið sér stöðu með ákveðinni blokk í viðskiptalífinu, sem var í átökum við aðrar rammpólitískar viðskiptablokkir.“ segir hann.

Spurður hvort hann eigi við Baug segist Össur ætla að leyfa sér þann munað að ræða það á öðrum vettvangi: „Ég tel að í þessu hafi okkur orðið á mistök, og við eigum eftir að gera það upp innan okkar raða, og horfast í augu við það. Þetta er hluti af því sem verið er að refsa okkur fyrir. Við erum fjarri því að vera blásaklaus af þessari hugmyndaþróun sem leiddi það af sér að allir féllu fram og tilbáðu gullkálf markaðarins.“

Össur segir þetta ástand geta skapað grundvöll fyrir nýjar, óskipulagðari grasrótarhreyfingar í ætt við Besta flokkinn í Reykjavík. Sjálfur sé hann hrifinn af Besta flokknum, ekki síst nýja borgarstjóranum, og telji að þeir muni koma á óvart.

Eftir að hafa sett upp spádómshatt segist Össur telja að ríkisstjórnin muni sitja út kjörtímabilið. Kjósendur vilji að stjórnmálamenn ljúki ákveðnum málum, og það muni ríkisstjórnin gera. „Ég held að staða ríkisstjórnarinnar muni styrkjast þegar líður fram á þetta ár. Ástæðurnar eru tvær. Annars vegar eru mörg jákvæð teikn að koma fram í atvinnulífinu, menn eru að ljúka ákvörðunum og koma af stað stórframkvæmdum sem beðið hefur verið eftir. Hins vegar hafa stjórnarflokkarnir náð lendingu um komandi fjárlög. Efnahagsástandið er að batna, sem gerir okkur auðveldara að sigla í gegnum næsta ár, sem verður síðasta erfiða árið. Við erum að rísa úr öldudalnum,“ segir Össur.

Sjálfur aftekur hann að taka við sem formaður Samfylkingarinnar, ákveði Jóhanna Sigurðardóttir að stíga til hliðar á næstunni. „Mínum formannsferli í Samfylkingunni er lokið og ég hef engan hug á því að verða formaður þar. Ég hef mikla ánægju af því að taka þátt í því að vera í forystusveitinni núna. En í Samfylkingunni er fullt af ungu fólki með blóðið fullt af pólitískum hormónum, og þeirra er ríkið, og framtíðin,“ segir Össur.



OFUR TILBOÐ
18.-24. JÚNÍ
35% AF ÖLLUM
GARÐHÚSGÖGNUM
OG VIÐ MEINUM ÖLLUM
GARÐHÚSGÖGNUM!
© ILVA Ísland 2010
Nýtt kortatímabil
SUMARLEIKUR
4. júní - 19. júlí
Komdu í verslun okkar og taktu þátt
í sumarleiknum þar sem þú gætir
unnið sumarhúsgögn í garðinn að
andvirði 240.000,- Dregið verður 21. júlí
VISA Lán
- VAXTALAUST
Bjóðum uppá
vaxtalaust
lán til 6 mánaða
ILVA kaffi
Súpa dagsins
m/brauði
690,-
ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is - laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-18:30




**SNORRI HILMARSSON Á HLJÓMALINDARREITNUM** Í bók Snorra er varað við grenjavæðingu í 101 Reykjavík. Miðbærinn eigi ekki bara að vera fyrir unga karlmenn sem búa í leiguhúsnæði, heldur lifandi heild þar sem gott er að vera. Þar séu ótal mörg tækifæri til að reisa Reykjavík við. Lengi hefur staðið til að leyfa niðurrif 13.000 fermetra við Laugaveginn, undir formerkjum þéttari byggðar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# 101 tækifæri í 101 Reykjavík

Torfusamtökin hafa gefið út bókina 101 tækifæri, sem fjallar um verðmæti gamalla húsa í borginni og skammsýni niðurrifsstefnunnar sem hefur einkennt borgarskipulagið. *Klemens Ólafur Þrastarson* hitti höfundinn, **Snorra F. Hilmarsson**, í gamla bænum. Snorri telur að gömul hús séu ekki bara verðmæt vegna túrista, heldur sé lifandi sögulegt umhverfi hluti borgarlífsgæða.

Árið 1927 átti að rífa öll timburhús í Reykjavík samkvæmt aðalskipulagi. Þá skall á heimskreppan. Snemma á sjöunda áratugnum átti að rífa niður af miklum metnaði og hraðbrautavæða borgina. Þá fór síldin og kreppan kom. Samkvæmt skipulagi frá 1986 átti einnig að leyfa mikið niðurrif en einnig þá gripu örlögin í taumana, með þjóðarsátt og öðru. 2008 stefndi svo í um 13.000 fermetra niðurrif gamalla húsa við Laugaveg. Þá hrundu bankarnir.

Ef til vill má lesa þessi ártöl sem vísbendingu um yfirnáttúrulegt karma skipulagsyfirvalda, að með kreppum sé þeim reglulega hegnt fyrir fjandskap sinn gegn gamla bænum. Eða kannski mættu hagfræðingar læra af þessu. Niðurrifsheildarlausnir í borginni séu óbrigðult merki þess að fólk sé komið svo langt út af sporinu að hrun hljóti að vera á næsta leiti.

Formaður Torfusamtakanna, Snorri F. Hilmarsson, segir ekkert um það. En með þessum dæmum svarar hann því neitandi, hvort samtökin hans fagni ekki kreppunni og meðfylgjandi hruni í verktakabransanum. Niðurrifsstefnan í bænum hafi oft ekki verið í samræmi við eftirspurn eftir lóðum og efnahagsveruleikann.

„Hrunið út af fyrir sig bjargar engu. Þótt þrýstingur á niðurrif sé horfinn í bili, er hugsunarhátturinn og hvatinn til niðurrifs enn fyrir hendi,“ segir hann. Þó gefi nýr málefnasamningur Besta flokksins og Samfylkingarinnar tilefni til bjartsýni.

„Ef húsverndarstefna verður tekin með einhverjum hætti inn í aðalskipulag, eins og þessi málefnasamningur gefur til kynna, og mönnum er alvara með því, þá er það alveg frábært. En ég á alveg eftir að sjá hver útfærslan verður á þessu. Verði þetta í takt við þá skipulagsvinnu sem hefur verið unnin upp á síðkastið, þá lofaði hún mjög góðu og þá getur þetta verið mjög jákvætt,“ segir hann. Nú séu kjöraðstæður til að byrja á að gefa gamla bænum tækifæri til að standa á eigin fótum.

**Niðurrif eðlilegra en varðveisla?**

„Megináherslan hefur verið á að varðveita einstök dæmi um húsagerðarlist og þurft hefur sterk rök fyrir því af hverju eigi ekki að rífa gömul hús. Þetta er það sem helst þarf að snúa við. Að þessu hefur verið unnið síðustu ár, að gera gamla bæinn að einhverju sem skipti máli í aðalskipulaginu. Árið 1996 var unnin húsverndunaráætlun Reykjavíkur en hún varð aldrei hluti af aðalskipulaginu. Fyrir vikið hafa ýmis af þeim húsum sem nutu verndar vegna byggðamynsturs eða jafnvel stóð til að friða, verið rifin. Lykilmálið er að menn fari að skoða gamla bæinn sem heild, sem er einhvers virði fyrir borgina. Það er útgangspunkturinn í þeim borgum sem okkur þykir einhvers gildandi. Verðmætið er í heildarkarakter svæðanna,“ segir Snorri.

Hingað til hafi engin bein verndarákvæði verið í gildi. Húsverndaráætlun hafi einfaldlega vikið til hliðar þegar hagsmunir sem metnir voru mikilvægari, til dæmis hagsmunir verktaka, komu í spilið.

FRAMHALD Á SÍÐU 30

Fíton/SÍA

2,5% launahækkun

Þann 1. júní 2010 hækkuðu laun
skv. kjarasamningum VR um 2,5%.
Hækkunin kemur til útborgunar
um næstu mánaðamót, þann 1. júlí 2010.

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK
S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti
VR



HÚSGAGNAHÖLLIN

# HM TILBOÐ

## TRYGGÐU ÞÉR BETRI SÆTI FYRIR HM



NÚNA 30% AFSLÁTTUR

**STANLEY** La-z-boy stóll.
B:80 D:85 H:105 cm. Fæst með dökkbrúnu, svörtu og vínrauðu leðri.

**109.990**
FULLT VERÐ: 159.980



NÚNA 30% AFSLÁTTUR

**PINNACLE** La-z-boy stóll. B:85 D:90 H:104 cm. Fæst með svörtu og natur áklæði

**79.990**
FULLT VERÐ: 119.980



NÚNA 35% AFSLÁTTUR

**BOSTON** tungusófi. Fæst með brúnu og svörtu áklæði. B:240 D:153 D:95 cm.

**129.980**
FULLT VERÐ: 199.980



NÚNA 25% AFSLÁTTUR

**UMBRIA** tungusófi. Fæst með svörtu leðri.
B:305 D:88/163 H:80 cm.
Fæst með hægri og vinstri tungu.

**299.980**
FULLT VERÐ: 399.980



NÚNA 40% AFSLÁTTUR

STÆRÐ 140 X 200 CM

140 X 200 CM:
**69.990**
FULLT VERÐ: 119.980

**NOCTURNE 320** með þykkri yfirdýnu, 25 mm latex, millistíf dýna. Frotte áklæði sem hægt er að þvo við 60 gráður. Tvöfalt gormakerfi. Efra kerfi inniheldur 232 LFK gorma á m². Neðra kerfi inniheldur 150 Bonell gorma á m². Verð er án fóta.



NÚNA 20% AFSLÁTTUR

ELDHÚSBORÐ
**39.980**
FULLT VERÐ: 49.980

**BOJANNA** eldhúsborð, hvítt.
Þvermál: 105 H: 71,5 cm.

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ:** Virka daga 10 - 18. laugard. 12 - 18. sunnud. 13 - 17.

## Reitir sem leyna á sér





Formaður Torfusamtakanna bendir á að ýmsir reitir í 101 leyni á sér. Á Hljómalindarreitnum, þar sem átti í góðærinu að reisa mikla nýbyggingu, sé gamla hestaréttin, þar sem menn í verslunarleiðangri í kaupstaðnum skildu hestana eftir og gengu svo upp Laugaveginn. Danir og einokunarkaupmenn hafi átt allan miðbæinn upp að Hljómalind. Laugavegur sé því hluti af sögu sjálfstæðisbaráttunnar. Síðar hafi ferðamenn keppst um að heimsækja Sirkus, vegna tengingar við íslenska poppmenningu. „Þetta hús var orðið eins og Litla hafmeyjan í Kaupmannahöfn. Ég er viss um að ef þú spyrðir danska myndlistarmenn hvað væri merkast í Kaupmannahöfn myndi enginn þeirra nefna Hafmeyjuna.“

Ég held að autt byggingarland í borginni slagi upp í bróðurhluta Kvosarinnar. Það er alls engin þörf á niðurrifi.

FRAMHALD AF SÍÐU 28

### Engin þörf á niðurrifi

Í bók Snorra, 101 tækifæri, segir meðal annars frá hugmyndum Torfusamtakanna um að húsin innan gömlu Hringbrautar verði vernduð sérstaklega. Samtökin eru þó ekki andsnúin nýbyggingum í 101. En þær eiga að vera í takt við það sem fyrir er.

„Þetta þarf ekki að fara gegn nútíma-arkitektúr,“ segir Snorri og bendir á Hæstarétt og Þingskálann sem velheppnuð dæmi þar sem saman fari nýsköpun og virðing fyrir því sem fyrir er.

Gildandi áform borgarinnar gera ráð fyrir 13.000 fermetra niðurrifi í gamla bænum. Snorri bendir á að um leið séu ónýttir reitir víða. Lóðirnar í kringum Héðinshúsið, Slippsvæðið, Landsbankareiturinn við Lækjargötu og margar fleiri.

„Ég held að autt byggingarland í borginni slagi upp í bróðurhluta Kvosarinnar. Það er alls engin þörf á niðurrifi.“ Um hvers vegna Reykvíkingar séu svo gjarnir á að rífa það sem fyrir stendur, segist Snorri telja að þetta sé ákveðin gerð af þjóðernishyggju. „Við viljum tala um London, New York og Reykjavík í einu, en raunveruleikinn staðsetur okkur við hlið Kúlúsúkk á Grænlandi og Þórshafnar í Færeyjum.“ Þrátt fyrir að í Færeyjum sé einnig mikil þjóðernishyggja, var í Þórshöfn ákveðið að verja allan gamla bæinn, strax á sjöunda áratugnum.

„Afleiðingin af þessu var til dæmis að eitt árið var Ísland fært niður á lista National Geographic yfir áhugaverða staði til að heimsækja, en Færeyjar upp. Vegna gömlu húsanna,“ segir Snorri.

### Ný hugsun

Margt hafi þó breyst á Íslandi. Til merkis um það megi nefna að stjórnvöld vinni að því að koma íslenska torfbænum á heimsminjaskrá UNESCO.

„Í framhaldi af því mætti líka huga að íslenska steinbænum. Þetta eru iðnaðarmannahús sem voru reist af smiðunum sem byggðu Alþingishúsið. Ef við tölum um sérstöðu þá er ekkert sem er jafn einstakt fyrir Reykjavík og þau. Samt stendur til að rífa þannig hús niðri í Skuggahverfi.“

Upp undir eitt hundrað hús, byggð fyrir 1918, má rífa samkvæmt deiliskipulaginu, sem unnið var upp úr 2002, í valdatíð R-listans. „Þetta er




ótrúlega róttæk niðurrifsáætlun og við erum algjörlega á öðrum kúrsi en allar okkar nágrannaþjóðir," segir Snorri.

Oft er rætt um að það sé afturhaldssemi að verja „gamla hjalla" sem séu að hruni komnir, en í bók Snorra er bent á að til dæmis Grjótaþorpið hafi verið í verra ásigkomulagi en mörg tómu húsin í miðbænum eru núna.

„En Grjótaþorpið var friðað 1980 og þannig skapaðist traust meðal borgarbúa. Þeir sáu að það var vit í því að kaupa sér hús þar til að gera upp. Í sorgarsögunni af Skuggahverfinu var slíkt traust svikið síðar, þegar borgin ákvað að byggja þar stúdentagarða. Þar var viðreisnin hafin þegar borgin byrjaði að rífa niður. Fjárfesting íbúanna beið hnekki og væntingar þeirra urðu undir einhverri verktakaþjónkun."

**Nýr meirihluti**

Það má alltaf bæta við byggingarmagni ef menn eru nógu fylgnir sér, stóð í einni fasteigna-auglýsingunni í góðærinu. Snorri segir að niðurrifið hafi farið af stað sem aldrei fyrr eftir ákvörðun R-listans um að leyfa sameiningu lóða til að laða að fjárfesta. Því sé spennandi að sjá hvað verði úr samstarfi gamla R-listaflokksins Samfylkingar og Besta flokksins. Úr þeim síðarnefnda kemur nýr formaður skipulagsráðs, Páll Hjaltason. Páll teiknaði nýbyggingu Listaháskólans við Laugaveg, sem Torfusamtökin börðust mikið á móti.

Snorri segir að það verði forvitnilegt að sjá hverra hagsmuna Páll ætli að gæta, sem formaður ráðsins. Hann óski honum alls hins besta. Saga húsverndar sé öðrum þræði saga fólks sem hafi séð að sér og skipt um skoðun.







MYNDIRNAR ERU ÚR BÓKINNI 101 TÆKIFÆRI






**EFNAHAGS- OG FJÁRMÁLAVELDI** Kínverskt efnahagslíf hefur vaxið hröðum skrefum á síðustu árum. Nú þegar er Kína fjórða stærsta hagkerfi heims, og heldur áfram að vaxa um nærri tíu prósent á ári hverju. NORDICPHOTOS/AFP

# Kínverjar horfa til allra átta

Hvað gengur Kínverjum til að gera samning við litla Ísland um gjaldeyrisskipti upp á 66 milljarða króna? Stefna þeir að heimsyfirráðum? *Guðsteinn Bjarnason* kynnti sér lauslega aukin umsvif Kínverja víðs vegar um heim og óttann sem þau vekja.

Ýmsir lyftu brúnum í nokkurri undrun þegar Seðlabankinn tilkynnti um samning við Kína um gjaldmiðlaskipti. Samningurinn á að gilda í þrjú ár og hljóðar upp á 66 milljarða króna, sem samsvarar 3,5 milljörðum í kínverska gjaldmiðlinum júan.

Þetta er stór upphæð fyrir Ísland, en í sjálfu sér ósköp lítið fé fyrir Kínverja, sem hafa á síðustu tveimur árum gert sams konar samninga upp á samtals 650 milljarða júan við Suður-Kóreu, Malasíu, Indónesíu, Hvíta-Rússland og Argentínu.

Almennt er helsta ástæða þess að Kínverjar hafa gert slíka samninga síðustu misserin  talin vera sú, að þeir óttist hrun dollarans.

Kínverjar eiga jafnvirði 254.0000 milljarða króna í erlendum gjaldeyri. Sjötíu prósent þessa mikla gjaldeyrisforða eru í bandarískum dölum, sem þeir hafa safnað sér árum saman með því að selja meira til Bandaríkjanna en þeir kaupa þaðan, þannig að ekki er að furða þótt Kínverjar óttist veika stöðu dollarans.

**Ört vaxandi heimsveldi**

Undanfarin misseri hafa margir þó talið sig sjá á að Kínverjar hafi kannski eitthvað meira í huga en að verja stöðu sína gagnvart falli dollarans.

Kína er vaxandi efnahagsveldi, með nærri tíu prósenta hagvöxt á ári hverju og nú þegar komið í fjórða sæti yfir stærstu hagkerfi heims, næst á eftir Evrópusambandinu, Bandaríkjunum og Japan.

Vegna hins mikla gjaldeyrisforða Kínverja í dollurum hefur verið bent á að þeir ættu auðvelt með að gera Bandaríkjunum skráveifu og fella dollarann í verði með því að selja mikið af honum í einu.

Fyrir fund G20-ríkjahópsins síðastliðið vor bárust þau boð frá Kínverjum að þeir hefðu ekkert á móti því að dollarnum yrði skipt út fyrir aðra mynt sem ráðandi gjaldmiðil á alþjóðavettvangi.

Þetta var talið til marks um að þeir vilji grafa undan dollaranum, þrátt fyrir að eiga sjálfir mikið undir því að verð hans haldist sem hæst.

Ekki lögðu þeir þó til sitt eigið júan sem nýja alþjóðamynt, heldur gjaldmiðil á borð við hin sérstöku dráttarréttindi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem hægt væri að gefa nýtt og aukið vægi undir styrkri stjórn sjóðsins.

**Umsvif í fátækum ríkjum**

Fleiri dæmi hafa verið höfð til marks um að Kína láti sig dreyma um heimsyfirráð í krafti vaxandi efnahagsstyrks síns.

Þannig hefur stóraukin þróunaraðstoð Kínverja við fátæk Afríkuríki síðustu árin hefur vakið athygli, og ekki alltaf þótt af hinu góða.

Kínverjar hafa fjárfest í stórum stíl í Afríku, keypt þar upp jarðir, hafið búskap og stofnað fyrirtæki. Viðskipti milli Kína og Afríkuríkja hafa einnig stóraukist á síðustu árum.

Svipaða sögu má segja frá fleiri af fátækari svæðum jarðar, svo sem ríkjum Suður-Ameríku og Asíu. Þar hafa umsvif Kínverjar aukist jafnt og þétt svo mörgum þykir nóg um.

Gjaldeyrisforði Kínverja er sem fyrr segir gríðarlega mikill, svo þeir geta leyft sér að útdeila honum til nánast hvaða verka sem þeim dettur í hug.

**Umdeild góðsemi**

Sjálfir segjast Kínverjar einungis vilja láta gott af sér leiða. Víða í Afríku hafa heimamenn hins vegar áhyggjur af þessu örlæti, sem stundum raskar illilega fábrotnum markaði innanlands og skapar umrót í samfélaginu.

Starfsmönnum alþjóðlegra hjálparstofnana hefur sömuleiðis stundum þótt nóg um athafnasemi Kínverja.

Á vefsíðum bandaríska dagblaðsins New York Times má til dæmis finna sögu frá Nígeríu, þar sem Alþjóðabankinn var árið 2007 langt kominn með samninga við þarlend stjórnvöld um enduruppbyggingu járnbrautakerfis í landinu. Samningurinn átti að hljóða upp á fimm milljónir dala, en skilyrði var að einkafyrirtæki fengju að taka þátt í verkefninu til þess að tryggja að landlæg spilling í stjórnkerfi landsins yrði ekki til þess að spilla þessu mikilvæga uppbyggingarstarfi.

Þegar skammt var í undirritun samninga höfðu kínversk stjórnvöld boðið Nígeríumönnum níu milljarða dala til þess að byggja upp járnbrautarkerfið, en þeim samningi fylgdu engar kvaðir um að spillingu yrði úthýst. Við tilboð af þessu tagi treysti Alþjóðabankinn sér ekki að keppa. og hætti við allt saman.

**Ósvífni**

Í leiðara New York Times er þetta haft til marks um ósvífni Kínverja í þróunarmálum, sem fyrst og fremst hafi það markmið að tryggja hagsmuni Kínverja til lengri tíma sem víðast á jarðkringlunni, og þá sé auðveldast að bera niður þar sem fátæktin er mest.

Í sama leiðara er bent á að Kínverjar séu ekki fyrsta þjóðin til þess að fara þessa leið til að tryggja hagsmuni sína í öðrum heimshlutum. Þannig hafi bæði Bandaríkin og Sovétríkin óspart styrkt einræðisherra í skiptum fyrir stuðning þeirra á alþjóðavísu.

Reyndar hafa Kínverjar sjálfir lagt mikla áherslu á að blanda sér ekki í innanríkismál annarra landa, í fullu samræmi við þá ófrávíkjanlegu kröfu sem þeir gera til þess að önnur ríki blandi sér ekki í þeirra innanríkismál.

Á það er einnig að benda að sjálfir þiggja Kínverjar háar fjárhæðir í þróunaraðstoð á ári hverju, enda er fátækt enn útbreidd í Kína.

Bretar, sem síðustu ár hafa veitt Kínverjum 40 milljónir punda í þróunaraðstoð árlega, segjast þó vera að endurskoða það og ætli líklega að hætta að verja fé til þróunaraðstoðar í Kína.

> ● ● ●
>
> Kína er vaxandi efnahagsveldi, með nærri tíu prósenta hagvöxt á ári hverju og nú þegar komið í fjórða sæti yfir stærstu hagkerfi heims

**Horft til norðurslóða**

Í þessu stóra samhengi skiptir kannski gjaldmiðlasamningur við Ísland ósköp litlu máli fyrir Kínverja.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri hefur fullyrt að til skemmri tíma hafi Kínverjar einkum áhuga á þekkingu Íslendinga á jarðhitavinnslu og vatnsvirkjunum til orkuframleiðslu.

Samningur Íslands við Kína er reyndar aðeins til þriggja ára, en framlengjanlegur að gefnu samþykki beggja. Gangi Ísland í Evrópusambandið fellur þessi samningur sjálfkrafa niður.

Gömul klisja segir að Kínverjar hugsi í áratugum eða jafnvel öldum meðan Vesturlandabúar láta sér yfirleitt nægja að skipuleggja sig til fárra ára í senn. Þetta langtímasjónarmið Kínverja er sagt eiga sér ævagamlar rætur í menningu þeirra, auk þess sem kínverskir ráðamenn búa við þann lúxus að þurfa ekki að hugsa í kjörtímabilum.

Áhugi Kínverja á Íslandi kann þannig að hluta að felast í því að þeir hafi í huga opnun norðurskautsins fyrir siglingum, sem vænta má innan fárra áratuga vegna hlýnunar jarðar.

Þá verður varla verra að hafa skapað sér velvild á Íslandi, að ekki sé talað um hagsmunatengsl sem Íslendingar ættu mikið undir að haldist við.

## Júan og renminbi

Gjaldmiðill Kína er ýmist nefndur júan eða renminbi. Í sjálfu sér skiptir litlu máli hvort heitið er notað. Renminbi þýðir „gjaldmiðill alþýðunnar“ og er opinbert heiti gjaldmiðilsins í Kína. Júan er hins vegar nafnið á stærstu einingu gjaldmiðilsins, sem skiptist niður í tíu jiao og hundrað fen.



## Áhrif samningsins á íslensk fyrirtæki

Gjaldmiðlaskiptasamningur Íslands og Kína hefur sáralítil bein áhrif á íslensk fyrirtæki sem eiga í viðskiptum við Kína, að sögn Vilhjálms Egilssonar, framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins.

„Það hafa engin vandamál verið með þau viðskipti undanfarið. Hins vegar eru óbeinu áhrifin jákvæð,“ segir hann.

„Fyrst og fremst þurfum við á þessu að halda til að styrkja gjaldeyrisforðann og til að skapa grundvöll til að afnema gjaldeyrishöftin, sem er alger forsenda þess að gengi krónunnar hækki og nái jafnvægi sem getur staðist í einhvern tíma. Með þessu styrkist sá fjárhagslegi grunnur sem fyrirtækin standa á.“

# ÖRÞUNNT LCD SJÓNVARP

## MEÐ LED TÆKNI SEM GEFUR AUKNA SKERPU OG SKÝRLEIKA



- 100Hz Clear LCD með LED
- Full HD 1920x1080p upplausn

40" LCD PHILIPS

249.989 kr.



**Philips 40PFL7664H**
40" Full HD LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p upplausn, 100Hz Clear LCD, Pixel Precise HD Engine, LED tækni, Digital Crystal Clear, 500.000:1 skerpu, 3ms svartíma, HD Natural Motion og Progressive Scan, ljósskynjara og Active Control, 14 Bita litaupplausn, stafr. háskerpu DVB-T móttakara, NetTV til að vafra á netinu, USB, HDMI, 2x Scart, DLNA 1.0, Common Interface Plus, Component, Composite, Digital Coaxial tengi ofl.



- 100Hz Clear LCD með LED
- Innbyggður DVB-T móttakari

42" LCD PHILIPS

199.989 kr.

**Philips 42PFL3605H**
42" Full HD 1080p LCD breiðtjald með 1920x1080 upplausn, Progressive Scan, Digital Crystal Clear, dýnamískri 50000:1 skerpu, 20w RMS Incredible Surround víðómahljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, 2x Scart, 2x HDMI ofl.



- DVB-T móttakari
- Innbyggður DVD

19" LCD UNITED

59.989 kr.

**United 19DD91HD**
19" LCD breiðtjald með innbyggðum DVD spilara, 1440x900p uppl., stafr. DVB-T móttakara, Nicam Stereó, sjálfvirkri stöðva-leit, HDMI, Scart, S-Video, PC tengi ofl. 12v og 220v.



**Playstation 3** 120GB leikjavélin — 64.989 kr.

**Playstation 3** 250GB leikjavélin — 79.989 kr.



7" LCD UNITED

**United DVP8077**
Fjölkerfa DVD FERÐASPILARI með 7" LCD skjá með LED baklýsingu og Lithium hleðslurafhlaða. 12v og 220v.

19.989 kr.

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

MAX RAFTÆKI



**HUGMYNDASMIÐUR LYKKJA** Ilmur Dögg Gísladóttir á sjálf í ástarsambandi við prjónaskap. Sýningin Lykkjur, sem nú stendur yfir í Norræna húsinu, er jafnframt lokaverkefni hennar í hagnýtri menningarmiðlun við HÍ. Hér stendur hún fyrir framan verkið „Teppi úr teppum“ eftir Söruh Applebaum, eina af þeim mörgu erlendu listamönnum sem hér eru staddir vegna sýningarinnar.

# *Nýbylgja í prjónaskap*

Nú stendur yfir í Norræna húsinu prjónalistahátíðin Lykkjur, sem varpar fersku ljósi á þá vanmetnu listgrein að prjóna. ***Hólmfríður Helga Sigurðardóttir*** lét heillast af dýrðinni og spjallaði í leiðinni við listrænan stjórnanda hátíðarinnar, **Ilmi Dögg Gísladóttur.**



**MARGT UM AÐ VERA** Dagskrá Lykkja er stútfull af skemmtilegum viðburðum. Hér prjóna þær Gréta Sörenssen og Tinna Þórudóttir Þorvaldsson námskeiði Pickles, en annað námskeið á þeirra vegum verður á sunnudag.



Prjónahátíðin Lykkjur, sem nú stendur yfir í Norræna húsinu, er í reynd lokaverkefni listræns stjórnanda og verkefnastjóra sýningarinnar, Ilmar Daggar Gísladóttur, sem jafnframt er starfsmaður Norræna hússins. „Ég er að útskrifast úr hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands og lokaverkefnið mitt var að búa til þennan viðburð. Ég valdi alla listamennina sem að hátíðinni koma sjálf og setti sýninguna saman, með dyggri hjálp frá Norræna húsinu að sjálfsögðu. Ég hef verið að vinna að þessu í marga mánuði, eða frá því í nóvember. Þetta hefur verið mikil vinna en ég er ótrúlega ánægð með útkomuna.“

Rétt eins og aðrir íslenskir krakkar lærði Ilmur að prjóna í barnaskóla, hélt svo áhuganum gangandi og var mikið í því að prjóna óformlegar flíkur í menntaskóla, þar sem hún studdist helst aldrei við uppskriftir. Síðar meir fékk hún svo leið á prjóni og lagði það á hilluna. Þegar prjónið fór að taka á sig nýjar myndir, í takti við uppgang internetsins, féll Ilmur kylliflöt fyrir því aftur. „Þegar ég kynntist nýbylgjuprjóni, prjónagraffiti og prjónaviðburðum fann ég mig aftur í prjóninu. Svo hef ég alltaf haft gaman af því að skapa stemningu, fá fólk með í að búa til eitthvað innan skemmtilegrar umgjarðar. Ég notaði þennan áhuga í að setja þessa sýningu saman.“

Ilmur lítur á prjónaskap sem list og eflaust fá fleiri þá tilfinningu, eftir að hafa heimsótt sýninguna í Norræna húsinu og séð hversu fjölbreytileg hún er. „Þegar maður segir prjónasýning hugsar fólk um sokka og peysur. En prjónaskapur getur líka verið miðill til listrænnar tjáningar, alveg eins og listamenn nota leir eða tré,“ segir Ilmur.

Fjölmargir listamenn, íslenskir og erlendir, koma að listahátíðinni Lykkjum. Meðal þeirra eru meðal annars margir af fremst prjónahönnuðum Norðurlandanna. Fyrir utan sýninguna í Norræna húsinu, sem teygir sig um alla ranghala hússins, er marga viðburði að finna í tengslum við hátíðina allt til loka hennar þann 4. júlí.



**KNÚTUR** Þessi ísbjörn, sem heitir Knútur, er ættaður úr hugarfylgsnum listakonunnar Patriciu Waller.



**STJÓRNANDINN** Ilmur umföðmuð af verki Isabel Berglund, „Borg lykkjanna“.

# matur

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT ]

júní 2010

## Veislumáltíð úr Grímsnesi

Sykursöltuð svínasteik og snitsel að hætti Guðnýjar Tómasdóttur bónda.

SÍÐA 6





## Heldur í hefðina

Dorothee Lucbecki býr til pönnukökur með rabarbarasultu og fíflasírópi. SÍÐA 2



# Beint frá býli

Girnilegir réttir töfraðir fram úr íslensku hráefni.

FÆST EINNIG HJÁ
ORMSSON -
ÁRVIRKINN SELFOSSI
MODEL AKRANESI
RADÍÓNAUST AKUREYRI
GEISLA Í EYJUM

Grillbúðin
www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

16,5 kw/h
49.900
FULLT VERÐ 69.900

Ryð-frítt
16,5 kw/h
79.900
FULLT VERÐ 95.000
Fyrir Íslenskar aðstæður

LANDMANN
Er frá Þýskalandi
69.900
FULLT VERÐ 94.900

## NÝ ÖLD UPPLÝSINGAR

**Júlía Margrét Alexandersdóttir**

Meðvitund um innihaldið í matvælapakkningunum er oft lítil. Sambandið við móður náttúru og fæðu hefur færst á skringilegt stig síðustu áratugina – þar sem það er næstum vont að neytendur fái tilfinningu fyrir því að matvaran hafi einhvern tímann verið á lífi. Naggarnir voru aldrei kjúklingur. Þeir duttu af grænum himnum 10-11, áttu enga fortíð og stutta framtíð.

Sjálf sporðrenni ég gjarnan heilu pokunum af sælgæti sem við nánari lestur reynast innihalda „ammonium chloride“ og á tímabili tók ég sérstöku ástfóstri við amerískt brauðmeti sem geymist við stofuhita í mánuð vegna rotvarnarefna. Meðvitund um að það er „saga“ á bak við hvert lambalæri og kjúklingabringu – sem gerðist ýmist úti í móa eða á kjúklingabúi á Kjalarnesi, er smám saman að aukast með aldrinum og ég er nýbúin að læra það að villtur lax bragðast allt öðruvísi en eldislax – ég heyrði reyndar konu tala um það við kjötborðið í Melabúðinni.

Fræðin „Beint frá býli“ eru því spennandi og skemmtileg fyrir manneskju sem er nýfarin að lesa innihaldlýsingar umbúða og hefur aðeins einu sinni sopið mjólk beint úr kúnni. Síðasta sumar heimtaði ég að keyrt yrði á lífrænan markað á Engi þar sem ég keypti hnúðkál, basil og kirsuberjatómata og þegar ég frétti að hægt væri að kaupa egg við veginn einhvers staðar í Borgarfirði, vildi ég ólm keyra þangað líka. Ég einskorða þennan nýfengna áhuga ekki bara við kerlingarlegar ferðir á jepplingi út á land heldur nýt þess að horfa yfir kjötborð þar sem ekki er búið að pakka kjötinu inn í loftþéttar umbúðir heldur er látið „lofta“ um væntanlega kvöldmáltíð. Það eru mín miklu tengsl við náttúruna.



Kannski er ný öld bráðum að renna upp. Öldin þar sem börnunum er sagt að lambalæri heiti það ekki bara heldur sé í alvörunni læri af lambi. Hver veit. Ég er kannski ekki alveg komin á línuna að klæða mig í þjóðlegt handverk en tvíreykt geitakjöt, kindakæfa og reykt rúllupylsa hljómar alveg guðdómlega. Og mig langar svakalega mikið að eyða sumarfríinu kaupandi krukkur með alls kyns sveitagúmmelaði og eitthvað svona geitadót.

SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:

F Forréttur · A Aðalréttur · E Eftirréttur

Til hátíðabrigða · Annað kjöt en fuglakjöt · Fiskur

**matur** kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Roald Eyvindsson og Sólveig Gísladóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** heida.is **Pennar:** Emilía Örlygsdóttir, Júlía Margrét Alexandersdóttir, Marta María Friðriksdóttir, Ragnheiður Tryggvadóttir, Vera Einarsdóttir og Þórdís Lilja Gunnarsdóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Bjarni Þór Sigurðsson *bjarnithor@365.is*




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tvær gerðir eru af Rabarbíusultunni, önnur er með jarðarberjum og engifer og hin með bláberjum.



Fíflasírópið fer vel með pönnukökum.



Rabarbíkaramellurnar hafa slegið í gegn.



# *Fylgir hefð* ÚR HEIMAHÖGUM

Dorothee Lubecki á Löngumýri á Skeiðum fylgir hefð frá sínu föðurlandi við framleiðslu síróps úr túnfíflum og tvenns konar rabarbarasultu. Þetta, ásamt fleiru góðgæti, selur hún beint frá býli.

**Beint frá býli**

Rabarbaraakurinn á Löngumýri tekur yfir hektara. Úr honum búa bændurnir Dorothee Lubecki og Kjartan Ágústsson til sultur og karmellur, hvort tveggja með vörumerkinu Rabarbía. Afraksturinn selja þau á bændamörkuðum og í góðgætisbúðum landsins. Þau reka líka sauðfjárbú á Löngumýri og eru með landnámshænur sem fá að vappa um úti. Egg úr þeim fást til dæmis í Frú Laugu.

Dorothee er fædd í Berlín en ólst upp í hinum rómaða Rínardal. Langt er þó síðan hún tók tryggð við Ísland sem hún kynntist fyrst sem skiptinemi. Nú er hún menningarfulltrúi Suðurlands. Dorothee er að baka pönnukökur þegar Fréttablaðsfólk rennur í hlað og ber þær fram með rabarbarasultu og fíflasírópi. „Þetta kom ég með að utan,“ segir hún. „Mikið er gert af því í Ölpunum að nota alls konar blóm til að búa til síróp og seyði og ég hef tileinkað mér það.“ Nánar á www.rabarbia.is.

- gun



**Dorothee segir ekkert þýða að byrja með framleiðslu á hundrað krukkum af rabarbarasultu. Það sé eins gott að sleppa því.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## PÖNNUKÖKURNAR HENNAR DOROTHEE

**500 g þurrefni, hveiti og heilhveiti í bland**
**100 g sykur**
**5 egg úr landnámshænum**
**3 tsk. lyftiduft**
**Slatti af söxuðum möndlum og rúsínum**
**½ l mjólk**

*Hrærið öllu saman í skál og bakið á olíuvotri pönnu.*




TIL SJÁVAR OG SVEITA

## *Ferskt og gott hráefni*

Til sjávar og sveita heitir fisk- og kjötbúð sem var opnuð í Ögurhvarfi í Kópavogi við Elliðavatn fyrr á árinu. „Viðtökurnar hafa bara verið rosalega góðar,“ segir eigandinn, Jóhann Ólafur Ólason, sem hefur staðið bak við afgreiðsluborðið frá opnun. Hann getur þess að viðskiptavinir geti auk kjöts og fisks keypt allar helstu nauðsynjar í matinn, svo sem mjólk, krydd, olíur, sultur og grænmeti. „Margt af þessu fæ ég beint frá bændum, þar á meðal lífræna jógúrt, skyr, ís og sorbet frá Biobú. Ég hef líka verið í samstarfi við Erpsstaði og verð með vörur þaðan síðar. Svo stefni ég á að efla samstarfið við bændur enn frekar.“ Þess má geta að á staðnum er boðið upp á heimilismat í hádeginu alla virka daga, sem hægt er að borða á staðnum eða taka með sér.



FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


ego dekor
COMO
Hnota/svart háglans
ERIC skenkur br: 170cm
Verð:
139.900,-
Borð 220x100
Verð:
119.000,-
HETTHI
Stækkanleg borð í hnotu
160(248)x100
Verð:
159.900,-
200(288)x110
Verð:
179.900,-
HETTHI
TV skenkur 240cm
*Einnig fáanlegur í hnotu
Verð: 109.900,-
Vegghilla með ljósi 160cm
*Einnig fáanleg í hnotu
Verð: 39.500,-
Eikarborð
200x100
einnig fáanlegt í hnotu
Tilboðsverð: 87.920,-
FALLEG HÚSGÖGN Á GÓÐU VERÐI
SIBELLA stóll
Verð: 13.515,-
TRENT leðurstóll
Verð: 12.800,-
LUCINDA stóll
Verð: 23.900,-
DAVOS stóll
Verð: 24.500,-
RONNE stóll
Verð: 29.900,-
FATCAT tungusófi
Stærð: 320x165
Tilboðsverð:
211.500,-
SICILY tungusófi
Færanleg tunga
Stærð: 268x165
Tilboðsverð: 188.100,-
CAVIAR tungusófi
Stærð: 315x165
Tilboðsverð: 199.750,-
GRANDO tungusófi
Færanleg tunga
Stærð: 280x157
Tilboðsverð:
147.900,-
Opið virka daga: 10.00-18.00
Lau: 10.00-16.00 - Lokað á sunnudögum
Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 544 4420 - www.egodekor.is

# Ánægðir gestir

Matseðlar Edduhótelanna um allt land byggja nú í sumar á fersku hráefni fengnu úr héraði og í eldhúsunum eru nýir og spennandi réttir töfraðir fram úr hefðbundnu íslensku hráefni.

Hótel Edda um allt land hefur nú þá stefnu að nýta hráefni úr héraði á matseðilinn en verkefnið er unnið í samstarfi við hjónin Friðrik Val Karlsson matreiðslumeistara og Arnrúnu Magnúsdóttur, sem ráku veitingastaðinn Friðrik V.

Hótel Edda á Akureyri býður gestum sínum meðal annars upp á saltfisk í aðalrétt og eftirrétti úr norðlensku skyri. Einnig er að finna á matseðli hótelsins lambalæri frá Kjarnafæði og forrétti úr svartfugli og hrefnu, enda Norðurlandið matarkista mikil. Í stað þess að nota skærin til að klippa umbúðir utan af innfluttu hráefni fara matreiðslumenn hótelsins nú með skærin út í náttúruna og klippa jurtir, grös og arfa. Með góðfúslegu leyfi húsmæðranna í bænum kippa þeir líka rabarbara upp úr bakgörðum og tína ber í sultur.

Hugmyndin byggir á því að horfa í það sem fólk vill borða í dag með matarmenningu Íslendinga um aldirnar til hliðsjónar og að gestum bjóðist hollur matur og góður.

Daniel Eisermann, matreiðslumeistari frá Austurríki, sér um eldamennskuna á Hótel Eddu á Akureyri ásamt Helga Pétri Gunnlaugssyni, matreiðslumanni úr Svarfaðardal, en hann vann lengi með Friðriki Val. Í þeirra höndum verða til nýir réttir úr hefðbundnu hráefni svo gestir hótelsins eru yfir sig hrifnir. Hér gefa þeir uppskrift að saltfiski með kartöflum og tómatsósu og eftirrétti úr norðlensku skyri og kaffi. - rat



**Daniel Eisermann matreiðslumeistari og Helgi Pétur Gunnlaugsson töfra fram réttina á Hótel Eddu á Akureyri í sumar.** MYND/HEIÐA.IS



**Gómsætur norðlenskur saltfiskur með kartöflum og sósu úr íslenskum tómötum.**





**Skyr-pannacotta með kaffihlaupi og súkkulaðimús með þeyttum rjóma er meðal eftirrétta sem gestir Hótels Eddu á Akureyri geta valið um.**


Vín og veisla

Sérblað Fréttablaðsins

Kemur út laugardaginn 26. júní

**Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:**

Bjarni Þór
• bjarnithor@365.is
• sími 512 5471

Hlynur Þór
• hlynurs@365.is
• sími 5125439


## SALTFISKUR OG TVEIR LJÚFFENGIR EFTIRRÉTTIR

### SALTFISKUR

*Fyrir 4*

**450 g saltfiskur**
**4 stórar kartöflur**
**klípa af smjöri**

*Saltfiskurinn skorinn í stóra bita og soðinn í 4-6 mínútur. Kartöflurnar soðnar, þær flysjaðar og síðan steiktar í smjörinu. Þegar saltfiskurinn er borinn fram er skeið af bræddu smjöri sett yfir hvern bita.*

**TÓMATSÓSAN**
**8 íslenskir tómatar**
**1 laukur**
**smávegis af ólívuolíu**

*Laukur og tómatar skornir smátt. Laukurinn léttsteiktur á pönnu með ólívuolíu og tómötum bætt út í. Fiskikrafti bætt á pönnuna ásamt vatni eða örlitlu af hvítvíni og látið krauma í dágóða stund. Áður en rétturinn er borinn fram er gott að bæta jurtum úr garðinum út í.*

### SÚKKULAÐIMÚS

*Fyrir 4*

**140 g súkkulaði**
**125 ml mjólk**
**1 matarlímsblað (2 g)**
**250 ml þeyttur rjómi.**

*Súkkulaðið er brætt í volgri mjólkinni, að því loknu er matarlímið sett út í og kælt á meðan rjóminn er þeyttur vel. Þessu öllu er síðan blandað varlega saman. Sett í form og látið stífna.*

### SKYR-PANNACOTTA MEÐ KAFFIHLAUPI

*Fyrir 4*

**250 g skyr**
**40 g sykur**
**1 matarlímsblað**
**¼ dl rjómi**
**2 dl léttþeyttur rjómi**

*Skyr og sykur þeytt saman. Rjómi (¼ l) er hitaður og matarlímið brætt þar í. Rjóminn (2 dl) er léttþeyttur. Þegar rjóminn með matarlíminu er orðinn kaldur er honum hrært varlega saman við skyrið. Síðan er léttþeytta rjómanum blandað varlega saman við og að lokum er þessu hellt í form og látið stífna.*

**KAFFIHLAUP**
**60 ml kaffi**
**20 g sykur**
**2 matarlímsblöð**

*Kaffi og sykur sett í pott og hitað þar til sykurinn hefur bráðnað saman við kaffið. Matarlími bætt út í, hrært varlega í og kælt. Þegar skyrpannacottan er orðin köld er kaffihlaupinu hellt varlega yfir og látið standa þar til hlaupið hefur stífnað.*



## NAUTALUND Í FORRÉTT

*Fyrir allt að 8 manns*

**Nautalund grafin í íslenskum kryddjurtum, með smálögg af írsku brandíi og borin fram með norsku sinnepi, hundasúrum og klettasalati.**

**500 g nautalund**
**50 g hrásykur**
**50 g Maldon-salt**
**Nýmalaður pipar**
**Ferskar íslenskar jurtir (hér er notuð hvönn, hundasúra, blóðberg og graslaukur)**
**Um það bil fjórir tappar af írsku brandíi**

*Blandið saman sykri, salti og pipar og gerið að fínlegum salla í mortéli. Þekið kjöt með blöndunni, hafið lagið þunnt. Saxið kryddjurtir fínt og leggið blönduna yfir salt- og sykurlagið. Leggið lundina á filmu áður en brandíi er hellt varlega yfir. Pakkið lundinni þétt í filmuna svo öruggt sé að ekkert leki í burtu. Geymið í ísskáp í tvo sólarhringa.*

*Skerið kjötið í þunnar sneiðar og berið fram með sætu og sterku sinnepi. Skreytið með hundasúrublöðum og klettasalati. Réttinn má bera fram á marga vegu. Með honum er gott að borða íslensk ber: bláber, krækiber, rifsber eða bara þau ber sem hendi eru næst. Feitur ostur skemmir sjálfsagt ekki fyrir.*

**LISTASUMAR Á AKUREYRI** hefst formlega í dag en því lýkur á afmæli Akureyrar, laugardaginn 28. ágúst, með Akureyrarvöku. Margt er í boði en frekari upplýsingar má finna á listagil.akureyri.is



# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447

Patti húsgögn
Landsins mesta úrval af sófasettum

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Áklæði að eigin vali
Basel sófasett Verð frá 324.810 kr
Láttu þér líða vel í sófa frá Patta
Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opið : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 og Laugard. frá 11 til 16


Sigga & Timo
GULLSMIÐI
LINNETSSTÍGUR 2 · SÍMI 565 4854
WWW.SIGGAOGTIMO.IS



Svava Jónsdóttir segist hafa styrkst mikið af fjallgöngunum sextán því líkamanum sé góð áreynsla að ganga yfir ójöfnur í öllum veðrum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fjallkonan á hnúknum

**Hjúkrunarfræðingurinn Svava Jónsdóttir ætlar að gerast fjallkona í bókstaflegum skilningi í dag þegar hún klífur hæsta tind Íslands, sjálfan Hvannadalshnúk, sem teygir sig 2.111 metra upp í himinhvolfið.**

„Ég hef lengi átt mér draum um að ganga á Hvannadalshnúk og í dag læt drauminn rætast,“ segir Svava Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur og fjallagerpla, spurð um plön helgarinnar, en frá áramótum hefur hún gengið á sextán fjöll til að undirbúa fjallgönguna miklu í dag.

„Við köllum okkur Fjallkonurnar og erum tæplega tuttugu konur á aldrinum 25 til 65 sem göngum á fjöll undir leiðsögn Íslenskra fjallaleiðsögumanna. Saman höfum við arkað á fjöll í snjókomu, rigningu og hávaðaroki yfir í sól, stillu og allt of mikinn hita, og erum því vel undirbúnar fyrir átökin við hnúkinn. Fjöllin hafa verið miserfið en við byrjuðum í láglendi Heiðmerkur og höfum smám saman komist í meiri hæð yfir sjávarmáli, hæst í 1053 metra hæð á Heiðarhorni í Skarðsheiði,“ segir Svava sem undanfarin ár hefur farið allra sinna ferða á fjöll í sérútbúnum fjallajeppum, en gekk síðast Laugaveginn, frá Landmannalaugum yfir í Þórsmörk, fyrir fimmtán árum.

„Því fannst mér upplagt að gerast Fjallkona um áramót og sendi hvetjandi tölvupóst á vinkonur mínar, en þær drusluðust ekki með. Því fór ég ein og hef kynnst frábærum konum sem deila með mér áhuga á útivist og hreyfingu.“

Svava segir veðurspá við Hvannadalshnúk góða, en sól og hiti gæti gert gönguna erfiðari.

„Maður verður þreyttari í miklum hita, en það kólnar þegar ofar dregur. Ég er afar spennt yfir að komast upp. Við förum í samfloti austur í gær og snemma að sofa því gangan hófst klukkan fimm í morgun. Í heiðríkju munum við sjá til allra átta, en við áætlum að standa á toppnum um kaffileytið,“ segir Svava um fjallgönguna sem taka mun tólf til fimmtán tíma.

„Það hæfir Fjallkonum að fara á hnúkinn á kvenréttindadaginn og hafa Fjallaleiðsögumenn tekið tillit til launamunar kynjanna í verði ferðarinnar, því hún er sautján prósent ódýrari fyrir konur en karla,“ segir Svava sem reiknar með erfiðri göngu, en ætlar að taka lífinu með ró það sem eftir lifir helgi.

„Stemningin er góð og við verðum með heimatilbúnar vísur og slagorð í veganesti. Í kvöld grillum við saman og höfum það kósí, en keyrum heim á morgun, afskaplega ánægðar með okkur. Þá er starfinu formlega lokið, en við viljum endilega halda hópinn og stefna á fleiri fjöll saman.“

*thordis@frettabladid.is*



LAGERSALA
LÍN DESIGN
40-80% afsláttur af rúmfatnaði, handklæðum, dúkum, púðum & rúmteppum.
Damask sængurfatnaður frá 3.990 kr.
Baðhandklæði frá 1.245 kr.
Barnarúmfatnaður frá 2.990 kr.
Dúkar frá 4.990 kr.
Lín DESIGN

**JÓNSMESSUHÁTÍÐ Á SIGLUFIRÐI**
hefst á morgun og stendur fram á mánudag.
Nánari upplýsingar á siglo.is








Hönnuðurinn Hafsteinn Júlíusson sýnir sína hönnun.
MYND/ÚR EINKASAFNI

# Náttúran undirliggjandi

**Náttúran í hönnun er yfirskrift sýningar sem opnar í Ljósafossstöð í dag. Að sögn Hlínar Helgu Guðlaugsdóttur er sýningin ferðalag um hugarheim íslenskra hönnuða og sýnir tengsl náttúru og hönnunar.**

„Þessi sýning er hugsuð sem lítið ferðalag um hlutgerða náttúru íslenskra hönnuða og hugarheim þeirra," segir Hlín Helga Guðlaugsdóttir, sýningarstjóri sýningarinnar Náttúran í hönnun, sem opnar í Ljósafossstöð klukkan 15 í dag. Sýningin er samstarfsverkefni Hönnunarmiðstöðvar og Landsvirkjunar.

Sýnendur eru rúmlega þrjátíu talsins. En hvernig spilar náttúran inn í sýninguna? „Margir hönnuðir sækja innblástur í náttúruna hvað varðar efni og form," útskýrir Hlín Helga. Margir íslenskir hönnuðir nota einnig efni úr náttúrunni í verk sín. „Jón Björnsson er að steypa vasa úr sandi. Svo getum við talað um hluti þar sem fólk er meira að sækja form í náttúruna eins og fiðrildin hennar Guðrúnar Lilju Gunnlaugsdóttur. Við förum svo út í meira abstrakt hluti þar sem náttúran er undirliggjandi."



Snjókorn Guðrúnar Lilju Gunnlaugsdóttur verða til sýnis. MYND/ÚR EINKASAFNI

Fyrir sýninguna voru gerð myndbönd með hugleiðingum nokkurra hönnuða. „Í myndböndunum eru hugleiðingar um náttúruna og samband náttúru, hönnunar og hönnuða," upplýsir Hlín Helga og bætir við að á sýningunni verði ýmiss konar munir sýndir. „Þetta eru nytjahlutir, húsgögn og fylgihlutir," segir Hlín Helga.

Sýningin verður opin til 28. ágúst, alla daga vikunnar.

*martaf@frettabladid.is*



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hlín Helga segir að mikil gleði hafi tengst uppsetningu sýningarinnar.






Þuríður Sigurðardóttir, Ragnhildur Stefánsdóttir, Þórdís Alda Sigurðardóttir.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Saga reykvískra þvottakvenna rakin

ÚTGÁFU BÓKARINNAR LAUGAVEGURINN ÞAR SEM SAGA ÞVOTTAKVENNANNA Í REYKJAVÍK ER RAKIN VERÐUR FAGNAÐ VIÐ ÞVOTTALAUGARNAR Í KVÖLD.

„Laugavegurinn er listaverkabók með fróðlegu ívafi," útskýrir Þuríður Sigurðardóttir myndlistarmaður og ein sex listakvenna í hópnum START ART sem stóð að útgáfu bókarinnar. Á listahátíð á síðasta ári var minning þvottakvennanna heiðruð með myndlistarviðburði á vegum hópsins sem varð kveikja bókarinnar.

„Á fjórða tug myndlistarmanna setti upp verk meðfram leiðinni sem þvottakonurnar gengu, frá Lækjartorgi og inn að Þvottalaugunum í Laugardal og almenningur gekk með hvítan þvott þessa sömu leið. Gangan liðaðist eins og vináttuband eftir Laugaveginum og er táknræn fyrir þá hreinsun sem fór af stað í þjóðfélaginu eftir hrunið," segir Þuríður. Í bókinni er að finna ljósmyndir og hugleiðingar fólks sem tók þátt í göngunni. Margrét Guðmundsdóttir sagnfræðingur skrifar um sögu þvottakvennanna, Vigdís Finnbogadóttir skrifar um eigin upplifun af Laugaveginum, Sigríður Þorgeirsdóttir heimspekingur skrifar pólitíska grein um hreinsun í víðum skilningi og Aðalheiður Lilja Guðmundsdóttir listheimspekingur skrifar um myndlistarverkin.

„Okkur fannst táknrænt að kynna bókina á kvenréttindadaginn þar sem þvottakonurnar unnu sín störf í hljóði við ótrúlega erfiðar aðstæður." Bókin verður á sérstöku tilboði á Kaffi Flóru milli klukkan 20 og 22 í kvöld.

*- rat*









# ;ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI




Í tilefni af HM 2010 ætlum við að gefa öllum sem koma til okkar og skrá bíl til sölu glæsilega HM treyju. Diesel.is. Kletthálsi 15. Sími 578-5252. www.diesel.is

**Diesel.is**
**Kletthálsi 15, 110 Reykjavík**
**Sími: 578 5252**
**http://www.diesel.is**

NETBÍLAR
www.netbilar.is




**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

## Bílar til sölu



Sjálfskiptur Disil. Glæsilegur bíll. Mmc L-200 árg 10.2010 ek.aðeins 10.þús.km. Mjög vel búinn og vel með farinn bíll. 32"dekk krókur,AC, palllok, filmur ofl. Skoða ýmis skipti, mögul. á 100% láni. uppl. í s: 898-8228 / 848-4984.



Suzuki Jimny árg'03, ek.90þ. Breyttur, í toppstandi. Tilboð 790þ. Uppl í S. 856 3050



Volvo S60 01. ek 178þ. sjsk, leður. Verð 1290þ. Uppl. í s. 862 8343.






Til sölu Peugeot 307 Nýskr. nov 02' Ek. 71þ.km, verð 950 þ. Einn eigandi frá upphafi, topp bíll Ný yfirfarinn, tímareim og bremsur. Uppl í s: 822 8832.



Ford F350 2005/6 EKINN 42ÞÚS. Góð Sumar og vetrardekk Verð 3,6-m/vsk eða tilboð. S:8683512



VW Golf Mk4 2001,R32 kitt 17 krómfelfur ,2 kraftpúst,filmur 1.6 vél ekinn 133þ. km verð 950 þ.kr sími 693 2991.



Toyota Yaris 1L vél,keyrður 76000þ/km,árg 2003 verð 690þ/kr sími 693 2991.



Nissan Patrol árg.'98 Ek. 248 km. Nýskoðaður. Ný dekk. Verð 900 þ. Uppl. í s. 693 2991.



**DÍSEL (EYÐIR LITLU)**
Til sölu Bmw 530 Dísel árgerð 2000 Ekinn 189 þúsund, sjálfskiptur nýskoðaður 2011, leður, lúga, sjónvarp, álfelgur, bíll í góðu standi sem eyðir ca 7-9 á hundraði. Ásett verð 1890 þúsund, skoða skipti Upplýsingar í síma 897-3537

Toyota Carina E 2.0L ,96, ek. 140 þ. sjálfskipt. litur mjög vel út, ásett v. 450 þ. Uppl. í s. 840 5521.

Til sölu Subaru Legacy GL Ár. 97'. Ek. 191 þús. Verð 250 þús. S. 895 6313.

Toyota Corolla Station 1800. ,00 árg. Ek. 203þ. Ný tímareim, nýir demparar, bíll í góðu standi. V. 480 þ. Uppl. í S. 692 0831

MMC L 200 árg. ,03 ek. 90 þús. 38" breyttur, m. milligír, loftdælu, stíristjakk. V. 1.900 þús. S. 896 2414.

## 0-250 þús.



Til sölu Lancer 4x4 árg. 96 skoðaður, góð dekk og tímareim verð 200 þús. uppl. 8650743



Skoda Felicia 97 ek 109þ krókur, mjög mikið endurnýjaður svo sem heilsprautðaur, eins og nýr, v 280þ S 8460303



Subaru Forester 2000, ekinn 149 þús. km. - skoðaður í jan. 2010. Sjálfskiptur fjórhjóladrifinn fjölskyldubíll. Sumar- og vetrardekk. Ásett verð á sölu 790 þús. - helgartilboð: 525 þús. stgr. Uppl. veitir Jón Kjartan í sima 898 3022.

Til sölu Renault Megane Scénic ,97, ek. 176 þ. 5 g. dráttarkrókur, sk. ,11. V. 180 þ. Uppl. í s. 897 1449 eftir kl 17:00.

## 250-499 þús.



2009 GoKart til sölu. 8 þurrdekk og 8 regndekk, ný keðja og tannhjól. Upplýsingar í síma 847 1887



dax rush grind til sölu og ósamansett Coswort vél. Upplýsingar í síma 847 1887



Opel Astra 2000, 1.6, Ný skoðaður, Sjálfsk, ek. 124Þ, + sumard á felgum. Verð 420þ.

Toyota Corolla grænn, ,96, 1.4, ek. 160 þ., V. 250 þ. Flottur bíll, Uppl. í s. 845 2634.

## 500-999 þús.



Yamaha Virago 535,2000 ekið 8800 km. Skemmtilegt hjól fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna. Eins og nýtt. Verð 575 þús. S 6648190

VW Polo hvítur, 1.2 beinsk., ekinn 108þús. V.550þús. eða tilboð. S:698-5707

Toyota Avensis ,99 sjálfskiptur 2.0l, ekinn 120 þús, vel með farinn, góð þjónustubók, verð 820 þús. Engin skipti. S. 8964581

## 1-2 milljónir



Skoda Octavia 2005 ekinn 85 þ.km sjálfskiptur, nýskoðaður án ath. verð 1850 þús. uppl í síma 6905239



Kawasaki Meanstreak 1500/03 ek 11.000 Aukakróm-töskur+HWPEG. V:1250Þ S:843 5801



Eins og nýr! CITROEN C3 09/05, ekinn 60þ km, 1400, sjálfsk. bakksk. ofl. Verð 1250 þkr S. 842 3456.






Toyota Avensis ,03 ek. 108þ, sjálfsk. Í toppstandi. Áhv 1 Mkr afb 31þ. Verð 1.200 þús Uppl í s 899 1892

## 2 milljónir +

Toyota Avensis EXE árg.05, ek. 116.þ ssk, leður, lúga, DVD o.fl. Verð 2.190. þ Ákv. 1.670.þ 39.þ á mán. Uppl. í S: 824 4745.



**ATH SKIPTI!**
BMW M5 árgerð 2001 Ek. aðeins 98.000 km, 400 hö, sko 2011 18" felgur, leður, filmur, stór skjár, flottur bíll. Ásett verð 3.390 þús, áhvílandi Ca 700 þús, ATH SKIPTI í hjól eða bíl. Uppl. í s. 693 5053.



Bmw 530i M-pakki,ar 2003,ekinn 100 þús,sjalfskiptur,bensin,sk,08.11, verd 2,8m, gsm 661 2001.

## Bílar óskast




**Corolla, Yaris eða Avensis óskast**
Árg. 1998-2001 fyrir 150-350 þúsund. Helst í góðu standi, en á þarfnast lagfæringa. Uppl. 821-2545

**Sparneytinn bíll óskast**
Á 100-250 þúsund. Helst í lagi en má þarfnast lagfæringa. Uppl. 892-1994.

Land Cruiser Landcruiser120 frá ,07 stg.íboði. Uppl.899 2838. Óska eftir

## Jeppar



8 manna Toyota Land Cruiser 90 árg. ,00 ek. 212 þús. M. krók. 33" upphækkun. Rúðu og húddhlífar. Ásett v. 1.950 þús. Uppl. í s. 893 3475.



Honda Goldwing Ekið 11 þús, árg 06. Aukahlutir Verðhugm.2.7 m +/- Skoða skipti á húsbíl (stórum sendibíl) eða plastbáti (jafnvel harðb. gúmmí) 6 - 8 m. Áhugasamir sendið bréf á svkri@ismennt.is fyrir 23/6



Hobby landhús til sölu, með Isabella fortjaldi, stærri gerðin. Árg 2006, litur út sem nýtt. Verð 4,4 milj. 860-4346

Nissan Pathfinder ,89 til sölu, 2.4 bensín, sk. í góðu lagi, s. 699 4280 og 554 3290.

TIL LEIGU 3herb.íbúð 101RVK. Verð 115þús. Langtímaleiga. Uppl. í s:6659204 e.kl.12 eða ghy@bonus.is

Suzuki GSXR 600 Racer með kraftpústi árgerð 2002 til sölu, verð 790þúsund. Ekið 13þús mílur. Hafið samband í síma 8977428.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.



Húsbílaefni-vinnubíll.Mercedes Benz Vario 611 til sölu, árg. 1996 ekinn 263 þús.krani aftast inni í bílnum,drifúrtak með glussadælu,olíumiðstöð. Frá sæti aftur er 5 m,verð kr 950 þús.uppl. í 896 5986.

## Vörubílar



MAN TGA 41-440, 8x4, 03/07, Meiller pallur Aukaljós, Ek. 29þ. Km. Verð 10.500.000 Skipti möguleg, uppl. í síma 824 1840

## Húsbílar



Til sölu Ford Econoline ,76-'91. Ek. 152þús. Skoðun ,12. Engin bifreiðagjöld. U-bekkur afturí sem breytist í rúm. Skráður 8 manna. Skipti á fellihýsi. 8917772



Til sölu þessi stórglæsilegi húsbíll Fiat Ducado nýskr. júlí 2009 með Adria Silver Coral S 650 SP húsi.

Húsbíll til sölu. Ford 350 Árg. 93'. V. 2,500 þ. Uppl í S. 849 1605.

## Mótorhjól



Til Sölu Ktm 450sx árg.2006 Hjólið er ekið ca. 70 tíma,O-ringkeðja og góð dekk. Flott hjól sem hefur alltaf fengið gott viðhald og regluleg olíuskipti. Upplýsingar í síma 869 5681.

## Motor sport



Eigum einn rauðan hippa. Ásett verð 390 þús. Fæst nú á tilboði.

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**



Til sölu Suzuki GSXR 2004 ekið 5600 km skoðað 2010 Verð 790.000 Sími 660 0223.



Harley Davidson Heritage Softail 2003 árg. 100 ára afmælisútgáfa. Allt í krómi og aukahlutum. Mjög lítið keyrt. Tilboð óskast. Uppl. í síma 857 5549



Yz 250 „08 2-T, vel með farið og lítið notað hjól. Fullt af aukahlutum. 848-9993



Tilboð Honda Shadow spirit 750cc árg 2005 ekið 6800km cobrabúst flott sánd,lækkað að aftan ný dekk nýir og flottari speglar hjólið er eins og nýtt verð 790.000.- uppl í síma 692-5868



Yamaha XSV1300A Midnight Star ekið 1.þ.km. Verð 1390þ. Upplýsingar í síma 8581102



Til sölu TM Racing 530 ,07 Götuskráð. Gott hjól í toppstandi.Nýr rafgeymir. Supermotodekk á felgum fylgja.Fæst á yfirtöku á íslensku láni afb.22þ.Uppl. gefur Kjartan í s 8931948-4661948

Kawasaki KLR 650 07/2007 enduro hjól á hvítum númerum. Verð 635þ s 860 5218.

KTM 450excr, árg 08, gott hjól, fullt af aukahlutum, hvít nr. Verð: 1milj og 50þ stgr. Uppl. í s. 864 7573.

## Reiðhjól



Til sölu rafmagns reiðhjól 24" 24 volt, nýtt og ónotað. V. 80 þ. Uppl í s. 863 5294

## Kerrur



Til sölu Humbaur Island hestakerra, tekur fjóra hesta, kerran er mjög vel með farin, sem ný árg. 2007. Ný kostar 3,5 millj. tilboð óskast Uppl. í s: 822 8844 / 822 8832.



**Íslensk smíði**
Kerrur br.1,25m. L. 1,50-3,0m. 13" dekk. Verð frá 182.000.- 750kg. B.geta. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos 894-5111



Álkerrur frá HUMBAUR, heildarþyngd 750 kg. Verð frá 165.035 kr. www.topplausnir.is Bjóðum raðgreiðslur. Topplausnir ehf. Lyngás 8, Garðabæ s:898-7126.

## Hjólhýsi



Til coachmen hjólhýsi árg. ,98. 2 hásingar, ísskápur/frystir, sturta, klósett, bakaraofn, vifta, loftkælin, miðstöð, rafmagnsbremsur, steriótæki, sjónv. loftnet, hitav.kútur, 2w spennubr. Rotþró, svefnpl. fyrir allt að 5. V. 1550þ. Uppl. í S 898 6100



Lúxus tveggja öxla FENDT DIAMANT VIP 700 TFD Árg. ,07 til sölu. Svefnaaðstaða fyrir 4-5, Leðuráklæði, bökunarofn, eldavél, stór ísskápur m/frysti, sér stór sturta, markísa, innbyggt útvarp, Ipodtengi og arinn. V. Uppl. í s. 617 6636.



**Stöðuhýsi til sölu.**
27 fm stöðuhýsi til sölu, árgerð 1999. Tvö svefnherbergi og stór stofa, eldhús, WC með sturtu. Verð: 2.6 milljónir. Góður og hagkvæmur sumarbústaður. Myndir á http://www.gerdar.tk/ Nánari upplýsingar: 567 1905 & 699 6107.

Hjólhýsi til sölu, Hobby hjólhýsi 520 TQM CLASSIC ásamt fortjaldi og góðum nýjum palli, staðsett í Kjarna á Laugarvatni, Miðbraut 2. V. 1.500 þ. Uppl. í s. 699 0806.

**Til sýnis og sölu hjólhýsi á Laugarvatni**
Adria classic koju hús. m. öllum hugsanlegum fylgihlutum. Pallur, geymsluhús, fortjald. Hús m. öllu. Vel staðsett á leigulóð á Laugarvatni. s. 618 4039 & antonkh@simnet.is

## Fellihýsi




Álbox fyrir tjaldvagna, fellihýsi og húsbíla. KE Málmsmíði, Axarhöfða 18. S. 587 0626 & 696 3522. www.ke.is



VIKING 1706 EPIC 9 fet 2002 Mjög vel með farið Svefnpláss fyrir 6 manns Verð 850.þús 8483688 tomas_kr@visir.is



STARCRAFT ,'GULLMOLI"! 10 fet, 15" dekk. Árg. 2003 kom á götuna 2004. Sólarsella, skyggni, gasgrill. Alltaf geymt í hita. Verð: 1390 þúsund. S: 8251261

A-liner. Sofabed 2007 mjög lítið notað, lítur út sem nýtt. Uppl í s: 8980217

PALOMINO Yearling 125 12 feta fellihýsi árgerð 2008-9 til sölu. Aukahlutir: fortjald,Sólarsella, grjótgrind, 2 gaskútafesting, aukarafgeymir, sjónvarpsloftnet,svefntjöld, heit/kalt vatn, eitt með öllu. Lítið notað Verð 2.400.000 kr. uppl. gefur Gunnar í síma 840 2500.

## Pallhýsi



Til sölu Sun Lite camper árg. 2004 8,5 fet passar á USA pallbíla eldavél, ofn ísskápur, wc, sturta, heitt og kallt vatn. V. 1,8. Uppl. í s. 863 0162 & 898 2208.

## Tjaldvagnar

**Ægisvagn m/öllu til sö**
2008 árg af Ægisvagni, Fortjald, dúkur í fortjaldið, auka eggjabakkadýnur, yfirbreyðsla, grjótgrind, sérsmíðaður stór kassi á beisli úr áli. Í kassanum er gert ráð fyrir gaskút og búið að leggja gasleiðslu frá honum aftur fyrir vagn. Verð 690.000 kr. Upplýsingar í síma 820 5656/843 1218 Börkur, eftir kl. 10.

## Vinnuvélar



Yanmar beltagröfu var stolið úr þb. Tindaborga, Selfossi. Grafan er gul að lit með grænu húsi og ber skr.nr. IM0585. Uppl. s. 772-2990

Óska eftir að kaupa byggingakrana og mótabakka. Uppl. í s. 895 7887.

## Lyftarar




**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.

## Bátar



Til sölu Narvall harðbotna slöngubátur ,mjög vel með farinn ,með 40 hp Mercruser utanborðs motor og hnakki ,báturinn er á góðum vagni ,frábær sjóbátur í allt sport, nýr kostar 3,6 mill tilboð óskast uppl: 822 8844 / 822 8832.



Eigum 3,60, verð 190.000 og 3,80, verð 210.000 Upplýsingar í síma 866 6610.

Óska eftir utanborðsmótor ca. 1-6 hestafla. S. 866 2163.

Skrúfur beint frá framleiðanda: www.somiboats.is 00 46 722 45 3535 Óskar

Gúmmíbátur 4,30 m. með 25 ha. mótor, tilboð óskast. S. 770 3366.

**SilungarnetSilungarnet**
Mikið úrval af flot og sökknetum,ála - og bleikju gildrum Heimavík ehf, S. 892 8655 / www.heimavik.is

Jet-Ski óskast. Má vera bilað. Ekki með láni. Sími 615 1779, ir892@hotmail.com

## Flug



Til sölu fisflugvél. Uppl. og myndir á tinyurl.com/fisflug Fyrirspurnir: hans@internet.is

Hlutur í flugklúbb til sölu. Ódýrir flugtímar og góðar vélar. Frábært fyrir einkaflugmenn og tímasafnara. Upplýsingar í s:6968707

## Hjólbarðar




**Þarftu að láta hjólastilla bílinn?**
Við notum fullkomna hjólastillitölvu. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði.

**Til sölu álfelgur!!**
Álfelgur á dekki undir Pajero Sport á 16" dekkjum. Uppl. í S. 694 1930.

Til sölu 4 stk. Continental sumardekk 155/65-14. Ekin ca. 3þús. Verð 27þús. Uppl. í S 897 9218

## Varahlutir




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

**Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560**
Sérhæfum okkur í Subaru, Nissan, Toyota o.fl. Kaupum bíla til niðurrifs eða uppgerðar. Tökum alla bíla til förgunar gegn skilagjaldi. Dalshrun 20.

## Viðgerðir



**Reiðhjóla, Sláttuvéla Smávélaviðgerðir. Hröð og ódýr þjónusta.**
Gerum við allar gerðir af Reiðhjólum og sláttuvélum. Sláttuvélamarkaðurinn ehf S:517-2010 Smiðjuvegi 11

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif regluleg ræsting sameigna verðtilboð. Sími 512 4010 www.vy.is

Tek að mér hreingerningar í heimahúsum er vön og vandvirk. S. 618 7367, Eva.

**A-Ö Þrif & Hreinlæti Sími 662 0 662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja










Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.




## Þjónusta







**ÞJÓNUSTA**

## Sendibílaþjónusta

Alhliða flutningar: Búslóðir Húsgögn Píanó Raftæki Hljóðfæri Sorp. Erum alltaf við síman 561 3333

## Ferðaskrifstofa
*Innanlandsdeild*

Rótgróið og leiðandi fyrirtæki í móttöku erlendra ferðamanna leitar að starfsmanni í fullt starf í hópadeild fyrirtækisins.

Skilyrði að viðkomandi hafi reynslu af sambærilegu starfi og hafi gott vald á ensku, þýsku og íslensku. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Við leitum eftir samviskusömum og reyklausum starfsmanni.

Umsóknir með ferilskrá sendist á box@frett.is merktar: „Ferðaskrifstofa-1906" fyrir 24. júní.

BIRTA starfsendurhæfing Suðurlands

## ATVINNUAUGLÝSING

Birta – Starfsendurhæfing Suðurlands leitar eftir ráðgjafa í starfsendurhæfingu og að hluta til í afleysingu fyrir verkefnastjóra v/fæðingarorlofs.

Markmið með starfsendurhæfingu hjá Birtu er að gefa fólki sem hefur lent utan vinnumarkaðar af einhverjum orsökum tækifæri til að komast aftur á vinnumarkað. Birta er með starfsstöð á Selfossi en þjónustusvæðið er Suðurland.

Starfið er mjög fjölbreytt og felur m.a. í sér að skipuleggja og halda utan um starfsendurhæfingu þátttakenda. Ráðgjöf við tilvísunaraðila, þátttakendur og þá sem leita til Birtu.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á félags- eða heilbrigðissviði.
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt.
- Góðir samstarfshæfileikar.
- Leiðtogahæfileikar og jákvætt viðmót.

Um er að ræða 100% starfshlutfall. Viðkomandi þarf að geta byrjað í ágúst. Upplýsingar um starfið veita María Kristjánsdóttir, formaður stjórnar Birtu á maria@hveragerdi.is og Sandra Guðmundsdóttir verkefnastjóri í S: 860-3390 eða á sandra@birtastarfs.is. Umsóknum skal skila á netfangið birta@birtastarfs.is fyrir 5. júlí n.k.

## *Sérfræðingur* Netbankalausnir

Arion banki leitar að öflugum einstaklingum til starfa í hugbúnaðardeild á upplýsinga– og tæknisviði bankans. Við leggjum áherslu á að ráða starfsfólk sem getur unnið sjálfstætt, sýnt frumkvæði í starfi, hefur góða íslensku- og enskukunnáttu, framúrskarandi samskiptahæfileika og á auðvelt með að vinna í hóp. Starfsmenn á upplýsinga- og tæknisviði vinna aðallega í umhverfi Microsoft (TFS og Visual Studio) og nota SCRUM/Agile verkferla og Test Driven Development í verkefnum sínum.

### *Starfssvið*
- Forritun í tengslum við Netbanka Arion banka
- Þróun og hönnun á hugbúnaði
- Aðlögun og samþætting kerfa
- Verkefni sem tengjast Windows Identity Foundation

### *Menntunar- og hæfniskröfur*
- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði, kerfisfræði, verkfræði eða sambærileg menntun
- Lágmark þriggja ára reynsla af þróun hugbúnaðar
- Mjög góð þekking á .NET, C#, Visual Studio, WCF nauðsynleg
- Þekking á ASP.NET MVC, MS SQL Server, Team Foundation Server æskileg

Nánari upplýsingar um starfið veitir Per Christian Christensen, forstöðumaður hugbúnaðardeildar, s. 444 7212, netfang per.c.christensen@arionbanki.is

*Umsóknarfrestur er til og með 28. júní, 2010. Umsækjendur sæki um starfið á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is*

*Hafðu samband*
sími 444 7000 • arionbanki.is

Arion banki er framsækinn banki sem veitir viðskiptavinum sínum alhliða þjónustu á sviði sparnaðar, lánveitinga, eignastýringar, fyrirtækjaráðgjafar og markaðsviðskipta.

Hjá bankanum starfa um 950 manns á 29 starfsstöðvum um land allt. Með fagmennsku, framsækni, ábyrgð og umhyggju að leiðarljósi setjum við viðskiptavini okkar í fyrsta sæti.

Arion banki

Dalabyggð

Dalabyggð er öflugt landbúnaðarhérað með um 700 íbúa. Þéttbýliskjarni sveitarfélagsins er Búðardalur og er þar alla almenna þjónustu að finna. Árið 2009 voru tveir grunnskólar, leikskólinn og tónlistarskólinn, sameinaðir í eina stofnun, Auðarskóla, sem nú hefur lokið sínu fyrsta starfsári en er enn í mótun. Nánari upplýsingar um sveitarfélagið er að finna á heimasíðunni www.dalir.is.

## Sveitarstjóri Dalabyggðar

**Sveitarfélagið Dalabyggð auglýsir lausa til umsóknar stöðu sveitarstjóra. Nýkjörin sveitarstjórn var kosin í óbundinni kosningu (persónukjöri) og leggur upp með að starfa sem ein heild. Leitað er eftir öflugum og áhugasömum einstaklingi til að takast á við krefjandi verkefni. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

**Starfssvið sveitartjóra**
- Daglegur rekstur sveitarfélagsins og ábyrgð á framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar.
- Yfirumsjón með skipulagi og virkni stjórnsýslu sveitarfélagsins og starfsmannamálum.
- Náið samstarf við sveitarstjórn, undirbúningur og upplýsingagjöf á fundum sveitarstjórnar og byggðarráðs.
- Sveitarstjóri gætir hagsmuna sveitarfélagsins út á við og annast samskipti við stofnanir, samtök, fyrirtæki og íbúa.
- Stefnumarkandi vinna í atvinnumálum.

**Helstu kostir sveitarstjóra**
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Áhugi og reynsla af bókhaldi, stjórnun og rekstri.
- Reynsla af störfum á sveitarstjórnarstigi er æskileg.
- Áhugi á uppbyggingu samfélagsins, sem og markaðs- og kynningarmálum.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur en ekki skilyrði.

**Nánari upplýsingar veita:**
Katrín S. Óladóttir,
katrin@hagvangur.is
Brynhildur Halldórsdóttir,
brynhildur@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 30. júní nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

Capacent Ráðningar

# BÓKARI

STAÐLARÁÐ ÍSLANDS ÍSLENSKIR STAÐLAR

Staðlaráð Íslands er vettvangur hagsmunaaðila til að vinna að stöðlun og notkun staðla á Íslandi. Ráðið starfar á grundvelli laga um staðla og Staðlaráð Íslands, nr. 36/2003. Staðlaráð stendur fyrir námskeiðum og veitir ráðgjöf, upplýsingar og þjónustu um hvaðeina er lýtur að stöðlum og stöðlun. Jafnframt sér Staðlaráð um sölu staðla frá fjölmörgum staðlastofnunum.

**Staðlaráð Íslands óskar eftir að ráða bókara til starfa. Viðkomandi mun einnig sinna starfi gjaldkera. Um 80% starfshlutfall er að ræða.**

**Starfssvið**
- Færsla fjárhags- og viðskiptamannabókhalds
- Greiðsla launa og launatengdra gjalda
- Bókun og greiðsla reikninga
- Útreikningur dagpeninga og greiðsla ferðareikninga
- Innkaup á rekstrarvörum
- Aðstoð vegna fjármála sem og önnur tilfallandi verkefni í samráði við yfirmann

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Haldgóð menntun sem nýtist í starfinu
- Umtalsverð reynsla af sambærilegum verkefnum
- Góð almenn tölvukunnátta skilyrði sem og kunnátta á Navision
- Gott vald á íslensku skilyrði sem og góð enskukunnátta
- Góð samskiptahæfni sem og frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Samviskusemi og nákvæmni í vinnubrögðum

Staðlaráð er fulltrúi Íslands í alþjóðlegu staðlasamtökunum ISO og IEC, evrópsku staðlasamtökunum CEN, CENELEC og ETSI, og þátttakandi í norrænu stöðlunarsamstarfi INSTA.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Þorbjörg Guðjónsdóttir (thorbjorg.gudjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 3. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# SVEITARSTJÓRI
## SVALBARÐSSTRANDARHREPPUR

Svalbarðsstrandarhreppur er blómlegt og vel stætt sveitarfélag í austanverðum Eyjafirði, 12 km frá Akureyri. Íbúar eru rúmlega 400 talsins. Þéttbýli er á Svalbarðseyri og er þar m.a. að finna tónlistar-, leik- og grunnskóla, sundlaug, íþróttaaðstöðu og skrifstofu hreppsins. Nánari upplýsingar um sveitarfélagið er að finna á www.svalbardsstrond.is.

**Laus er til umsóknar staða sveitarstjóra Svalbarðsstrandarhrepps. Leitað er að kraftmiklum aðila til að leiða áframhaldandi uppbyggingu samfélagsins. Krafa er gerð um að sveitarstjóri verði búsettur í sveitarfélaginu. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.**

**Starfssvið**
- Framkvæmdastjórn sveitarfélagsins og hagsmunagæsla þess
- Ábyrgð á rekstri og bókhaldi sveitarfélagsins
- Eftirfylgni og framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar
- Stefnumótun og áætlanagerð
- Náið samstarf við sveitarstjórn
- Samskipti við stofnanir, samtök, fyrirtæki og íbúa

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun kostur, en ekki skilyrði
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsjón með ráðningunni hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 27. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Glerárgötu 36
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

**Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.**
**Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is**

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð.
Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# FRAMKVÆMDASTJÓRI SVEITARFÉLAGSINS ÁRBORGAR

Í Sveitarfélaginu Árborg búa yfir 7.800 íbúar. Þar starfa rúmlega 550 starfsmenn á vegum sveitarfélagsins og er það sameiginlegt verkefni starfsmanna og stjórnenda að veita metnaðarfulla og framsækna þjónustu. Sveitarfélagið Árborg leitar að starfsmönnum sem hafa ríka þjónustulund og eru vandvirkir.

**Sveitarfélagið Árborg óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra sveitarfélagsins. Framkvæmdastjóri er æðsti yfirmaður sveitarfélagsins, fyrirtækja þess og stofnana.**

**Starfssvið**
- Framkvæmdastjórn og hagsmunagæsla sveitarfélagsins
- Stjórn og ábyrgð á daglegum rekstri
- Stefnumótun og áætlanagerð
- Samstarf við bæjarstjórn og bæjarráð
- Þátttaka í uppbyggingu samfélagsins
- Samskipti við stofnanir, samtök, fyrirtæki og íbúa

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Þekking og reynsla af fjármálum, stjórnun og rekstri
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu, einkum sveitarfélaga er æskileg
- Leiðtogahæfileikar, jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti
- Áhugi á mótun og uppbyggingu samfélagsins
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Umsjón með ráðningunni hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Þorbjörg Guðjónsdóttir (thorbjorg.gudjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 4. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# ÖFLUGIR STJÓRNENDUR

BRAMMER

Brammer UK á Íslandi starfrækir vöruhús sem er staðsett inni á svæði Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði. Brammer sér um innkaup og lagerhald fyrir Alcoa Fjarðaál og veitir 24 tíma þjónustu allt árið um kring. Brammer UK Ltd. í Bretlandi er eitt af leiðandi fyrirtækjum í Evrópu sem dreifingaraðili á rekstrarvöru iðnaðar, með yfir 50 ára reynslu. Brammer er þekkt fyrir hágæða vörur og sveigjanlega þjónustu.

## VÖRUHÚSA- OG SKRIFSTOFUSTJÓRI (Operation Manager)

**Brammer óskar eftir að ráða vöruhúsa- og skrifstofustjóra til starfa. Viðkomandi mun stýra rekstri vöruhúss Brammer inni á svæði Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði. Vöruhúsa- og skrifstofustjóri heyrir undir framkvæmdastjóra félagsins á Íslandi.**

**Starfssvið**
- Yfirumsjón með innkaupum og birgðastýringu
- Samskipti við viðskiptavini og birgja
- Ábyrgð á veltuhraða og birgðastöðu
- Umsjón með daglegum rekstri og uppbyggingu
- Almenn starfsmannastjórnun

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Reynsla af sambærilegu starfi er nauðsynleg
- Haldbær reynsla af stjórnun og rekstri
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi s.s viðskiptafræði, verkfræði, tæknifræði eða vöruhúsastjórnun er æskileg
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Leiðtogahæfileikar og geta til að vinna vel í hóp
- Mjög góð tölvukunnátta
- Mjög góð enskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti er skilyrði

## VÖRUSTJÓRI (Experienced Senior Material Controller)

**Brammer óskar eftir að ráða vörustjóra til starfa. Næsti yfirmaður er vöruhúsa- og skrifstofustjóri.**

**Starfssvið**
- Umsjón með birgðamálum og innkaupum
- Stýring á birgðastöðu og veltuhraða ásamt yfirmanni
- Innri ráðgjöf varðandi innkaup og birgðahald
- Samskipti við viðskiptavini og birgja
- Vinna samkvæmt gæðakerfi fyrirtækisins

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, viðskiptamenntun af vörustjórnunarsviði er kostur
- Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg
- Þekking á rekstrarvörum í iðnaði er mikill kostur
- Góð enskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Mjög góð tölvukunnátta
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Nákvæmni og skipulagshæfileikar eru nauðsynlegir þættir

Umsjón með störfunum hafa Agla S. Björnsdóttir (agla.bjornsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 27. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf á ensku og íslensku, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent



# ÍSTAK

*Framkvæmdagleði í fyrirrúmi*



## VEGNA VERKEFNA Á GRÆNLANDI

ÍSTAK óskar eftir að ráða vana bormenn til starfa við virkjanaframkvæmdir á Grænlandi. Um er að ræða pallborun og gangaborun.

Viðkomandi þurfa að hafa víðtæka reynslu af borvinnu og geta hafið störf fljótlega.

**Upplýsingar um störfin og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Einnig er hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu okkar www.istak.is.**

**ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 400 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.**
**ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.**



# VIÐ LEITUM AÐ
## KRAFTI, ELDMÓÐI OG ÁBYRGÐ

PIPAR/TBWA • SÍA • 101410

Við leitum að fleiri framúrskarandi einstaklingum í liðið okkar. Starfsmenn Auðar eru færir á sínu sviði, leggja áherslu á gagnsæi, hreinskiptni og áhættumeðvitund í sínum störfum og hafa trú á framtíðinni. Menntun og reynsla skipta miklu – en við leitum ekki síður að heilbrigðu hugarfari og fólki sem býr yfir krafti, eldmóði og ábyrgð.

**Viðskiptastjóri**
– Eignastýring

Hefur þú áhuga á fólki og fjármálum? Viltu starfa við öflun nýrra viðskiptavina, sinna fjármálaráðgjöf og víðtækri þjónustu við viðskiptavini í eignastýringu?

Við leitum að einstaklingi með háskólapróf, próf í verðbréfaviðskiptum, mikla reynslu af fjármálaráðgjöf og samskiptum við viðskiptavini í eignastýringu, ríka þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

**Sparnaðar og lífeyrisráðgjafi**
– Séreignarsparnaður

Ef þú hefur áhuga og metnað til að starfa við öflun nýrra viðskiptavina og ráðgjöf um sparnað og lífeyrismál gæti þetta verið draumastarfið fyrir þig.

Við leitum að einstaklingi með mikla reynslu í sparnaðar- og lífeyrisráðgjöf, drifkraft, metnað og lífsgleði.

**Verkefnastjóri**
– Innri þjónusta

Ert þú hæfileikarík(ur), með góða þjónustulund og getur sýnt frumkvæði og sjálfstæði í starfi? Þá gæti þetta starf, sem felur í sér ýmiskonar innri þjónustu, verið starfið fyrir þig.

Við leitum að vel ritfærum einstaklingi með góða máltilfinningu bæði á íslensku og ensku, gott tölvulæsi og góða hæfni til að leysa einföld tæknivandamál. Reynsla af ferðaskipulagningu og verkefnastjórnun, sem og færni í myndvinnslu og umbrotsforritum eru ótvíræðir kostir. Viðkomandi þarf að vera hörkuduglegur, hafa ríka ábyrgðartilfinningu, sýna vandvirkni í vinnubrögðum og geta unnið sveigjanlegan vinnutíma.

AUÐUR CAPITAL

Vinsamlegast sendu ferilskrá á **starf@audur.is** og segðu okkur í örstuttu máli hvers vegna þú telur þig rétta aðilann í starfið.
**Umsóknarfrestur er til 22. júní.**

Nánari upplýsingar um störfin gefur **Þóranna Jónsdóttir** í síma **585 6500**.

Borgartúni 29 / 105 Reykjavík / Sími: 585 6500 / www.audur.is

# Hárklippistofa Jörgens

óskar eftir starfskrafti sem fyrst, vanan herraklippingu. Mjög góð laun í boði fyrir réttan aðila.

**Upplýsingar í síma 866 2215 eða 554 1414**

# Fasteignasala - Sölumaður

Rótgróin fasteignasala á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir dugmiklum sölumanni til starfa. Einungis aðili með reynslu og þekkingu á fasteignamarkaði kemur til greina.

**Áhugasamir sendi umsókn á Fréttablaðið eða box@frett.is merkt: “fast-sala”**

## KRAFTMIKLIR EINSTAKLINGAR ÓSKAST

Óskum eftir starfsfólki í símasöluver okkar. Umsækjendur þurfa að vera 18 ára eða eldri.

**Umsóknir sendist á simaver@kreditkort.is**

KREDITKORT

**Rangárþing ytra**
www.rangarthingytra.is

# Sveitarstjóri

Laus er til umsóknar staða sveitarstjóra í Rangárþingi ytra.

**Starfssvið sveitarstjóra**
- Sveitarstjóri er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins
- Sveitarstjóri hefur yfirumsjón með starfsemi sveitarfélagsins, annast daglegan rekstur og sér um framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar
- Sveitarstjóri skipuleggur og undirbýr dagskrá funda hreppsnefndar og hreppsráðs
- Sveitarstjóri þarf að hafa góða yfirsýn yfir fjármálastjórn, bókhald og áætlanagerð sveitarfélagsins
- Sveitarstjóri gætir hagsmuna sveitarfélagsins út á við og annast samskipti við stofnanir, fyrirtæki og samtök

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Reynsla af sviði rekstrar og stjórnunar
- Þekking og reynsla á sveitarstjórnarmálum er æskileg
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og hæfni í mannlegum samskiptum
- Áhugi á að takast á við uppbyggingu sveitarfélagsins
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Rangárþing ytra er kraftmikið og framsækið sveitarfélag í hjarta Suðurlands og eru íbúar þess rúmlega 1500. Skrifstofa sveitarfélagsins er á Hellu, en þar býr um helmingur íbúa sveitarfélagsins. Í Rangárþingi ytra er lagður metnaður í að veita íbúum ávallt góða þjónustu.
Atvinnulífið byggir á traustum grunni.
Framundan eru mörg krefjandi og spennandi verkefni.

Umsóknarfrestur er til 30. júní 2010 og skulu skriflegar umsóknir ásamt starfsferilskrá og meðmælendum sendar skrifstofu Rangárþings ytra, Suðurlandsvegi 1, 850 Hella, merkt: sveitarstjóri – umsókn, b.t. Guðfinnu Þorvaldsdóttur oddvita.
Óháður fagaðili verður til aðstoðar varðandi viðtöl við umsækjendur. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

*Rangárþing ytra*

# Stál og stuð

## Marel óskar eftir málmiðnaðarmönnum og rafvirkjum

Við leitum að áhugasömum og hæfileikaríkum iðnaðarmönnum.
Veitum góða starfsþjálfun og vekjum athygli á að störfin henta jafnt konum sem körlum.

### Málmiðnaðarmenn

Málmiðnaðarmenn vinna við smíði úr ryðfríu stáli, samsetningu og frágang tækja og búnaðar. Við leitum að áhugasömum og hæfileikaríkum málmiðnaðarmönnum og veitum þjálfun í smíði samkvæmt gæðakröfum Marel.

### Rafvirkjar

Rafvirkjar sinna fjölbreytilegum og krefjandi verkefnum við frágang rafbúnaðar fyrir framleiðsluvörur Marel. Þeir sjá einnig um stillingu og prófun tækja og búnaðar.

Vinsamlegast sækið um á heimasíðu Marel:
*www.marel.com/jobs*

Umsóknarfrestur er til 29. júní nk.

Nánari upplýsingar um störfin veita
Axel Jóhannsson, *axel.johannsson@marel.com* og
Björn Pálsson, *bjorn.palsson@marel.com*

Við bjóðum upp á snyrtilegt og öruggt vinnuumhverfi, gott mötuneyti og barnaherbergi. Verkefnin eru fjölbreytt, vinnutíminn sveigjanlegur og sjálfstæð vinnubrögð í fyrirrúmi. Félagslíf er virkt, þökk sé öflugu starfsmannafélagi. Starfsmenn hafa aðgang að þremur sumarhúsum og mjög góðri íþróttaaðstöðu, þ.á.m. tveimur íþróttasölum, tækjasal, Boot Camp og öðrum æfingahópum.

### Hvað segir starfsfólkið?

- *„Okkur er treyst til að gera hlutina"*
- *„Þú færð ekki betri vinnuaðstöðu"*
- *„Ég nota íþróttaaðstöðuna mikið"*
- *„Góður starfsandi og góðir vinnufélagar"*

Í framleiðslu Marel hf. er unnið í sellum eða litlum, sjálfstæðum liðum. Sellan er samábyrg fyrir því að uppfylla kröfur og væntingar viðskiptavina um gæði vöru, pökkun og útskipun búnaðar á afhendingardegi. Í sellunni er lögð áhersla á að fólk fái að vinna sjálfstætt og að því sé treyst fyrir sínu vinnusviði. Góð samvinna og liðsandi skiptir jafnframt miklu máli.



www.marel.com

marel

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

» Ráðningarþjónusta

# Matreiðslumaður

Vanur matreiðslumaður óskast til starfa á veitingahúsi á Norðurlandi í sumar. Um er að ræða glæsilegan stað með einstaka staðsetningu.

## » Hæfniskröfur

- Menntun/reynsla á sviði matreiðslu
- Góðir samstarfshæfileikar
- Vönduð vinnubrögð og metnaður í starfi

Mjög góð laun í boði fyrir öflugan starfsmann og húsnæði á staðnum.

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.**



HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

## Hjúkrunarfræðingar
## Sjúkraliðar
## Snyrtifræðingar
## Reykjavík-Akureyri

50% framtíðarflexstöður hjá lækningafyrirtækjum með þjálfun í Reykjavík helst í júní og ágúst. Sjálfstætt reyklaust starf m.a. með börn. Mennta-, starfs- og veikindaskrá í tímaröð ásamt tölvureynslu, persónuhögum, meðmælum, launakröfum, hvers vegna starfið henti ásamt staðsetningu sem sótt er um og hvort þjálfuartími henti óskast á starfsumsokn@gmail.com. **ALGJÖR trúnaður.**

Proact

## SÖLUSTARF – HÁRSNYRTING

**Við leitum að frambærilegum fagmanni á sviði hársnyrtingar í sölu- og ráðgjafateymið okkar**

STARFSSVIÐ
Söluheimsóknir á hársnyrtistofur, ráðgjöf um notkun á vörum fyrirtækisins, vinna við kynningarefni, kynningar fyrir viðskiptavini, undirbúningur og þáttaka í námskeiðum

HÆFNISKRÖFUR
Fagmenntun í hársnyrtingu, góð samskiptahæfni og þjónustulund, frumkvæði og dugnaður. Reynsla af sölustörfum og tölvukunnátta eru kostir.

Um er að ræða 60–80% starf, fyrri hluta vikunnar. Viðkomandi mun fá fræðslu og þjálfun hjá erlendum samstarfsfyrirtækjum Proact.

Umsóknarfrestur er til **20. júní**. Umsóknum ásamt ferilskrá með mynd skal skilað til **Proact, Gilsbúð 5, 210 Garðabæ** eða á tölvupóstfangið **proact@proact.is**.

Proact er faglegt og framsækið fyrirtæki sem býður upp á heildarlausnir fyrir hársnyrtistofur. Proact býður upp á mikið úrval af hársnyrtivörum fyrir fagfólk. Okkar markmið er að styðja vel við okkar viðskiptavini með góðri þjónustu og reglulegum námskeiðum þar sem nýjasta tækni og línur eru sýndar.

MATRIX L'ORÉAL PROFESSIONNEL KÉRASTASE PARIS JOICO

**Markmið Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og auka lífsgæði með þekkingaruppbyggingu og stuðningsþjónustu fyrir frumkvöðla, sprota- og nýsköpunarfyrirtæki. Jafnframt stundum við rannsóknir og vinnum að tækniþróun á sviði framleiðslu, ferla, orku, bygginga og mannvirkja.**

**Nýsköpunarmiðstöð Íslands kemur með nýjar víddir inn í íslenskt samfélag - í þína þágu og atvinnulífsins.**

## Ert þú framúrskarandi í markaðsmálum og gæðastjórnun?

Ef svo er viljum við á Nýsköpunarmiðstöð Íslands fá þig í okkar hóp sem markaðs- og gæðastjóra.

**Starfssvið**
Að stjórna markaðsaðgerðum og verkefnum á sviði gæðamála. Ritstýra vefsíðu og hafa umsjón með útgáfumálum og almennatengslum.

**Hæfniskröfur**
Háskólamenntun á sviði markaðsmála, fjölmiðlunar, viðskiptafræða, stjórnunar eða á sambærilegu sviði.

- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Frumkvæði og dugnaður.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund.
- Æskilegt er að umsækjandi hafi tengsl við fjölmiðla.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á vef Nýsköpunarmiðstöðvar, www.nmi.is/starf.

Hvatt er til umsókna frá konum jafnt sem körlum.

Umsóknum skal skila fyrir 25. júní nk. merktum:

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Markaðs- og gæðastjóri - Starfsumsókn
Keldnaholti
112 Reykjavík

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Keldnaholti, 112 Reykjavík ● Sími 522 9000 ● Fax 522 9111 ● www.nmi.is



## AKUREYRARBÆR

**Bókasafns- og upplýsingafræðingur á Amtsbókasafninu á Akureyri.**

Amtsbókasafnið á Akureyri óskar að ráða bókasafns- og upplýsingafræðing í 100% starf frá og með 1. september 2010.

**Helstu verkefni eru:**
- Upplýsingaþjónusta og heimildaleitir
- Almenn þjónusta við lánþega safnsins
- Umsjón með millisafnalánum og tengsl við önnur söfn.
- Vinna við skylduskil og skráning gagna

**Hæfniskröfur:**
- B.A. eða starfsréttindagráða í bókasafns- og upplýsingafræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Lipurð í samskiptum og rík þjónustulund
- Jákvæðni og sveigjanleiki.

Tekið verður tillit til samþykktar bæjarstjórnar Akureyrarbæjar um jafnréttismál við ráðningu í starfið.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og BHM

Upplýsingar um kaup og kjör veitir Starfsmannaþjónusta Akureyrarbæjar í síma: 460-1060.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hólmkell Hreinsson í síma 862-6882 eða Sigrún Ingimarsdóttir í síma 460-1254 eða í netfangi: holmkell@akureyri.is

Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum á heimasíðu Akureyrarbæjar: www.akureyri.is

Aðgengi að tölvu og aðstoð við innskráningu umsókna stendur til boða á Amtsbókasafninu og í þjónustuanddyri Ráðhússins.

**Umsóknarfrestur er til 15. júlí 2010.**

Akureyri ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

## Spennandi starf í góðu starfsumhverfi

Flugfjarskipti ehf

Flugfjarskipti ehf hafa ákveðið að fjölga í hópi flugfjarskiptamanna og bjóða upp á nám í flugfjarskiptum. Námið hefst þann 1. september n.k. og áætluð námslok eru í mars 2011. Þeim umsækjendum sem standast próf og aðrar tilskyldar hæfniskröfur verður að námi loknu boðið starf flugfjarskiptamanns hjá Flugfjarskiptum.
Námið er tvíþætt. Fyrri hlutinn fer fram í ATS skóla Isavia ohf, en seinni hlutinn er starfsþjálfun hjá Flugfjarskiptum. Nemendur eru á launum á námstímanum.

**Hæfniskröfur:**
- Umsækjendur skulu hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegri menntun, hafa góða ensku- og vélritunarkunnáttu, tala skýrt mál auk þess að fullnægja tilskyldum heilbrigðiskröfum.
- Við leitum að starfsmönnum með góða samskiptahæfileika og lipra og þægilega framkomu. Viðkomandi þarf að sýna frumkvæði í starfi og geta unnið undir álagi.

**Í boði er** spennandi starf í öruggu og góðu starfsumhverfi.
Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu Flugfjarskipta: www.gannet.is. Einnig svarar Erla S. Jensdóttir, rekstrar- og mannauðsstjóri, fyrirspurnum í síma 563 6554 eða á erla@gannet.is .
Skriflegar umsóknir með ítarlegum upplýsingum um fyrri störf og reynslu, ásamt mynd sendist Flugfjarskiptum ehf, Sóleyjarima 6, 112 Reykjavík eða með tölvupósti á gannet@gannet.is.

**Umsóknarfrestur er til 5. júlí næstkomandi. Sakarvottorð fylgi umsókn.**
Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á heimasíðu Flugfjarskipta: www.gannet.is.

Öllum umsóknum verður svarað.

*Flugfjarskipti ehf er að fullu í eigu Isavia ohf. Fyrirtækið sinnir tal- og gagnaviðskiptum við alþjóðaflug í íslenska flugstjórnarsvæðinu. Starfsmenn fyrirtækisins eru um 50 og starfsemin er á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi. Flugfjarskipti ehf leggja áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.*

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

VALITOR

VALITOR er eftirlitsskylt fjármálafyrirtæki á sviði greiðslumiðlunar og kortastarfsemi. VALITOR kappkostar að veita söluaðilum, bönkum, sparisjóðum og korthöfum á ferð um heiminn örugga, skjóta og þægilega þjónustu. Nýtt skipulag skerpir á ábyrgð og verkaskiptingu innan fyrirtækisins, einfaldar boðleiðir og leggur grunn að snerpu í ákvarðanatöku og þjónustu.

Starfsemi VALITOR er skipt í þrjú afkomusvið: Alþjóðalausnir, Fyrirtækjalausnir og Kortalausnir. Stoðsvið eru fjögur: Áhættustýring, Fjármálasvið, Upplýsingatæknisvið og Þróunar- og kynningarsvið.

# Sérfræðingur í hugbúnaðarþróun

Starfið felst í hugbúnaðarþróun, þ.e. greiningu, hönnun og forritun nýrra kerfa eða kerfishluta, sem og viðhaldi eldri kerfa

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf á sviði tölvunar- eða kerfisfræði, sambærilegt nám eða umtalsverð starfsreynsla.
- Þekking og reynsla af .NET, C# og SQL.
- Reynsla af Agile/SCRUM hugmyndafræðinni er kostur.
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð, metnaður og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Gott vald á töluðu og rituðu máli á íslensku og ensku.

# Sérfræðingur í hugbúnaðarprófunum

Starfið felst í hugbúnaðarprófunum, þ.e. gerð og framkvæmd prófanatilvika, einingaprófana og kerfisprófana, samantekt prófananiðurstaðna, villutilkynningum og skjölun

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf á sviði tölvunar- eða kerfisfræði, sambærilegt nám eða umtalsverð starfsreynsla.
- Reynsla af prófunum og aðferðum gæðastjórnunar er kostur.
- Reynsla af notkun gallatilkynningakerfa og prófunartóla er kostur.
- Reynsla af Agile/SCRUM hugmyndafræðinni er kostur.
- Þekking á .NET, C#, SQL er kostur en þó ekki skilyrði.
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð, metnaður og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Gott vald á töluðu og rituðu máli á íslensku og ensku.

**Nánari upplýsingar veita:**
Kristín Guðmundsdóttir,
kristin@hagvangur.is
Brynhildur Halldórsdóttir,
brynhildur@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 28. júní nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**



## Icepharma leitar að Markaðsstjóra fyrir Pfizer

Frá 1. desember nk. mun Icepharma annast alla sölu- og markaðsstarfsemi Pfizer á Íslandi. Þess vegna leitum við að markaðsstjóra fyrir Pfizer.

### ÁBYRGÐ OG VERKEFNI

Markaðsstjóri Pfizer ber ábyrgð á daglegri stjórnun og rekstri markaðsdeildar Pfizer innan Icepharma, en gert er ráð fyrir að við deildina starfi u.þ.b. 5 starfsmenn. Markaðsstjóri sinnir markaðsgreiningu og stefnumótunarvinnu, annast framkvæmd markaðs- og söluáætlana í samvinnu við skrifstofu Pfizer í Kaupmannahöfn og tekur þátt í markaðssetningu og kynningu á lyfjum fyrir lækna og annað heilbrigðisstarfsfólk, ásamt fundum og ráðstefnum heima og erlendis. Ennfremur sinnir markaðsstjóri margs konar samskiptum fyrir hönd Pfizer, svo sem við íslensk heilbrigðisyfirvöld og hagsmunasamtök í lyfjaiðnaði.

Starfið heyrir undir framkvæmdastjóra Lyfjasviðs Icepharma.

### MENNTUN OG HÆFNI

Markaðsstjóri Pfizer þarf að hafa sýnt af sér leiðtogahæfileika og mikla færni í starfsmannastjórnun og mannlegum samskiptum. Gerð er krafa um frumkvæði, fagmennsku, jákvæðni og sjálfstæði í vinnubrögðum. Markaðsstjóri þarf að hafa háskólamenntun, helst á sviði viðskipta- og heilbrigðisvísinda, reynslu af störfum á lyfjamarkaði og gott vald á ensku og einu Norðurlandamáli í ræðu og riti.

### STARFSUMHVERFI

Starf markaðsstjóra Pfizer er fjölbreytt, faglegt og spennandi starf í krefjandi umhverfi á einhverjum mestu breytingartímum íslenska heilbrigðiskerfisins. Í boði er fagleg og persónuleg þjálfun, bæði heima og erlendis, auk góðra möguleika til að vaxa í starfi.

Icepharma leggur áherslu á gott og hvetjandi starfsumhverfi. Flestir birgjar okkar eru leiðandi á sínu sviði í heiminum, sem skipar Icepharma í fremstu röð fyrirtækja í heilbrigðisgeiranum á Íslandi. Þekking þeirra og reynsla er okkar styrkur.

### UMSÓKNARFRESTUR ER TIL **28. JÚNÍ 2010.**

Umsóknir skal senda á netfangið **bessi@icepharma.is.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Bessi H. Jóhannesson, framkvæmdastjóri Lyfjasviðs, á framangreindu netfangi.

**Pfizer** er stærsta lyfjafyrirtæki í heimi, stofnað árið 1849, og er leiðandi í rannsóknum og þróun lyfja. Starfsmenn fyrirtækisins um allan heim eru yfir 110.000. Markmið fyrirtækisins er að veita sjúklingum bestu meðferð sem kostur er á, í samvinnu við heilbrigðiskerfið, og tryggja þeim lengra og betra líf. Pfizer hefur markaðsleyfi fyrir u.þ.b. 80 mismunandi lyf á Íslandi og er hlutdeild fyrirtækisins í íslenskum lyfjamarkaði 9%.

**Icepharma** er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins í sölu- og markaðssetningu á lyfjum, heilbrigðisvörum og lækningatækjum. Hjá fyrirtækinu starfa 75 manns með víðtæka menntun og þekkingu á heilbrigðisgeiranum. Icepharma er fyrirmyndarvinnustaður og við leggjum áherslu á jafnrétti og fjölskylduvænt umhverfi.

icepharma

VR 2010 · VR 2009 · VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2008 · VR 2007

Icepharma • Lynghálsi 13 • 110 Reykjavík • Sími 540 8000 • Fax 540 8001

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

## Hjúkrunarfræðingur

Óskum eftir að ráða hjúkrunarfræðing til starfa við Meltingarsetrið sem fyrst. Starfið felst í aðstoð við meltingarfæraspeglanir. Starfshlutfallið er 20%. Góður starfsandi og skemmtilegur vinnustaður. Umsókn ásamt ferilskrá skal senda til Meltingarsetursins, Þönglabakka 1–6 109 Reykjavík eða á netfangið deidag@hotmail.com Umsóknarfrestur er til 28. júní.

## STARFSKRAFTUR Í MÓTTÖKU ÓSKAST!

**Hótel Örk í Hveragerði óskar eftir að ráða starfskraft í móttöku. Nánari upplýsingar veitir Sigurður í síma 864 3122**

TE & KAFFI

### Leitum að liðsauka í þjónustudeild

Te & Kaffi óskar eftir viðgerðarmanni í þjónustudeild fyrirtækisins. Starf þetta felur m.a. í sér viðgerðarþjónustu á verkstæði við kaffivélar og viðhald tækja í kaffibrennslu fyrirtækisins.

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Sveinspróf í vélvirkjun eða rafvélavirkjun.
- Haldgóð starfsreynsla við viðgerðir og bilanagreiningu.
- Samskiptahæfni og jákvætt hugarfar.
- Áhugi á að kynnast samspili tækjabúnaðar og framleiðslu á hágæðakaffi.

Um framtíðarstarf er að ræða og æskilegt að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.
Umsóknir sendist á gudmundur@teogkaffi.is

## Verkstjóri og rennismiður á vélaverkstæði.

**SR Vélaverkstæði hf á Siglufirði, óskar eftir að ráða verkstjóra og rennismið á vélaverkstæði sitt.**

**Verkstjóri:** starfið felur í sér daglegan rekstur og stjórnun verkstæðisins. Leitað er eftir einstaklingi sem er sjálfstæður, þjónustulundaður og með hæfni í mannlegum samskiptum og þarf viðkomandi að hafa reynslu í stjórnun.

**Menntunarkröfur:** Vélfræðingur, vélvirki eða sambærilegt.

**Rennismiður:** starfið felur í sér rennismíði og ýmsa aðra stálsmíði er til fellur hverju sinni. Leitað er eftir einstaklingi sem er sjálfstæður, þjónustulundaður og þarf viðkomandi að hafa reynslu af rennismíði.

**Menntunarkröfur:** Rennismiður.

**Upplýsingar veita:** Ólafur Sigurðsson framkvæmdastjóri sími 467-1250 / gsm 861-2268 os@srv.is og Pálína Pálsdóttir stjórnarformaður sími 467-1252 / gsm 862-6385 pp@srv.is

KFUM KFUK



## Æskulýðsfulltrúi

Við leitum að framúrskarandi æskulýðsfulltrúa til starfa fyrir KFUM og KFUK á Íslandi. Viðkomandi kemur til með að vinna sem hluti af starfsmannateymi í Þjónustumiðstöð KFUM og KFUK á Íslandi sem þjónar öflugu starfi félagsins um land allt.

**Starfssvið:**
- Skipulag æskulýðsstarfs félagsins í samstarfi við annað starfsfólk
- Skipulag og umsjón með leikjanámskeiðum að sumri
- Þjónusta við sjálfboðaliða í æskulýðsstarfinu
- Skipulagning sameiginlegra viðburða
- Þátttaka í viðburðum á vegum félagsins
- Setur inn fréttir á heimasíðu, í fréttabréf og kemur að ársskýrslugerð

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi æskileg
- Þekking og reynsla af kristilegu æskulýðsstarfi
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Vilji til að starfa í hópi
- Rík þjónustulund og samskiptahæfni
- Góðir skipulagshæfileikar
- Góð almenn tölvukunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhann Þorsteinsson sviðsstjóri æskulýðssviðs KFUM og KFUK á Íslandi í síma 699-4115. Umsóknir sendist til KFUM og KFUK á Íslandi, Holtavegi 28, 104 Reykjavík eða á netfangið johann@kfum.is Umsóknarfrestur er til 16. júlí nk.

**KFUM og KFUK**
eru kristileg æskulýðssamtök sem hafa að markmiði að stuðla að heilbrigði mannsins í heild til líkama, sálar og anda. Fjölbreytnin í starfi félagsins er í samræmi við orð stofnandans, sr. Friðriks Friðrikssonar: "Ekkert sannarlega mannlegt er óviðkomandi sönnum kristindómi." Þjónustumiðstöð KFUM og KFUK hefur á að skipa samhentu teymi starfsmanna sem þjónustar öflugt og fjölbreytt sjálfboðaliðastarf KFUM og KFUK á Íslandi.

KFUM og KFUK Holtavegi 28 104 Reykjavík www.kfum.is

Veðurstofa Íslands

## Sérfræðingur í verkefnastjórnun

Vegna aukninga á erlendum samstarfsverkefnum óskar Veðurstofa Íslands eftir að ráða sérfræðing í verkefnastjórnun á Fjármála- og rekstarsvið.

Hlutverk sérfræðings í verkefnastjórnun er m.a. að hafa umsjón með verk- og kostnaðaráætlunum innlendra- og erlendra verkefna; stýra, skipuleggja og samræma verkefni auk þess að sinna skýrslugjöf og samningagerð.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf á sviði raungreina eða viðskiptafræði
- Háskólapróf í verkefnastjórnun eða farsæl reynsla á því sviði
- Þekking og reynsla af verkbókhaldi, verkáætlunum og verkskýrslum
- Hæfni í mannlegum samskipum og teymisvinnu
- Góð færni í Excel eða sambærilegum töflureiknum
- Frumkvæði og skipulagshæfni
- Hafa gott vald á íslensku og ensku
- Æskileg reynsla af stýringu innlendra- og erlendra rannsóknarverkefna.

Um er að ræða fullt starf og fara launin eftir kjarasamningi ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veita Hafdís Karlsdóttir framkvæmdastjóri Fjármála- og rekstrarsviðs (hafdis@vedur.is, s. 5226000) og Borgar Æ. Axelsson mannauðsstjóri (borgar@vedur.is, s. 5226000).

**Umsóknarfrestur er til og með 3. júlí 2010.**

Umsóknir sem greina frá menntun, reynslu og fyrri störfum skulu berast Borgari Ævari Axelssyni, Bústaðavegi 9, 150 Reykjavík eða í tölvupósti á netfangið borgar@vedur.is merkt „sérfræðingur í verkefnastjórnun".

## Störf við undirbúning að stofnun Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar

Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra og Sjálfsbjargarheimilið hafa í sameiningu ákveðið að setja á stofn Þjónustu- og þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar. Yfirmarkmið miðstöðvarinnar verður að veita þjónustu sem bætir stöðu og styrkir hag hreyfihamlaðs fólks í samfélaginu, sem jafningja meðal borgaranna. Miðað er við að helstu verkefni miðstöðvarinnar geti orðið eftirfarandi:

1. Að veita hreyfihömluðu fólki svör á einum stað við sem flestum spurningum um réttindi sín.
2. Að veita hreyfihömluðu fólki stuðning og aðstoð við að leita réttar síns.
3. Að standa fyrir námskeiðum, til dæmis í formi jafningjafræðslu.
4. Að tryggja aðgang að fagfólki sem hefur sérþekkingu á málefnum hreyfihamlaðs fólks svo og að tryggja aðgang sama hóps að fjármálaráðgjöf.
5. Miðstöðin skal á sama tíma vinna að hugarfarsbreytingu í samfélaginu gagnvart hreyfihömluðu fólki með fræðslu fyrir ráðamenn og almenning.

Er hér með auglýst eftir **fimm einstaklingum í hlutastörf**, sem munu mynda undirbúningshóp til að skilgreina nánar helstu verkefni miðstöðvarinnar og forgangsröðun þeirra, ganga frá rekstraráætlun og annast annan undirbúning að stofnun miðstöðvarinnar. Áætlað er að undirbúningshópurinn hefji störf 1. september og ljúki þeim með skýrslu fyrir 31. desember 2010, þar sem fram koma helstu verkefni, rekstraráætlun, fjöldi starfsmanna og starfslýsingar, húsnæðisþörf og annað sem þarf til að hefja rekstur í ársbyrjun 2011.

**Við leitum að fólki sem hefur:**
- Víðtæka menntun og/eða reynslu sem nýtist í þessari undirbúningsvinnu.
- Þekkingu og skilning á þörfum hreyfihamlaðra.
- Þekkingu á fjármálum og rekstri.

Hreyfihamlaðir eru hvattir sérstaklega til þess að sækja um, en gert er ráð fyrir að tveir til þrír meðlimir undirbúningshópsins séu einstaklingar með hreyfihömlun.

Nánari upplýsingar veitir Tryggvi Friðjónsson framkvæmdastjóri Sjálfsbjargarheimilisins í síma 899 0065.

**Umsóknarfrestur er til 7. júlí 2010** og skal umsóknum ásamt ferilsskrá skilað á skrifstofu Sjálfsbjargarheimilisins, Hátúni 12, 105 Reykjavík eða á tryggvi@sbh.is.

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?

Við tökum vel á móti öllum ábendingum.



FRÉTTABLAÐIÐ www.visir.is/posthusid – sími 585 8330



# Læknir óskast til starfa

**Í byrjun ágúst verður nýtt 110 rýma hjúkrunarheimili opnað að Suðurlandsbraut 66, Mörk-hjúkrunarheimili.**

Óskað er eftir lækni að heimilinu sem verður rekið með Eden hugmyndafræðina að leiðarljósi. Hún miðar að því að heimilismaður haldi sjálfstæði sínu og taki daglegar ákvarðanir sem varða daglegt líf hans en búi jafnframt við það öryggi sem fylgir því að vera á hjúkrunarheimili. Frjálslegt og heimilislegt andrúmsloft verður í fyrirrúmi.

Upplýsingar um starfið veitir Helga Hansdóttir öldrunarlæknir í síma 824 5510 eða með tölvupósti á helgah@landspitali.is



MÖRK
HJÚKRUNARHEIMILI

# mjöll frigg

## ÖFLUGIR LIÐSMENN ÓSKAST

Mjöll-Frigg hf. er íslenskt framleiðslufyrirtæki sem hefur þróað og framleitt hreinlætisvörur fyrir Íslendinga í áratugi. Við bjóðum upp á fjölbreytt og skemmtilegt starfsumhverfi hjá vaxandi fyrirtæki.

### SÖLUMAÐUR Á STÓRNOTENDAMARKAÐI

**Hæfniskröfur:**
- Þekking á sviði eða innsýn í matvælaframleiðslu
- Góð tölvukunnátta
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum

### LAGERUMSJÓN

**Starfið felst aðallega í:**
- Ábyrgð lagers ásamt því að taka á móti og afgreiða pantanir
- Samskiptum við viðskiptavini
- Símsvörun

**Hæfniskröfur:**
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Áhugasamir sendi inn atvinnuumsókn ásamt ferilskrá á siggi@mjollfrigg.is eða í pósti merkt umsókn á skrifstofu okkar. Umsóknarfrestur er til og með 28. júní nk.

Grundarfjarðarbær

# Starf bæjarstjóra

Grundarfjarðarbær auglýsir starf bæjarstjóra laust til umsóknar. Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins og yfirmaður starfsmanna þess. Bæjarstjóri annast daglegan rekstur og sér um framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar. Bæjarstjóri gætir hagsmuna bæjarins út á við og annast samskipti við stofnanir, fyrirtæki og samtök. Bæjarstjóri starfar samkvæmt ákvæðum Sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og annarra laga sem varða starfsemi sveitarfélaga.

- Bæjarstjórinn er í miklu daglegu sambandi við íbúa sveitarfélagsins, starfsmenn og aðra samstarfsaðila og þarf að búa yfir leiðtogahæfileikum og hæfni til mannlegra samskipta.
- Bæjarstjórinn þarf að búa yfir góðri almennri reynslu og þekkingu á rekstri.
- Þekking og reynsla af sveitarstjórnarmálum er æskileg.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er æskileg en önnur menntun og reynsla er einnig metin.

Grundarfjörður er kraftmikið og framsækið samfélag með 910 íbúa. Á staðnum eru, leik-, grunn-, tónlistar- og fjölbrautaskóli og góð grunnþjónusta. Grundarfjörður býr að sterkum sjávarútvegi og vaxandi ferðaþjónustu og Grundarfjörður og Snæfellsnesið allt skartar einstakri náttúru og fjölmörgum sóknarfærum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurborg Kr. Hannesdóttir, forseti bæjarstjórnar í síma 438-1700. Umsóknir óskast sendar til skrifstofu Grundarfjarðarbæjar, Grundargötu 30, 350 Grundarfirði, merktar „Bæjarstjóri". **Umsóknarfrestur er til og með 29. júní 2010.**

Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar

# GRUNNSKÓLAR
## LAUSAR STÖÐUR

**Holtaskóli:**
Vegna námsleyfis vantar í 100% stöðu kennara í samfélagsfræði á unglingastigi og sérkennslu.

Upplýsingar veitir Jóhann Geirdal skólastjóri í síma 420 3500 eða 898 4808 - *holtaskoli.is.*

**Myllubakkaskóli:**
Óskað er eftir kennurum á miðstigi og efsta stigi.

Upplýsingar veitir Steinar Jóhannsson aðstoðarskólastjóri í síma 420 1450 eða 892 1408 - *myllubakkaskoli.is.*

Umsóknir skulu berast starfsmannaþjónustu Reykjanesbæjar að Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbær.

**Umsóknarfrestur er til 10. júlí.**

Bent er á rafrænar umsóknir á *mittreykjanes.is.*

REYKJANESBÆR
*reykjanesbaer.is*

Fræðslusvið

# Auglýsingasími
# 512 5401




Allt sem þú þarft...

# Spennandi starf í góðu starfsumhverfi

Flugfjarskipti ehf

Flugfjarskipti ehf hafa ákveðið að fjölga í hópi flugfjarskiptamanna og bjóða upp á nám í flugfjarskiptum. Námið hefst þann 1. september n.k. og áætluð námslok eru í mars 2011. Þeim umsækjendum sem standast próf og aðrar tilskyldar hæfniskröfur verður að námi loknu boðið starf flugfjarskiptamanns hjá Flugfjarskiptum.
Námið er tvíþætt. Fyrri hlutinn fer fram í ATS skóla Isavia ohf, en seinni hlutinn er starfsþjálfun hjá Flugfjarskiptum. Nemendur eru á launum á námstímanum.

**Hæfniskröfur:**
- Umsækjendur skulu hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegri menntun, hafa góða ensku- og vélritunarkunnáttu, tala skýrt mál auk þess að fullnægja tilskyldum heilbrigðiskröfum.
- Við leitum að starfsmönnum með góða samskiptahæfileika og lipra og þægilega framkomu. Viðkomandi þarf að sýna frumkvæði í starfi og geta unnið undir álagi.

**Í boði er** spennandi starf í öruggu og góðu starfsumhverfi.
Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu Flugfjarskipta: www.gannet.is. Einnig svarar Erla S. Jensdóttir, rekstrar- og mannauðsstjóri, fyrirspurnum í síma 563 6554 eða á erla@gannet.is .
Skriflegar umsóknir með ítarlegum upplýsingum um fyrri störf og reynslu, ásamt mynd sendist Flugfjarskiptum ehf, Sóleyjarima 6, 112 Reykjavík eða með tölvupósti á gannet@gannet.is.

**Umsóknarfrestur er til 5. júlí næstkomandi.**
**Sakarvottorð fylgi umsókn.**
Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á heimasíðu Flugfjarskipta: www.gannet.is.

Öllum umsóknum verður svarað.

*Flugfjarskipti ehf er að fullu í eigu Isavia ohf. Fyrirtækið sinnir tal- og gagnaviðskiptum við alþjóðaflug í íslenska flugstjórnarsvæðinu. Starfsmenn fyrirtækisins eru um 50 og starfssemin er á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi. Flugfjarskipti ehf leggja áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.*

# SECURITAS ÓSKAR EFTIR LAGERSTARFSMANNI

**LAGERSTARFSMAÐUR**

Vilt þú vinna fjölbreytt og skemmtilegt starf í snyrtilegu umhverfi? Erum að leita að starfsmanni til að starfa á lager Securitas. Umsækjendur þurfa að vera heiðarlegir, ábyrgir og með hreint sakavottorð. Lágmarksaldur 20 ár. Starfið hentar jafnt körlum sem konum.

**Hæfniskröfur**
- **Við leitum að einstaklingi sem er heiðarlegur og með ríka þjónustulund**
- **Viðkomandi þarf að hafa almenna tölvukunnáttu og vera skipulagður**
- **Hreint sakavottorð og flekklaus ferill eru skilyrði**

**Nánari upplýsingar veitir Hlynur Loki Laufeyjarson í síma 580 7000. Umsækjendur fylli út umsókn á heimasíðu fyrirtækisins, www.securitas.is. Umsóknarfrestur er til 2. júlí 2010.**

Í boði eru samkeppnishæf laun og krefjandi starf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki með samhentan hóp starfsmanna. Lögð er áhersla á góð starfsskilyrði og möguleika starfsmanna til að vaxa og dafna með fyrirtækinu.

SECURITAS

**Síðumúli 23 | 108 Reykjavík | 580 7000 | securitas.is**



# Við leitum að góðu fólki

VÍSIR.IS og Fréttablaðið kynna nýjan og öflugan atvinnu- og raðauglýsingavef

Á vefnum getur þú með einföldum hætti flett í gegnum og skoðað atvinnuauglýsingar Fréttablaðsins. Þú kaupir atvinnuauglýsingu í **Fréttablaðinu** - öflugasta auglýsingamiðli landsins og hún birtist frítt í heila viku á einum stærsta vefmiðli landsins – VÍSIR.IS

**ALLT ATVINNA fylgir helgarblaði Fréttablaðsins... og birtist á VÍSIR.IS í viku**




+



FRÉTTABLAÐIÐ

VÍSIR.IS ...ég sá það á visir.is





Sigsteinn P. Grétarsson er forstjóri Marel. Hann segir fáheyrt að starfsfólk láti af störfum hjá Marel því starfsandi og starfsánægja sé mikil innan fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Gullið tækifæri

**Marel kallar nú eftir málmiðnaðarmönnum og rafvirkjum til spennandi starfa í höfuðstöðvum sínum í Garðabæ.**

„Á síðasta ári hefur Marel ráðið í fleiri en fjörutíu stöðugildi og enn köllum við eftir fólki til tækni- og framleiðslustarfa. Þetta eru framtíðarstörf fyrir málm- og rafiðnaðarmenn í framsetningu og framleiðslu á Marel-tækjum,“ segir Sigsteinn P. Grétarsson, forstjóri Marels, sem veitir 380 starfsmönnum vinnu í höfuðstöðvum sínum í Garðabæ og rekur einnig framleiðslufyrirtæki í Danmörku og Hollandi.

„Við kynntum fyrir stuttu nýja röntgenvöru sem leitar að beinum í kjúklingi og sala á þeim hefur gengið vonum framar, eins og öðrum vörum Marels, en 99 prósent af framleiðslu okkar eru flutt út,“ segir Sigsteinn, sem þurfti að gera varúðarráðstafanir þegar kreppan skall á, en náði að draga uppsagnir til baka.

„Í góðærinu var vonlaust að fá íslenska rafvirkja til starfa og þá lentum við í vandræðum og þurftum að leita til Danmerkur. Eftir hrunið hefur hins vegar verið mikið atvinnuleysi meðal íslenskra iðnaðarmanna og nú gott tækifæri fyrir þá að fá frábæra vinnu um leið og við njótum þess að mun meira af frambærilegu fólki er nú laust til starfa á vinnumarkaðnum,“ segir Sigsteinn sem hefur undanfarið fært fleiri störf til landsins til að efla atvinnulífið hér og horfir björtum augum fram á veginn, enda Marel ört vaxandi fyrirtæki sem líkt og fyrr byggir á íslensku hugviti frá upphafi til enda.

„Marel er ákaflega skemmtilegur vinnustaður og við leggjum mikið upp úr góðum starfsanda og góðri aðstöðu fyrir starfsmenn. Á staðnum er íþróttasalur, líkamsrækt og afar öflugt starfsmannafélag. Okkur helst því mjög vel á starfsfólki og lítið um að fólk hætti hér störfum.“

Sigsteinn segir störfin í boði nú vera fjölbreytt, enda vörulínur Marel margar.

„Megnið af framleiðslu Marel eru hátæknivörur. Starfsaðstaða til þeirra starfa er mjög snyrtileg og góð og vinnan sjálf spennandi. Hátæknivörur okkar hafa leiðandi markaðsstöðu í heiminum og við fáum mikið af viðskiptavinum í heimsókn sem bæta hjá sér nýtingu og framleiðslu með því að kaupa okkar vöru, og þá ánægju finna starfsmenn vel.“

*thordis@frettabladid.is*


» Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
  Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
  Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
  Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
  Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
  Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
  Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
  Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
  Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!



**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is


# Afturelding – framkvæmdastjóri

UMFA 100 ÁRA AFTURELDING 1909-2009

**Aðalstjórn Ungmennafélagsins Aftureldingar óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra í fullt starf.**

Við leitum að einstaklingi með framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum, viðskipta-/rekstramenntun eða sambærilega menntun auk brennandi áhuga á íþróttum. Viðkomandi þyrfti að geta hafið störf sem fyrst.

**Boðið er upp á** sveigjanlegan vinnutíma því starfinu getur fylgt erill utan dagvinnutíma.

**Helstu verkefni**

- Utanumhald og eftirlit með rekstri félagsins.
- Þjónusta við iðkendur og stjórnir deilda.
- Umsjón með launakeyrslum
- Verkefnastjórnun í átaksverkefnum félagsins.
- Samskipti við önnur íþróttafélög og bæjaryfirvöld.
- Ritstjórn vefsíðu og FELIX félagakerfisins.
- Eftirlit og yfirsýn með fjáröflunum félagsins.
- Undirbúningur funda og annarra viðburða á vegum félagsins.

**Þekking-hæfni**

- Góð þekking á rekstri og fjárreiðum, gerð fjárhagsáætlana, bókhaldi og gerð ársreikninga.
- Lipurð í mannlegum samskiptum..
- Frumkvæði, drifkraftur og sjálfstæði.
- Þekking og reynsla af íþróttamálum.
- Góð tölvukunnátta nauðsynleg.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið. Umsóknarfrestur er til **2. júlí 2010.** Umsóknir sendist á netfangið: umfa@afturelding.is

Upplýsingar um starfið gefa Gyða Árný Helgadóttir, umfa@afturelding.is s. 864 8084 eða Jón Pálsson, jon@ans.is.

Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og þeim öllum svarað.

RE/MAX

Skráðu fasteignina þína hjá okkur og við seljum hana!



Ástþór Reynir
899 6753

Gunnar Sverrir
862 2001

## Erum með kaupendur að eftirfarandi eignum.

- Einbýlishús eða raðhús í Fossvogi.
- Sérhæð í vesturbænum, 4-5 herbergja.
- Einbýlishús í Garðabæ Flatir / Akrahverfi / Arnarnes.
- Einbýlishús 3-400 fm² í vesturborginni, verð 80-150 milljónir.
- Sérhæð við Laugardalinn, 150-200 fm²
- Eign í smáíbúðahverfinu, 150-250 fm²

**Ef þetta á við um eignina þína, hringdu þá í okkur.**

## Bauganes 5
101 Reykjavík
Glæsilegt og mikið endurnýjað

**Stærð: 207,6**
**Fjöldi herbergja: 7**
**Byggingarár: 1932**
**Brunabótamat: 26.300.000**

RE/MAX Senter




**Opið hús á sunnudaginn kl 15.30 - 16.00**

**Verð: 60.000.000**





**RE/MAX KYNNIR:** Stórglæsilegt og mikið uppgert einbýlishús á vinsælum stað í Reykjavík. Eignin hefur verið mikið enurnýjuð á vandaðan hátt. Húsið skiptist í kjallara og tvær hæðir.
**Lýsing: 1.hæð:** Komið inní forstofu með fataskáp og flísalagt með granít á gólfi. Gestasnyrting með granítflísum og uppengdu salerni. Stofa er rúmgóð með parketi á gólfi og glæsilegum gas arin með rafmagnsstýringu. Borðstofa og eldhús með parket parketi á gólfum. Eldhús er með glæsilegri innréttingu, granít borðplötur og tæki úr burstuðu stáli. Eyja með gaseldavél og háfur. Dyr úr eldhúsi út á svalir.
**2. hæð:** Gangur og þrjú svefnherbergi m. fallegu ljósu parketi á gólfum. Baðherbergið er ófrágengið en gert er ráð fyrir útgangi af baðherbergi á svalir. Geymsluris er yfir hæðinni.
**Kjallari:** Dökkar fallegar granít flísar á gólfum. Tvö herbergi og glæsilegt baðherbergi með granítflísum og borðplötu. Sturtuklefi m. glerhurð. Í kjallara er geymsla og þvottahús með útgang í garð.



Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
862 2001
gunnar@remax.is



Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

## Fagraþing 8
203 Kópavogur
GLÆSILEGT EINBÝLI TIL LEIGU

**Stærð: 329,3 fm**
**Fjöldi herbergja: 0**
**Byggingarár: 2007**
**Brunabótamat: 0**

RE/MAX Senter



**Allar upplýsingar á gunnar@remax.is**

**Verð: 350.000**





**RE/MAX SENTER KYNNIR:** Til leigu einkar glæsilega og nýtískulega eign á frábærum stað nálægt Elliðavatni þar sem stutt er í náttúruna. Útsýnið er stórglæsilegt yfir Elliðavatn, að Hengli, Bláfjöllum og víðar.
Húsið er fallegt og vel byggt 329,3 fm tvílyft einbýlishús með tvöföldum 54,6 fm bílskúr. Húsið er einstaklega bjart og með rúmgóðum vistarverum og stendur á lóð með einstöku útsýni.

**Um er að ræða langtímaleigu fyrir góða leigendur.**
**Allar upplýsingar gefur Gunnar á gunnar@remax.is**



Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
862 2001
gunnar@remax.is



Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

## Brekkutún 6
200 Kópavogur
FALLEGT EINBÝLI MEÐ AUKA ÍBÚÐ

**Stærð: 299,1 fm**
**Fjöldi herbergja: 8**
**Byggingarár: 1982**
**Brunabótamat: 0**

RE/MAX Senter




**Opið hús á sunnudaginn kl 15.30 - 16.00**

**Verð: 58.900.000**





**RE/MAX SENTER kynnir:** Fallegt og mjög vel við haldið 8 herbergja, 299 fm einbýlishús á þremur hæðum ásamt sérstæðum bílskúr. Búið er að útbúa 2ja herbergja íbúð á neðstu hæð. Garður er gróinn, sólpallur og hellulögð stétt.
**Komið er inn á miðhæð:** Forstofa með flísum á gólfi, fatahengi. Innaf er gestasalerni með flísum á gólfi. Eldhús með hvítri eldhúsinnréttingu, hvítar flísar á veggjum, innbyggður ísskápur, tengi fyrir uppþvottavél og eldhúskrókur. Björt borðstofa, stofa á neðri palli með fallegum arni, útgengi á sólpall. Herbergi er á hæðinni með góðum fataskápum. Parkett á gólfum.
**Allar upplýsingar um eignina gefur Gunnar Sverrir 8622001 eða á gunnar@remax.is og Ástþór Reynir í síma 8996753 eða á arg@remax.is**



Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is



Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

## Kríunes 1
210 Garðabær
FRÁBÆRT FJÖLSKYLDUHÚS!!

**Stærð: 407 fm**
**Fjöldi herbergja: 10**
**Byggingarár: 1981**
**Brunabótamat: 53.300.000**

RE/MAX Senter




**Opið hús á sunnudaginn kl 17.00 - 17.30**

**Verð: 89.000.000**





**RE/MAX SENTER KYNNIR:** Glæsilega eign á vinsælum stað á Arnarnesinu. Fallegt fjölskylduhús með mörgum svefnherbergjum. Eignin er mikið endurnýjuð og vel viðhaldin. Húsið er alls 407fm en það er skráð 286,5fm þaraf bílskúr 46,9fm hjá FMR. Húsið er á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Hiti í bílaplani.

**Nánari lýsing:** Á gólfum er eikarparket og flísar. Eldhús er nýlegt með stórum borðkrók og miklu skápaplássi, granít í borðplötum og eik í innréttingum. Stofurnar eru samliggjandi, bjartar með mikla lofthæð og fallegu útsýni. Af hæðinni er útgengi út í garð. Baðherbergin eru flísalögð í hólf og gólf, vandaðar innréttingar. Hjónaherbergið er rúmgott með sér baðherbergi og fataherbergi með innréttingum.

Á neðri hæðinni er búið að stækka eignina og opna inn í 2 stór rými flísalögð með hita í gólfi sem hægt er að nota undir íbúðar/tómstundir. **Möguleiki er á auka íbúð á neðri hæð.**



Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
862 2001
gunnar@remax.is



Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

## 14907 - Fullbúið skrifstofuhúsnæði óskast á leigu fyrir Fjármálaeftirlitið

Ríkissjóður óskar eftir að taka á leigu skrifstofuhúsnæði fyrir Fjármálaeftirlitið. Miðað er við að húsnæðið verði tekið á leigu til 10-15 ára, fullbúið til notkunar, án lauss búnaðar. Gerð er krafa um góða staðsetningu á höfuðborgarsvæðinu, þar sem skyld starfsemi fer fram, gott aðgengi og næg bílastæði.

Húsrýmisþörf stofnunarinnar er áætluð um 2360 fermetrar og um er að ræða hefðbundna skrifstofustarfsemi.
Frekari upplýsingar um þær kröfur sem húsnæðið verður að uppfylla verða aðgengilegar á heimasíðu Ríkiskaupa www.rikiskaup.is mánudaginn, 21. júní, 2010.

Fyrirspurnir varðandi verkefni „14907 – Fjármálaeftirlitið – Nýtt leiguhúsnæði“ skulu sendar á netfangið www.utbod@rikiskaup.is og verða svör birt á vef Ríkiskaupa. Fyrirspurnarfrestur rennur út 3. Júlí 2010, en svarfrestur er til og með 7. Júlí 2010.

Leigutilboðum þar sem fram kemur stærð, ástand og staðsetning húsnæðis, ásamt leiguverði, skal skila til Ríkiskaupa, Borgartúni 7, 105 Reykjavík, eigi síðar en föstudaginn 9. júlí 2010.

RÍKISKAUP

*Útboð skila árangri!*

---

**Búðarhálsvirkjun**

## Útboð BUD-01, nr. 20015

**Byggingarvinna**

Landsvirkjun

Landsvirkjun óskar eftir tilboðum í byggingarvinnu við Búðarhálsvirkjun samkvæmt útboðsgögnum BUD-01. Verkinu er skipt í þrjá verkhluta (Verkhluta 11, 14 og 15).

**i. Verkhluti 11 Sporðöldustífla**
Verkhlutinn felst í gerð Sporðöldustíflu. Um er að ræða jarðvegsstíflu í tveimur hlutum, 1100 m og 170 m löngum, og er stíflan hæst um 25 m. Aðrir verkþættir er bygging hjáveitu á framkvæmdatíma, bygging yfirfalls og flóðvars sem og ýmis vegagerð á svæðinu.
**Helstu magntölur eru áætlaðar:**

| | | |
|---|---|---|
| Laus gröftur | 200 000 | $m^3$ |
| Sprengigröftur | 115 000 | $m^3$ |
| Fyllingar | 660 000 | $m^3$ |
| Bergídæling | 14 000 | $m^3$ |

**ii. Verkhluti 14 Aðrennslisgöng**
Verkhlutinn felst í að sprengja og styrkja aðrennslisgöng virkjunarinnar. Göngin eru skeifulaga og tæpir 15 m á hæð og rúmir 11 m á breidd og lengd þeirra er um 4 km. Aðrir verkþættir eru bygging inntaks við gangamunna, lagfæringar og styrkingar á jöfnunarþró sem og stutt aðkomugöng.
**Helstu magntölur eru áætlaðar:**

| | | |
|---|---|---|
| Laus gröftur | 22 000 | $m^3$ |
| Sprengigröftur | 120 000 | $m^3$ |
| Gangagröftur | 560 000 | $m^3$ |
| Sprautusteypa | 13 000 | $m^3$ |

**iii. Verkhluti 15 Stöðvarhús**
Verkhlutinn felst í byggingu á stöðvarhúsi og inntaksmannvirkjum ásamt greftri frárennslisskurðar. Aðrir verkþættir eru m.a. útvegun og uppsetning á öllum húskerfum og yfirborðs frágangur.
**Helstu magntölur eru áætlaðar:**

| | | |
|---|---|---|
| Gröftur | 170 000 | $m^3$ |
| Steinsteypa | 20 000 | $m^3$ |
| Mót | 33 000 | m2 |
| Bendistál | 1 600 000 | kg |

Bjóðendum er heimilt að bjóða í einn verkhluta, tvo eða þá alla.
Framkvæmdum skal að fullu lokið haustið 2013.
Útboðsgögn BUD-01 verða afhent í móttöku Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, frá og með mánudeginum 21. júní 2010 gegn óafturkræfu gjaldi að upphæð kr. 20.000,- fyrir hvert eintak.

Tilboðum skal skila í móttöku Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, fyrir klukkan 12:00 fimmtudaginn 26. ágúst 2010, þar sem þau verða opnuð sama dag klukkan 14:00 og lesin upp að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

---

# ÚTBOÐ

**F.h. Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar:**
***Nauthólsvegur / Nauthólsvík - + Gönguleiðir og ræktun 2010.***
Útboðsgögn á geisladiski fast frá 22. júní 2010 í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 1. júlí 2010 kl. 14:00 í Ráðhúsi Reykjavíkur.
12452

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

---

# ÚTBOÐ

ÍAV



## ÍAV óskar eftir tilboðum í málun og stálsmíði fyrir Tónlistar- og ráðstefnuhúsið Hörpu

ÍAV óskar eftir tilboðum í efni og vinnu við málun og stálsmíði fyrir bílastæðahús Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu.

Efni og vinnu skal afhenda á tímabilinu júlí 2010 til janúar 2011.

Hægt er að nálgast útboðsgögn á útboðsvef ÍAV www.iav.is/utbodsvefur frá og með 22. júní nk.

Tilboðum skal skilað til ÍAV Höfðabakka 9, 4. hæð,110 Reykjavík fyrir kl. 14:00 þann 6. júlí nk.

iav.is ÍAV - Höfðabakka 9,110 Reykjavík, sími 530 4200

---

## ALÞINGISREITUR - KIRKJUSTRÆTISHÚS (SKRIFSTOFUR ALÞINGIS) ÚTBOÐ NR. 14903

Framkvæmdasýsla ríkisins, f.h. Alþingis, óskar eftir tilboðum í framkvæmdir við **byggingu kjallara að Kirkjustræti 4 og flutning hússins að Vonarstræti 12 á kjallarann.**

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Nýr kjallari | 234 $m^2$ |
| Vonarstræti 12 - 4 hæðir | 800 $m^3$ |

Vettvangsskoðun verður haldin mánudaginn 21. júní 2010, klukkan 13:00 að viðstöddum fulltrúa verkkaupa.

Verkinu skal vera að fullu lokið eigi síðar en 31. janúar 2011.

Útboðsgögn verða til sýnis og sölu á kr. 3.500 hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7C, 105 Reykjavík frá og með þriðjudeginum 15. júní 2010, klukkan 13:00. Tilboðin verða opnuð hjá Ríkiskaupum 29. júní 2010 klukkan 14:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

RÍKISKAUP

*Útboð skila árangri!*

---

## Húsfélag bílskýlisins að Seljabraut 62-84 óskar eftir tilboðum

Í bílskýlinu eru 22 bílastæði, vatn lekur af þaki þess og niður í skýlið. Húsfélagið óskar eftir tilboðum í viðgerð á bílskýlinu vegna lekans. Tilboðin skulu vera sundurliðuð og innihalda nákvæma lýsingu á verkinu. Tilboðunum skal skilað á Seljabraut 76 í síðasta lagi mánudaginn 28. júní. **Frekari upplýsingar veita Lárus í síma 865-6326 eða Jón í síma 659-5857.**

---

Verslunarhúsnæði laust til útleigu við Laugaveg 83
Stærð 140 $m^2$
**Upplýsingar í síma 693 0203**

---

## Gott skrifstofuhúsnæði til leigu



Á 3. hæð í þessu húsi við Ármúla er til leigu 560 ferm. skrifstofuhæð. Hæðin skiptist í 13 lokaðar skrifstofur, fundarherbergi, eldhús og gott og bjart almennt vinnurými. Hæðinni má skipta í tvö aðskilin rými, hvort með sínum inngangi. Góðar tölvulagnir til staðar.

Hagstætt leiguverð. Frekari upplýsingar má fá með því að senda tölvupóst á armuli40@gmail.com

---

## Til sölu eftirtalin búnaður & skrifstofuhúsgögn:

- Lucent símstöð fyrir 15-30 notendur
- El Steel tölvuskápur 2m með tengi brettum
- Ricoh Afico 400 fullkomin ljósritunarvél tekur A3
- 15 x skrifborð
- 4 x skrifborðsstólar
- 3 x möppuskápar
- 3 x skjalaskápar
- 1 x Rosengrens eldvarinn skjalaskápur
- 2 x fundarborð – 6 og 12 manna
- 17 x stólar með svörtu ullaráklæði við fundarborð
- 5 x kaffistólar
- 8 x stólar með örmum
- 42 x stólar með háu baki
- Sófar & hægindastólar
- Ísskápar
- Vaskar
- Eldhúsinnrétting m. Siemens tækjum
- Graníthellur 100m2
- Ásamt ýmsum öðrum búnaði

**Til sýnis og sölu að Fiskislóð 73 Í dag laugardag & næstu viku: 13-17**
**Upplýsingar í s. 861 3889**







---

# Auglýsingasími

# 512 5401




Allt sem þú þarft...

ÁHEYRNARPRUFUR Í REYKJAVÍK UM HELGINA



# Röddin

SKRÁÐU ÞIG STRAX Á RODDIN.IS

## SÖNGKEPPNI FYRIR BÖRN OG UNGLINGA Á ALDRINUM 12–16 ÁRA




Gildir sem þátt-tökugjald!

Sigga Beinteins og María Björk standa fyrir söngkeppni fyrir börn og unglinga á aldrinum 12–16 ára í sumar. Keppnin verður haldin á 7 stöðum um land allt og hlýtur sigurvegarinn titilinn Röddin 2010. Úrslitakeppnin fer fram í Reykjavík í haust.

**Geisladiskur** með lögum keppninnar fæst í verslunum N1 um land allt – og gildir jafnframt sem þátttökugjald. Diskurinn inniheldur 25 frábær lög án söngs. Veldu þér þitt uppáhaldslag og sláðu í gegn á sviðinu!

**VIÐ VERÐUM Á STAÐNUM:**

Reykjavík um helgina
Ólafsvík 27. júní
Vestmannaeyjar 3.–4. júlí
Ísafjörður 10.–11. júlí
Neskaupstaður 17.–18. júlí
Selfoss 24.–25. júlí
Akureyri 31. júlí – 1. ágúst



Gamla góða norðlenska skyrið umbreytist í draumkenndan desert með ferskum jarðarberjum.



# Að víkingasið

Aldalöng hefð er fyrir nautgriparækt í Borgarfirði og í ljósi þess býður Landnámssetur Íslands í Borgarnesi upp á ljúffengt nautakjöt frá bænum Leirulæk í Borgarnesi til að heiðra matarhefðir landnámsmanna.

Þetta er rosalega góð nautalund með íslenskum kryddjurtum, sinnepi og örlitlu brandí," segir Sigríður Margrét Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Landnámsseturs Íslands, þar sem meðal annarra kræsinga er boðið upp á dýrindis nautakjöt frá Mýranauti, af bænum Leirulæk í Borgarnesi.

Sigríður kveðst hafa útbúið uppskriftina þar sem nautgriparækt eigi sér langa sögu í Borgarfirði. „Í Egilssögu rísa til dæmis upp miklar deilur milli Þorsteins á Borg, sonar Egils Skallagrímssonar og Steinars á Ánabrekku bæ rétt hjá um beit nautgripa í Stakksmýri. Augljóst er að nautgriparækt var mikilvæg á landnámsöld og landsnámsmenn borðuðu nautakjöt, líklegast þurrkað og grafið, bæði með íslenskum jurtum og kryddum frá suðlægum slóðum þar sem víkingar ferðuðust víða auk þess sem hér gætti áhrifa frá keltneskum þrælum."



Sigríður segir Landnámssetrið kaupa flestar afurðir beint frá bændum, meðal annars frá Mýranauti sem Hanna rekur.

Að sögn Sigríðar er stefna Landnámsseturins að kaupa sem flestar afurðir beint frá býli og er nautakjötið eins og áður sagði frá Mýranauti, sem var stofnað af bændunum Guðrúnu Sigurðardóttur og Sigurbirni Jóhanni Garðarssyni á bænum Leirulæk auk systurdóttur Guðrúnar, Hönnu Kjartansdóttur kennara og manni hennar Anders Larsen landbúnaðarvélvirkja árið 2007. Mýranaut framleiðir nautgripi til kjötframleiðslu og selur beint til neytenda.

Sigríður segir kostina við þetta fyrirkomulag ótvíræða og Hanna bætir við að með þessu móti viti fólk nákvæmlega hvað það fær í hendurnar. „Við veitum upplýsingar um skepnuna og hversu lengi kjötið hefur hangið, ásamt því hvernig best sé að geyma það," upplýsir hún. „Þannig er enginn að kaupa köttinn í sekknum, heldur aðeins úrvals nautakjöt." - rve





Á Landnámssetri Íslands er boðið upp á nautakjöt frá Mýranauti, en nánar má lesa um afurðirnar á myranaut.is.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR





# *Svínasteik* Á SÆNSKA VÍSU

Þeir sem sjá kassa borna milli bíla við Breiðholtskirkju gætu haldið að þar færi eitthvað annað fram en að heiðarlegir svínabændur úr Grímsnesinu væru að koma kjöti til kaupenda.

## SYKURSÖLTUÐ SVÍNASTEIK OG SNITSEL

**SVÍNASTEIK**

*Steikið kjötið í ofnskúffu við hægan hita þar til kjötmælir segir 70. Takið hana þá úr ofninum um stund.*

**PURAN**

**1 egg**
**4 msk. Dijonsinnep**
**2 msk. brauðrasp**
**1 msk. sykur**

*Þeytið eggið og sinnepið saman og berið á kjötið. Stráið brauðraspi og sykri yfir. Setjið kjötið í 200° heitan ofn í 30 mínútur uns það er orðið fallega brúnt og hart að utan.*

*Berið ferskt salat og bakaðar kartöflur fram með. Einnig ofnbakað grænmeti þar sem blandað er til dæmis saman hvítkáli, blómkáli, gulrótum, sætri kartöflu og rófum.*

**SNITSEL Í SPARIFÖTUNUM**

*Skerið ferskt svínakjöt í bita og stráið salti og pipar yfir.*

**ORLY-DEIG**

**250 g hveiti**
**1 egg**
**1 dl volgt vatn**
**½ dl matarolía**
**1 tsk. sykur**
**1 tsk. salt**
**2 dl Sprite**
**2 eggjahvítur**

*Hrærið saman hveiti, eggi, vatni, matarolíu, sykri og salti. Bætið Sprite út í og hrærið varlega, látið deigið standa í að minnsta kosti klukkustund. Stífþeytið þá eggjahvíturnar og bætið varlega saman við. Dýfið síðan bitunum í deigið og djúpsteikið þá í olíu.*

*Með snitselinu eru borin fram hrísgrjón og súrsæt sósa.*



**Beint frá býli**

Unaðslegur ilmur berst að vitum þegar stigið er inn fyrir þröskuldinn hjá Guðnýju Tómasdóttur og manni hennar, Jóni Þorkeli Jóhannssyni, á Ormsstöðum í Grímsnesi. Börnin þeirra fjögur, á aldrinum þriggja til tíu ára, eru úti á palli í hellidembu og finnst það mikið sport. Guðný er með steik í ofninum, enda á hún von á hópi gamalla skólasystkina í mat. Hún ætlar að bjóða upp á snitsel og sykursaltað svínakjöt sem minnir á sænska jólaskinku og hún hefur eldað við vægan hita.

Ormsstaðir standa á bökkum Hvítár. Þar hafa Tómas Brandsson og kona hans, Karen Jónsdóttir, stundað svínabúskap frá 1980 og upp úr aldamótum komu Guðný og Jón inn í reksturinn. Guðný og foreldrar hennar eru skrifuð fyrir búinu og voru með fyrstu svínabændum á landinu til að selja beint frá býli á Netinu, í október 2008. Vikulega hendast þau til Reykjavíkur til að afgreiða og afhenda pantanir við Breiðholtskirkju. Sjá www.ormsstadir.is.

- gun



Guðný er að undirbúa veislumáltíð fyrir skólasystkini úr Hlíðaskólanum sem hún hefur ekki séð í tuttugu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





Með hækkandi sól og komandi sumri er upplagt að stunda meiri hreyfingu. Mörg okkar þjást af einhverskonar liðverkjum sem vilja oft draga úr okkur getuna til að geta hreyft okkur sem skildi.

Nutrilenk er náttúrulegt byggingarefni fyrir brjóskvefinn og er mjög góður valkostur fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóski. Nutrilenk hefur hjálpað þúsundum Íslendinga að endurheimta betri liðheilsu í gegnum árin.

NÁTTÚRULEGT FYRIR LIÐINA

NutriLenk er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum, Fræinu Fjarðarkaupum, stærri Hagkaupsverslunum, Þín verslun Seljabraut og Vöruvali Vestmanneyjum


## *margt smátt*



**KRYDD Á LAMBIÐ** Flestar kryddjurtir eiga vel við lambakjöt samkvæmt heimasíðunni www.lambakjot.is. Misjafnt er eftir heimshlutum og réttum hvaða kryddjurtir eru notaðar hverju sinni. Sumar kryddjurtir passa best í karabíska rétti, aðrar í indverska karrírétti og enn aðrar á norður-evrópska villikryddaða lambasteik. Meðal krydda á lambið geta verið chili, kanell, kúmen og sesamfræ.

**FRÆÐST UM LANDBÚNAÐ** Almenningi gefst tækifæri til að skoða bóndabæi og kynna sér þau störf sem þar eru unnin. Þar er einnig hægt að kaupa vörur frá bæjunum. Á heimasíðunni bondi.is er hægt að finna þá bæi sem hægt er að heimsækja.



**GRÆNMETI Í ÁSKRIFT** Hægt er að panta lífrænar afurðir beint frá framleiðendum á heimasíðu Græna hlekkjarins www.graenihlekkurinn.is. Hægt er að panta vörurnar vikulega eða sjaldnar en pöntunartímabilið er frá þriðjudegi til hádegis á mánudag í næstu viku og pantanirnar eru afgreiddar á miðvikudegi og fimmtudegi þar á eftir.



**ÍSLENSKT TE** Á bænum Vallanesi á Fljótsdalshéraði er meðal annars ræktað bankabygg. Vinsælt er að nota bankabyggið í kjötsúpur en einnig er hægt að búa til úr því byggte. 1 dl bankabygg, 1 msk. sítrónubörkur, 1 kanelstöng. Aðferð: Þetta er soðið saman í 1 l af vatni í minnst 15 mínútur.

**AFMÆLISJÓGÚRT** Því var fagnað á dögunum að hin lífræna, íslenska jógúrt Biobú hefur verið sjö ár á markaði. Í upphafi var um að ræða þrjár bragðtegundir af jógúrtinni, hreina, jarðarberja og með múslíi. Í dag eru tegundirnar fleiri. Samkvæmt upplýsingum frá Biobú er Biobú eina lífræna mjólkurbúið á Íslandi. Þrír mjólkurframleiðendur leggja inn mjólk hjá Biobú en nóg framboð er af lífrænni mjólk um þessar mundir.






**MARKAÐSSTEMNING** Bændamarkaðir eru að verða algengir á Íslandi yfir sumartímann. Þar er oft hægt að nálgast vörur beint frá framleiðendum. Um auðugan garð getur verið að gresja meðal annars er oft hægt að finna heimatilbúnar neysluvörur eða handverk á þessum mörkuðum.







Fljótleg og fitulítil máltíð...

beint á grillið, í ofninn eða á pönnuna

FERSKAR KJÖTVÖRUR

Fæst í: 50 ára HAGKAUP fyrir íslendinga í 50 ár · BÓNUS · 10-11

## VIÐ MÆLUM MEÐ...



**RABARBARAKARAMELLUM** ótrúlega góðar og alveg ofboðslega íslenskar.



**SAFAPRESSU** til að búa til ferskan og sumarlegan ávaxtasafa úr íslenskum ávöxtum beint úr gróðurhúsinu.



**HVERARÚGBRAUÐI** með smjöri, ekkert er betra með nýjum fiski.

**HOLTSELSHNOSSI** heimatilbúna mjólkur- og rjómaísnum sem framleiddur hefur verið í rúmlega þrjú hundruð gerðum. Einnig er hægt er að fá rjómaís fyrir sykursjúka í fjórum bragðtegundum og ávaxtaís eða sorbet fyrir þá sem eru með mjólkur- og/eða eggjaóþol.





**BEINTFRABYLI.IS** heimasíðunni þar sem hægt er að fá upplýsingar um allt mögulegt sem er í boði.









**SELSHAMIR** Vík Prjónsdóttir tekur þátt í sýningunni í Norræna húsinu.



**HEKLUNGAR** Þá býr Rósa Sigrún Jónsdóttir til af einstakri natni.



**FALLEGUR HRYLLINGUR** Hér gefur að líta skordýr listakonunnar Patriciu Waller en sýning hennar í Norræna húsinu var unnin í samstarfi við átta íslenska listamenn, sem hver fékk úthlutað einu skordýri til að vinna með.

## PRJÓNAVIÐBURÐIR Á NÆSTUNNI



**PRJÓNUM ÚTI-DAGURINN**
Á milli klukkan 2 og 3 ætla prjónarar að hittast fyrir utan Norræna húsið og prjóna úti. Fólk er hvatt til þess að mæta í lautarferðarskapi, með teppi og nesti við hönd. Þetta er í þriðja sinn sem Prjónum úti-dagurinn er haldinn heilagur, en á fyrri viðburðum hafa í kringum hundrað manns mætt og sýnt þannig í verki að þeir séu stoltir af þeim lífsstíl að prjóna.

**FRJÁLST HEKL FYRIR KRAKKA**
Á sunnudaginn á milli klukkan 10 og 12 verður Edda Lilja Guðmundsdóttir, handavinnukennari og höfundur 52 húfur á 52 vikum, með frjálst hekl fyrir krakka í Barnahellinum, barnabókasafni Norræna hússins. Frítt er inn á viðburðinn.

**FYRIRLESTUR OG SJALAPRJÓN**
Á sunnudaginn milli klukkan 14 og 16 verður smiðja með stórsniðugum og vinsælum norskum konum sem standa að baki síðunni www.pickles.no. Fyrsti helmingurinn er helgaður síðu Pickles og starfsemi þeirra og svo tekur við skemmtilegt sjalaprjón, þar sem þær kenna undirstöðuatriði í sjali sem þær hönnuðu fyrir hátíðina og heitir „Íslensk sólarupprás". Frítt er inn á viðburðinn.

**DÓMÍNÓPRJÓN MEÐ VIVIAN HOXBRO**
Vivian Hoxbro flytur fyrirlestur um eigin verk og kennir gestum grunnatriði í dómínóprjóni. Í lok smiðjunnar prjóna allir einn dómínóhyrning. Prufurnar verða síðan hengdar upp á vegg og mynda saman eina heild. Nauðsynlegt er að kunna grunnatriði prjóns og þátttakendur koma með garn og prjóna með sér. Þátttaka kostar 2.000 krónur og skráning er á veffangið ilmur@nordice.is. Fá sæti eru laus.

**RÚSSNESKT HEKL**
Hinn frábæri kennari Patrick Hassel-Zein er höfundur nýrrar heklbókar, Rússneskt hekl, sem kemur út á dögunum frá Knitting Iceland. Á námskeiðinu mun hann fara í grunnatriði þessarar nýstárlegu heklaðferðar. Fyrir helgi voru einungis fá pláss laus á námskeiðið en skráning er á póstfangið ilmur@nordice.is.

**TVEGGJA DAGA NÁMSKEIÐ**
Fyrir þá sem vilja hella sér í prjónamennskuna er tilvalið að skella sér á tveggja daga námskeið í Kvennaskólanum á Blönduósi, dagana 24. til 25. júní. Þar gefst nemendum meðal annars tækifæri til að kynnast ullinni náið, hún kembd og spunnin á halasnældu. Seinni daginn verður kenndur vattarsaumur. Skráning og fyrirspurnir mega berast á póstfangið: textilsetur@simnet.is.





**LOGALANDSFJÖLSKYLDAN** Þegar dætur þeirra Ragnhildar og Katrínar fengu spurnir af því að blaðamaður væri á leið í heimsókn til að spjalla við mömmur þeirra um þau tímamót að hjónaband samkynhneigðra sé nú jafnrétthátt hjónabandi karls og konu sagði önnur þeirra: Nú! Hefur það ekki alltaf verið svoleiðis?“ Enda ekkert sjálfsagðara í þeirra huga en að mömmur þeirra megi gifta sig, alveg eins og foreldrar allra annarra.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Trúði aldrei að lífið yrði svona

Þegar **Ragnhildur Sverrisdóttir** var um tvítugt hélt hún að hefðbundið fjölskyldulíf gæti aldrei orðið hennar hlutskipti. En á undanförnum þrjátíu árum hafa hlutirnir smám saman breyst til hins betra. Síðasta lagaskrefið í þá átt var tekið á Alþingi í síðustu viku, þegar hjónaband samkynhneigðra var lagt til jafns við hjónaband karls og konu. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* heimsótti Ragnhildi Sverrisdóttur og **Hönnu Katrínu Friðriksson** á heimili þeirra og dætranna tveggja í Fossvoginum.

Í einu af fallegu raðhúsunum niðri við Fossvogsdal býr ósköp venjuleg fjögurra manna fjölskylda. Venjuleg nema að því leyti að í þessu húsi er engan karl að finna. Mömmurnar eru tvær og dæturnar tvær.

Svona sá að minnsta kosti önnur þeirra, Ragnhildur Sverrisdóttir blaðakona, ekki fyrir sér að lífið gæti orðið. „Þegar ég var tvítug sá ég það ekki fyrir mér að ég yrði einhvern tímann heimavinnandi framkvæmdastjórafrú í raðhúsi í Fossvoginum, eins og ég var um tíma,“ segir hún og hlær að aðstæðunum. Hún kann bersýnilega vel að meta það líf sem hún lifir með fjölskyldunni sem hún hélt aldrei að hún myndi eignast.

### Engin lesbía, bara einstaka hommi

Ragnhildur hefur verið fyrir utan hinn alræmda skáp, næstum nákvæmlega jafn lengi og formlega hefur verið barist fyrir réttindum samkynhneigðra á vettvangi Samtakanna ‘78. Á þessum þrjátíu árum hafa aðstæður samkynhneigðra snarbreyst. Síðasta lagalega vígið féll nýverið, þegar Alþingi samþykkti breytingu á hjúskaparlögum og lagði þannig hjónaband samkynhneigðra að jöfnu við hjónaband karls og konu.

„Ég fór að fara á fundi hjá samtökunum fljótlega eftir að þau voru stofnuð, líklegast árið 1979,“ rifjar Ragnhildur upp. „Við vorum náttúrulega langt á eftir hér – þau heita Samtökin ‘48 í Danmörku.

Á þessum tíma voru lesbíur ekki í umræðunni. Fólk hafði spurnir af einstaka homma, sem þá þótti jafnan líka svolítill furðufugl. „Venjulegt“ og opinberlega samkynhneigt fólk var ekki til. „Það var enn þá talað um kynvillinga þá og þegar samtökin reyndu að auglýsa samkomur sínar í Ríkisútvarpinu voru þær bannaðar og borið við að orðið lesbía væri útlenska. Það var líka vesen fyrir samtökin að fá sali leigða. Maður þarf ekki annað en að fara á Gay Pride til að sjá hvernig þetta hefur umturnast.“

### Verst að lifa í óttanum

Í kringum tvítugsaldurinn sá Ragnhildur fyrir sér að lífið gæti átt eftir að verða talsvert strögl. Lengi vel var það hennar eina huggun að hún væri þó alla vega ekki hommi, enda hafa þeir alltaf verið fordæmdari en lesbíur. „Barneignir voru auðvitað eitthvað sem maður þorði varla að leiða hugann að. Hvað þá að það yrði hægt að búa með konunni sinni og börnum opinberlega. En með hverju skrefinu sem ég tók kom í ljós að ég þurfti ekki að ganga á neina veggi. Ég ímyndaði mér að ég myndi missa vinnuna, einhverjir vina minna myndu ekki tala við mig framar, jafnvel að fjölskyldan myndi snúa við mér bakinu. Ekkert af þessu rættist.“ Hún heldur sjálf að þeim fari hratt fækkandi sem feli sambönd sín fyrir umheiminum. „Hugsaðu þér að búa með ástinni þinni og finnast þú þurfa að fela það fyrir öllum. Ég get varla ímyndað mér neitt verra. Ég vona að það séu ekki margir í þeirri aðstöðu lengur.“

### Stelpurnar koma í heiminn

Þær Ragnhildur og Hanna Katrín Friðriksson kynntust þegar þær störfuðu báðar sem blaðamenn á Morgunblaðinu á tíunda áratugnum. Þær urðu fljótt par og það leið ekki heldur á löngu uns þær voru farnar að gæla við þá hugmynd að eignast barn. Það varð hins vegar ekki af því fyrr en árið 2000, þegar Hanna Katrín var í MBA-námi í Kaliforníu. Þar varð hún ófrísk að Elísabetu og Margréti, sem komu í heiminn í mars árið 2001. Tveimur mánuðum fyrr hafði kærustuparið gengið í staðfesta samvist, sem hafði verið gert mögulegt með lögum árið 1996 og var stærsta skref sem tekið hefur verið jafnréttisátt fyrir samkynhneigða hér á landi.

Eftir fæðingu dætranna voru þær Ragnhildur og Hanna Katrín nú reiðubúnar að fara að mæta mótlætinu. Það hefur hins vegar ekki enn þá skollið á þeim að neinu ráði og alls ekki bitið á þeim. Stelpurnar hafa heldur aldrei mætt fordómum. „Það var einna helst í leikskólanum að þær voru öfundaðar fyrir að eiga tvær mömmur. Það var bara plús,“ segir Ragnhildur.

### Kerfið fær stóran plús

Það er tiltölulega nýskeð að börn alist upp í opnum samböndum tveggja kvenna eða tveggja karla. Sú staðreynd, að stelpurnar finni svo lítið fyrir andstreymi, hlýtur bara að vera ágætiseinkunn fyrir íslenska kerfið. Eða hvað? „Kerfið hefur verið stórkostlegt, hvort sem litið er á leikskólakerfið, heilbrigðiskerfið eða skólakerfið. Það hefur ekki einu sinni gerst að þær hafi komið heim og sagst hafa fengið að heyra þetta eða hitt slæmt í skólanum.“

Ýmsu hafa þær Hanna Katrín og Ragnhildur þó þurft að hugsa fyrir, sem aðrir foreldrar þurfa ekki að leiða hugann að. Til að mynda varð Ragnhildur ekki sjálfkrafa skráð foreldri stúlknanna, þótt þær byggju í staðfestri samvist. Hún þurfti því að stjúpættleiða dætur sínar. „Það var óneitanlega svolítið sérkennilegt að fá barnaverndaryfirvöld í heimsókn, til að ganga úr skugga um að börnin byggju á góðu heimili fósturforeldris.“

Í nýju lögunum er gert ráð fyrir að fæðist börn í sambandi teljist eiginkona móðurinnar foreldri. Þessi galli er því nú úr sögunni.

### Ekkert vandamál

Það er augljóst á því hvernig þær Ragnhildur og Hanna Katrín tala, að þeim finnst þær aðstæður sem þær lifa í hreinlega ekki vera nokkurt vandamál, sem tekur því að tala um. „Kannski hjálpaði það til að það höfðu verið svo miklar hindranir áður að þessar sem við höfum staðið frammi fyrir eru svo litlar í samanburðinum,“ segir Ragnhildur. „En auðvitað hefur maður þurft að ýta aðeins á eftir gæfunni sjálfur. Margir segja að það hjálpi til hvað við erum lítið samfélag. En svo eru önnur lítil samfélög, eins og til dæmis Færeyjar, sem eru eins og langt aftur í miðöldum þegar að þessu kemur. Þar hefur kirkjan svo miklu meiri ítök en hér.“

### Sögðu sig úr þjóðkirkjunni

Talandi um kirkjuna. Þær Ragnhildur og Hanna Katrín skráðu sig úr íslensku þjóðkirkjunni þegar Karl Sigurbjörnsson biskup lét þau orð falla, árið 2006, að hjónabandinu yrði kastað á sorphaugana ef samkynhneigðir fengju að giftast. Þær hafa verið í Fríkirkjunni í Reykjavík síðan.

En hversu mikilvægt er það fyrir samkynhneigða að geta gift sig innan þjóðkirkjunnar? „Það er auðvitað mikilvægt, því þjóðkirkjan er samofin fjölskyldunni og fjölskylduhefðum. Hún er samofin lífinu, frá skírn og til enda. Þjóðkirkjan hefur alltaf skipt mig máli, þó hún skipti mig minna máli í dag. En það er ekki fyrir mína tilstuðlan. Ég lít svo á að það hafi verið hún sem fjarlægðist mig, ekki ég hana.“

### Kvenréttindin mesta baráttumálið

Burtséð frá því hvernig Kirkjuþingið síðasta tókst á um málið voru skilaboð Alþingis Íslendinga, sem hefur völdin, skýr. Þar voru breytingar á hjúskaparlögunum samþykktar einhljóða. „Það er auðvitað með ólíkindum að þessi lagasetning skuli fljúga í gegnum þingið. Nú hafa samkynhneigðir öll sömu réttindi og aðrir. En það er ekki þar með sagt að það þurfi ekki að passa upp á þau. Það er eins með þetta og kvenréttindin, sem hefur komið reglulega mikið bakslag í. Þegar Samtökin ‘78 voru stofnuð fyrir 32 árum var jafnrétti kynjanna bara „ef ekki á næsta ári, þá því þarnæsta“. En það hefur ekkert batnað frá því þá, það er bara þannig.“

Og það er sú réttindabarátta sem er þeim Ragnhildi og Hönnu Katrínu efst í huga í uppeldinu. „Við erum tvær konur með tvær dætur og hljótum að leggja áherslu á að þær fái sömu tækifæri og strákar. Konur af minni kynslóð hafa klikkað á að uppfræða dætur sínar því af barnaskap héldu þær að þetta væri bara komið. Nú er þess vegna vaxin upp heil kynslóð af konum sem lætur sig kvenréttindi ekkert varða. Hvað voru þær konur að hugsa, sem fóru í gegnum lífið á lægri launum með færri tækifæri, að ala dætur sínar svona upp?“

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## NÝTT KORTATÍMABIL SPARAÐU MEÐ BÓNUS

100% HREINIR HAMBORGARAR

Nautaveisla 4 hamborgarar 60g með brauði

698 KR. PK

FJÓRIR FERSKIR NAUTAHAMBORGARAR 4 STK M/BRAUÐI

froosh 250 ml flaska 298 kr.

pick me up. / in fruit we trust. / one ingredient: fruit. / no bad stuff. zilch, zero, nada.

LOKSINS KOMIÐ AFTUR

1398 KR.KG

FERSKT KRYDDAÐ HEIÐALAMB

MERKT VERÐ 1998 KR.KG. 30% AFSLÁTTUR

VINSÆLAST Á GRILLIÐ Í BÓNUS

998 KR.KG

KS FROSNAR LAMBA SIRLOIN-SNEIÐAR

ÍSLENSKIR TÓMATAR PAKKAÐIR CA. 1 KG. 249 KR.KG.

2698 KR.KG

KS FROSIÐ LAMBA FILLET

**Sérskorið ferskt lambalæri**
Efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt á lærinu og minna bein !

1258 KR.KG

BÓNUS FERSKT LAMBALÆRI
FRÁBÆRAR UPPSKRIFTIR Á MATREIÐSLU Á LAMBALÆRI Á www.bonus.is

565 KR.KG

KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 664 KR.KG 15% AFSLÁTTUR

BÓNUS FLATKÖKUR 5 STK.

98 KR. PK

25% AFSLÁTTUR AF SAMLOKUOSTI
1157 KR/KG.
Merkt verð 1542 kr.kg.

DILETTO LÚXUS KAFFI
400g MALAÐ EÐA BAUNIR

298 KR.PK

179 KR.2 LTR.

159 KR. DS
BÓNUS HRÁSALAT 350G

259 KR. STK
PRINGLES TVÆR GERÐIR

198 KR. 270ML
BÓNUS KÖLD GRILLSÓSA

139 KR.PK
4 STÓR BÓNUS HAMBORGARABRAUÐ

111 KR.PK
FIMM BÓNUS PYLSUBRAUÐ

CA. 28 KR. PYLSAN
598 KR. KG
BÓNUS PYLSUR
25% AFSLÁTTUR

74 KR. 500 ML

SÆLGÆTISBARINN Í BÓNUS
Enginn afsláttur bara gott verð alla daga
898 kr.kg.

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18







# Góður matur *er mannsins megin*

Þótt þú farir í sumarfrí þarftu ekki að borða eiturbras í öll mál. Fréttablaðið safnaði ábendingum um góða og sjarmerandi veitingastaði og kaffihús víðs vegar um landið sem gætu reynst svöngum ferðalöngum griðastaðir í hafsjó vegasjoppanna.




### 1. BÚÐIR
**Hótel Búðir**

Glæsilegur veitingastaður í fallegu umhverfi.

### 2. HELLNAR
**Fjöruhúsið**

Niðri í fjörunni á Hellnum er að finna kaffihúsið Fjöruhúsið, umvafið náttúru við rætur Snæfellsjökuls.

### 3. RIF
**Gamla Rif**

Kósí kaffihús í gömlu húsi. Eðalkaffi og góðar súpur.

### 4. BÚÐARDALUR
**Leifsbúð**

Niðri við smábátahöfnina í Búðardal stendur kaffi- og veitingahúsið Leifsbúð.

### 5. FLATEY
**Hótel Flatey**

Gestakokkar verða á ferðinni á veitingastað hótelsins í Flatey í sumar svo fjölbreytnin mun ráða ríkjum á matseðlinum.

### 6. RAUÐISANDUR
**Franska kaffihúsið**



Kökur og vöfflur og dásamlegt umhverfi á einum fallegasta stað landsins. Kaffihúsið opnar 22. júní.

### 7. ÞINGEYRI
**Simbahöllin**

Dásamlegt kaffihús í gömlu húsi sem gert hefur verið upp af eigendunum. Belgískar vöfflur, bjór, kaffi og sitt lítið annað í boði.

### 8. FLATEYRI
**Vagninn**

Ekta þorpsbar með alvöru þorpsstemningu. Matseðillinn breytist á hverjum degi eftir því hvað er gott þann daginn.

### 9. ÍSAFJÖRÐUR
**Tjöruhúsið**

Einn besti fiskveitingastaður landsins er rekinn í Neðstakaupstað á Ísafirði. Fiskur gerist ekki ferskari.

### 10. BJARNARFJÖRÐUR
**Hótel Laugahóll**

Á þessu afskekkta sumarhóteli í umhverfi Bjarnarfjarðar ræður Matti franski ríkjum, rómaður töframaður í eldhúsinu.

### 11. SKAGAFJÖRÐUR
**Lónkot**

Réttir dagsins eru eldaðir úr því sem vex og veiðist í Skagafirðinum.

### 12. AKUREYRI
**Rub 23**

Sushistaður sem heimamenn mæla með.

### 13. MÝVATN
**Gamli bærinn**

Kaffiveitingar og góður matur sem engan svíkur.

### 14. EGILSSTAÐIR
**Kaffi Nielsen**

Góður matur framreiddur í aldargömlu fallegu húsi. Hreindýrasteikin gleymist seint.

**Gistihúsið Egilsstöðum**

Sérlega sjarmerandi veitingastofa í gömlu húsi á bökkum Lagarfljótsins.

### 15. FLJÓTSDALSHÉRAÐ
**Klausturkaffi Skriðuklaustri**

Í villtri náttúru Fljótsdalshéraðs finnst eðalhráefni af ýmsu tagi sem ratar í réttina á Klausturkaffi.



### 16. BORGARFJÖRÐUR EYSTRI
**Álfa Café**

Mælt er með fiskisúpu á þessum notalega stað sem er tilvalinn áningarstaður eftir skoðun á náttúperlum staðarins.

### 17. SEYÐISFJÖRÐUR
**Hótel Aldan**

Fyrsta flokks veitingahús þar sem mikil áhersla er lögð á að nota hráefni úr næsta nágrenni.

### 18. REYÐARFJÖRÐUR
**Hjá Marlene**

Krúttlegur kaffistaður á Reyðarfirði í yfir 100 ára gömlu húsi sem Marlene og maðurinn hennar gerðu sjálf upp.

### 19. BREIÐDALUR
**Café Margrét**

Þýsk hjón fluttu til Íslands og byggðu veitingahúsið í stíl þýskra. Góður matur í þeirra anda.

### 20. HÖFN Í HORNAFIRÐI
**Humarhöfnin**

Stendur rétt við bryggjuna á Höfn í gömlu verslunarhúsi. Humar er sérsvið veitingastaðarins.

**Cafe Tulinius**

Yndislegt kaffihús í elsta húsi Hafnar í Hornafirði. Kökur, brauð og súpur.

### 21. GRÍMSNES
**Græna kannan**

Lífrænt kaffihús á Sólheimum í Grímsnesi í stórkostlegu umhverfi.

### 22. LAUGARVATN
**Lindin**

Góður veitingastaður með stórum og skjólgóðum palli.

### 23. STOKKSEYRI
**Við fjöruborðið**

Frábær veitingastaður í dásamlegu umhverfi. Humarinn svíkur engan.

### 24. EYRARBAKKI
**Rauða húsið**

Skemmtilegt andrúmsloft og góður matseðill sem byggist að mestu leyti á sjávarréttum.

## Sólin er í hæstu hæðum og því er fagnað um allt land um helgina

**Sólstöðuhátíð í Grímsey**

Sólstöðuhátíð í Grímsey verður haldin í þriðja sinn helgina 18. til 20. júní.

**Sólstöðuhátíð Kópaskers**

Íbúar Kópaskers fyrr og síðar halda Sólstöðuhátíðina hátíðlega 18. til 20. júní. Kvennahlaup, tónleikar, grillveisla og fleira.

**Rauðanes í Þistilfirði**

Rauðaneshelgin verður haldin við Rauðanes í Þistilfirði dagana 19. til 20. júní. Rómantískar siglingar, harmónikutónlist og kakó. Á sunnudeginum má finna útimarkað við Svalbarðsskóla.

**Jónsmessa á Hofsósi**

Íbúar Hofsóss blása til ævintýradaga í tilefni Jónsmessunnar, með skemmtilegri dagskrá fyrir alla fjölskylduna, frá föstudeginum 18. júní til sunnudagsins 20. júní.

**Bjartar nætur á Vatnsnesi**

Þann 19. júní munu húsfreyjurnar á Vatnsnesi framreiða þjóðlegar veitingar á veglegu Fjöruhlaðborði í Hamarsbúð á vestanverðu Vatnsnesi. Glens, gaman, tónlist og fjöldasöngur verða auk þess í stórtjaldi.

**Viðeyjarhátíðin**

Viðeyjarhátíðin verður haldin 20. júní. Hún er orðin fastur liður í sumardagskrá margra fjölskyldna sem bregða sér yfir sundin og njóta þess sem Viðey hefur upp á að bjóða.

**Gönguferð í Gránunes**

Gengið verður frá Gísláskála í Svartárbotnum laugardaginn 19. júní klukkan 13. Til að koma í Gránunes þarf að vaða Svartá, nokkuð sem þátttakendur þurfa að vera viðbúnir. Að göngu lokinni bjóða staðarhaldarar í Svartárbotnum uppá kaffi og kökur í Gísláskála.

## Safnaðu síðunum!

Í sumar ætlar Fréttablaðið að leggja sitt af mörkum til að gera sumarfrí lesenda sinna aðeins innihaldsríkara og miklu skemmtilegra.

Næstu helgar birtist í helgarblaði Fréttablaðsins Íslandskort með upplýsingum fyrir ferðalanga. Fyrsta kortið vísar veginn að nokkrum dýrindis veitingahúsum víðs vegar um landið. Á næstu vikum má svo búast við leiðarvísum að fjölskylduvænni afþreyingu, áhugaverðum gönguleiðum, bæjarhátíðum og öðrum perlum sem vert er að muna eftir á ferðalaginu um landið.

Safnaðu síðunum og taktu þær með þér í fríið.





# VIÐ EIGUM ÖLL SAMLEIÐ!



Veiðar
á stórhvölum
hafa oft í för
með sér langt
**dauðastríð**

13 milljónir manna í 119
löndum fóru í hvalaskoðun
á síðasta ári sem skilaði
460 milljörðum
króna í tekjur

Langflest stórhveli
lifa á smágerðum kröbbum og fiski
sem maðurinn nýtir ekki

Flestar tegundir stórhvala
eru í sögulegu lágmarki

## VERNDUN LÍFRÍKIS SJÁVAR ER EITT AF BRÝNUSTU VERKEFNUM SAMTÍMANS

Við Ísland lifa óvenju margar tegundir hvala
eða um **20** af alls um **80** þekktum hvalategundum á jörðinni.

Hvalaskoðun er hagkvæmasta og mannúðlegasta nýting hvalastofna
við Ísland. Átta hvalaskoðunarfyrirtæki eru starfandi á Íslandi.

**Virðum náttúruna og njótum hennar!**

IFAW.org

ice whale

VILT ÞÚ STYÐJA ÞENNAN MÁLSTAÐ Í VERKI? Sendu þá mynd af þér með hvalsporðinn á netfangið: eigumsamleid@gmail.com

## MÆLISTIKAN



■ **Á uppleið**

**Hjólreiðar** „Það er ekkert fallegra en kona á hjóli," sagði maðurinn, og það er margt til í því. Karlar eru líka sætir á hjólum, og börn að sjálfsögðu.



**Rigning** Hún hefur aldrei verið eins góð og núna þegar maður finnur hvernig hún hreinsar öskumengað loftið.



**Gamla höfnin** Það iðar allt af lífi á gamla hafnarsvæðinu, uppbyggingin í gömlu verbúðunum að fara á fullt og innan skamms verður þetta með skemmtilegri svæðum borgarinnar.

■ **Á niðurleið**



**Lánastofnanir** Það er ekki bjart fram undan hjá lánastofnunum, sem héldu krísufundi á meðan lántakendur fögnuðu dómi Hæstaréttar um ólögmæti gjaldeyrislána í vikunni.



**Mávarnir á Tjörninni** Einhvers staðar verða vondir að vera. En er ekki fulllangt gengið að hrekja endurnar í burtu og borða allt brauðið sjálfir?



**Mismunun** Alþingi fékk plús í kladdann þegar það gerði loksins hjónabönd samkynhneigðra jafnhá hjónaböndum karla og kvenna.


Sumarhappdrætti

# Krabbameins-félagsins

Útdráttur
17. júní 2010

## Vinningar

Birt án ábyrgðar

**Urban Cruiser GX, 4.915.000 kr.**

33929

**Greiðsla upp í bifreið eða íbúð, 1.000.000 kr.**

103140

**Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun, 200.000 kr.**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 126 | 17833 | 55828 | 86150 | 132502 |
| 252 | 23174 | 72354 | 91050 | 138125 |
| 5465 | 35834 | 80321 | 110099 | 141872 |
| 8858 | 50149 | 81365 | 119094 | 142588 |

**Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun, 100.000 kr.**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 467 | 12028 | 26373 | 40625 | 57443 | 69241 | 84016 | 101667 | 116004 | 134420 |
| 802 | 12301 | 26935 | 41909 | 57844 | 70523 | 85933 | 103516 | 116935 | 134901 |
| 1786 | 15502 | 28382 | 43258 | 58108 | 70691 | 86403 | 103528 | 117570 | 135249 |
| 2105 | 15585 | 28405 | 44393 | 58326 | 70808 | 88409 | 105549 | 118440 | 135705 |
| 2265 | 16565 | 30415 | 47590 | 58539 | 72716 | 89034 | 106254 | 121153 | 135828 |
| 2505 | 16576 | 34090 | 48026 | 59638 | 73118 | 91581 | 107270 | 123486 | 137152 |
| 2657 | 17308 | 34545 | 48629 | 59714 | 73831 | 92423 | 107281 | 123559 | 138512 |
| 2768 | 18425 | 35690 | 48769 | 60208 | 75714 | 92480 | 107391 | 126736 | 139938 |
| 4765 | 18940 | 36544 | 51884 | 61495 | 76275 | 96159 | 108706 | 128843 | 141278 |
| 5234 | 19048 | 37687 | 53795 | 63067 | 76317 | 97332 | 109329 | 129844 | 142738 |
| 5624 | 20799 | 37691 | 54007 | 63275 | 77958 | 97930 | 110386 | 130447 | |
| 7079 | 22198 | 38587 | 56716 | 65207 | 80485 | 98774 | 112171 | 130568 | |
| 8438 | 22689 | 39449 | 57067 | 65743 | 81472 | 99289 | 112991 | 130580 | |
| 9461 | 23169 | 39799 | 57188 | 66712 | 81795 | 100335 | 113860 | 132474 | |
| 9521 | 25534 | 40184 | 57257 | 67228 | 83679 | 100802 | 114762 | 133712 | |

Krabbameinsfélagið þakkar landsmönnum veittan stuðning.

Handhafar vinningsmiða framvísi þeim á skrifstofu Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8, sími 540 1900.

Byrjað verður að greiða út vinninga 1. júlí nk.

Krabbameinsfélagið
www.krabb.is


# Þrautþjálfaðir fim

**MYNDBROT ÚR DEGI** | **Fimmtudaginn 17. júní Myndir teknar á Sony**

Fimleikatrúðarnir Fröken Áhald og Fröken Prufa, sem stundum ganga undir nöfnunum **Sóley Anna Benónýsdóttir** og **Telma Jóhannesdóttir,** hafa leikið listir sínar saman opinberlega í nokkur ár, þótt þær séu ekki eldri en þrettán og tólf ára. Þær létu sig ekki vanta á á sautjánda júní skemmtunina í miðbæ Reykjavíkur og sýndu akróbatlistir sínar við mikinn fögnuð áhorfenda, sem tóku andköf þegar Fröken Áhald þeytti Fröken Prufu um loftin blá.







**4** Fimleikatrúðarnir koma með enn eitt snildaratriðið, áhorfendum til mikillar gleði!





**5** Fimleikatrúðurinn Fröken Áhald fær sér kvöldmat með föður sínum og maturinn rennur ljúflega niður eftir eril dagsins.

# leikatrúðar

## Cyber Shot.





1 Fimleikatrúðurinn Fröken Áhald hóf daginn á því að troða upp á Arnarhóli með Lýðveldisleikhúsinu.

3 Fröken Prufa stendur öruggum fótum á öxlum Frökenar Áhalds í Hljómskálagarðinum



2 Trúðarnir tveir að gera sig tilbúna undir sýninguna í Hljómskálagarðinum og ekki að sjá að þeir kvíði fyrir atriðinu.



6 Góður dagur endar á frábærum tónleikum á Arnarhóli í góðra vina hópi!


Sértilboð

Stökktu til

Costa del Sol

22. júní

Frá aðeins kr. 69.900 í 14 nætur



14 nátta ferð – ótrúleg kjör!

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á allra síðustu sætunum 22. júní í 14 nætur til eins allra vinsælasta sólaráfangastaðar Íslendinga, Costa del Sol. Costa del Sol býður allt það helsta sem maður getur óskað sér í fríinu. Þú bókar flugsæti og gistingu og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Gríptu þetta einstaka tækifæri til að njóta lífsins á þessum vinsæla áfangastað í sumarfríinu. Fjölbreytt önnur sértilboð jafnframt í boði bæði 22. júní og 6. júlí.

Ath. takmarkaður fjöldi sæta og gistingar í boði - verð getur hækkað án fyrirvara.

Kr. 69.900 – 14 nátta ferð

Verð m.v. m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2–11 ára, í íbúð með 1 svefnherbergi í 14 nætur. Verð m.v. 2–3 í herbergi / stúdíó / íbúð kr. 74.900. Sértilboð 22. júní.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.






**Sýningin Náttúran í hönnun verður opnuð í dag 19. júní í Ljósafossstöð.** Þar verður boðið í ferðalag um hlutgerða náttúru íslenskra hönnuða og skyggnst inn í hugarheim þeirra. Sýnendur eru rúmlega 30 talsins.

**Sýningin verður opin til 28. ágúst, alla daga vikunnar.** Opnunartími er 13–17 virka daga og 13–18 um helgar.

Sýningarstjóri
Hlín Helga Guðlaugsdóttir

Hönnuðir á sýningunni
Árni Grétarsson
Aurum
Björg Juto
Borðið/Leir 7
Dagný Bjarnadóttir
Friðgerður Guðmundsdóttir
Guðrún Björk Jónsdóttir
Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir
HAF
Hanna Jónsdóttir
Hreinn Bernharðsson
Hildur Yeoman
Hrafnkell Birgisson
Ingibjörg Hanna
Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir
Jón Björnsson
Katrín Ólína
Kría design
Kristín Birna Bjarnadóttir
Óðinn Bolli
Ragnheiður Ösp
Hugdetta
Sigríður Sigurjónsdóttir
Sigríður Sigþórsdóttir
Sigurður Már Helgason
Snæfríð Þorsteins & Hildigunnur Gunnarsdóttir
Sruli Recht
Steinunn Sigurðardóttir
Tinna Gunnarsdóttir
Tuesday Project
Vík Prjónsdóttir
Þórunn Árnadóttir

Náttúran í hönnun er samstarfsverkefni Hönnunarmiðstöðvar Íslands og Landsvirkjunar.

Nánari upplýsingar
www.honnunarmidstod.is
www.landsvirkjun.is

Landsvirkjun

Hönnunarmiðstöð Iceland Design Centre

†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Garðar Halldórsson**

pípulagningameistari
Álfaskeiði 72, Hafnarfirði,

sem lést þann 15. júní, verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 22. júní kl. 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Unnur Garðarsdóttir** — Örn Þór Þorbjörnsson
**Gylfi Garðarsson**
**Hólmfríður Garðarsdóttir.**

**SALMAN RUSHDIE FÆDDIST ÞENNAN DAG:**

*„Efinn er ráðandi ástand mannvera á tuttugustu öldinni.“*

***Indverski rithöfundurinn Salman Rushdie fæddist í Bombay árið 1947 en er búsettur í Bretlandi. Bók hans Söngvar Satans frá 1988 olli miklu fjaðrafoki meðal múslima.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 19. JÚNÍ 1994

## *Fyrstu sólótónleikar Bjarkar*

Á þessum degi árið 1994 hélt Björk Guðmundsdóttir sína fyrstu tónleika á Íslandi sem sólólistamaður, en plata hennar Debut hafði slegið í gegn um víða veröld árið áður. Miðarnir á hljómleikana í Laugardalshöllinni, þar sem danshljómsveitin Bubbleflies hitaði upp og Bretarnir í Underworld stigu síðastir á svið, seldust upp og munu miðar hafa gengið kaupum og sölum fyrir utan Höllina á geypiverði.

Fyrr um daginn hafði Björk stokkið úr fallhlíf og lent á gervigrasinu í Laugardalnum, þar sem hún söng Akkerislagið af Debut fyrir átta þúsund viðstadda gesti. Á tónleikunum um kvöldið vakti athygli að



Björk söng flest laganna á íslensku þótt upprunalegu textarnir væru á ensku. Ekki vakti minni athygli þegar Björk, um miðbik tónleikanna, bað áhorfendur um mínútu langa þögn til að minnast hinnar látnu hljómsveitar Ham, en sú sveit hafði lagt upp laupana í júní þetta ár en átti síðar eftir að koma saman aftur.

GRAND
erfidrykkjur
Hlýlegt og gott viðmót á Grand hótel.
Fjölbreyttar veitingar lagaðar á staðnum.
Næg bílastæði og gott aðgengi.
Verið velkomin
Grand Hótel Reykjavík
Sigtún 38, 105 Rvk.
Sími: 514 8000
www.grand.is
erfidrykkjur@grand.is
Grand HÓTEL REYKJAVÍK

AFMÆLI



**ÖRN ÁRNASON** leikari er 51 árs.



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON** utanríkisráðherra er 57 ára.



**ENN LANGT Í LAND** „Það er nauðsynlegt að minnast þess að það er ekkert voðalega langt síðan konur og karlar voru allt annað en jöfn á Íslandi,“ segir Halldóra Traustadóttir, framkvæmdastjóri Kvenréttindafélags Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

KVENRÉTTINDADAGURINN: HALDINN HÁTÍÐLEGUR Í RÁÐHÚSINU Í DAG

# SAMEINAST UM HÁTÍÐAHÖLD

„Það er nauðsynlegt að minnast þess að það er ekkert voðalega langt síðan konur og karlar voru allt annað en jöfn á Íslandi. Það er gott tilefni á þessum degi að minna á að þótt við höfum fengið kosningarétt fyrir næstum hundrað árum, þýðir það ekki að jafnréttisbaráttunni sé lokið og að við getum lagst upp í sófa,“ segir Halldóra Traustadóttir, framkvæmdastjóri Kvenréttindafélags Íslands (KRFÍ). Kvenréttindadagurinn er haldinn hátíðlegur í dag með dagskrá í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur klukkan 16, en 95 ár eru liðin síðan konur eldri en fjörutíu ára fengu kosningarétt á Íslandi. Fimm árum síðar fengu svo allar konur kosningarétt óháð aldri.

Dagskráin er haldin í samvinnu við Skotturnar – félag um 24. október, sem eru nýstofnuð regnhlífasamtök sextán kvenna- og kvenréttindafélaga á Íslandi. Í Tjarnarsalnum í dag verða samtökin kynnt og þeir mörgu viðburðir sem fara fram í haust í tilefni 35 ára afmælis kvennafrídagsins, þegar tugþúsundir kvenna yfirgáfu vinnustaði sína og söfnuðust saman í miðbæ Reykjavíkur árið 1975. „Kvennafrídagurinn verður reyndar haldinn hátíðlegur þann 25. október næstkomandi vegna þess að 24. október ber upp á sunnudag. En ætlunin er að standa fyrir veglegri dagskrá dagana 23. til 25. október í tilefni afmælisins,“ segir Halldóra.

Fyrir fimm árum, árið 2005, voru konur hvattar til að ganga út af vinnustöðum sínum klukkan átta mínútur yfir tvö á kvennafrídaginn, því þá höfðu þær unnið fyrir kaupinu sínu ef tekið var mið af launamun kynjanna. Í dag verður tilkynnt á hvaða tíma konur verða hvattar til að yfirgefa vinnustaði sína í ár, en að sögn Halldóru verður aðalumræðuefni útifundarins í október næstkomandi hvers kyns ofbeldi gegn konum.

Verndari kvennafrídagsins 2010 er Vigdís Finnbogadóttir og heldur hún stutta tölu af því tilefni í Ráðhúsinu í dag. Þá verður úthlutað úr Menningar- og minningasjóði kvenna, úrslit kynnt í hönnunarsamkeppni Skottanna og Hönnunarmiðstöðvar Íslands á barmmerki kvennafrídagsins, Áfram stelpur hópurinn, sem skipaður er söngkonunum Brynhildi Björnsdóttur, Eline McKay, Margréti Pétursdóttur og Esther Jökulsdóttur auk píanóleikarans Arnhildar Valgarðsdóttur, tekur lagið og ýmislegt fleira. Að dagskránni lokinni fer fram móttaka í boði Reykjavíkurborgar.

kjartan@frettabladid.is

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Helga Fanney Stefánsdóttir**

Rauðagerði 12,

lést miðvikudaginn 16. júní. Útförin verður auglýst síðar.

**Jónína Kárdal** — **Þorbjörn Vignisson**
**Anna María Kárdal** — **Ásgeir Karl Ólafsson**
**og barnabörn.**

---



†

*Elskulegur bróðir og mágur,*

**Jónas Jónsson**

lést á Landsspítalanum 15. júní. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu fimmtudaginn 24. júní kl. 15.00.

**Arnbjörg Jónsdóttir Waage**
**Geir Jónsson**
**Ingunn Stefánsdóttir**

---



†

*Innilegar þakkir viljum við færa öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Hreins Ketilssonar**

Sunnuhlíð, Svalbarðsströnd.

**Hólmfríður Hreinsdóttir** — **Stefán Stefánsson**
**Ingibjörg Hreinsdóttir** — **Haukur Már Ingólfsson**
**Hólmkell Hreinsson** — **Kristín Sóley Sigurvinsdóttir**
**afa- og langafabörn.**

---



†

*Elskaður eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Magnús Ó. Stephensen**

Suðurtúni 27, Álftanesi,

lést á Líknardeild Landspítalans aðfaranótt 17. júní. Jarðarförin auglýst síðar.

**Guðbjörg I. Stephensen**
**Kristbjörg Stephensen** — **Björn H. Halldórsson**
**Ragnheiður Stephensen**
**Lilja Þóra Stephensen** — **Arnar Helgason**
**og barnabörn.**

---



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hjördís Jóhannsdóttir**

Furugerði 1, Reykjavík,

lést á Líknardeild Landspítalans, Kópavogi, sunnudaginn 6. júní. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Elías Héðinsson** — **Björg Jónsdóttir**
**Atli Héðinsson** — **Pia Héðinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur Jakob Helgason**

Hrafnistu í Reykjavík,
áður til heimilis á Patreksfirði,

lést fimmtudaginn 10. júní sl. á Hrafnistu í Reykjavík. Útför hans hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Veronika Pétursdóttir**
**Kristín Ólafsdóttir** — **Sigurður Guðjónsson**
**Pétur Ólafsson**
**Bjarki Ólafsson**
**Sigþrúður Ólafsdóttir** — **Björn J. Hannesson**
**Guðrún Ólafsdóttir** — **Vignir Richardsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Okkar ástkæra*

**Emma Árnadóttir**

sem lést sunnudaginn 13. júní, verður jarðsungin frá Akraneskirkju mánudaginn 21. júní kl. 14.00.

**Ágústa G. Garðarsdóttir** — **Henry Stefánsson**
**Árni Ingi Garðarsson** — **Ástríður S. Valbjörnsdóttir**
**Edda K. Lystrup** — **Arne Lystrup**
**Ásdís Þr. Garðarsdóttir** — **Björn Guðmundsson**
**Hafdís Garðarsdóttir** — **Rúnar Ásgeirsson**
**Hörður Garðarsson** — **Þóranna Kjartansdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Hjartans þakkir til allra er sýndu okkur stuðning og hlýhug í veikindum og við andlát ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Gunnars Gestssonar**

Heiðarbæ 13, Reykjavík.

**Sólveig Jóhanna Guðmundsdóttir**
**Sigríður Lára Gunnarsdóttir** — **Lýður Skúli Erlendsson**
**Torfi Gunnarsson**
**Grímur Gunnarsson**
**og barnabörn.**



*Okkar ástkæri*

**Guðmundur Georgsson**

læknir
Hæðargarði 3C, Reykjavík,

lést sunnudaginn 13. júní. Útförin fer fram frá Langholtskirkju mánudaginn 21. júní kl. 15.

**Örbrún Halldórsdóttir**
**Halldór Guðmundsson** — **Anna Vilborg Dyrset**
**Örbrún Guðmundsdóttir** — **Heinrich Berger**
**Hrafnhildur Guðmundsdóttir** — **Magnús Hauksson**
**Gunnþórunn Guðmundsdóttir** — **Dagur Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þorbjörg Georgsdóttir**

frá Miðhúsum í Breiðuvík,

síðast til heimilis Hólabraut 19, Hafnarfirði, lést á Hrafnistu í Hafnarfirði miðvikudaginn 16. júní.

**Jón Guðmundsson** — **Áslaug Garðarsdóttir**
**Lára Guðmundsdóttir** — **Guðbjartur Daníelsson**
**Jenný Guðmundsdóttir** — **Gunnar Guðmundsson**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sigtryggur Sigtryggsson**

Þórunnarstræti 136, Akureyri,

lést miðvikudaginn 9. júní.

**Alda Sólrún Guðmundsdóttir**
**Guðmundur Sigtryggsson** — **Þuríður Þráinsdóttir**
**Guðrún Hulda Sigtryggsdóttir** — **Kári Halldórsson**
**Sigtryggur Sigtryggsson** — **Álfheiður Atladóttir**
**og afabörn.**

---



*Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Kristínar Ingvarsdóttur**

áður til heimilis að Lokastíg 28, Reykjavík.

**Anna Sveinsdóttir**
**Jón Sveinsson** — **Guðrún Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Okkar ástkæri sonur, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,*

**Kristinn Líndal Hafsteinsson**

f. 11. október 1951,

varð bráðkvaddur á heimili sínu í Hirtshals í Danmörku þann 14. maí 2010. Jarðarförin fór fram 21. maí sl. í Hirtshals. Minningarathöfn verður haldin í Akraneskirkju 25. júní, kl. 14.00.

**Sigurlaug Karlsdóttir**
**Ragnhildur & Ray Hamper**
**Siggi & Line Strandeng**
**Jonathan, Maria, Alexander**
**Jacob, Oliver, Victor, William**
**systkini hins látna.**

---



*Innilegar þakkir fyrir þá vináttu og hlýhug sem okkur hefur verið sýnd við andlát og útför eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Aðalheiðar Sigurðardóttur**

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki 4 - B á Hrafnistu Hafnarfirði fyrir frábæra umönnun.

**Haraldur Þorsteinsson**
**Sigurður Haraldsson** — **Jóna Guðjónsdóttir**
**Þorsteinn Haraldsson** — **Lára V. Júlíusdóttir**
**Ingibjörg Haraldsdóttir** — **Sturla Þorsteinsson**
**Ástráður Haraldsson** — **Eyrún Finnbogadóttir**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra fjölmörgu sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, pabba okkar, tengdapabba, afa og langafa,*

**Guðleifs Sigurjónssonar**

fyrrverandi garðyrkjustjóra í Keflavík, Bröttuhlíð 17, Hveragerði.

Guð blessi ykkur öll.

**Ástríður Hjartardóttir**
**Hjörtur Kristjánsson** — **Erna Guðlaugsdóttir**
**Sigurjón Guðleifsson** — **Cecilie Lyberth**
**Ásta Guðleifsdóttir** — **Magnús Jensson**
**Ragnar Guðleifsson** — **Hjördís Harðardóttir**
**Sigurður Guðleifsson**
**Margrét Guðleifsdóttir** — **Hörður Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa*

**Tómasar P. Óskarssonar**

Sóltúni 13, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks deildar 11 E á Landspítalanum. Einnig þökkum við Karitas, hjúkrunar- og ráðgjafarþjónustu fyrir veittan stuðning og aðhlynningu.

**Karitas Jensen,**
**Steinunn Margrét Tómasdóttir** — **Aðalsteinn Karlsson,**
**Þórunn Elín Tómasdóttir,** — **Kjartan Jónsson,**
**Bryndís María Tómasdóttir,** — **Thomas Möller,**
**Lára Anna Tómasdóttir,** — **Hörður Jón Gærdbo,**
**Óskar Már Tómasson,** — **Auður Pálmadóttir,**
**barnabörn, og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Guðrún Vernharðsdóttir**

lést mánudaginn 14. júní. Jarðarförin fer fram frá kirkju Óháða safnaðarins mánudaginn 21. júní kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir, þeim sem vildu minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Nanna Þórisdóttir**
**Ragnar Þórisson** — **Sigrún Sæmundsdóttir**
**Sandra Karen Ragnarsdóttir** — **Sigfús Örn Sigurðsson**
**Birna Rut Ragnarsdóttir**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðfinna Jónsdóttir**

Bólstaðarhlíð 60, áður til heimilis að Syðsta-Ósi í Miðfirði,

lést á Landakoti laugardaginn 12. júní sl. Útför hennar fer fram frá Melstaðarkirkju miðvikudaginn 23. júní kl. 14.00. Rúta fer frá Umferðarmiðstöðinni kl. 10.00.

**Þorvaldur Böðvarsson** — **Hólmfríður Skúladóttir**
**Hólmfríður Böðvarsdóttir** — **Sveinn Kjartansson**
**Jón Böðvarsson** — **Ingibjörg Jóhannesdóttir**
**Ingibjörg Böðvarsdóttir**
**Þórunn Guðfinna Sveinsdóttir**
**Pétur Böðvarsson** — **Hildur Árnadóttir**
**Elísabet Böðvarsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



*Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðbjörg Pétursdóttir**

frá Eyri við Ingólfsfjörð, Strandasýslu,

verður jarðsungin frá Akraneskirkju þriðjudaginn 22. júní kl. 14.00.

**Gunnar Guðjónsson**
**Sigríður E. Gunnarsdóttir** — **Sveinn T. Þórólfsson**
**Ásdís Gunnarsdóttir**
**Guðrún A. Gunnarsdóttir** — **Ásgeir G. Jónsson**
**Helga Gunnarsdóttir** — **Sigtryggur Karlsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Halley Sveinbjarnardóttir**

Eiðismýri 30, Seltjarnarnesi,

er látin. Hún verður jarðsungin frá Bústaðakirkju mánudaginn 21. júní kl. 13.00.

**Kristján Guðmundsson**
**Kristín Kristjánsdóttir** — **Ívar Guðmundsson**
**Guðmundur Kristjánsson** — **Sonja B. Jónsdóttir**
**Sveinbjörn Kristjánsson** — **Kristín Leifsdóttir**
**Björgvin Kristjánsson**
**Ívar Kristján, Þorbergur, Aron, Júlía, Birkir Kristján, Kristján Júlían og Jóhann Haukur.**

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Stefán Eiríksson**

fyrrverandi aðstoðarslökkviliðsstjóri á Keflavíkurflugvelli,

sem lést að morgni laugardagsins 12. júní, verður jarðsettur frá Seljakirkju mánudaginn 21. júní. kl. 13.00.

**Guðmundur Már Stefánsson** — **Auður Margrét Möller**
**Helga Björk Stefánsdóttir** — **Jóhann Jóhannsson**
**Stefán Hrafn Stefánsson** — **Ása Hrönn Kolbeinsdóttir**
**Ásta Hrönn Stefánsdóttir** — **Jón Dan Einarsson**
**Hrefna Stefánsdóttir og barnabörn.**

---




**Útfararþjónusta**
**Davíðs Ósvaldssonar ehf.**

**Davíð Ósvaldsson**
*Útfararstjóri*
S. 896 6988 / 553 6699

**Óli Pétur Friðþjófsson**
*Útfararstjóri*
S. 892 8947 / 565 6511



# Mannakjöt á grillið

**BAKÞANKAR**
**Atla Fannars Bjarkasonar**

George Costanza, litli sköllótti sérvitringurinn í Seinfeld-þáttunum, fór eftir reglunum vegna þess að hann vildi ekki vera áberandi. Hann sagði einu sinni að hann myndi ganga í flaueli frá toppi til táar, ef samfélagið samþykkti það. Síðasti Seinfeld-þátturinn fór í loftið fyrir tólf árum og mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá. Þeir sem þora eru tískulöggur nútímans og flauelsblæti George Costanza yrði tæpast það félagslega sjálfsmorð sem það var vafalaust í New York á tíunda áratugnum.



**ANNAÐ** dæmi um skemmdirnar sem dropinn hefur unnið á steininum er að KFC í Bandaríkjunum hóf nýlega að bjóða upp á svolítið sérstaka samloku. Í staðinn fyrir brauð eru tvær djúpsteiktar sneiðar af kjúklingi og á milli er ostur, majónes og tvær sneiðar af beikoni. Þessi sérkennilega loka bragðast örugglega ógeðslega vel þrátt fyrir að vera viðurstyggilegasta árás á bandarísku þjóðina síðan 11. september. En það er ástæða fyrir því að þessi samloka varð til árið 2010 en ekki 1910. Fyrir hundrað árum var samfélagið ekki búið að tileinka sér *don't give a fuck*-viðhorfið sem verður fullkomnara með hverjum deginum sem líður. Það er ástæðan fyrir því að þessi ógeðslega kjúklingaloka varð til í dag en ekki þá. Ég meina, einhvers konar álegg hefur verið sett milli einhvers konar brauðsneiða frá örófi alda. Hillel frá Babýlon var til að mynda mikill samlokuunnandi og hann fæddist á undan Jesú.

**FLEIRI** dæmi: Einu sinni þótti skammarlegt að sitja nakinn fyrir á myndum. Í dag verða nöfn íbúa Hollywood verðmætari ef þeir senda frá sér kynlífsmyndbönd. Nærtækara dæmi: Einu sinni var ströng regla á mínu heimili að gosdrykkir voru aðeins keyptir á föstudögum. Í dag bý ég einn og á kók í ísskápnum sem var keypt í miðri viku. Þröskuldurinn færist innar á hverjum degi og ég velti fyrir mér hvenær samfélags- og lagaleg höft sem ríkja í dag verða aðhlátursefni barna okkar eða barnabarna. Hvar stoppar þröskuldurinn? Ef hann stoppar á annað borð; munu afkomendur okkar borða fólk?

**ÉG** þekki ekki neinn sem hefur borðað mannakjöt. Ég hef ekki heldur kynnt mér mannát að neinu ráði og ekki lesið neitt um reynslu annarra af því að borða fólk. Án þess að ég viti nokkuð um það, held ég að mannakjöt sé svolítið eins og svínakjöt; bleikt, salt og gott á grillið. Þessar vangaveltur eru samt ótímabærar þar sem það er bannað að borða mannakjöt. Enn þá.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott




www.frettabladid.is | 512 5000

# GÓÐAR FRÉTTIR FYRIR ALLA

## Enn betra aðgengi að Fréttablaðinu

Breytingar voru gerðar á frídreifingu og lausasölu Fréttablaðsins 1. júní. Blaðinu er áfram dreift ókeypis í lúgur og Fréttablaðskassa kjarnadreifingarsvæði* okkar. Nýbreytnin felst í að frídreifingu í verslunum og á bensínstöðvum á kjarnadreifingarsvæði verður hætt, en blaðið í staðinn selt í lausasölu um land allt samhliða fyrrgreindri frídreifingu heim eða í hverfi. Lausasölustöðum verður fjölgað til muna auk þess sem fjöldi Fréttablaðskassa í íbúðahverfum verður nærri þrefaldaður, úr 60 í um 170. Nánari upplýsingar um dreifingu Fréttablaðsins má nálgast á **visir.is/dreifing**.

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á visir.is eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




## Fjöldi lausasölustaða á Suðurlandi

N1, Hvolsvelli
Söluskálinn Björk, Hvolsvelli
Olís, Hellu
Söluskálinn Landvegamótum, Hellu
Árborg, Árnesi
Bjarnabúð, Reykholti, Bláskógabyggð
Ferðaþjónustan Úthlíð
Glóðarsel, Laugarvatni
Þrastalundur, Grímsnesi
Bónus, Hveragerði
N1, Hveragerði
Bónus, Selfossi
Minni Borg, Selfossi
N1 Fossnesti, Selfossi
N1 verslun, Selfossi
Olís, Selfossi
Ferðaþjónustan Úthlíð, Selfossi
N1, Vestmannaeyjum
Olís, Vestmannaeyjum
Skýlið, Vestmannaeyjum
Vöruval, Vestmannaeyjum




Allt sem þú þarft...

*Kjarnadreifingarsvæði Fréttablaðsins er höfuðborgarsvæðið, Akureyri, Stokkseyri, Eyrarbakki, Hveragerði, Selfoss, Borgarnes, Akranes, Reykjanesbær, Þorlákshöfn, Keilir, Garður, Sandgerði, Grindavík og Vogar.

# RÓMEÓ OG JÚLÍA




## Vegna endalausra áskoranna

snýr Rómeó og Júlía Vesturports aftur á svið Borgarleikhússins
Tryggðu þér miða á þessa rómuðu sýningu – sýnt í takmarkaðan tíma

**Vegna mikilla vinsælda bættum við inn nýjum sýningum 29. og 30. júní.
Síðustu forvöður að tryggja sér miða á þessa mögnuðu sýningu.**

VesturPort | Miðasala | **568 8000** | **borgarleikhus.is** | Borgarleikhúsið

# Ísland er










**Einnig fáanleg á ensku**

**Væntanleg í verslanir**















# land þitt

## Fróðleikur fyrir ferðalanga!

Vandaðar handbækur í sterkum plastkápum, hentugar í hanskahólfið

Fjölbreytt úrval af gagnlegum, ódýrum og bráðskemmtilegum bókum sem auðga ferðalagið




465 tegundir plantna

Ríkulega aukin og endurbætt

Einnig fáanleg á ensku og þýsku




Einnig fáanleg á þýsku







FORLAGIÐ

www.forlagid.is

**! Ath. á morgun kl. 15 í Hafnarborg**
*Lýkur sýningunum Staðir með verkum eftir þýska ljósmyndarann Friederike von Rauch og Það er erfitt að vera listamaður í líkama rokkstjörnu, verki eftir Erling T. V. Klingenberg. Hann endar sýninguna eins og hún hófst, með viðburði: listamannsspjalli kl. 15 og ræðir hann um sýninguna við gesti. Í Hafnarborg er opið alla daga frá klukkan 12 til 17.*

# menning
menning@frettabladid.is

## Hin þráláta endurtekning Páls

Sýningin Hin þráláta endurtekning og Kúreki var opnuð í gærkvöldi, en verkið er hugarsmíð listamannsins Páls Hauks Björnssonar. Verkið er hreyfanlegur listviðburður sem ýtir undir notkun annarra dreifingarmiðla en fyrir eru á hinu hefðbundna myndlistarsviði. Áhorfandinn er í miðju verksins, í beinni upplifun og í beinu samtali við verkið og er verkið ekki til án hans og hann ekki án þess. Verkið heldur áhorfendum föngnum í upplifuninni og ástandinu.
Gestir eru sóttir í bifreið og þeim kastað rakleiðis inn í magnþrungna stemningu, sem er þó einungis inngangur að því sem koma skal. Við tekur drungalegt rými, ljúffeng súpa, leikhúsgjörningur og óvissa. Þegar á leiðarenda er komið er gestum hleypt út og þeir skildir eftir án nokkurra frekari útskýringa.
Verkið er að hluta til unnið í samstarfi við tónlistarmanninn Magnús Skarphéðinsson, sem er annar hluti tvíeykisins Quadruplos, og myndlistarkonuna Jóhönnu Kristbjörgu Sigurðardóttur. Sýningafjöldi og fjöldi sýningargesta verður afar takmarkaður þar sem aðeins tveir gestir komast á hverja staka sýningu. Þeim sem vilja tryggja sér miða á verkið er bent á að hafa senda fyrirspurn á póstfangið frafl@frafl.is.


**PÁLL HAUKUR BJÖRNSSON** Stendur fyrir sýningunni Hin þráláta endurtekning og kúreki. MYND/GULLI

### > Ekki missa af

Á þriðju tónleikum sumartónleikaraðar veitingahússins Jómfrúarinnar við Lækjargötu í dag kemur fram kvartett píanóleikarans Árna Heiðars Karlssonar. Með Árna Heiðari leika þeir Ari Bragi Kárason á trompet, Þorgrímur Jónsson á kontrabassa og Einar Scheving á trommur. Þess má geta að Árni Heiðar var tilnefndur til íslensku tónlistarverðlaunanna fyrir síðustu plötu sína, Mæri. Tónleikarnir hefjast kl. 15 og standa til kl. 17. Tónleikarnir fara fram utandyra á Jómfrúartorginu. Aðgangur er ókeypis.



**ELDGOS** Bókin sýnir eldgosið í Eyjafjallajökli á 112 blaðsíðum.

## Ljósmyndabók um eldgosið

Ljósmyndabókin Eldur uppi kemur út í kilju á næstunni. Salka gefur út bókina sem fjallar í myndum um eldgosið í Eyjafjallajökli í gegnum linsu ljósmyndarans Vilhelms Gunnarssonar.
Sjónarspilið var stórkostlegt eins og íbúar heims fengu að kynnast og kenna á.
Bókin er 112 blaðsíður og sýnir vel hvað gekk á í nágrenni eldgossins, en sveitirnar í kring fengu heldur betur að kenna á náttúruöflunum.

Listaháskóli Íslands auglýsir eftir umsóknum um
*starf fagstjóra í vöruhönnun*

Listaháskóli Íslands auglýsir eftir umsóknum um starf fagstjóra í vöruhönnun við hönnunar- og arkitektúrdeild skólans. Um er að ræða 50% starfshlutfall. Umsækjandi skal vera starfandi vöruhönnuður, hafa sterka faglega sýn og búa yfir yfirgripsmikilli þekkingu á faggreininni.

Hlutverk fagstjóra í vöruhönnun við hönnunar- og arkitektúrdeild er auk almennrar kennslu að hafa umsjón með námi nemenda í vöruhönnun, veita ráðgjöf og gagnrýni á verk nemenda, og í samráði við deildarforseta og prófessors í vöruhönnun stýra þeim verkefnum sem lúta að skólastarfinu. Gerð er krafa um háskólagráðu í vöruhönnun, auk starfsreynslu. Við ráðningu er lagt til grundvallar að umsækjandi hafi verið virkur þátttakandi í því samfélagi listanna sem skólinn byggir upp.

Umsóknum og meðfylgjandi gögnum skal skila ekki síðar en **mánudaginn 28. júní** næstkomandi til Listaháskóla Íslands, aðalskrifstofu, Skipholti 1, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans **www.lhi.is**

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
· ICELAND ACADEMY OF THE ARTS ·

# Bók um Laugavegsgöngu

**Í dag 19. júní, á Kvenréttindadaginn sjálfan, kemur út bókin LAUGAVEGURINN, gefin út af listamönnunum sem stofnuðu og ráku listamannahúsið START ART um árabil við Laugaveg 12b. Bókin fjallar um það hvernig Laugavegurinn varð til og af hverju nafn hans er dregið og rakin er saga þvottakvennanna sem örkuðu hann veglúnar með þungar byrðar inn í Þvottalaugarnar í Laugardal.**

Vorið 2009, á Listahátíð í Reykjavík, efndi START ART til viðamikils listgjörnings í minningu þvottakvennanna. Þær Anna Eyjólfsdóttir, Ása Ólafsdóttir, Magdalena Margrét Kjartansdóttir, Ragnhildur Stefánsdóttir, Þórdís Alda Sigurðardóttir og Þuríður Sigurðadóttir höfðu þá rekið galleríið um nokkurt skeið og kynnst götunni og lífi hennar og þannig kviknaði hjá þeim áhugi á sögunni: hvernig varð Laugavegurinn til? Eftir því sem þær kynntu sér söguna betur opnaðist þeim sá heimur sem vakti af sér gjörninginn sem bókin lýsir í máli og myndum, Laugavegsgönguna. Þeim segist svo frá í inngangi: „START ART listamannahús leit dagsins ljós í mars 2007 og hafa yfir 80 sýningar verið haldnar í húsakynnum þess við Laugaveg 12b. Snemma árs 2008 kviknaði sú hugmynd með okkur stofnendum START ART, að ástæða væri til að fjalla um Laugaveginn í þátíð og nútíð með tilvísun í framtíðina með einhverjum hætti. Við leituðum á vit sögunnar og rifjuðum upp hvernig Laugavegurinn varð til, hvers vegna hann var lagður, hvernig og hvert hann liggur og af hverju nafn hans er dregið.
Laugavegurinn var ruddur til austurs milli 1880-90 til að létta þvottakonum gönguna inn í Þvottalaugar, en áður höfðu þær farið lengri leið úr miðbænum meðfram sjónum inn að Laugum. Við ákváðum að minnast sérstaklega kvennanna sem urðu til þess að Laugavegurinn er þar sem hann er með verkefni sem fékk heitið LAUGA VEGURINN 2009 og er trílógía; myndlistarsýning, gjörningur og bók. Segja má að verkefnið minni jafnframt á alla hreingerningu í víðtækum skilningi þess orðs og þar undir getur fallið sú erfiða hreingerning sem íslenska þjóðin stendur nú frammi fyrir. Myndlistarsýningin var víðtæk og yfirgripsmikil. Við fengum til liðs við okkur myndlistarmenn til að varða leiðina inn að Þvottalaugum með verkum sínum inni og úti og sýningu í START ART.
Gjörningurinn var ganga frá Lækjartorgi inn að gömlu Þvottalaugunum með þátttöku almennings og fjölbreyttum uppákomum listamanna á hinum ýmsu áningar-stöðum á leiðinni. Ofin voru vináttubönd með þvottaplöggum sem tengdu saman alla þá sem tóku þátt í göngunni. Gangan, samnefnd sýning og viðburðurinn í heild sinni var á dagskrá Listahátíðar í Reykjavík.“
Fjölmargir listamenn komu að göngunni frá Kvosinni alla leið inn í Laugardal að gömlu laugunum. Á leiðinni bar fyrir göngumenn margs konar uppákomur og lýsir bókin þessu tiltæki býsna vel og þá ekki síður er hún heimild um þau listaverk sem urðu til kringum þennan dag. Allt var þetta gert til að hefja upp sögu þeirra kvenna sem sóttu laugarnar og um þá hreinsun sem okkur er nauðsynleg á hverjum tíma.
Meðal höfunda efnis í bókinni sem kemur út í dag eru frú Vigdís Finnbogadóttir, sem skrifar ítarlegan formála að bókinni, Margrét Guðmundsdóttir sagnfræðingur, sem greinir frá upphafi að laugaferðum reykvískra kvenna og hvernig þjóðfélagsleg staða þeirra var og hvernig hún þróaðist, og heimspekingarnir Sigríður Þorgeirsdóttir og Aðalheiður Lilja Guðmundsdóttir sem skoða hina dýpri merkingu kvennasögunnar sem falin er í arfleifð vegsins að laugunum, og hvernig Laugavegsgangan mátar inn í hrunið og það uppgjör sem þá var hafið með búsáhaldabyltingunni.
Bókin er ríkulega skreytt ljósmyndum er sýna Þvottalaugarnar, listaverkin sem urðu til og listgjörninginn sem varð að veruleika með þátttöku borgarbúa á öllum aldri. Er bókin hinn fegursti gripur og þeim START-stöllum til mikils sóma sem hófu verkið og hafa nú lokið því með skráningu, hugleiðingu og andakt í fallegri bók.
Útgáfu bókarinnar verður fagnað við árlega athöfn Kvennakirkjunnar inn við Þvottalaugarnar þann 19. júní kl. 20 og þar verður hún til sölu á sérstöku tilboðsverði í tilefni útgáfunnar og kvenréttindadagsins. Eftir það mun Smekkleysa, Laugavegi 35, sjá um dreifingu.
pbb@frettabladid.is


**MENNING** Ein mynda úr hinni fallegu bók um Laugavegsgönguna sem START-konur stofnuðu til.
MYND ÞORVALDUR ÖRN KRISTMUNDSSON



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Laugardagur 19. júní 2010

**➜ Tónleikar**

15.00 Í **Þjóðmenningarhúsinu** verða útgáfutónleikar og opnunarsýning Vox femina en kórinn er að gefa út ljósmyndabókina "da capo". Í bókinni eru myndir af kórkonum í Vox feminae ásamt minningabrotum úr kórstarfinu, saga kórsins rakin og erindi frá listamönnum. Aðgangur er ókeypis.

22.00 **Robin Nolan Trio** leikur ásamt gestum á Café Rosenberg við Klapparstíg.

**➜ Hátíðir**

Hin árlega **Flughelgi Flugsafns Íslands** á Akureyri fer fram dagana 19. og 20. júní. Þessi hátíð er ein aðal flughátíð flugáhugamanna á landinu. Nánari upplýsingar má finna á www.flugsafn.is

**➜ Listahátíð**

14.00 Setning **Listasumars** á Akureyri verður í Ketilshúsi á sunnudag. Jafnframt verður opnun á sýningu Alistair Macintyre "Dry Ice and Anti-Freeze". Setningin hefst kl. 14.00

**➜ Uppákomur**

13.00 Samtök um bíllausan lífstíl og aðrir áhugamenn um borgarlíf standa fyrir hópmyndatöku að Melhaga, en með því verður reynt að sýna hversu mikið pláss ólíkir samgöngumátar taka í borgarlandinu. Allir velkomnir, en mælst er til þess að fólk skrái sig með tölvupósti á **myndumborg@gmail.com.**

**➜ Opið Hús**

16.00 Hátíðardagskrá verður í **Ráðhúsi Reykjavíkur,** en þar verður kvennafrídagurinn kynntur nánar. Dagskrá hefst kl. 16.00. Nánari upplýsingar má finna á krfi.is.

**➜ Dagskrá**

Á fætur í **Fjarðabyggð** er gönguvika fyrir alla fjölskylduna og er fyrsta gangan í dag, laugardag. Það geta allir fundið ferðir við sitt hæfi, gengið á fjöll, farið í fjöruferðir, söguferðir eða krefjandi göngur á milli byggðarkjarna. Dagskrá gönguvikunnar er hægt að nálgast á vef ferðafélags fjarðamanna á www.simnet.is/ffau.

**➜ Dans**

12.00 Í **Salnum, Kópavogi,** verður Hrynlistasýning en hrynlist er danslist sem leggur áherslu á rými og tíma. Barnasýning verður kl. 15.00 þar sem Grimms ævintýrin verða í aðalhlutverki, og svo kvöldsýning kl. 20.00. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Salarins www.salurinn.is.

**➜ Vígsla**

Siðmennt, félag siðrænna húmanista, stendur fyrir borgaralegri fermingarathöfn í fyrsta sinn í **Selskógi** við Egilsstaði, en þar munu 3 ungmenni fermast á borgaralegan máta.

**➜ Tyllidagar**

13.00 Konum gefst skemmtilegt tækifæri til þess að fara aftur í brúðarkjólinn, en **IKEA** ætlar að veita þeim konum sem mæta í brúðarkjól vegleg verðlaun í tilefni brúðkaups **Viktoríu,** sænsku krónprinsessunnar. Nánari upplýsingar má finna á veg IKEA á www.ikea.is

### Sunnudagur 20. júní 2010

**➜ Opnanir**



07.00 Elliðaár verða opnaðar á hefðbundinn hátt 20. júní, en áratugahefð hefur verið fyrir því að borgarstjórinn í Reykjavík renni fyrstur fyrir lax í Elliðaánum. Það mun því falla í hlut nýráðins borgarstjóra, **Hr. Jóns Gnarr** að renna fyrir fyrsta laxinn á sunnudagsmorgun. Nánari upplýsingar má finna á vef SVFR á www.svfr.is

**➜ Fræðsla**

13.00 Í tilefni af alþjóðadegi flóttamanna þann 20. júní efna **Rauði kross Íslands,** Mannréttindaskrifstofa Íslands og Alþjóðahús í samstarfi við Reykjavíkurborg og Flóttamannastofnun SÞ, til viðburðar á Ingólfstorgi frá kl. 13.00-15.00 þar sem málefni flóttafólks verða kynnt ásamt ýmsum skemmtiatriðum. Aðgangur er ókeypis og öllum opinn.

**➜ Opið Hús**

13.00 Í **Smámunasafninu** í Eyjafjarðarsveit verður búvélasýning og flóamarkaður. Opið frá kl. 13.00-17.00.

**➜ Tónlist**

15.00 Stóri músíkdagurinn verður haldinn í annað sinn á Íslandi 20. júní. Allar tónlistartegundir verða á boðstólum: klassík, rokk, soul, jazz o.s.frv., en þema hátíðarinnar í ár er „La Vie en Rose" til heiðurs Édith Piaf og tónlist kvenna. Tónleikarnir verða haldnir á **Eymundsson** og á **Café Rosenberg.** Nánari upplýsingar um tímasetningu og staðsetningu á tónleikunum má finna á www.af.is.



16.00 **Sigríður Thorlacius** og **Högni Egilsson** flytja úrval íslenskra sönglaga í stofunni í Gljúfrasteini, en þau eru bæði meðlimir í hljómsveitinni Hjaltalín. Tónleikarnir eru hluti af stofutónleikum **Gljúfrasteins** og hefjast kl. 16.00. Aðgangseyrir er 1.000 krónur. Nánari upplýsingar má finna á www.gljufrasteinn.is

**➜ Félagsstarf**

**Ræðukeppnin „Þrasið"** verður haldin í annað sinn, en keppnin er sjálfboðastarf áhugamanna um mælskulist og ræðumennsku og hugsuð sem dægradvöl fyrir alla þá sem hafa áhuga á ræðumennsku. Nánari upplýsingar má nálgast hjá Viktori Orra viktororri@gmail.com.

**➜ Leiðsögn**



14.00 **Einar Falur Ingólfsson** veitir leiðsögn um sýninguna „Sögustaðir- í fótspor W.G. Collingwoods". Leiðsögnin hefst klukkan 14.00 og fer fram í Bogasal Þjóðminjasafns Íslands. Leiðsögnin er öllum opin.

**➜ Listamannaspjall**

15.00 Listaverkasafnarinn **Pétur Arason** og sýningarstjórinn **Birta Guðjónsdóttir** leiða saman hesta sína í leiðsögn um sýninguna „Annað auga- Ljósmyndaverk úr safneign Péturs Arasonar og Rögnu Róbertsdóttur". Sýningin er á Kjarvalsstöðum og hefst kl. 15.00.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**


VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi"



# PÉTUR OG ÚLFURINN Í BRÚÐUHEIMUM

Leiksýningarnar um Pétur og úlfinn fara af stað í Brúðuheimum í Borgarnesi á sunnudaginn.

**Næstu sýningar eru:**
20. júní klukkan 14.00
27. júní klukkan 14.00
4. júlí klukkan 14.00
11. júlí klukkan 14.00

**Miðapantanir í síma 530 5001.**



Kaffihús, Leikbrúðusafn, Gallerý og Brúðuleikhús.



BRÚÐUHEIMAR Í BORGARNESI • SKÚLAGÖTU 17 • BORGARNESI • SÍMI: 530 5000
WWW.BRUDUHEIMAR.IS • BRUDUHEIMAR@BRUDUHEIMAR.IS



# Heiðmörk 60 ára

## Skógræktarfélag Reykjavíkur býður til afmælishátíðar 19.-27. júní

**Laugardagur 19.6. kl 16 í Hjalladal:**
Gróðursetning og grillaðar pylsur á vegum Skógræktarfélagsins og Gámaþjónustunnar í Jólaskóginum.

**Laugardagur og sunnudagur 19.6. og 20.6.**
**frá kl 10-17 á Elliðavatni:**
Jurtir í skóginum. Kristbjörg Kristmundsdóttir og Hildur Hákonardóttir. Skráning í síma: 861 1373.

**Mánudagur 21.6. kl 20 á Elliðavatni:**
Fuglaskoðun með Jakobi Sigurðssyni frá Fuglavernd.

**Þriðjudagur 22.6. kl 20 á Elliðavatni:**
Söguganga á bökkum vatnsins með Helgu Sigmundsdóttur.
Fjölskyldan tálgar í tré með Ólafi Oddssyni frá kl 18-22. Skráning í síma: 863 0380.

**Miðvikudagur 23.6. kl 20 í Elliðavatni:**
Ókeypis veiði og fræðsla um vatnið með Jóni Kristjánssyni fiskifræðingi.

**Fimmtudagur 24.6 kl 20 efst á Heiðarvegi:**
Gönguferð með Ferðafélagi Íslands undir leiðsögn Auðar Kjartansdóttur.
Fjölskyldan tálgar í tré með Ólafi Oddssyni frá kl 18-22.

**Föstudagur 25.6. frá 14-17 á Elliðavatni:**
Afmælisráðstefna.
Tónleikar með Kríu Brekkan, Sólveigu Öldu og Boybandinu í Dropanum við Furulund frá kl 21-01. Rúta frá Lækjartorgi.

**Laugardagur 26.6. frá kl 13-16 á Vígsluflöt:**
Fjölskylduhátíð.

**Sunnudagur 27.6. Elliðavatn:**
Veiðidagur fjölskyldunnar. Ókeypis í vatnið allan daginn.

Nánari upplýsingar á www.heidmork.is

### > ÓHEPPILEG SAMSETNING

Bandaríska söngkonan Christina Aguilera þótti einstaklega ósmekklega til fara þegar hún tróð upp í sjónvarpsþættinum Today. Söngkonan klæddist afskaplega stuttum, glansandi stuttbuxum við glimmer sokkabuxur og himinháa hæla. Hárið og förðunin þóttu engu betra enda hárið úfið og förðunin of mikil.



# stíll

utlit@frettabladid.is

## OKKUR LANGAR Í ...



Ilmvatn frá Söruh Jessicu Parker sem ilmar eins og sumar. Umbúðirnar eru einnig ljómandi fallegar og skemmtilegar.



Hippalega tösku sem er í senn litrík og rúmgóð. Fæst í Spúútnik í Kringlunni.



Fínan klút til að hressa upp á dressið. Kattarmynstrið ætti líka að höfða til allra dýravina. Fæst í Zöru í Kringlunni.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

**SARA MCMAHON**

# *Öfgafullir tískustraumar*

Það er gömul saga og flestum kunn að konur elska skó og þá sér í lagi hælaháa skó. Sjálf hef ég mjög gaman af því að kaupa mér skó en af praktískum ástæðum hafa flatbotna skór oftast orðið fyrir valinu þar sem ég vil geta ætt áfram þegar ég geng um bæinn og einnig til að forðast auma fætur. En þrátt fyrir praktísku hliðina á því að ganga um í flatbotna skóm þá leyfi ég mér oft að dreyma um sykursætt par af hælaskóm frá Kron by Kron Kron.

Hælaskór eiga sér ansi langa sögu og komu víst fyrst fram á sjónarsviðið á tímum Faróanna. Þá þóttu hælaskór tákn um samfélagslega stöðu manna og því hærri sem hælarnir voru því virðulegri voru menn. Hælaskór áttu sér einnig praktískari hlið því slátrarar á Ítalíu áttu að hafa klæðst slíkum skóm til að forðast að vaða í blóði og innmat allan daginn. Í Feneyjum þóttu hælaskór einnig afskaplega nytsamlegir og komu þeir í veg fyrir blauta fætur íbúa þar í borg.

Á tímabili varð hælatískan þó eilítið öfgafull og voru skórnir orðnir það háir að konur þurftu að styðja sig við þjóna sína þegar þær fóru út úr húsi til að forðast fall. Á áttunda áratug síðustu aldar voru hælaskór vinsælir jafnt hjá konum sem körlum og þá með þykkum klossuðum hæl sem fór vel við útvíðu hippabuxurnar.

Hælaskór þóttu lengi vel táknrænir fyrir kúgun kvenna þar sem þeir heftu för konunnar, breyttu vexti hennar og þóttu kyngera hana meira en góðu hófi gegndi. Nýfemínistar voru þó á öðru máli og héldu því fram að hælaskór táknuðu einmitt andstæðuna, þeir voru tákn um vald konunnar og rétt hennar til að klæðast því sem hana langaði til.

Lengi var talið að hælaskór hefðu skaðleg áhrif á líkamlega heilsu kvenna þar sem fóturinn er þvingaður í einkennilega stöðu. Nýleg rannsókn sýnir þó fram á að þær konur sem klæðast hælum eru með sterkari grindarbotna en konur sem kjósa flatbotna skó. Af þessu má auðveldlega draga þá ályktun að kostir og gallar hælaskósins verði ávallt þrætuefni en eitt er þó óumdeilanlegt og það er fegurð hælaskósins.










**GLAÐLEGUR KJÓLL** Þessi guli kjóll minnir mann frekar á sumar en haust. Smáatriðin gera hann einstakan og öðruvísi. NORDICPHOTOS/GETTY



**SUTT OG LAGGOTT** Flottur bolur við skemmtilegar stuttbuxur. Loðskórnir setja sinn svip á heildarútkomuna. NORDICPHOTOS/GETTY

### ÞÆGILEGAR EN KVENLEGAR FLÍKUR FRÁ THAKOON:

# DÖKKIR TÓNAR OG GRÁIR

**Hönnuðurinn Thakoon Panichgul er þekktur fyrir að blanda saman ólíkum straumum og stefnum í hönnun sinni og skapa þannig kvenlegar en jafnframt þægilegar flíkur. Hönnun Thakoons er í miklu uppáhaldi hjá forsetafrú Bandaríkjanna, Michelle Obama, sem hefur klæðst hönnun hans við ýmis tilefni. Haustlínan frá Thakoon þótti dökk en einstaklega smekkleg.**



**GEGNSÆTT** Flott vesti yfir gegnsæjum bol. NORDICPHOTOS/GETTY



**SVART OG FÍNLEGT** Haustlínan fyrir árið 2010 var frumsýnd á tískuviku í New York í febrúar. Mikið var um svarta tóna og gráa. NORDICPHOTOS/GETTY

**HLÝLEGT** Mikið var um fallega pelsa sem þennan í haustlínu Thakoons. NORDICPHOTOS/GETTY

# SYNGJUM SAMAN

## Í SMÁRALIND

ALLIR KRAKKAR
FÁ BÓKAMERKI!

Í tilefni af blómlegri útgáfu á barnasöngbókum verður haldin söngskemmtun í **Eymundsson Smáralind í dag kl. 16.**

Maxímús Músíkús mætir á svæðið og tekur nokkur dansspor og Hrafnhildur Sigurðardóttir kynnir bók sína *Með á nótunum 2*.

SÖNGVABÆKUR
Á TILBOÐI
Tilboðsverð gilda til og með 30. júní




Skemmtilegt safn af lögum og þulum sem gaman er að læra og rifja upp.
Geisladiskur fylgir.

**2.990 kr.**
***fullt verð 3.490 kr.***




Ný og ævintýraleg tónlistarsaga um músina Maxímús og flinka tónlistarskólakrakka.
Geisladiskur fylgir.

**2.990 kr.**
***fullt verð 3.490 kr.***




Fyrsta sagan um tónelsku músina Maxímús fáanleg að nýju.
Geisladiskur fylgir.

**2.990 kr.**
***fullt verð 3.490 kr.***






Glæsilegt safn nýrra og gamalla barnalaga. Geisladiskur með söng Skólakórs Kársness fylgir.

**2.990 kr.**
***fullt verð 3.490 kr.***




Sígildir söngvaleikir í fallega myndskreyttri bók.

**2.590 kr.**
***fullt verð 2.990 kr.***

eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

> SKRIFA HANDRIT

Vinkonurnar Jennifer Aniston og Courteney Cox eru víst svo öfundsjúkar út í velgengni kvikmyndanna um Sex And The City að þær hafa ákveðið að skrifa saman handrit að kvikmynd um vinina sex, Rachel, Monicu, Ross, Chandler, Joey og Poebie. Orðrómurinn hefur ekki verið staðfestur en Aniston á þó einnig að hafa sýnt því áhuga að leikstýra kvikmyndinni.



Fólk

folk@frettabladid.is

# Þrettán ára ökuníðingur

True Blood-leikarinn Stephen Moyer svaraði tuttugu spurningum í grein í karlaritinu Playboy fyrir skemmstu og talaði meðal annars um samband sitt við mótleikkonu sína Önnu Paquin. Hann viðurkenndi einnig að hafa misst ökuprófið sautján ára gamall eftir að hafa verið tekinn fyrir ölvunarakstur. „Þegar ég var þrettán ára gamall og foreldrar mínir fóru eitthvert út þá stal ég bíl þeirra, náði í besta vin minn og keyrði um eins og brjálæðingur. Þegar ég var fimmtán ára var ég farinn að prófa rallíakstur og ég var búinn að kaupa mér bíl áður en ég fékk bílprófið. Þremur vikum eftir að ég fékk prófið var ég handtekinn fyrir ölvunarakstur og missti prófið í heilt ár,“ sagði hinn ökuglaði leikari.

Í viðtalinu sagðist hann jafnframt treysta kærustu sinni fullkomlega og að samband þeirra byggist mikið á trausti. „Ég hef aldrei treyst neinum eins vel og ég treysti Önnu. Þegar við vorum í fyrsta skipti í sundur þá fannst mér eins og einhver hefði rifið hluta af mér burt.“



**ÁSTFANGINN** Stephen Moyer segist treysta kærustu sinni, leikkonunni Önnu Paquin, fullkomlega. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hugsar sinn gang

Tímaritið The National Enquirer heldur því fram að leikkonan Sandra Bullock sé að íhuga hvort hún geti í raun fyrirgefið fyrrum eiginmanni sínum hliðarspor hans. „Ég held hún hafi fyrirgefið Jesse og sakni þess að vera með honum, sérstaklega nú þegar Louis er kominn inn í líf þeirra. Sandra heldur að hún verði aldrei frjáls nema hún finni styrk til að fyrirgefa Jesse. Það tekur sinn toll að halda í reiðina og Sandra er orðin þreytt,“ var haft eftir heimildarmanni sem telur að Sandra íhugi nú að fresta skilnaðinum þar til hún hafi hreinsað huga sinn. „Hana langar í eðlilegt fjölskyldulíf og hefur frestað skilnaðinum. Jesse veit þó að Sandra gæti skipt aftur um skoðun hvenær sem er.“

Upp komst um framhjáhald eiginmanns Söndru stuttu eftir að hún hlaut Óskarsverðlaunin fyrir leik sinn í myndinni The Blind Side.



**HUGSAR SINN GANG** Samkvæmt heimildarmanni á Sandra Bullock að hafa frestað skilnaði sínum við Jesse James. NORDICPHOTOS/GETTY











# Fagurklæddar stórstjörnur

**Þrjár stórmyndir voru frumsýndar nú fyrir stuttu og mættu stjörnurnar í sínu fínasta pússi til að fagna nýútkomnum kvikmyndum.**

Sjálfstætt framhald kvikmyndarinnar Karate Kid með Jaden Smith og Jackie Chan í aðalhlutverkum var frumsýnd síðustu helgi. Hin ungi Jaden mætti í fylgd með foreldrum sínum og systur á rauða dregilinn.

Hasarmyndin The A-Team var einnig frumsýnd en hún skartar meðal annars Jessicu Biel og Bradley Cooper í aðalhlutverkum.

Þriðja myndin sem var frumsýnd var Jonah Hex en kynbomban Megan Fox fer með aðalhutverkið í þeirri mynd ásamt Josh Brolin.



**FLOTTUR FÝR** Leikarinn Adrien Brody lét sig ekki vanta á frumsýningu kvikmyndarinnar The A-Team. NORDICPHOTOS/GETTY



**ÁSTFANGIN** Josh Brolin fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni Jonah Hex. Hér er hann ásamt eiginkonu sinni, leikkonunni Diane Lane. NORDICPHOTOS/GETTY



**RAUÐKLÆDD OG TÆLANDI** Kynbomban Megan Fox leikur á móti Josh Brolin í Jonah Hex. Hún mætti í þessum glæsilega rauða kjól á frumsýninguna.



**MINNIE DRIVER MÆTTI Í ÞESSUM ÞRÖNGA, SVARTA KJÓL Á FRUMSÝNINGU THE A-TEAM.**



**HRESSIR SAMAN** Jaden Smith, sonur leikarans Will Smith, ásamt samleikara sínum Jackie Chan. Kvikmyndin Karate Kid fór beint á toppinn í Bandaríkjunum. NORDICPHOTOS/GETTY



**FALLEGAR MÆÐGUR** Hin unga en ofur svala Willow, systir Jaden, ásamt stoltri móður, Jada Pinkett Smith, á frumsýningu Karate Kid. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ósáttir foreldrar

Leikarinn úr Gossip Girl, Chace Crawford, var handtekinn í Texas fyrir stuttu og ákærður fyrir að hafa eiturlyf í fórum sínum. Leikarinn sat í bíl ásamt vini sínum þegar lögreglu bar að garði. Við leit í bílnum fannst jóna og voru piltarnir handteknir í kjölfarið og verði Crawford fundinn sekur gæti hann átt yfir höfði sér sex mánaða fangelsisdóm.

Foreldrar leikarans eru miður sín vegna fréttanna og vilja nú að Crawford taki sér hlé frá skemmtanalífinu. „Hann er af mjög góðu fólki kominn og foreldrar hans voru miður sín að sjá fréttirnar af handtöku hans. Chace hafði þó ekki verið að reykja jónuna og hún tilheyrði vini hans, foreldrar hans trúa því en þeim finnst samt leiðinlegt að hann skuli vera tengdur þessu máli. Þau eru mjög ströng og bjuggust ekki við þessu af syni sínum,“ var haft eftir ónefndum heimildarmanni.



**HANDTEKINN** Chace Crawford gæti átt yfir höfði sér sex mánaða fangelsisvist verði hann fundinn sekur um að hafa eiturlyf í fórum sínum. NORDICPHPOTOS/GETTY

# SUMARHÁTÍÐ Skífunnar í Kringlunni




## LIFANDI TÓNLIST

- Kl. 14 - **Gunni og Felix**
  Árita og taka lagið - tilboð á plötunni 2.299,-
- Kl. 15 - **Haffi Haff**
  Áritar og tekur lagið - tilboð á plötunni 2.299,-
- Kl. 16 - **Pollapönk**
  Áritar og tekur lagið - tilboð á plötunni 1.999,-

## FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ!




Þeir sem versla fyrir meira en 5.000,- fá bókina í kaupbæti!

Bíómiðar á Get Him to the Greek

Frí áskrift á Tónlist.is fylgir í kaupbæti!




Strumpasafnið 2, 3, 4 og 5

**799,-** stk.




Playstation 3

**49.999,-**

## TRYGGÐU ÞÉR **BESTA VERÐIÐ!**

Blandaðu saman tónlist, kvikmyndum og leikjum!

| A | B | C | D |
|---|---|---|---|
| 2 fyrir 1.200 kr. | 2 fyrir 2.300 kr. | 2 fyrir 3.400 kr. | 2 fyrir 4.500 kr. |
| eða 799 kr. stakur | eða 1.499 kr. stakur | eða 1.999 kr. stakur | eða 2.599 kr. stakur |

**OPNUM KL 10.00 Í DAG!**

S·K·Í·F·A·N

KRINGLAN · 591-5320 · WWW.SKIFAN.IS

Fanta

Fanta, Svali og popp í boði
á meðan birgðir endast!

Svali
ÆVINTÝRADRYKKUR

# ÓÞEKKTARORMAR FRÆGA FÓLKSINS Í HOLLYWOOD

**Tímaritið In Touch tók viðtöl við nokkrar fyrrum barnfóstrur ríka og fræga fólksins nýverið og að sögn barnfóstranna eru börnin mörg hver heldur dekruð.**

Fyrrverandi barnfóstra barna Angelinu Jolie og Brads Pitt sagði að henni hefði reynst erfitt að hafa hemil á barnaskaranum sem hljóp um húsið og skemmti sér. „Krakkarnir byrjuðu daginn oftast á því að hlaupa inn í herbergi foreldra sinna og vekja þau með látum. Shiloh er með mjög stórt skap og tók oft frekjuköst og henti meðal annars oft mat í mig ef henni líkaði ekki máltíðin. Zahara var augljóslega leiðtoginn í hópnum og krakkarnir hermdu flest eftir henni," sagði barnfóstran.

Önnur barnfóstra sagði að Madonna hefði verið afskaplega strangt foreldri og yfirmaður og máttu börnin hennar ekki borða sykur, salt eða skyndibita. „Börnin fengu heldur ekki að horfa á sjónvarp og tímarit eða dagblöð voru ekki leyfð á heimilinu. Madonna er mjög strangur húsbóndi," var haft eftir fóstrunni.

Fyrrverandi fóstra dóttur Toms Cruise og Katie Holmes segir Suri mjög einangrað barn sem hitti sjaldan jafnaldra sína heldur sé stanslaust í kringum fullorðið fólk. Að sögn einnar fóstru Francis Bean Cobain, dóttur Kurts Cobain og Courtney Love, var stúlkan að mestu alin upp af fóstrum. „Persónulega fannst mér Courtney ekki sinna barni sínu á nokkurn hátt. Hún hafði lítinn áhuga á Francis og lífinu sjálfu," sagði fóstran.



**ÓLÁTABELGIR** Jolie-Pitt börnin eru miklir ólátabelgir og vekja foreldra sína með látum hvern morgun. NORDICPHOTOS/GETTY



**Í FYLGD MEÐ FULLORÐNUM** Suri Cruise fær lítið að hitta jafnaldra sína heldur er hún alltaf í félagsskap fullorðinna. NORDICPHOTOS/GETTY





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl. 1(3D) - 3:20(3D) - 5:40(3D) | | L |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 8(3D) - 10:20(3D) | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 2:30-5:30-8 - 8:30 - 10:45 | 12 |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 2 - 5 - 8 - 10:45 | VIP |
| THE LOSERS | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 10 |
| THE LAST SONG | kl. 1 - 3:20 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tali | kl. 1:20 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl tal | kl. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| TOY STORY 3 - 3D ensku tal | kl. 8 | L |
| THE LOSERS | kl. 10:20 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA | kl 2 - 6 | 10 |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 9 | 12 |
| THE LAST SONG | kl. 4 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl 1(3D) - 3:20 (3D)-5:40(3D) | | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 8(3D) - 11(3D) | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5D - 8D - 10:20D | 12 |
| PRINCE OF PERSIA : SANDS OF TIME | kl. 3 - 5:30 - 8 | 10 |
| IRON MAN 2 | kl. 10:30 | 12 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 3 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D M/ ísl. Tali | kl. 1 | |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| LEIKFANGASAGA 3 ísl. Tali | kl.1:30 -3:40 -5:50 - 8 | L |
| BROOKLYN'S FINEST | kl. 10:10 | 16 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 2 - 4 | 12 |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 6 - 9 | |

SPARBÍÓ KR 600 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu — 950 kr. MERKT GRÆNU GLERAUGU SELD

| | | |
|---|---|---|
| THE A-TEAM | kl. 2.40 - 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| THE A-TEAM LÚXUS | kl. 2.40 - 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| LEIKFANGASAGA 3D íslenskt tal | kl. 1 - 3.20 - 5.40 | L |
| TOY STORY 3 3D enskt tal | kl. 3.20 - 5.40 - 8 | L |
| STREETDANCE 3D | kl. 1 - 10.20 | L |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 5.30 - 8 - 10.25 | 12 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ 3 | kl. 1 (650) - 2.30 - 4 | L |
| ROBIN HOOD | kl. 8 | 12 |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — 950 kr. MERKT GRÆNU

| | | |
|---|---|---|
| THE A-TEAM | kl. 3.30 - 6 - 9 | 12 |
| STREETDANCE 3D | kl. 3.30 - 6 - 9 | L |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 3.30 - 6 - 9 | 12 |
| SNABBA CASH | kl. 3.30 - 6 - 9 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 — TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| THE A-TEAM | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 5.45 - 8 | 12 |
| YOUTH IN REVOLT | kl. 10 | 14 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ 3 | kl. 4 | L |







NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




TILBOÐ í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| A-TEAM | 1.50(600kr), 5.40, 8, 10.20(P) | 16 |
| STREET DANCE 3-D | 2, 4(900kr), 6 og 8 | 7 |
| GET HIM TO THE GREEK | 3.50(600kr), 5.50, 8 og 10.10 | 12 |
| ROBIN HOOD | 10 | 12 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ | 2 og 4.10(600kr) | L |




| ÁLFABAKKI | KRINGLAN | AKUREYRI | SELFOSSI | KEFLAVÍK |
|---|---|---|---|---|
| KL. 1 Í 3D, KL 1 Í 2D | KL. 1 Í 3D | KL. 1 Í 3D | KL. 1.30 2D | KL. 1.30 2D |


NÝ ÞÁTTARÖÐ
ROKK OG RÓL LATABÆ
LATI ANDINN
LEIKFANGA-BJÖRGUNIN
LAZY TOWN
DANSDRAUMURINN
LAZY TOWN
2499 KR.
Velkomin til Latabæjar
Kristall í klípu
Boltabullan
Metið slegið
Bestu mistök Glanna
999 KR.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## > Fullkomnar í Laugardalnum

Íslenska kvennalandsliðið leikur aldrei betur undir stjórn Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar en á Laugardalsvellinum. Liðið hefur spilað sjö leiki í Laugardalnum síðan hann tók við liðinu í ársbyrjun 2007. Stelpurnar okkar hafa unnið alla þessa sjö leiki og hafa einnig haldið markinu hreinu. Markatalan er 38-0, þar af 17-0 í tveimur síðustu leikjunum á móti Serbíu (5-0) og Eistlandi (12-0). Margrét Lára Viðarsdóttir hefur skorað í öllum leikjunum sjö samtals 15 mörk eða 2,1 að meðaltali í leik.



# sport

sport@frettabladid.is

**HÓLMFRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR Í BESTU DEILD HEIMS:** ÖRUGGLEGA ÓÞOLANDI AÐ SPILA Á MÓTI MÉR

## *Ætla að reyna vera hérna eins lengi og ég get*

Hólmfríði Magnúsdóttur líkar lífið vel í bandarísku atvinnumannadeildinni. Hún spilar þar með sterku liði Philadelphia Independence.

„Ég hef ekki séð svona góðan klúbb áður, umgjörðin er alveg frábær. Æfingaaðstaðan er til fyrirmyndar og það er mikið af fólki á öllum leikjum, frá 3.500 til 6.500 manns. Þetta er mjög fagmannlegt,“ segir Hólmfríður sem er augljóslega ánægð úti.

„Ég er búin að koma mér vel fyrir. Ég bý með stelpu úr enska landsliðinu sem er bara fínt og við erum orðnar bestu vinkonur. Við búum um 50 mínútum fyrir utan Philadelphiu, erum með sundlaug í garðinum og þetta er voða fínt. Ég ætla að reyna að vera þarna eins lengi og ég get.“

Besti leikmaður heims er hin brasilíska Marta en hún leikur með Gold Pride í bandarísku deildinni.

Marta mætti einmitt Hólmfríði og hafði betur í síðustu viku, 3-1 þar sem hin brasilíska skoraði tvö mörk.

„Ég var aðeins að dekka hana og átti kannski annað markið en hún var orðin pirruð á mér,“ segir Hólmfríður og glottir. „Hún komst eiginlega aldrei framhjá mér og var alltaf að skipta um kant. Ég held að það sé ekkert gaman að mæta mér inni á vellinum, það er örugglega óþolandi.“



Landsliðskonan hefur spilað margar stöður úti. „Allar nema miðvörð og mark,“ segir hún. „En það er bara fínt. Ég fæ þá aukna reynslu að því að spila í fleiri stöðum í þessari sterku deild. En það er auðvitað enn meira spennandi að fá að koma heim og spila í sinni stöðu með landsliðinu,“ segir Hólmfríður sem spilar iðulega á kantinum.

„Deildin er mjög jöfn og það er stutt á milli efstu og neðstu liða. Það er ekkert lið lakara en annað og það eru landsliðsmenn í öllum stöðum hjá öllum liðum. Tempóið er mjög mikið og maður hefur engan tíma á boltanum. Þjálfarinn hefur verið að reyna að stimpla það inn í hausinn á mér í þrjá mánuði að senda boltann strax og það er allt að koma,“ segir Hólmfríður.



**MARGRÉT** Líður vel í Svíþjóð og gefur sig alla í leikina fram undan þrátt fyrir að vera enn meidd. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Margrét Lára Viðarsdóttir:

## Ekki nógu góð en byrjar samt

**FÓTBOLTI** Erfið meiðsli aftan í læri eru enn að gera Margréti Láru Viðarsdóttur lífið leitt. „Ég hef ekki verið nógu góð síðasta hálfa mánuðinn. Það hefur verið mikið álag á mér, við höfum spilað marga leiki og ferðast mikið. Það hefur gengið erfiðlega að ráða við álagið en ég er í það minnsta komin heim og gef kost á mér í leikina. Ég gef mig alla í þetta,“ segir Margrét Lára.

„Ég er ekki að æfa á fullu og fæ sérstaka meðferð milli leikja. Ég er með skilningsríkt fólk í kringum mig. Ég mun halda áfram að leita lækninga, bæði hér heima og erlendis en þetta er ekki skemmtilegt. En það eru lausnir á öllum vandamálum,“ segir markadrottningin bjartsýn.

„Ég er betri en ég var í fyrra og það hefur gengið vel í ár hjá mér. Reyndar hefur gengið vonum framar. Ég hef verið að skora og leggja upp og er ánægð með gengi liðsins. Mér líður vel og liðinu gengur vel, þá er ekki yfir neinu að kvarta,“ segir Margrét sem verður í fremstu víglínu gegn Norður-Írum í dag. - hþh

# Setjum markið alltaf hærra

**Íslenska landsliðið í knattspyrnu mætir Norður-Írum í undankeppni HM á Laugardalsvelli í dag. Edda Garðarsdóttir segir að mikil ánægja sé með að haldið sé í hefðirnar varðandi undirbúning fyrir leiki. Liðið dvelur alltaf saman í Keflavík og tekur sama göngutúrinn á leikdag. Hjátrú hjá þjálfaranum, segir Edda.**

**FÓTBOLTI** Heima er best segir máltækið, og Edda Garðarsdóttir. Miðjumaðurinn verður í eldlínunni í dag þegar Ísland tekur á móti Norður-Írum í undankeppni HM í Þýskalandi á næsta ári.

„Þetta er leikur sem við eigum að vinna. Íslenska landsliðið hefur síðustu misseri leyft sér að setja slána aðeins hærra, við gerum meiri kröfur til okkar en oft áður. Krafan á góða frammistöðu er orðin mikil og sterk. Ég ætla bara rétt að vona að við getum gert alla þessa stóru hluti sem við erum búin að tala um að gera. Ég hef tröllatrú á öllum þessum stelpum hérna,“ segir Edda sem hafði ekki komið heim í hálft ár áður en kom að þessum leik.

Hún leikur með Örebro í Svíþjóð þar sem henni líður vel. „Það er samt best að koma heim. Það er allt annað að spila hérna heldur en á einhverjum gervigrasvelli í Svíþjóð,“ segir Edda og horfir brosmild út á Laugardalsvöllinn.

„Ég hlakka alltaf til að koma hingað og spila. Það er toppurinn og hér er alltaf allt til alls. Fólk er alltaf duglegt að mæta og við fáum góðan stuðning. Það er draumur okkar knattspyrnukvenna.“

Liðið fór venju samkvæmt til Keflavíkur í gær þar sem það dvelur fyrir alla leiki. „Þetta er einhver hjátrú hjá honum Sigurði held ég og við erum ánægðar með það. Við förum hingað fyrst þegar Sigurður tók við og það gekk vel. Við erum á flughótelinu í Keflavík og förum í Garðinn að æfa. Það er góður völlur þar. Við erum svolítið útaf fyrir okkur. Þetta er bara orðið eitthvað happa sem við viljum ekkert sleppa,“ segir Edda.

„Þetta er orðið að hefð og við förum svo alltaf í sama göngutúrinn á leikdag. Guðni Kjartansson [aðstoðarlandsliðsþjálfari] er ánægður með þetta þar sem hann býr í Keflavík. Við göngum alltaf framhjá húsinu hans og frúin hans kemur út og veifar okkur,“ segir Edda. „Umgjörðin í kringum svona leiki er reyndar alltaf svipuð en það er samt best að vera heima.“



**HEFÐIR OG VENJUR** Edda er ánægð með hefðirnar og venjurnar sem Sigurður Ragnar hefur innleitt hjá íslenska kvennalandsliðinu. Gönguferð um Keflavík er lykilatriði á leikdegi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Edda segir að Ísland stefni á að spila hraðan og árangursríkan fótbolta í dag. „Þær eru stórar og sterkar og við þurfum að nýta hraðann. Við fengum mörg færi til að skora úti gegn þeim en nýttum bara eitt. Við þurfum að sækja á mörgum leikmönnum og koma sem flestum nálægt markinu. Þannig aukast líkurnar á því að við skorum,“ segir Edda brosmild.

Katrín Jónsdóttir segir að reynsla liðsins hjálpi því mikið. „Liðið er komið með aukna reynslu en maður lifir ekki á fornri frægð. Trúin á verkefnin okkar er meiri þrátt fyrir að krafan um sigur hafi ekkert breyst, það er auðvitað alltaf stefnan. Ef maður setur ekki kröfu á sig vex maður ekki og nær engum árangri,“ segir fyrirliðinn sem leiðist orðið „skyldusigur“ spurð um Norður-Íra.

„Okkar markmið er að komast á HM og það hefur ekkert breyst. Til þess þurfum við að vinna alla þrjá leikina sem eru eftir eru,“ segir Katrín ákveðin um leið og hún hvatti fólk til að fjölmenna á völlinn. hjalti@frettabladid.is

### Staðan í riðlinum

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Frakkland** | 6 | 6 | 0 | 0 | 33-0 | **18** |
| **Ísland** | 6 | 5 | 0 | 1 | 23-2 | **15** |
| **Serbía** | 6 | 2 | 1 | 3 | 7-11 | **7** |
| **Eistland** | 6 | 2 | 0 | 3 | 5-29 | **6** |
| **N-Írland** | 6 | 1 | 0 | 4 | 2-13 | **3** |
| **Króatía** | 6 | 0 | 1 | 5 | 2-17 | **1** |

Eitt lið kemst áfram í átta liða umspil um laust sæti á HM. Þar eru leiknir tveir leikir í september.


pepsi deildin

**Sunnudaginn 20.júní**

**Fylkir – Breiðablik** kl. 19:15
*Fylkisvöllur*
**Stjarnan - Valur** kl. 19:15
*Stjörnuvöllur*
**KR – ÍBV** kl. 19:15
*KR-völlur*

**Mánudaginn 21.júní**

**Selfoss – FH** kl. 19:15
*Selfossvöllur*
**Keflavík – Fram** kl. 19:15
*Sparisjóðsv. Keflavík*
**Haukar – Grindavík** kl. 19:15
*Vodafonevöllurinn*


Landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson segir að Ísland megi ekki við því að tapa stigi:

# Fleiri leikmenn í betra formi en oft áður

**FÓTBOLTI** Landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson ætlar ekki að gera miklar breytingar á leik liðsins fyrir leikinn gegn Norður-Írum í dag. „Við ætlum að sækja. Norður-Írar ætla eflaust að liggja til baka og sækja hratt.“

Þjálfarinn býst við erfiðum leik en fyrri leiknum lauk með 1-0 sigri Íslands ytra. „Það gæti þurft 90 mínútur til að skora eitt mark. En við erum vanar því að spila mjög vel hérna heima, við höfum unnið alla leikina okkar og ekki enn fengið á okkur mark síðan ég tók við. Vonandi heldur það áfram,“ sagði Sigurður.

Þjálfarinn segir jafnframt að margir leikmenn komi til leiks núna í betra formi en oft áður en landsliðskonum sem spila erlendis fjölgar ört. „Þóra B. Helgadóttir er til að mynda að spila frábærlega í Svíþjóð og hún hefur eflaust aldrei verið í betra formi en einmitt núna. Hólmfríður Magnúsdóttir spilar í bestu deild heims og það gerir henni mjög gott. Það er reyndar galli að hún er að spila í mjög mörgum stöðum þarna úti en við notum hana á hefðbundinn hátt með landsliðinu, á kantinum,“ sagði þjálfarinn.

Allir leikmenn liðsins eru klárir í slaginn og Sigurður segir að nú megi ekkert kæruleysi koma upp. Liðið vilji búa til úrslitaleik gegn Frökkum á Menningarnótt um hvort liðið kemst upp úr riðlinum, í umspil um laust sæti á HM.

„Við megum ekki tapa stigi ef við ætlum að ná markmiði okkar. Við höfum spilað vel á heimavelli og það sést oft stór munur á því hvort stelpurnar eru að spila heima eða úti. Vonandi fáum við góðan stuðning áhorfenda eins og svo oft áður,“ sagði Sigurður Ragnar. - hþh



**STÓRLEIKUR** Sigurður segir að það sé mikilvægt að sýna ekki kæruleysi og eins að fólk flykkist á leikinn í dag. Raunar höfðu allar stelpurnar í landsliðinu orð á því að þær óskuðu sér þess að völlurinn yrði sem næst því fullur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



**EFTIRSÓTTUR** Sölvi valdi að vera áfram í Danmörku. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sölvi Geir Ottesen:

## Fer til dönsku meistaranna

**FÓTBOLTI** Sölvi Geir Ottesen hefur samið við danska félagið F.C. København til þriggja ára. Sölvi var hjá SønderjyskeE í Danmörku áður, en varnarmaðurinn var eftirsóttur um alla Evrópu.

„Ég kem fullur metnaðar til klúbbsins og vonast til að vinna fleiri titla með félaginu. Það hefur verið mikið í umræðunni hvert ég væri að fara en eina félagið sem ég vildi fara til innan Danmerkur var FCK,“ sagði Sölvi sem mun spila í treyju númer 5 hjá meisturunum.

„Hann er búinn að vera einn besti leikmaður SønderjyskeE undanfarin ár. Hann er mjög sterkur, góður skallamaður og barátta hans er aðdáunarverð. Ég er mjög ánægður með að fá Sölva,“ sagði Carsten Jensen, yfirmaður íþróttamála hjá FCK. **- hþh**

Pepsi-deild karla á morgun:

## ÍBV eða Valur á toppinn?

**FÓTBOLTI** Þrír leikir fara fram í Pepsi-deild karla á morgun og hefjast þeir allir klukkan 19.15.

Margra augu verða á leik KR og ÍBV á KR-vellinum en Eyjamenn gætu komist á toppinn verði úrslit kvöldsins þeim hagstæð. KR-ingar hafa aðeins náð í 2 stig úr fjórum heimaleikjum sínum í sumar og sitja sem fyrr í 10. sæti deildarinnar. Þeir hafa hafa hins vegar unnið þrjá síðustu deildarleiki liðanna á KR-velli og Eyjamenn hafa ekki skorað í 364 mínútur á vellinum eða síðan í 2-0 sigri sínum haustið 2003.

Valsmenn geta líka komist á toppinn í kvöld eins og Eyjamenn þegar Valsmenn sækja Stjörnumenn heim á gervigrasið. Lokaleikur kvöldsins er síðan þegar Fylkismenn taka á móti Breiðabliki í Árbænum. **- óój**

# Golfað fyrir gott málefni

**Stjörnugolfmótið fer fram á Urriðavelli næstkomandi miðvikudag. Að þessu sinni er safnað fyrir kaffistofu Samhjálpar. Enn laus pláss í mótinu.**

**GOLF** Í næstu viku fer fram hið árlega Stjörnugolfmót sem þeir Björgvin Vilhjálmsson og Ágúst Guðmundsson hafa staðið fyrir allt frá því árið 2004. Mótið var reyndar sameinað stjörnugolfmóti Hermanns Hreiðarssonar í fyrra en þeir Björgvin og Ágúst hafa nú ákveðið að halda áfram á þann hátt sem þeir byrjuðu.

„Við ákváðum að keyra á þetta af gömlum vana og láta gott af okkur leiða,“ segir Björgvin en allur ágóði af mótinu mun renna til kaffistofu Samhjálpar.

„Aðsóknin á kaffistofu þeirra hefur aukist mikið síðustu ár og þau vantar pening til þess að halda starfseminni áfram. Þarna fá þeir sem minna mega sín að borða. Heimsóknirnar hafa aukist frá 27 þúsund árið 2008 upp í 40 þúsund árið 2009. Það segir sig því sjálft að það góða fólk sem þarna starfar þarf á auknum framlögum að halda.“

Þeir Björgvin og Ágúst safna tekjum með því að selja fyrirtækjum inn í mótið. Þeir hafa fengið ágætis viðbrögð en betur má ef duga skal.

„Það kostar 50 þúsund að komast að með tveggja manna lið. Svo er spilað með Texas scramble fyrirkomulagi. Svo verður eitthvað af þekktu fólki sem tekur einnig þátt. Við höfum verið með allt upp í 90 manns á vellinum þegar best lætur. Í ár munu Simmi og Jói sem og Stebbi og Eyfi spila með, svo einhverjir séu nefndir,“ segir Björgvin en fjöldi þjóðþekktra einstaklinga hefur lagt þeim félögum lið á undangengnum árum.



**LÁTA GOTT AF SÉR LEIÐA** Þeir Ágúst Guðmundsson og Björgvin Vilhjálmsson verða með Stjörnugolfmótið sitt í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það gengur ágætlega að skrá í mótið. Auðvitað finnum við aðeins fyrir kreppunni en mörg fyrirtæki sem hafa verið með okkur undanfarin ár eru enn með okkur. Það er samt enn pláss fyrir fleiri og við tökum fagnandi á móti þeim sem vilja vera með okkur,“ segir Björgvin jákvæður en leikið verður á hinum glæsilega Urriðavelli í Heiðmörk sem er einn besti völlur landsins.

„Þetta mót hefur alla tíð verið vel heppnað og við höfum einnig verið heppnir með veður. Við höfum náð að safna allt upp í 2 milljónum króna. Þetta er nokkur vinna fyrir okkur en hún er algjörlega þess virði þegar við gefum frá okkur peninga. Þá líður okkur vel,“ segir Björgvin en fyrirtæki geta skráð sig á netfangið stjornugolf@visir.is. **henry@frettabladid.is**



**Á LAUSU** Garðar leitar að félagi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Vill vera áfram í Þýskalandi:

## Stjarnan hafði samband

**FÓTBOLTI** Garðar Jóhannsson er samningslaus og laus allra mála hjá þýska félaginu Hansa Rostock. Hann er að leita sér að öðru félagi ytra en Stjarnan er meðal þeirra liða sem hafa haft samband við hann.

„Það var óformlega í gegnum vin minn en hugur minn er að vera áfram hérna úti. Ef það gengur ekki þá kem ég kannski heim,“ sagði Garðar við Fréttablaðið í gær.

„Ég ætla að reyna til þrautar að fá einn samning enn. Ég er búinn að koma mér vel fyrir í Þýskalandi og strákurinn minn er að byrja í skóla í haust. Hann er nú þegar orðinn betri í þýsku en ég,“ sagði Garðar sem ætlar að gefa sér tvær vikur í að finna sér félag úti. „Minn hugur liggur hér,“ segir framherjinn sem spilaði með Stjörnunni, KR og Val á Íslandi áður en hann fór út. **- hþh**

Norður-Írinn Rachel Furness spilar með Grindavík í Pepsi-deildinni og mætir íslenska landsliðinu í dag:

# Við lærðum mikið af fyrri leiknum

**FÓTBOLTI** Rachel Furness verður í aðalhlutverki með norður-írska landsliðinu á Laugardalsvellinum í dag en hún ætti að þekkja íslenska boltann og íslenskar aðstæður vel eftir að hafa spilað með Grindavík í Pepsi-deild kvenna í sumar.

Vinkona hennar Sarah McFadden hefur spilað með Grindavík undanfarin ár og fékk hana til að koma til Íslands. Rachel Furness tryggði Grindavík 1-0 sigur á Haukum í síðasta deildarleik sínum á þriðjudaginn var. „Fyrir tímabilið var stefnan sett á að halda okkur uppi en nú hefur gengið það vel að við horfum ofar í töfluna. Ég er enn að komast inn í leik liðsins þannig að það var mjög mikilvægt að vinna þennan leik,“ sagði Rachel Furness en hún var að hita upp fyrir leikinn í dag.



**ÆFÐU Í GÆR** Norður-Írar á æfingu á Laugardalsvellinum. Sarah McFadden spilar með Grindavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ég vonast alltaf eftir marki í öllum leikjum en þetta verður erfiður leikur. Ég mun reyna að nýta mín færi fái ég að spila,“ sagði Rachel Furness sem lék mjög vel í fyrri leiknum sem Ísland marði 1-0 á lokamínútunum.

„Það var jafn leikur og við vörðumst vel. Okkur fannst við hafa verið smá óheppnar að fá ekkert út úr leiknum en það var mikil reynsla að fá að mæta háklassa leikmönnum í íslenska liðinu. Við lærðum mikið þetta kvöld,“ sagði Rachel Furness.

„Það er góður andi í liðinu og við trúum því að við getum náð einhverju út úr þessum leik. Hér áður fyrr var ekki búist við neinu af okkur í leikjum á móti þjóðum eins og Íslandi og Frakklandi en þetta er allt breytt núna. Við erum að reyna að bæta okkur og höfum trú á því að við getum farið að keppa við þau bestu í heimi,“ sagði Furness.

„Ég hef ekki einbeitt mér mikið að íslenska liðinu en ég veit að miðjumenninrir eru líkamlega sterkir og fljótir þannig að ég myndi segja að miðja Íslands væri hættulegust fyrir okkur,“ sagði Furness sem þykir Frakkar vera með sterkara lið en Íslands.

„Það er erfitt að spá fyrir um hver vinnur riðilinn. Við erum búnar að tapa tvisvar fyrir Frökkum og töpuðum naumlega fyrir Íslandi í fyrri leiknum og miðað við þá leiki þá býst ég við að Frakkar komist upp úr riðlinum.“ **- óój**


## Rockwood fellihýsi fyrir Íslenskar aðstæður

Rockwood Premier 2317G 12 fet.



Verð: 2.998.000kr m/ útdraganlegri hlið.

Rockwood Premier 1904 10 fet.



Verð: 2.698.000kr

Rockwood 191XR OFF ROAD 10 fet.



Verð: 2.798.000kr

Ríkulegur staðalbúnaður í Rockwood fellihýsum

- **Galvaníseruð grind**
- **Evrópskar þrýstibremsur**
- **Upphitaðar 12 cm springdýnur**
- Tjakkar með sandskeifum á öllum hornum
- Góð fjöðrun, fjaðrir sem henta vel á íslenskum vegum
- Útdraganleg trappa við inngang
- Breitt nefhjól (uppblásið gúmmídekk)
- Handbremsa og varadekk m/hlíf
- 50 mm kúlutengi
- 220v tengill (blár skv. reglugerð)
- Útvarp með geislaspilara, hátalarar inni og úti
- Radial dekk / 13” álfelgur
- Vatnsh. öndunardúkur í svefnrými
- Dometic kæliskápur XL 2,5 cubic
- SMEV ryðfrí gaseldavél m/rafstarti
- 2 gaskútar
- Gasviðvörunarkerfi
- Öflug Truma combi 4 miðstöð m/heitu vatni
- Stór loftlúga m/þriggja hraða viftu
- Skyggni (markísa)
- Skyggðir gluggar
- Flugnanet f. gluggum og hurð
- Gardínur f. gluggum og svefnrými
- 2ja feta geymsluhólf
- Stórt farangurshólf
- Voldugir öryggisarmar fyrir þak og tjald
- 3 x 12 volta loftljós og 1 x útiljós
- 1 x færanlegt lesljós með viftu
- 110 amp rafgeymir
- Heitt og kalt vatn, tengt
- Rafmagnsvatnsdæla
- 86 lítra vatnstankur
- Klósett með hengi

Torfæru útgáfan frá Rockwood fyrir þá sem vilja komast lengra.

- **upphækkað á 15” dekkjum**
- **sér styrkt grind og sterkari hjólabúnaður.**

Opnunartími:
Mán - Föst. kl: 10-18
Laug - Sun. kl: 12-16

Útilegumaðurinn

Fosshals 5-7
110 Reykjavík
Sími 551 5600
Fax 551 5601
utilegumadurinn.is

Phil Jackson gerði ellefta liðið að NBA-meisturum í fyrrinótt þegar Lakers vann Boston í hreinum úrslitaleik:

# Kobe með einum hring meira en Shaq

**KÖRFUBOLTI** Los Angeles Lakers tryggði sér NBA-meistaratitilinn annað árið í röð og í sextánda sinn frá upphafi með 83-79 sigri á Boston Celtics í fyrrinótt í hreinum úrslitaleik um titilinn. Leikurinn fer ekki í bækurnar fyrir fallegan körfubolta en var engu að síður æsispennandi og skemmtilegur þar sem Lakersmenn áttu frábæran endasprett. Boston Celtics mætti til leiks án miðherja síns Kendrick Perkins og með 22 stiga tap á bakinu frá því í sjötta leiknum en tók engu að síður frumkvæðið í leiknum. Boston var 40-34 yfir í hálfleik og náði mest þrettán stiga forskoti í upphafi þriðja leikhluta. Lakers, með Kobe í fararbroddi, hélt sér á lífi í fráköstunum og Bryant tók síðan til sinna ráða í lokaleikhlutanum þar sem hann skoraði 10 af 23 stigum sínum.

„Ég vildi þetta svo mikið,“ sagði Kobe sem hitti aðeins úr 6 af 24 skotum sínum. Hann þakkaði líka félögum sínum eftir leik. Ron Artest skilaði mikilvægum 20 stigum og þakkaði meðal annars sálfræðingi sínum eftir leikinn og þá var Pau Gasol með 19 stig og 18 fráköst.

„Þetta er sætasti sigurinn af því að þetta er á móti Boston og þetta er sá erfiðast af þeim öllum,“ sagði Bryant og þegar hann var spurður út í hvað þetta þýddi fyrir hann persónulega. „Ég er kominn með einum hring meira en Shaq, þið getið tekið það í bankann,“ svaraði Kobe í sigurvímunni.

„Það féllu mörg tár í klefanum,“ sagði Doc Rivers, þjálfari Boston sem hugsanlega stjórnaði liðinu í síðasta sinn.

Phil Jackson vann þarna sinn ellefta meistaratitil sem þjálfari og það er enn möguleiki á að hann snúi aftur og nái fjórðu þrennunni á ferlinum en hann gerði Bulls að meisturum þrjú ár í röð 1991-1993 og 1996-1998 og einnig vann Lakers-liðið titilinn þrjú ár í röð undir hans stjórn á árunum 2000-2002. „Þetta er búið, þetta var ekki vel spilað en við kláruðum þetta. Vörnin okkar var frábær,“ sagði Jackson sem vildi lítið segja um framtíðarplön sín.

- óój



**SIGURSTUND** Kobe Bryant og Derek Fisher með bikarana en þeir voru að vinna fimmta titilinn saman. MYND/AP



**JORDAN** Vann alla titlana fyrir Phil Jackson eins og Kobe. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

Sonur Michaels Jordan:

## Kobe á ekkert í pabba minn

**KÖRFUBOLTI** Allt talið um að Kobe Bryant væri að nálgast Michael Jordan eftir að hann vann fimmta NBA-meistaratitilinn í fyrrinótt fór illa í son hans Marcus Jordan. Jordan vann sex meistaratitla á sínum ferli og vann öll úrslitaeinvígi sín á ferlinum. Kobe er nú kominn með fimm meistaratitla eftir sjö úrslitaeinvígi.

Marcus, sem er yngri sonur Jordan, tjáði sig um þetta tal á twitter-síðunni sinni. „Enginn og ég meina enginn ætti nokkurn tímann að bera Kobe Bryant saman við föður minn. Hann kemst ekki nálægt pabba mínum,“ skrifaði Marcus á twitter-síðuna sína. Jordan var kosinn besti leikmaður úrslitanna í öll sex skiptin en Kobe hlaut nú þá viðurkenningu í annað skiptið, í fyrstu fimm titlunum var Shaquille O'Neal kosinn bestur.

Marcus spilar körfu með Central Florida háskólanum en það er víst engin hætta á því að hann sjálfur verði mikið borinn saman við föður sinn sem er af flestum talinn vera besti körfuboltamaður allra tíma. - óój



**AÐ KASTA KÚLUNNI VEL** FH-ingurinn Óðinn Þorsteinsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Evrópubikarkeppni í frjálsum

## Öll þau bestu með á Möltu

**FRJÁLSAR** Íslenska landsliðið í frjálsum verður í eldlínunni á Möltu um helgina þar sem liðið keppir í 3. deild Evrópubikarkeppninnar.

Ólíkt því sem var í fyrra eru öll þau bestu með en alls skipa íslenska hópinn 32 keppendur. Þar á meðal eru Ásdís Hjálmsdóttir, Bergur Ingi Pétursson, Kristín Birna Ólafsdóttir og Óðinn Björn Þorsteinsson.

Íslenska liðið keppir við þrettán þjóðir í 2. deildinni en liðið endaði í 6. sæti í 3. deild Evrópubikarsins í fyrra sem þá fór fram í Sarajevo í Bosníu. Tvær efstu þjóðirnar fara upp í 2. deild. - óój


2010 ÓLYMPÍUDAGURINN

TAKTU ÞÁTT 23. JÚNÍ

**Verður þú næsti verðlaunahafi Íslands á Ólympíuleikum?**

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands og Ólympíufjölskylda ÍSÍ halda upp á Alþjóðlega Ólympíudaginn 23. júní. Þennan dag árið 1894 var Alþjóðaólympíunefndin stofnuð. Þetta er því sérstakur dagur í sögu íþrótta og er markmiðið að bjóða fólki að koma saman, hreyfa sig, læra nýjar íþróttagreinar og kynnast ólympískum hugsjónum og gildum.

**Allir sem taka þátt og prófa einhverjar íþróttagreinar fá viðurkenningu frá Alþjóða Ólympíuhreyfingunni.**

DAGSKRÁ

**Egilshöll 13:00 til 15:00**
UMF Fjölnir býður upp á íþróttastöðvar í Egilshöllinni. Stöðvarnar eru byggðar upp sem þrautir úr flestum íþróttum félagsins og verður hægt að spreyta sig í hinum ýmsu íþróttum. Ólympíufarar verða á staðnum og veittar verða viðurkenningar fyrir þátttöku

**Laugaból – íþróttasvæði Ármanns 13:00 til 15:00**
Fimleikadeild Ármanns býður alla velkomna í kynningu.

**Breiðholt**
ÍR býður opnar æfingar fyrir alla í frjálsum íþróttum og knattspyrnu dagana 21. – 25. júní.

**Laugardalur 20:00 - 22:00**
Komið og prófið öðruvísi íþróttir.

**Við íþróttasvæði Ármann / Þróttar - Laugarból**
- Kynning á hafnarbolta í boði Hafnarboltafélags Reykjavíkur
- Hjólaskíðakennsla í boði skíðagöngufélagsins Ullar

**Skylmingamiðstöðin undir stúkunni á Laugardalsvelli**
Komdu og kannaðu hvað þú getur gert með sverðinu. Landsliðsfólk tekur á móti og leiðbeinir.

**Sundlaugin í Laugardal – innilaugin**
Sýningarleikur í sundknattleik hefst um 21:00 og á eftir gefst almenning tækifæri á að prófa.

**Miðnæturhlaup Powerade hefst kl: 22:00 stundvíslega**
Þetta frábæra hlaup hentar fólki á öllum aldri, bæði byrjendum og lengra komnum og hægt er að velja um þrjár vegalengdir. **Skráning á staðnum frá kl: 18:00** og á **www.marathon.is**

- 3 km skemmtiskokk án tímatöku kostar – 1.000 kr.
- 5 km skemmtiskokk með tímatöku kostar – 1.500 kr.
- 10 km skemmtiskokk með tímatöku kostar – 1.500 kr.

**Allir sem taka þátt í hlaupinu fá svo frítt í sund á eftir.**

**Frekari upplýsingar um daginn er hægt að finna á www.isi.is**

VISA SJÓVÁ ICELANDAIR Íslandsbanki

Coca-Cola FAGNAÐU Á ÞINN HÁTT!



**KYSSTI ÞJÁLFARANN** Milan Jovanovic tryggði Serbum sigur í gær og þakkaði þjálfaranum Radomir Antic traustið í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## HM Í GÆR

### C-RIÐILL

| | |
|---|---|
| **Slóvenía - Bandaríkin** | **2-2** |
| 1-0 Valter Birsa (13.), 2-0 Zlatan Ljubijankic (42.), 2-1 Landon Donovon (48.), 2-2 Michael Bradley (82.). | |
| **England-Alsír** | **0-0** |

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Slóvenía** | **2** | **1** | **1** | **0** | **3-2** | **4** |
| Bandaríkin | 2 | 0 | 2 | 0 | 3-3 | 2 |
| **England** | **2** | **0** | **2** | **0** | **1-1** | **2** |
| Alsír | 2 | 0 | 1 | 1 | 0-1 | 1 |

### NÆSTU LEIKIR

| | |
|---|---|
| **Slóvenía - England** | **miðvikud. kl. 14.00** |
| Bandaríkin - Alsír | miðvikud. kl. 14.00 |

### D-RIÐILL

| | |
|---|---|
| **Þýskaland-Serbía** | **0-1** |
| 0-1 Milan Jovanovic (38.). | |

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Þýskaland** | **2** | **1** | **0** | **1** | **4-1** | **3** |
| Gana | 1 | 1 | 0 | 0 | 1-0 | 3 |
| **Serbía** | **2** | **1** | **0** | **1** | **1-1** | **3** |
| Ástralía | 1 | 0 | 0 | 1 | 0-4 | 0 |

### NÆSTU LEIKIR

| | |
|---|---|
| **Gana - Ástralía** | **í dag kl. 14.00** |
| Gana - Þýskaland | miðvikud. kl. 18.30 |
| **Ástralía - Serbía** | **miðvikud. kl. 18.30** |

### LEIKIR DAGSINS

| | |
|---|---|
| Holland - Japan | kl. 11.30 |
| **Gana - Ástralía** | **kl. 14.00** |
| Kamerún - Danmörk | kl. 18.30 |

### LEIKIR MORGUNDAGSINS

| | |
|---|---|
| Slóvakía - Paragvæ | kl. 11.30 |
| **Ítalía - Nýja-Sjáland** | **kl. 14.00** |
| Brasilía - Fílabeinsströndin | kl. 18.30 |



**BARIST UM BREIÐHOLTIÐ** Frá leik ÍR og Leiknis í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Breiðholtsslagurinn í gær:

# ÍR tók toppsætið af Leikni

**FÓTBOLTI** ÍR-ingar tóku toppsætið af nágrönnum sínum úr efra-Breiðholtinu eftir 2-1 sigur á Leiknismönnum á ÍR-velli í toppslag 1. deildar karla í gær.

Leiknir var með tveggja stiga forskot á ÍR fyrir leikinn en Árni Freyr Guðnason kom ÍR í 1-0 eftir aðeins tveggja mínútna leik og staðan var orðin 2-0 eftir 24 mínútur þegar aukaspyrna Sindra Snæs Magnússonar utan af kanti sigldi alla leið í markið. Brynjar Benediktsson minnkaði muninn fyrir Leikni á lokamínútu leiksins.

Skagamenn eru aðeins að lifna við en þeir unnu annan 1-0 sigur sinn í röð þegar þeir lögðu Njarðvíkinga að velli uppi á Akranesi í gær. Það var Arnar Már Guðjónsson sem skoraði sigurmarkið í leiknum. Guðmundur Óli Steingrímsson tryggði KA-mönnum 3-2 sigur á Fjölni eftir að Grafarvogspiltar höfðu jafnað leikinn tvisvar sinnum. - óój

Mikil dramatík í leik Bandaríkjanna og Slóveníu:

# Bradley kom til bjargar

**FÓTBOLTI** Bandaríkjamaðurinn Michael Bradley sá til þess í gær að Slóvenar fengu ekki farseðilinn í sextán liða úrslit HM. Hann jafnaði þá leikinn átta mínútum fyrir leikslok en Slóvenar leiddu í hálfleik 2-0. Lokatölur voru þó 2-2.

Valter Birsa og Milivoje Novakovic komu Slóvenum í afar þægilega stöðu fyrir hlé en mark Landons Donovan í upphafi síðari hálfleiks gaf Bandaríkjamönnum von. Bradley kom síðan Bandaríkjamönnum til bjargar er hann skoraði markið mikilvæga. Bandaríkjamenn voru svo líklega rændir öllum stigunum en mark Maurice Edu skömmu fyrir leikslok var dæmt af.

„Þetta lið veit nákvæmlega hvað það þýðir að berjast í 90 mínútur. Við höfum séð liðið leika þennan leik margoft áður," sagði himinlifandi þjálfari Bandaríkjanna, Bob Bradley.

Hann hefði þó viljað öll stigin í leiknum og skilur ekki frekar en aðrir af hverju Koman Coulibaly dómari dæmdi mark Edu af. - hbg



**FÖGNUÐUR** Bradley fagnaði jöfnunarmarki sínu með stæl. NORDIC PHOTOS/AFP

# Púað á enska landsliðið í leikslok

**Englendingar náðu aðeins markalausu jafntefli á móti Alsír í öðrum leik sínum á HM í Suður-Afríku og eru með eitt mark og engan sigur í fyrstu tveimur leikjunum. Þreytulegur og þunglamalegur leikur liðsins er óskiljanlegur fyrir flesta stuðningsmenn og Englendingarnir í stúlkunni létu líka sína skoðun í ljós.**

**FÓTBOLTI** Enska landsliðið olli miklu vonbrigðum með frammistöðu sinni í markalausu jafntefli á móti Alsír á HM í Suður-Afríku í gær. Enska liðið er í 3. sæti riðilsins eftir fyrstu tvær umferðirnar og verður að öllum líkindum að vinna Slóveníu í lokaleiknum til að komast áfram í 16 liða úrslitin. Slóvenía er með fjögur stig en enska liðið er með tvö stig eins og Bandaríkin en hefur skorað tveimur mörkum minna.

Það voru pirraðir enskir leikmenn sem gengu af velli í leikslok og ekki léttist brúnin á sumum þeirra þegar ensku stuðningsmennirnir púuðu á sína menn. Þetta fór sérstaklega í taugarnar á Wayne Rooney sem hefur sjaldan spilað verr en í gær. „Það er gaman að sjá okkar eigin stuðningsmenn púa á okkur," sagði Rooney kaldhæðnislega um leið og hann gekk af velli eftir sjöunda landsleikinn í röð sem hann nær ekki að skora í.

Bæði liðin breyttu um markvörð frá því í fyrsta leik þegar mistök þeirra Robert Green og Faouzi Chaouchi reyndust sínum liðum dýrkeypt. Hin tæplega 40 ára gamli David James kom í enska markið en hann var 7 árum og 8 dögum eldri en dómarinn Ravshan Irmatov. Englendingar gátu nú ekki kennt markverði sínum um hvernig fór líkt og þeir gerðu eftir skelfileg mistök Robert Green í fyrsta leiknum.

Enska liðið virkaði þreytulegt og áhugalítið í þessum leik í kvöld og þeir sköpuðu sér ekki mikið gegn vinnusömu og skipulögðu alsírsku liði.

Sendingamistök, taktleysi í spili og skelfilegar hornspyrnur er eitthvað sem menn eiga ekki von á frá enska landsliðinu en var saga þessa leiks.

„Ef við ætlum lengra í þessari keppni þá verðum við að fara að bæta okkar leik," sagði fyrirliðinn Steven Gerrard sem skoraði eina mark liðsins í keppninni en síðan er enska liðið búið að spila í 176 mínútur án þess að skora. „Við vorum ekki nógu góðir á síðasta þriðjungnum til þess að komast í gegnum vörnina þeirra. Þetta var þeirra úrslitaleikur á HM og þeir náðu í jafntefli," sagði Gerrard.

„Ég hélt að þeir væru betri og þeir voru ekki að spila sinn besta bolta. Þetta var ekki dagur enska landsliðsins," sagði Rabah Saadane, þjálfari Alsíringa og það er hægt að taka undir hans orð.

Fabio Capello, landsliðsþjálfari enska liðsins, hefur ekki náð að kveikja í sínum mönnum og þetta var örugglega ekki skemmtilegur afmælisdagur fyrir hann.

„Við eigum ennþá eftir að spila einn leik og við vonum að við verðum ánægðari eftir þann leik. Ég veit ekki hvort að þetta sé pressan eða hvað en við erum ekki í góðum gír. Við erum að tapa of mörgum boltum og ég veit vel að þetta er ekki sama lið og við erum vön að sjá," viðurkenndi Fabio Capello eftir leikinn.

Enska landsliðið fékk strax að heyra það frá stuðningsmönnum sínum í leikslok og það er rétt hægt að ímynda sér fyrirsagnir ensku blaðanna í dag. Þeir eru kannski ekki í hópi með því franska því leikmenn liðsins virðast vera að reyna að spila en það gengur bara ekkert upp hjá liðinu inni á vellinum og stjórnarleikmenn liðsins eru að gera sig seka um mistök sem sást sjaldan hjá þeim flestum hvað þá hjá öllum í einu.

Englendingar hafa þó enn allt í sínum höndum því með sigri á Slóveníu í lokaleiknum þá tryggja þeir sér sæti í 16 liða úrslitunum en allt tal um Heimsmeistaratitil hlýtur að vera orðið að fjarlægum draumi fyrir lærisveinana hans Fabio Capello.

ooj@frettabladid.is



**PIRRAÐIR ENGLENDINGAR** Ensku landsliðsmennirnir Frank Lampard, Wayne Rooney, David James og Shaun Wright-Phillips ganga af velli í gær undir bauli ensku stuðningsmannanna. NORDIC PHOTOS/AFP

Þjóðverjar brotlentu harkalega er þeir spiluðu gegn Serbum á HM í Suður-Afríku í gær:

# Þjóðverjar voru sjálfum sér verstir gegn Serbum

**FÓTBOLTI** Þýskaland var það lið sem stal senunni í fyrstu umferð heimsmeistarakeppninnar í Suður-Afríku. Þýska liðið valtaði þá yfir Ástralíu og spilaði blússandi fínan fótbolta. Liðið spilaði ágætan bolta gegn Serbum í gær en var sjálfu sér verst og tapaði leiknum, 1-0. Það var Milan Jovanovic sem skoraði eina mark leiksins. Þetta voru aftur á móti fyrstu stig Serba á mótinu en þeir töpuðu fyrir Gana í fyrsta leiknum.

Spænski dómarinn Albert Undiano var harður í horn að taka og gaf fjögur gul spjöld á fyrstu 22 mínútum. Þjóðverjinn Miroslav Klose var á meðal þeirra og hann fékk annað gult spjald á 37. mínútu og þar með það rauða. Aðeins nokkrum sekúndum síðar skoraði Jovanovic fyrir Serba.

Þjóðverjar fengu fjölda færa til þess að jafna leikinn en þó ekkert eins gott og þegar Nemanja Vidic ákvað að gefa þeim vítaspyrnu með því að teygja höndina í boltann á glórulausan hátt. Lukas Podolski tók vítið og lét verja frá sér. Riðillinn er því galopinn eftir sigur Serbanna í gær.

„Þetta var ekki svo slæm spyrna. Ég er samt oftast öruggari. Ég verð engu að síður að taka þessu. Þetta er slæmt tap og við hefðum klárlega getað gert mun betur í þessum leik," sagði Podolski eftir leikinn.

Joachim Löw, landsliðsþjálfari Þjóðverja, var ekki sáttur við Klose og sagði að hann hefði mátt fara varlegar eftir að hafa fengið fyrra gula spjaldið. Klose var sjálfur á því að það hefði verið harkalegur dómur að henda sér af velli.

„Ég var að reyna að spila boltanum og þetta var ekkert brot. Ég hefði í mesta lagi átt að fá aðvörun. Gult spjald var allt of harkalegur dómur," sagði Klose ósáttur. - hbg



**SJÁUMST** Miroslav Klose fær hér að líta rauða spjaldið. Aðeins mínútu síðar kom sigurmark Serba í leiknum. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



BLUE LAGOON
ICELAND

# HÁTÍÐARTILBOÐ

## 1400 krónur í Bláa Lónið

Við í Bláa Lóninu verðum í þjóðhátíðarskapi alla helgina.
Aðgangur í Bláa Lónið á 1400 krónur dagana 19.-20. júní.
Frítt fyrir börn 13 ára og yngri.



### Sumarkort á tilboði

Sumarkortið veitir ótakmarkaðan aðgang
í Bláa Lónið í þrjá mánuði

Einstaklingskort 10.000 krónur
Fjölskyldukort 15.000 krónur




### Kjörís gefur öllum börnum sem koma í lónið um helgina svalandi íspinna

– á meðan birgðir endast



### Tilboð í verslun

20% afsláttur af silica mud mask
20% afsláttur af body lotion

Condé Nast Traveller
2009
READERS' SPA AWARDS
WINNER
MEDICAL/THERMAL SPA/NATURAL SPA
BLUE LAGOON
ICELAND

www.bluelagoon.is

## 1400 krónur í Bláa Lónið

Gildir gegn framvísun
miðans dagana 19.-20. júní 2010

Gildir ekki með öðrum tilboðum

Lykill 1561

anton&bergur

> **Tim Roth**

„Því fjölbreyttari karaktera sem ég leik, því betra.“

***Tim Roth fer með aðalhlutverk í spennuþáttaröðinni Lie To Me sem er á dagskrá Stöðvar 2 kl. 21.15***



# dagskrá
## sunnudagur

## SUNNUDAGSKVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 19.35

### Ramsay's Kitchen Nightmares

Gordon Ramsay úr Hell's Kitchen, heimsækir nú veitingahús þar sem allt er að fara í hundana, maturinn handónýtur, starfsfólkið gagnslaust, viðskiptavinirnir horfnir og reksturinn eftir því á góðri leið með að fara á hausinn. Ramsay tekur það að sér að snúa rekstrinum við, búa til eftirsótt veitingahús og það á einungis nokkrum vikum.



### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### The Cleaner
### SkjárEinn kl. 21.50

Vönduð þáttaröð með Benjamin Bratt í aðalhlutverki. Þættirnir eru byggðir á sannri sögu fyrrum dópista sem helgar líf sitt því að hjálpa fíklum að losna úr viðjum vanans. Í fyrsta þættinum hjálpar William Banks gömlum félaga, þekktum sjónvarpsfréttamanni sem segist hafa verið laus við dópið í mörg ár en dauðvona eiginkona hans er fullviss um að hann sé byrjaður aftur.



## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Húrra fyrir Kela!, Kóalabræður, Þakbúarnir, Með afa í vasanum, Disneystundin, Stjáni, Sígildar teiknimyndir, Finnbogi og Felix, Hanna Montana

**10.15 Popppunktur** (e)

**11.10 HM í fótbolta** Holland - Japan, upptaka frá leik í úrslitakeppni HM í fótbolta í Suður-Afríku.

**13.30 HM-stofa** Hitað upp fyrir leik á HM í fótbolta.

**14.00 HM í fótbolta** Ítalía - Nýja-Sjáland, bein útsending frá leik í úrslitakeppni HM í fótbolta í Suður-Afríku.

**16.10 Friðþjófur forvitni** (8:10)

**16.35 Stundin okkar**

**17.05 Táknmálsfréttir**

**17.15 HM-stofa** Hitað upp fyrir leik á HM í fótbolta.

**18.00 Fréttir**

**18.20 HM í fótbolta** Brasilía - Fílabeinsströndin, bein útsending frá leik í úrslitakeppni HM í fótbolta í Suður-Afríku.

**20.30 HM-kvöld** Í þættinum er fjallað um leiki dagsins á HM í fótbolta.

**21.00 Veðurfréttir**

**21.05 Berlínaraspirnar** (6:8) (Berlinerpoplene)

**22.00 Sunnudagsbíó - Molière** (Molière) Frönsk bíómynd frá 2007.

**00.00 HM-kvöld (e)**

**00.25 HM í fótbolta** Slóvakía - Paragvæ, upptaka af leik í úrslitakeppni HM í fótbolta í Suður-Afríku.

**02.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BBC entertainment

**10.30** Top Gear **11.20** The Restaurant **12.10** The Restaurant **13.00** My Hero **13.30** My Hero **14.00** My Hero **14.30** My Hero **15.00** My Hero **15.30** Doctor Who **16.15** Doctor Who **17.00** Lark Rise to Candleford **17.55** Blackadder the Third **18.25** Blackadder the Third **18.55** Blackadder Goes Forth **19.25** Blackadder Goes Forth **20.00** Blackadder Goes Forth **20.30** Top Gear **21.20** The Restaurant **22.10** The Restaurant **23.00** The Jonathan Ross Show **23.50** Benidorm

## STÖÐ 2

**07.00 Stóra teiknimyndastundin**

**07.25 Lalli**

**07.35 Áfram Diego, afram!**

**08.00 Algjör Sveppi** Algjör Sveppi, Boowa and Kwala, Harry and Toto, Hvellur keppnisbíll, Firehouse Tales, Könnuðurinn Dóra

**09.25 Tommi og Jenni**

**09.45 Scooby Doo**

**10.10 Ógurlegur kappakstur**

**10.35 Samurai Girl - Book of the Shadow** Þriðja ævintýramyndin um hina ungu Heaven.

**12.00 Nágrannar**

**13.00 Nágrannar**

**13.25 America's Got Talent** (3:26)

**14.15 Gríman 2010** (e)

**15.55 The Big Bang Theory** (12:23)

**16.25 Modern Family** (2:24)

**16.55 Oprah**

**17.40 60 mínútur**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**19.10 Frasier** (22:24)

**19.35 Ramsay's Kitchen Nightmares** (2:4)

**20.25 The Mentalist** (23:23)

**21.15 Lie to Me** (2:22) Önnur spennuþáttaröðin um Dr. Cal Lightman sem Tim Roth leikur.

**22.00 Twenty Four** (21:24)

**22.45 60 mínútur**

**23.30 Daily Show. Global Edition**

**23.55 That Mitchell and Webb Look** (1:6)

**00.20 The Tudors** (8:10)

**01.10 It's Always Sunny In Philadelphia** (9:15)

**01.30 The Game Plan**

**03.15 Dead Fish** Bráðfjörug og gráglettin gamanmynd um óvæginn leigumorðingja sem kemur faggurri stúlku til aðstoðar en þegar leiðir þeirra skiljast víxlar hann símunum þeirra fyrir slysni og lætur stúlkuna fá símann sinn. Uppúr því hefst mikill eltingarleikur byggður á misskilningi.

**04.50 The Mentalist** (23:23)

**05.35 Fréttir** Fréttir Stöðvar 2 (e)

## SPORT *besta sætið*

**08.55 FH - KR** Sýnt frá leik FH og KR Pepsi-deild karla í knattspyrnu.

**10.45 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða á sínum stað. Allir leikirnir, öll mörkin og allt það helsta krufið til mergjar.

**11.45 Arnór Guðjohnsen** Þriðji þátturinn af tíu í þessari mögnuðu þáttaröð en að þessu sinni er fjallað um Arnór Guðjohnsen og farið yfir feril hans.

**12.30 US Open 2010** Sýnt frá US Open mótinu í golfi en mótið er eitt af fjárum risamótunum í golfi.

**17.30 US Open 2010** Bein útsending frá US Open í golfi en mótið er eitt af fjórum risamótunum í golfi en þangað mæta til leiks allir bestu kylfingar heims og þar á meðal Tiger Woods.

**23.30 F1: Við endamarkið** Keppni helgarinnar í Formúlu 1 kappakstrinum krufin til mergjar.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 HM 4 4 2**

**07.45 HM 4 4 2**

**08.30 Kamerún - Danmörk** HM 2010

**10.30 HM 4 4 2**

**11.15 Slóvakía - Paragvæ** Bein útsending frá leik Slóvakíu og Paragvæ á HM 2010

**13.25 Gana - Ástralía** HM 2010

**15.20 Holland - Japan** HM 2010

**17.10 Ítalía - N-Sjáland** HM 2010

**19.05 Slóvakía - Paragvæ** HM 2010

**21.00 HM 4 4 2**

**21.45 Brasilía - Fílabeinsströndin** HM 2010

**23.40 Ítalía - N-Sjáland** HM 2010

**01.35 Slóvakía - Paragvæ** HM 2010

**03.30 HM 4 4 2**

**04.15 HM 4 4 2**

**05.00 HM 4 4 2**

**05.45 HM 4 4 2**

## EXTRA

**16.25 Bold and the Beautiful**

**16.45 Bold and the Beautiful**

**17.05 Bold and the Beautiful**

**17.25 Bold and the Beautiful**

**17.45 Wipeout USA**

**18.30 ET Weekend**

**19.15 Ísland í dag - helgarúrval** Hröð og skemmtileg samantekt með því helsta sem boðið var uppá í Íslandi í dag í vikunni sem er að líða.

**19.45 Matarást með Rikku** (7:8) Friðrika Hjördís Geirsdóttir sækir heim þjóðþekkta Íslendinga, sem eiga það sameiginlegt að eiga í misjafnlega löngu en í öllum tilfellum alveg eldheitu ástarsambandi við matargerð. Rikka mun fylgjast með þessum sælkerum undirbúa eitt af sínum margrómuðu matarboðum.

**20.15 America's Got Talent** (3:26) Fjórða þáttaröðin af þessari stærstu hæfileikakeppni heims.

**21.00 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir aftur hressari og uppátækjasamari en nokkru sinni fyrr í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.

**21.30 Steindinn okkar** Drepfyndinn sketsaþáttur með nýstirninu Steinda Jr. sem sér um grínið en nýtur einnig stuðnings frá heilum haug af þjóðþekktum Íslendingum.

**22.00 The Power of One**

**22.30 Supernatural** (15:16) Yfirnáttúrulegir spennuþættir um bræðurna Sam og Dean sem halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn.

**23.10 Sjáðu**

**23.40 Fréttir Stöðvar 2**

**00.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## INN

**15.30 Eldum íslenskt**

**16.00 Hrafnaþing**

**17.00 Græðlingur**

**17.30 Tryggvi Þór á Alþingi**

**18.00 Kokkalíf**

**18.30 Í kallfæri**

**19.00 Alkemistinn**

**19.30 Í kallfæri**

**20.00 Hrafnaþing**

**21.00 Eitt fjall á viku**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**09.55 Rachael Ray** (e)

**10.40 Rachael Ray** (e)

**11.20 Rachael Ray** (e)

**12.00 Dr. Phil** (e)

**12.40 Dr. Phil** (e)

**13.20 Bass Fishing** (3.8)

**14.05 The Real Housewives of Orange County** (12:12) (e)

**14.50 Top Chef** (3:17) (e)

**15.35 Eureka** (5:18) (e)

**16.25 Survivor** (4:16) (e)

**17.15 Sumarhvellurinn** (1:9) (e)

**17.40 Biggest Loser** (8:18) (e)

**19.05 Girlfriends** (7:22)

**19.25 Parks & Recreation** (7:24) (e)

**19.50 America's Funniest Home Videos** (45:50) (e)

**20.15 Psych** (10:16) Bandarísk gamanþáttaröð um ungan mann með einstaka athyglisgáfu sem þykist vera skyggn og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál. Það er allt í hers höndum þegar Shawn og Gus fara að skipta sér af máli sem tengist bandaríska hernum. Hermaður er talinn hafa framið sjálfsmorð en Shawn grunar að það sé maðkur í mysunni.

**21.00 Law & Order. UK** (7:13)

**21.50 The Cleaner** (1:13)

**22.35 Royal Pains** (9:13) (e) Ný og skemmtileg þáttaröð um ungan lækni sem slær í gegn sem einkalæknir ríka fólksins í Hamptons.

**23.25 Life** (9:21) (e)

**00.15 Saturday Night Live** (22:24) (e)

**01.05 Jay Leno** (e)

**01.50 Jay Leno** (e)

**02.35 Jay Leno** (e)

**03.20 Jay Leno** (e)

**04.05 Pepsi MAX tónlist**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## BÍÓ

**08.00 Ocean's Thirteen**

**10.00 Leatherheads**

**12.00 Mee-Shee: The Water Giant**

**14.00 Ocean's Thirteen**

**16.00 Leatherheads**

**18.00 Mee-Shee: The Water Giant**

**20.00 Doctor Dolittle**

**22.00 The Namesake**

**00.00 Witness**

**02.00 The Things About My Folks**

**04.00 The Namesake**

**06.00 The Last Time**

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Boxen **10.25** Tandlægen **10.50** Bryllup i det svenske kongehus **11.20** Det kongelige slot **12.20** Mr. Bean **12.45** Robin Hood **13.30** VM 2010 studiet **14.00** Fodbold-VM **16.00** Et rigtigt cirkusliv **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Hvor er vi landet? **17.30** VM 2010 studiet **17.55** 3. Halvleg ved Krabbe & Mølby **18.00** Camilla Läckbergs Prædikanten **19.00** 21 Søndag **19.40** Taggart **20.50** VM 2010 studiet **21.20** Verdens værste naturkatastrofer **22.05** På farten i Indien **22.30** Slægtens spor

## NRK 1

**12.25** På innsida av det danske kongehuset **12.55** Friidrett: EM for landslag: Høydepunkter **13.55** VG-lista Topp 20 - Rådhusplassen 2008 **16.00** Dyreklinikken **16.30** Åpen himmel **17.00** Søndagsrevyen **17.45** Sportsrevyen **18.05** Det fantastiske livet **18.55** På innsida av det danske kongehuset **19.25** Poirot **20.20** Friidrett. EM for landslag. Høydepunkter **21.05** Kveldsnytt **21.20** Saddams hus **22.20** Luftambulansen **22.50** Armstrong og Miller **23.20** Blues jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Kronprinsessan och kungariket **11.05** Festföreställning Konserthuset **12.40** Gammal kärlek rostar aldrig **13.25** Rapport **13.30** Fotbolls-VM **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Landet runt **17.00** Sverige! **17.30** Rapport **17.55** Regionala nyheter **18.00** Cleo **18.30** Sportspegeln **19.00** Det kungliga bröllopet **20.00** Fängslad utomlands **20.30** Fotbolls-VM. Höjdpunkter **21.15** Resan till livets kärna **22.10** Bergen - Kirkenes t/r


Stökktu til **Bodrum** í Tyrklandi 29. júní frá aðeins **kr. 99.990**



*frá kr. 119.900 m/hálfu fæði - kr. 134.900 m/„öllu inniföldu“*

Heimsferðir bjóða ótrúlegt sértilboð á allra síðustu sætunum til sumarleyfisperlunnar Bodrum í Tyrklandi 29. júní í 11 nætur. Þú bókar flugsæti og gistingu og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Bodrum bíður þín með einstakan menningararf, stórbrotna náttúrufegurð, töfra Eyjahafsins, frábæran mat og ótrúlega hagstætt verðlag! Sumarleyfisstaðurinn Bodrum í Tyrklandi er einn eftirsóttasta áfangastaður Tyrklands. Gríptu tækifærið og bókaðu strax frábært frí á hreint ótrúlegum kjörum. Fjölbreytt önnur sértilboð jafnframt í boði 29. júní og 10. júlí.

**Kr. 99.900** – 11 nátta ferð
Verð m.v. m.v. 2–4 í herbergi / stúdíó / íbúð í 11 nætur. Aukalega m.v. hálft fæði kr. 20.000 fyrir fullorðna og kr. 10.000 fyrir börn. Aukalega m.v. „allt innifalið“ kr. 35.000 fyrir fullorðna og kr. 17.500 fyrir börn.
Sértilboð 29. júní.

**Heimsferðir**
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


Nýleg verðkönnun í Bílablaði Morgunblaðsins leiddi í ljós að Chevrolet Spark er sá ódýrasti í flokki smábíla. Þar endar samanburðurinn í okkar huga. Punktur. Við fullyrðum að Chevrolet Spark sé bæði skemmtilegasti og skynsamlegasti kosturinn á íslenska markaðnum í dag. Og eitt enn: Hann er líka sá flottasti.
NÝR CHEVROLET SPARK - Skemmtilega skynsamlegur
CHEVROLET
LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ
Komdu í reynsluakstur
Opið í dag frá kl. 12 til 16
Kr. 22.955
á mánuði
mv. 30% innborgun
og lán í ísl. krónum í 84 mánuði*
SPARK
CHEVROLET SPARK L, bsk.
kr. 1.990 þús.
BÍLL Á MYND: SPARK LS BSK. KR. 2.290 ÞÚS.
*30% af kaupverði, kr. 1.990.000, er 597.000.
Miðað er við bílalán frá Íslandsbanka, verðtryggt 8.6% lán í ísl. krónum á almennum kjörum.
Hlutfallstala kostnaðar skv. lánareikni Íslandsbanka er 11.19%
Bílabúð Benna
Stofnað 1975
Bílabúð Benna - Chevrolet sýningarsalur - Tangarhöfða 8-12 - Reykjavík - sími 590 2000 - www.benni.is
Spesbílar - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - sími 420 3300 - www.spesbilar.is

> **Beyoncé**

„Ég verð stressuð þegar ég er ekki stressuð. Ef ég er stressuð veit ég að tónleikarnir mínir eiga eftir að verða góðir.“

***Beyoncé sýnir leik- og sönghæfileika sína í Óskarsverðlaunamyndinni Draumadísir sem sýnd er í Sjónvarpinu kl. 22.15 í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SUNNA VALGERÐARDÓTTIR OG SVARTI SKJÁRINN Á TÚBUNNI

# *Fortíðarþrá án kapals*

Það er alveg magnað hvað mörg okkar halda að við séum háð sjónvarpi. Nú er ég ekki búin að vera með mitt tengt í tvær vikur (en það stendur samt sem áður inni í stofu og þess vegna hef ég fullan rétt á því að skrifa pistil sem ber heitið Við tækið) og skjárinn hefur ekki þjónað neinu öðru hlutverki en að safna ryki.

Vissulega er mjög auðvelt að koma með þau rök að tölvan sé hratt og örugglega að koma í stað sjónvarpsins og ekki líði á löngu þar til að hún leysi það alfarið af hólmi. En ég er ekki tilbúin að samþykkja það. Strax.

Þrátt fyrir að ég hafi ekki fundið fyrir einum einasta snefil af löngun til þess að skottast út í búð og kaupa mér þennan kapal sem mér er sagt að mig vanti til að nota sjónvarpið mitt fyrir eitthvað annað en geymslupláss fyrir blöð og lykla, þá eru margar af mínum æskuminningum tengdar því. Sorglegt, kannski. En satt.



Þegar ég sé fyrir mér huggulег kvöld heima, svokölluð „kósýkvöld“ með pítsu, kók og allt of miklu af blandi í poka, þá framkallar höfuðið á mér ekki mynd af flísteppi fyrir framan tölvuskjá. Ég sé fyrir mér túbusjónvarpið mitt (sem vonandi breytist einhvern daginn í flatskjá), fjarstýringu og sófa. Ekkert tengt Interneti, steymdu efni af vefsíðum eða niðurhöluðum sjónvarpsþáttum. Best væri í raun að handleika gamla VHS spólu, leigða gegn vægu gjaldi í hverfisbúllunni.

Svolítið nostalgísk vangavelta. Kannski maður skottist bráðlega og kaupi þennan blessaða kapal.

## LAUGARDAGUR



▶ **19.30** Ella Enchanted SKJÁR EINN



▶ **19.35** America's got talent STÖÐ2



▶ **18.00** Shrek the Third STÖÐ2 BÍÓ



▶ **20.00** So You Think You Can Dance STÖÐ2 EXTRA



▶ **22.15** Draumadísir SJÓNVARPIÐ

### SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Pálína, Teitur, Sögustund með Mömmu Marsibil, Manni meistari, Konungsríki Benna og Sóleyjar, Mærin Mæja, Mókó, Elías Knár, Millý og Mollý, Hrúturinn Hreinn, Latibær

**10.25 HM í fótbolta** Þýskaland - Serbía, upptaka frá leik í úrslitakeppni HM í fótbolta í Suður-Afríku.

**12.15 Mörk vikunnar** Í þættinum er fjallað um íslenska kvennafótboltann. (e)

**12.45 Íslenska golfmótaröðin** (e)

**13.30 HM-stofa** Hitað upp fyrir leik á HM í fótbolta.

**14.00 HM í fótbolta** Gana - Ástralía, bein útsending frá leik í úrslitakeppni HM í fótbolta í Suður-Afríku.

**15.50 Landsleikur í fótbolta** Bein útsending frá leik kvennaliða Íslands og Norður-Írlands í undankeppni HM í fótbolta 2011.

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Fréttir**

**18.20 HM í fótbolta** Kamerún - Danmörk, bein útsending frá leik í úrslitakeppni HM í fótbolta í Suður-Afríku.

**20.30 HM-kvöld**

**21.00 Veðurfréttir**

**21.05 Popppunktur** Fjallabræður - Bjartmar og Bergrisarnir

**22.10 Lottó**

▶**22.15 Draumadísir** (Dreamgirls) Bandarísk bíómynd frá 2006 byggð á þekktum söngleik frá 1981.

**00.25 HM-kvöld (e)**

**00.50 HM í fótbolta** Holland - Japan, upptaka af leik í úrslitakeppni HM í fótbolta í Suður-Afríku.

**02.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Top Secret**

**10.00 The Bucket List**

**12.00 Shrek the Third**

**14.00 Top Secret**

**16.00 The Bucket List**

**18.00 Shrek the Third**

▶**20.00 Nine Months**

**22.00 Dead Fish**

**00.00 Rob Roy**

**02.15 Prizzi's Honor**

**04.20 Dead Fish**

**06.00 Doctor Dolittle**

### STÖÐ 2

**07.00 Flintstone krakkarnir**

**07.25 Lalli**

**07.35 Þorlákur**

**07.45 Kalli og Lóa**

**08.00 Algjör Sveppi** Algjör Sveppi, Hvellur keppnisbíll, Gulla og grænjaxlarnir, Svampur Sveinsson, Könnuðurinn Dóra

**09.15 Strumparnir**

**09.40 Latibær** (11:18)

**10.30 Stóra teiknimyndastundin**

**10.50 Daffi önd og félagar**

**11.15 Glee** (15:22)

**12.00 Bold and the Beautiful**

**12.20 Bold and the Beautiful**

**12.40 Bold and the Beautiful**

**13.00 Bold and the Beautiful**

**13.25 So You Think You Can Dance** (1:23)

**15.00 Wipeout USA**

**15.50 Sjálfstætt fólk**

**16.40 Matarást með Rikku** (7:8)

**17.15 ET Weekend**

**18.00 Sjáðu**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.

**18.49 Íþróttir**

**18.56 Lottó**

**19.04 Ísland í dag - helgarúrval**

**19.29 Veður**

▶**19.35 America's Got Talent** (3:26)

**20.20 The Spiderwick Chronicles** Heillandi og spennandi ævintýramynd fyrir börn jafnt sem fullorðna og fjallar um þrjú systkini sem flytja á Spiderwick-setrið í sveitinni og eru dregin inn í ótrúlega ævintýraveröld fulla af bæði heillandi og ógnvekjandi verum.

**21.55 Disturbia** Spennandi sálfræðitryllir með Shia LeBouf í aðalhlutverki.

**23.35 Die Hard 4. Live Free or Die Hard** Æsispennandi hasarmynd um þrjóskasta og harðskeittasta lögreglumann kvikmyndasögunnar.

**01.40 The Contractor** Spennutryllir með Wesley Snipes í hlutverki fyrrum sérsveitarmansins James Dial.

**03.15 An American Haunting** Ekta hrollvekja sem er byggð á því sem heimamenn segja, sönnum atburðum.

**04.45 ET Weekend**

**05.30 Fréttir** Fréttir Stöðvar 2 (e)

### SPORT *besta sætið*

**09.35 St. Jude Classic** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.

**10.30 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.

**10.55 Arnold Classic**

**11.30 Arnold Classic**

**12.00 US Open 2010** Útsending frá US Open mótinu í golfi.

**15.00 Mekka knattspyrnunnar** (3/15) Leikmenn KF Nörd hafa kvartað sáran yfir búninga- og skóleysi sem hrjáir þá og vilja meina að það aftri þeim að ná árangri í leikjum. Nú loksins fá strákarnir afhenda glæsilega búninga og allan búnað sem nauðsynlegt er að vera með þegar þeir mæta and stæðingum sínum.

**15.40 Spænski boltinn. Real Madrid - Barcelona** Útsending frá stórleik Real Madrid og Barcelona í spænska boltanum.

**17.20 NBA körfuboltinn.** Útsending frá leik Lakers og Boston í úrslitum NBA körfuboltans.

**19.00 US Open 2010** Bein útsending frá US Open í golfi.

**00.00 Box - Mayweather - Mosley** Útsending frá bardaga Floyd Mayweather og Shane Mosley.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 HM 4 4 2**

**07.45 HM 4 4 2**

**08.30 England - Alsír** HM 2010

**10.30 HM 4 4 2**

**11.15 Holland - Japan** Bein útsending frá leik Hollendinga og Japana á HM 2010

**13.25 Slóvenía - Bandaríkin** HM 2010

**15.20 Þýskaland - Serbía** HM 2010

**17.10 Gana - Ástralía** HM 2010

**19.05 Holland - Japan** HM 2010

**21.00 HM 4 4 2**

**21.45 Kamerún - Danmörk** HM 2010

**23.40 Gana - Ástralía** HM 2010

**01.35 Holland - Japan** HM 2010

**03.30 HM 4 4 2**

**04.15 HM 4 4 2**

**05.00 HM 4 4 2**

**05.45 HM 4 4 2**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**10.10 Rachael Ray** (e)

**10.55 Rachael Ray** (e)

**11.35 Dr. Phil** (e)

**13.00 Dr. Phil** (e)

**13.45 The Real Housewives of Orange County** (11:12) (e)

**14.30 Being Erica** (6:13) (e)

**15.15 America's Next Top Model** (8:12) (e)

**16.00 90210** (16:22) (e)

**16.45 Psych** (9:16) (e)

**17.30 The Bachelor** (4:10) (e)

**18.45 Family Guy** (5:14) (e) Teiknimyndasería með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.

**19.10 Girlfriends** (6:22)

▶**19.30 Ella Enchanted** Rómantísk ævintýramynd frá 2004 með Anne Hathaway í aðalhlutverki. Ella er unglingsstúlka sem býr í ævintýralandi þar sem menn, álfar og tröll búa saman ásamt ýmsum furðuverum.

**21.10 Saturday Night Live** (22:24)

**22.00 Alpha Dog** (e) Mögnuð mynd sem kemur skemmtilega á óvart.

**00.00 Three Rivers** (2:13) (e) Dramatísk og spennandi þáttaröð um lækna sem leggja allt í sölurnar til að bjarga sjúklingum sínum.

**00.45 Eureka** (5:18) (e)

**02.20 Heroes** (6:19) (e)

**03.05 Heroes** (7:19) (e)

**03.50 Heroes** (8:19) (e)

**04.35 Heroes** (9:19) (e)

**05.20 Girlfriends** (5:22) (e)

**05.40 Pepsi MAX tónlist**

### INN

**17.00** Hrafnaþing

**17.30** Golf fyrir alla

**18.00** Hrafnaþing

**19.00** Hrafnaþing

**19.30** Golf fyrir alla

**20.00** Hrafnaþing

**21.00** Græðlingur

**21.30** Tryggvi Þór á Alþingi

**22.00** Kokkalíf

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL.20.20**

### The Spiderwick Chronicles

Heillandi og spennandi ævintýramynd fyrir börn jafnt sem fullorðna sem fjallar um þrjú systkini sem flytja á Spiderwick-setrið í sveitinni og eru dregin inn í ótrúlega ævintýraveröld fulla af bæði heillandi og ógnvekjandi verum. Leikstjóri: Mark Waters. Leikarar: Nick Nolte; Sarah Bolger; Freddie Highmore.

## VIÐ MÆLUM MEÐ

### Disturbia

**Stöð 2 kl.21.55**

Spennandi sálfræðitryllir. Shia LaBe-ouf leikur vandræðaunglinginn Kale sem er settur í stofufangelsi. Í aðgerðarleysinu ákveður hann að fylgjast með lífi nágranna sinna þar til dag einn að hann sér nokkuð óhugnanlegt sem sannfærir hann um að raðmorðingi búi í hverfinu. Leikstjóri: D.J. Caruso. Leikarar: Carrie-Anne Moss; Shia LaBeouf; Sarah Roemer.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Úrval úr Samfélaginu
**09.03** Út um græna grundu
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Harðgrýti fátæktar: Fatlaðir og öryrkjar
**14.00** Á hvítri eyju í bláum sjó
**15.15** Vítt og breitt
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Í boði náttúrunnar
**17.00** Flakk
**18.00** Kvöldfréttir
**18.15** Auglýsingar
**18.17** Bláar nótur í bland
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Ekkert liggur á: Þemakvöld útvarpsins - Konur
**22.05** Veðurfregnir
**00.00** Fréttir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7**FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**15.40 Nágrannar**
**16.00 Nágrannar**
**16.25 Nágrannar**
**16.50 Nágrannar**
**17.15 Ally McBeal** (11:22)
**18.00 E.R.** (2:22) Sígildir þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er mikill og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
**18.45 Wonder Years** (5:6)
**19.10 Wipeout USA** Stórskemmtilegur skemmtiþáttur og nú í bandarísku útgáfunni þar sem buslugangurinn er gjörsamlega botnlaus og glíman við rauðu boltana aldrei fyndnari.
**20.00 So You Think You Can Dance** (1:23) Stærsta danskeppni í heimi snýr aftur sjöunda sinn og hefur þátttakan aldrei verið meiri og aldrei fyrr hafi jafn margir hæfileikaríkir dansarar skráð sig. Þátttakendur eru líka skrautlegri en nokkru sinni. Að loknum prufunum er komið að niðurskurðarþætti í Las Vegas. Þar er skorið úr um hvaða fimm stelpur og fimm strákar komast í sjálfa úrslitakeppnina.
**21.20 Auddi og Sveppi**
**22.00 Steindinn okkar** Drepfyndinn sketsaþáttur með nýstirninu Steinda Jr. sem sér um grínið en nýtur einnig stuðnings frá heilum haug af þjóðþekktum Íslendingum. Þátturinn er ekki við hæfi ungra barna og viðkvæmra.
**22.45 Wonder Years** (5:6)
**23.10 Ally McBeal** (11:22)
**23.55 E.R.** (2:22)
**00.40 Sjáðu**
**01.05 Fréttir Stöðvar 2**
**01.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.20** Blackadder the Third **10.50** Blackadder Goes Forth **11.20** Blackadder Goes Forth **11.50** Blackadder Goes Forth **12.20** Lark Rise to Candleford **13.10** Lark Rise to Candleford **14.00** My Hero **14.30** My Hero **15.00** My Hero **15.30** My Hero **16.00** My Hero **16.30** The Weakest Link **17.15** Doctor Who **18.00** Top Gear **18.50** The Restaurant **19.40** The Restaurant **20.30** The Inspector Lynley Mysteries **21.15** The Inspector Lynley Mysteries **22.00** Gavin and Stacey **22.30** Hotel Babylon **23.25** Hotel Babylon

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Før søndagen **10.20** OBS **10.30** Kronprinsessen og kongeriget **11.30** Kronprinsessen og kongeriget **12.30** Bryllup i det svenske kongehus **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.00** Held og Lotto **17.05** Bryllup i det svenske kongehus **17.30** VM 2010 studiet **17.55** 3. Halvleg ved Krabbe & Mølby **18.00** VM 2010 studiet **18.30** Fodbold-VM **20.30** VM 2010 studiet **21.00** Jul undercover **22.40** En falden engel

## NRK 1

**10.00** Kronprinsessen og kongeriket **11.05** Ei reise i arkitektur **12.00** Kongelig bryllup i Sverige **16.30** Kari Simonsen - fargerik dame med sans for gråtoner **17.00** Lørdagsrevyen **17.40** Lotto-trekning **17.50** Kongelig bryllup i Sverige **21.05** Kveldsnytt **21.20** Kongelig bryllup i Sverige **21.55** Friidrett. EM for landslag. Høydepunkter **22.55** En velutstyrt mann **23.25** Dansefot jukeboks m/chat

## SVT 1

**11.00** Det kungliga bröllopet **13.25** Det kungliga bröllopet **14.35** Det kungliga bröllopet **16.00** Rapport **16.15** Det kungliga bröllopet **17.30** Rapport **17.45** Det kungliga bröllopet **20.30** Det kungliga bröllopet **22.00** Rapport **22.10** Miss Potter **23.40** Studio 60 on the Sunset Strip



## PERSÓNAN



*Jóhannes Kjartansson*

**Starf:** Grafískur hönnuður og ljósmyndari í hjáverkum.
**Aldur:** 27 ára, hættulegur aldur fyrir tónlistarfólk.
**Fjölskylda:** Tveir ættleiddir kettir. Skarphéðinn og Lísa í Undralandi.
**Búseta:** Grettisgatan. Hún er útungunarstöð fyrir góð partí.
**Stjörnumerki:** Steingeit. Þrjóskur en ekki þver.

# Ætlar að koma Íslandi aftur á kortið

Stefán Sölvi Pétursson vann keppnina sterkasti maður Íslands sem haldin var 17. júní. Hann er ekki óvanur því að vinna titla en þetta er í annað sinn sem Stefán er sterkasti maður Íslands ásamt því að vera þrefaldur Vestfjarðavíkingur. „Ég er mjög ánægður með titilinn og gott að erfiðið borgar sig á endanum.“ Stefán er strax farinn út aftur til að keppa í Hálandaleikunum í Skotlandi en hann er staðráðinn í að koma Íslandi aftur á kortið í þessum geira og leggur mikinn metnað í æfingarnar. „Það eru ellefu ár síðan Íslendingur vann síðast í sterkasti maður heims og okkar tími er því kominn.“

Stefán setur markmiðið hátt og er Jón Páll hans fyrirmynd. „Markmiðið er að ná að landa öllum stóru titlunum eins og Jón Páll. Maður hefði örugglega ekki farið út í þetta ef ég hefði ekki sem krakki séð Jón Pál fara á kostum,“ segir Stefán sem byrjaði að æfa 17 ára og æfir alla daga. „Ég hef alltaf verið mikið fyrir íþróttir en þótti of stór og klunnalegur fyrir fótbolta og handbolta. Svo fann ég mig í að lyfta stórum þungum hlutum og ákvað að einbeita mér að því.“ Stefán vinnur sem öryggisvörður hjá Öryggismiðstöðinni og er í fjarnámi í frumgreinadeild Háskóla Reykjavíkur. „Þetta tekur mikinn tíma og ég nota allan minn frítíma í að gera sem minnst,“ segir Stefán sem verður á fullu í allt sumar að þeysast heimshornanna á milli til að vekja hróður Íslands í aflraunum.

- áp



**STEFÁN SÖLVI PÉTURSSON** Vann keppnina sterkasti maður Íslands á þjóðhátíðardaginn og stefnir langt. FRÉTTABLAÐIÐ/SUNNAHLÍN



**LÁRÉTT 2.** umstang, **6.** tveir eins, **8.** kraftur, 9. ískur, **11.** þótt, **12.** hnýta þveng, **14.** grátur, **16.** tveir eins, **17.** kúgun, **18.** drulla, **20.** frá, **21.** faðmlag.

**LÓÐRÉTT 1.** ólmur, **3.** skóli, **4.** hafna, **5.** nögl, **7.** dráttur, **10.** hvoftur, **13.** skammst., **15.** tikka, **16.** hald, **19.** ullarflóki.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ómak, **6.** ff, **8.** afl, **9.** urg, **11.** þó, **12.** reima, **14.** snökt, **16.** tt, **17.** okí, **18.** aur, **20.** af, **21.** knús.

**LÓÐRÉTT: 1.** æfur, **3.** ma, **4.** afþakka, **5.** kló, **7.** frestun, **10.** gin, **13.** möo, **15.** tifa, **16.** tak, **19.** rú.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Kristbjörg Kjeld.
2. Bonzalo Higuain.
3. Tólf.

HAFNARFJARÐARKIRKJA.IS

**HAMINGJUNÁMSKEIÐ Á JÓNSMESSUNÓTT.**

Á Jónsmessunótt, 24. júní, frá 23.00 - 01.00, verður haldið námskeið um hamingjuna í Hafnarfjarðarkirkju. Farið verður í gegnum 10 leiðir til að efla lífshamingjuna undir handleiðslu sr.Þórhalls Heimissonar.

Námskeiðinu lýkur með djúpslökun og íhugun.

**Skráning og nánari upplýsingar á thorhallur33@gmail.com**

**Gerðu góðverk í dag**

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

DÓRA TAKEFUSA: HEF FULLA TRÚ Á ÞVÍ AÐ ÍSLENSKA KAFFIÐ SLÁI Í GEGN

# Opnar íslenskt kaffihús í Kaupmannahöfn í sumar

Athafnakonan Dóra Takefusa opnar nýtt kaffihús í Kaupmannahöfn um miðjan júlí. Framkvæmdir eru í fullum gangi í flottu húsnæði á Norðurbrú og hönnuðurinn Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir sér um að hanna staðinn.

„Aðalástæðan fyrir að ég réðst í þetta verkefni var að ég hef ekki beint fundið kaffihús sem hentar mér og mínum, Kaffihúsið verður heimilislegt, þægilegt, barnvænt og með góðu kaffi,“ segir Dóra sem er búin að koma sér vel fyrir í kóngsins Kaupmannahöfn. Dóra á nú þegar barinn Jolene sem hefur gengið mjög vel.

Kaffihúsið mun bera nafnið LYST eða löngun á íslensku og mun Ísland setja sinn svip á staðinn. Dóra hefur fengið leyfi til að flytja inn kaffibaunir frá Te og Kaffi og verður hún með kaffimatseðil frá þeim.

„Danir eru ekki með neitt sérstaklega gott úrval af kaffitegundum. Það er bara latte og cappuccino en ég ætla mér að hafa fjölbreyttan og skemmtilegan kaffimatseðil eins og Te og Kaffi býður upp á. Ég hef fulla trú á að íslenska kaffið slái í gegn hér,“ segir Dóra.

Dóra fékk Hrafnhildi með sér í lið og þræða þær stöllur nú flóamarkaði borgarinnar í leit að húsgögnum og gömlum flottum munum. Hrafnhildur hefur áður hannað staðina Boston og Austur og segir Dóra að þær stefni á að hafa engin ný húsgögn. „Ég vil hafa staðinn með persónuleika og öðruvísi en önnur kaffihús.“ Meðal annars verða borðin úr gömlum gólffjölum og eldhús staðarins er venjulegt heimiliseldhús en boðið verður upp á léttan matseðil. „Ég ætla að leggja mikið upp úr að hafa staðinn að mestu leyti lífrænan og endurunninn, matseðilinn og innréttingarnar.“

Á kaffihúsinu verður sérstakt föndurherbergi fyrir börn en hún var komin með leiða á því að fara með fulla tösku af litabókum í hvert sinn sem hún ætlaði að fara á kaffihús með dóttur sína. „Þetta verður enginn leikskóli en börnin geta setið í sérstöku herbergi, drukkið sitt kakó og föndrað á meðan foreldrarnir slappa af og drekka kaffi.“

Dóru líkar vel við lífið í Kaupmannahöfn og segist ekkert vera á leiðinni heim í bráð. „Ég stefni þó á að koma einhvern tíma heim en ekki í nánustu framtíð.“

alfrun@frettabladid.is



**DÓRA TAKEFUSA**
Stækkar veldi sitt í Kaupmannhöfn og opnar nú nýtt kaffihús en fyrir á hún barinn Jolene. **Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir** er annar helmingur fatamerkisins AUSTUR og hefur hannað staðina Boston og Austur. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Götuspilarinn Jójó hefur nóg að gera þessa dagana, enda hefur veðrið verið gott og mikið líf í miðbænum. Hann fékk óvænta heimsókn aðfaranótt 17. júní þegar handboltakappinn **Logi Geirsson** stoppaði hjá honum. Logi var að fagna útskrift sinni, en eins og Fréttablaðið greindi frá í vikunni hefur hann lokið námi í einkaþjálfun. Logi lét Jójó ekki sjá einan um sönginn og tók hraustlega undir með honum í nokkrun tíma – viðstöddum til yndisauka.



Tónlistarmaðurinn vinsæli **Björn Jörundur Friðbjörnsson** hefur ákveðið að stunda sjóinn í sumar. Björn Jörundur hyggst gera út bát frá Siglufirði en hann er mikill áhugamaður um siglingar og hefur meðal annars stundað íþróttina síðan hann var níu ára gamall. Björn á einnig forláta keppnisskútu, sem ber nafnið Aquarius, ásamt nokkrum félögum sínum, en skútan er þrjátíu og þriggja feta löng.

Spennan í tippkeppni fagmanna, eða Venediktsson, sem Fréttablaðið hefur sagt reglulega frá undanfarið er í algleymingi. Framarinn Þorbjörn Atli Sveinsson leiðir keppnina sem stendur en forvitnilegt er að rýna í önnur sæti. Logi Bergmann er í 10. til 12. og nýtur augljóslega góðs af því að vinna við að fylgjast með boltanum, en það gengur ekki eins vel hjá borgarfulltrúanum **Gísla Marteini Baldurssyni** sem er á meðal síðustu manna. Mikið er þó eftir að keppninni og spennandi verður að sjá hvaða fagmaður stendur uppi sem sigurvegari.

- afb/sm



# Steindi leggur drög að nýrri seríu

„Það verður önnur sería. Það á eftir að ganga frá og svona, en það vilja allir aðra seríu og það verður önnur sería,“ segir grínistinn Steindi Jr.

Síðasti þátturinn af Steindanum okkar var sýndur á Stöð 2 í gærkvöldi. Þættirnir hafa slegið í gegn á meðal unga fólksins og það liggur því beinast við að kanna hvort framhald verði á samstarfi Steinda og Bents, en þeir hafa framleitt þættina í sameiningu. Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, tekur undir með Steinda og segir fullan vilja fyrir að gera aðra seríu með félögunum. „Við höfum þegar óskað eftir annarri seríu,“ segir hann. „Það eru komnar nokkrar vikur síðan. Við höfum virt það við þá að þeir vildu klára fyrstu seríuna – aðeins að anda og svo byrja að undirbúa næstu.“

Óvíst er hvenær næsta sería hefst, en Steindi og Bent eru þegar byrjaðir að sanka að sér hugmyndum og þróa nýja karaktera. „Við ætlum að byrja að skrifa á næstunni,“ segir Steindi. „Við erum komnir með fullt af hugmyndum og komnir með drög að þessu öllu saman. Við erum að finna nýja karaktera – það heldur enginn áfram. Þessi sería er bara þessi sería. Það verða nýir karakterar og allt nýtt.“

- afb

> Við erum komnir með fullt af hugmyndum og komnir með drög að þessu öllu saman. Við erum að finna nýja karaktera - það heldur enginn áfram."
>
> **STEINDI JR.** GRÍNISTI

**SNÝR AFTUR**
Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, er ánægður með viðtökurnar.




habitat
30% afsláttur af nokkrum sumarlegum vörum
VILA borð
Áður 58.000 kr.
Nú 39.000 kr.
VILA stóll
Áður 31.290 kr.
Nú 19.000 kr.
Sólhlíf 39.000 kr.
JAVA garðhúsgögn
Gegnheilt tekk
Stækkanlegt borð (192/252)
og 4 stólar
Áður 339.000 kr.
Nú 237.300 kr.
FOLD fatastandur
Áður 20.790 kr.
Nú 14.500 kr.
NAPOKA handklæðaponsjó fyrir börn
Áður 4.400 kr.
Nú 2.900 kr.
WHEELIE barnakerra
Tilvalin fyrir börn sem
eru að læra að ganga
Áður 14.500 kr.
Nú 9.900 kr.
SAIDE plastlínan
Tilvalin í garðinn og fellihýsið
Verð frá 2.300 kr.
– fjögur glös í pakka
habitat Holtagörðum | S. 566 7070 | www.habitat.net


Citron-línan frá
Crabtree&Evelyn
20% afsláttur
út júní
Pisa tungusófi
Ljóst og brúnt áklæði
Verð áður 198.000
Verð nú 158.000
20% afsláttur
Verð nú
158.000
kr.
Allir blómapottar
með 30% afslætti
Öll SIA-kerti
með 30% afslætti
SUMARBOMBA
TEKK VÖRUHÚS
KAUPTÚNI (GEGNT IKEA) SÍMI 564 4499
TEKK
COMPANY
Holtagörðum og Kringlunni – www.tekk.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Borgarstjórinn í Bónus



Dagbók borgarstjóra hefur slegið í gegn á Facebook undanfarna daga og fylgjast nú rúmlega 20 þúsund manns með því hvað á daga Jóns Gnarr drífur. Í gærmorgun greindi hann frá því að hann hefði vaknað með hálsbólgu og margir ráðlögðu borgarstjóranum um heilsufarið. Nokkru síðar greindi hann svo frá því að hann hefði farið í Bónus, og hitt þar fyrir mann sem hefði einmitt lesið í dagbókinni að borgarstjórinn væri með hálsbólgu. Sá gekk skrefinu lengra og afhenti borgarstjóranum engiferdrykk til að laga hálsbólguna. Borgarstjórinn sagðist ekki frá því að hann væri betri í hálsinum, og virðist sem hugmyndir hans um aukinn náungakærleik séu að skila sér. - þeb



### Konunglegt brúðkaup

Forsetahjónin Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff verða í dag viðstödd brúðkaup Viktoríu krónprinsessu Svía og Daniels Westling. Sænsku konungshjónin buðu forsetahjónunum að sækja brúðkaupið og héldu þau utan í gærmorgun. Í gærkvöldi sátu þau kvöldverð sænsku ríkisstjórnarinnar og hátíðartónleika í Stokkhólmi. Þjóðhöfðingjar allra Norðurlandanna verða í brúðkaupinu. Þá munu þjóðhöfðingjar Hollands, Lúxemborgar og Jórdaníu vera meðal gesta auk prinsa og prinsessa frá Bretlandi, Spáni og Liechtenstein. Gestalistinn fyrir brúðkaupið er ekki opinber, en gert er ráð fyrir fjölda annarra fyrirmanna þar. - þeb

### Mest lesið VISIR.IS

1. Gnarr hótað lífláti í orðaleit Vikunnar
2. „Þetta er mjög leiðinlegt“
3. Hringdi í sjúkrasamlagið og frétti að hann væri dauður
4. Varar við manni sem sníkir bensín út úr fólki
5. Dagbók Jóns Gnarrs slær í gegn á Fésbókinni







**IKEA PS BUNKE** skál
Ø34, H18cm. Gler **4.490,-**



**VILSHULT** mynd París
B140×H100cm **8.990,-**



**ALINA** rúmteppi L280×B260cm
og 2 púðaver L65×B65cm
Ýmsir litir **11.990,-/settið**



**4.490,-**

**IKEA STOCKHOLM** skál
Ø42cm. Ryðfrítt stál

# Konunglegar gjafir



**1.490,-/stk.**

**IKEA PS BJUDA**
karöflur 1,3L. Gler
Blátt eða hvítt




**GJAFAKORT Í IKEA**
upphæð að eigin vali



**IKEA 365+** 3ja hæða kökudiskur
H34cm. Gler/ryðfrítt stál **2.990,-**





**IKEA PS SKOGSSTJÄRNA**
líkjörsglös. Ýmsir litir
**795,-/3 í setti**



**IKEA PS KÄLLA** glös 21cl. Gler
**895,-/3 í pk.**



**4.990,-**

**IKEA STOCKHOLM**
vasi Ø25, H23cm. Gler
Ýmsir litir





**TANJA** sængurverasett
L200×B150/L50×B60cm
Ýmsir litir **4.490,-**

**2.390,-**

**IKEA PS BRUNN** vasi H17cm. Gler

**IKEA PS SPRAKA** kryddkvörn
H39cm. Birki **3.590,-**
*Fæst einnig í svörtu*



## Í tilefni af brúðkaupi sænsku prinsessunnar bregðum við á leik um helgina



**Í dag kl. 13-15**
**Þorir þú?**
Allar konur sem koma til okkar í brúðarkjólnum sínum og láta taka mynd af sér í prinsessurúminu fá dekur í Mecca Spa, gjafakort fyrir 10.000,- í IKEA og máltíð fyrir tvo á Veitingastað IKEA

**Í dag kl. 11:30-18:30**
**Gæsapartí**
Gæsir og vinkonur þeirra fá máltíð og prinsessuköku fyrir allan hópinn á Veitingastað IKEA





**Alla helgina kl. 9:30-18:30**
**Prinsessur og prinsar**
Börn sem mæta sem prinsessur eða prinsar fá ókeypis prinsessuköku og Prince Polo á Veitingastaðnum



**95,-**

**Prinsessukaka og kaffi**
50% afsláttur af sænskum réttum
á Veitingastað IKEA

© Inter IKEA Systems B.V. 2010

IKEA®

**Verslun opin 11-19 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30

**www.IKEA.is**